BYGGÐASTOFNUN

ÞJÓNUSTUKÖNNUN

FYRRI HLUTI: VINNU- OG ÞJÓNUSTUSÓKN

BYGGÐASTOFNUN

Mars 2026

Þorkell Stefánsson
Hanna Dóra Björnsdóttir

ISBN 978-9935-518-23-1

Myndir á forsíðu: Kristján Þ. Halldórsson

Efnisyfirlit

1. Inngangur ... 1
2. Samantekt ... 1
3. Hugtök og skilgreiningar ... 2
4. Framkvæmd ... 3
5. Úrvinnsla ... 4
6. Fyrirvari og takmarkanir ... 5
7. Svæðaskipting ... 6
8. Svarendur ... 22
9. Vinnusókn ... 26
9.1 Vinnusókn Suðurnes ... 31
9.2 Vinnusókn Vesturland ... 33
9.3 Vinnusókn Vestfirðir ... 35
9.4 Vinnusókn Norðurland vestra ... 37
9.5 Vinnusókn Norðurland eystra ... 39
9.6 Vinnusókn Austurland ... 42
9.7 Vinnusókn Suðurland ... 44
10. Þjónustusókn ... 47
10.1 Þjónustuþættir ... 47
10.2 Tíðni þjónustusóknar ... 48
10.3 Þjónustusókn innan svæðis ... 53
10.4 Þjónustusókn Suðurnes ... 58
10.4.1 Þjónustusókn Vogar ... 60
10.4.2 Þjónustusókn Keflavík ... 61
10.4.3 Þjónustusókn Njarðvík ... 62
10.4.4 Þjónustusókn Ásbrú ... 63
10.4.5 Þjónustusókn Sandgerði ... 64
10.4.6 Þjónustusókn Garður ... 65
10.5 Þjónustusókn Vesturland ... 66
10.5.1 Þjónustusókn Akranes ... 69
10.5.2 Þjónustusókn Hvalfjarðarsveit ... 70
10.5.3 Þjónustusókn Borgarnes ... 71
10.5.4 Þjónustusókn Borgarfjörður dreifbýli ... 72
10.5.5 Þjónustusókn Stykkishólmur ... 73
10.5.6 Þjónustusókn Eyja- og Miklaholtshreppur ... 74
10.5.7 Þjónustusókn Grundarfjörður ... 75
10.5.8 Þjónustusókn Ólafsvík ... 76
10.5.9 Þjónustusókn Snæfellsbær dreifbýli ... 77
10.5.10 Þjónustusókn Hellissandur og Rif ... 78
10.5.11 Þjónustusókn Búðardalur ... 79
10.5.12 Þjónustusókn Dalabyggð dreifbýli ... 80
10.6 Þjónustusókn Vestfirðir ... 81
10.6.1 Þjónustusókn Ísafjörður ... 85
10.6.2 Þjónustusókn Hnífsdalur ... 86
10.6.3 Þjónustusókn Bolungarvík ... 87
10.6.4 Þjónustusókn Súðavík ... 88
10.6.5 Þjónustusókn Suðureyri ... 89
10.6.6 Þjónustusókn Flateyri ... 90
10.6.7 Þjónustusókn Þingeyri ... 91
10.6.8 Þjónustusókn Bíldudalur ... 92
10.6.9 Þjónustusókn Tálknafjörður ... 93
10.6.10 Þjónustusókn Patreksfjörður ... 94
10.6.11 Þjónustusókn Barðaströnd ... 95
10.6.12 Þjónustusókn Reykhólar ... 96
10.6.13 Þjónustusókn Reykhólar dreifbýli ... 97
10.6.14 Þjónustusókn Hólmavík ... 98
10.6.15 Þjónustusókn Hólmavík dreifbýli ... 99

10.6.16 Þjónustusókn Drangsnes ... 100
10.6.17 Þjónustusókn Árneshreppur ... 101
10.7 Þjónustusókn Norðurland vestra ... 102
10.7.1 Þjónustusókn Hrútafjörður og Bitrufjörður ... 105
10.7.2 Þjónustusókn Hvammstangi ... 106
10.7.3 Þjónustusókn Hvammstangi dreifbýli ... 107
10.7.4 Þjónustusókn Blönduós ... 108
10.7.5 Þjónustusókn Blönduós dreifbýli ... 109
10.7.6 Þjónustusókn Skagaströnd ... 110
10.7.7 Þjónustusókn Sauðárkrókur ... 111
10.7.8 Þjónustusókn Sauðárkrókur dreifbýli ... 112
10.7.9 Þjónustusókn Varmahlíð ... 113
10.7.10 Þjónustusókn Hofsós ... 114
10.7.11 Þjónustusókn Fljót ... 115
10.8 Þjónustusókn Norðurland eystra ... 116
10.8.1 Þjónustusókn Siglufjörður ... 120
10.8.2 Þjónustusókn Ólafsfjörður ... 121
10.8.3 Þjónustusókn Dalvík ... 122
10.8.4 Þjónustusókn Dalvík dreifbýli ... 123
10.8.5 Þjónustusókn Hrísey ... 124
10.8.6 Þjónustusókn Grímsey ... 125
10.8.7 Þjónustusókn Akureyri ... 126
10.8.8 Þjónustusókn Hörgársveit ... 127
10.8.9 Þjónustusókn Eyjafjarðarsveit ... 128
10.8.10 Þjónustusókn Svalbarðseyri ... 129
10.8.11 Þjónustusókn Grenivík ... 130
10.8.12 Þjónustusókn Fnjóskadalur ... 131
10.8.13 Þjónustusókn Húsavík ... 132
10.8.14 Þjónustusókn Húsavík dreifbýli ... 133
10.8.15 Þjónustusókn Laugar og Fosshóll ... 134
10.8.16 Þjónustusókn Mývatn ... 135
10.8.17 Þjónustusókn Kópasker ... 136
10.8.18 Þjónustusókn Kópasker dreifbýli ... 137
10.8.19 Þjónustusókn Raufarhöfn ... 138
10.8.20 Þjónustusókn Þórshöfn ... 139
10.8.21 Þjónustusókn Bakkafjörður ... 140
10.9 Þjónustusókn Austurland ... 141
10.9.1 Þjónustusókn Vopnafjörður ... 144
10.9.2 Þjónustusókn Egilsstaðir ... 145
10.9.3 Þjónustusókn Hérað dreifbýli ... 146
10.9.4 Þjónustusókn Borgarfjörður eystri ... 147
10.9.5 Þjónustusókn Seyðisfjörður ... 148
10.9.6 Þjónustusókn Neskaupstaður ... 149
10.9.7 Þjónustusókn Eskifjörður ... 150
10.9.8 Þjónustusókn Reyðarfjörður ... 151
10.9.9 Þjónustusókn Fáskrúðsfjörður ... 152
10.9.10 Þjónustusókn Stöðvarfjörður ... 153
10.9.11 Þjónustusókn Breiðdalsvík ... 154
10.9.12 Þjónustusókn Djúpivogur ... 155
10.10 Þjónustusókn Suðurland ... 156
10.10.1 Þjónustusókn Selfoss ... 160
10.10.2 Þjónustusókn Selfoss dreifbýli ... 161
10.10.3 Þjónustusókn Hveragerði ... 162
10.10.4 Þjónustusókn Ölfus dreifbýli ... 163
10.10.5 Þjónustusókn Þorlákshöfn ... 164
10.10.6 Þjónustusókn Eyrarbakki ... 165
10.10.7 Þjónustusókn Stokkseyri ... 166
10.10.8 Þjónustusókn Grímsnes- og Grafningshreppur ... 167
10.10.9 Þjónustusókn Skeiða- og Gnúpverjahreppur ... 168
10.10.10 Þjónustusókn Bláskógabyggð ... 169
10.10.11 Þjónustusókn Hrunamannahreppur ... 170
10.10.12 Þjónustusókn Hella ... 171

10.10.13 Þjónustusókn Hella dreifbýli 172
10.10.14 Þjónustusókn Hvolsvöllur..... 173
10.10.15 Þjónustusókn Hvolsvöllur dreifbýli 174
10.10.16 Þjónustusókn Vestmannaeyjar 175
10.10.17 Þjónustusókn Vík 176
10.10.18 Þjónustusókn Kirkjubæjarklaustur 177
10.10.19 Þjónustusókn Skaftárhreppur dreifbýli..... 178
10.10.20 Þjónustusókn Öræfi 179
10.10.21 Þjónustusókn Höfn..... 180
10.10.22 Þjónustusókn Höfn dreifbýli 181
10.11 Breytingar á þjónustusókn 182
10.11.1 Breytingar Suðurnes 187
10.11.2 Breytingar Vesturland..... 188
10.11.3 Breytingar Vestfirðir..... 192
10.11.4 Breytingar Norðurland vestra 197
10.11.5 Breytingar Norðurland eystra 201
10.11.6 Breytingar Austurland..... 206
10.11.7 Breytingar Suðurland 211
Viðauki: Spurningalisti 217

Töfluyfirlit

Tafla 1. Fjöldi svarenda á Suðurnesjum. ... 23
Tafla 2. Fjöldi svarenda á Vesturlandi. ... 23
Tafla 3. Fjöldi svarenda á Vestfjörðum. ... 23
Tafla 4. Fjöldi svarenda á Norðurlandi vestra. ... 24
Tafla 5. Fjöldi svarenda á Norðurlandi eystra. ... 24
Tafla 6. Fjöldi svarenda á Austurlandi. ... 25
Tafla 7. Fjöldi svarenda á Suðurlandi. ... 25
Tafla 8. Pendlunarhlutfall frá Suðurnesjum, sundurliðað. ... 31
Tafla 9. Pendlunarhlutfall frá Vesturlandi, sundurliðað. ... 33
Tafla 10. Pendlunarhlutfall frá Vestfjörðum, sundurliðað. ... 35
Tafla 11. Pendlunarhlutfall frá Norðurlandi vestra, sundurliðað. ... 37
Tafla 12. Pendlunarhlutfall frá Eyjafjarðarsvæði, sundurliðað. ... 39
Tafla 13. Pendlunarhlutfall frá Þingeyjarsýslum, sundurliðað. ... 40
Tafla 14. Pendlunarhlutfall frá Austurlandi, sundurliðað. ... 42
Tafla 15. Pendlunarhlutfall frá Árnessýslu, sundurliðað. ... 44
Tafla 16. Pendlunarhlutfall frá Rangárvalla- og Skaftafellssýslum, sundurliðað. ... 45
Tafla 17. Hlutdeild þjónustuþátta í heildarþjónustusókn. ... 47
Tafla 18. Þjónustusókn Suðurnesja eftir þjónustusvæðum. ... 58
Tafla 19. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vogum. ... 60
Tafla 20. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vogum. ... 60
Tafla 21. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Keflavík. ... 61
Tafla 22. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Keflavík. ... 61
Tafla 23. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Njarðvík. ... 62
Tafla 24. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Njarðvík. ... 62
Tafla 25. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Ásbrú. ... 63
Tafla 26. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Ásbrú. ... 63
Tafla 27. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Sandgerði. ... 64
Tafla 28. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Sandgerði. ... 64
Tafla 29. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Garði. ... 65
Tafla 30. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Garði. ... 65
Tafla 31. Þjónustusókn Vesturlands án Snæfellsness eftir þjónustusvæðum. ... 66
Tafla 32. Þjónustusókn Snæfellsness eftir þjónustusvæðum. ... 67
Tafla 33. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Akranesi. ... 69
Tafla 34. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Akranesi. ... 69
Tafla 35. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hvalfjarðarsveit. ... 70
Tafla 36. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hvalfjarðarsveit. ... 70
Tafla 37. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Borgarnesi. ... 71
Tafla 38. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Borgarnesi. ... 71
Tafla 39. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Borgarfjarðar. ... 72
Tafla 40. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Borgarfjarðar. ... 72
Tafla 41. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Stykkishólmi. ... 73
Tafla 42. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Stykkishólmi. 73
Tafla 43. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Eyja- og Miklaholtshreppi. ... 74
Tafla 44. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Eyja- og Miklaholtshreppi. ... 74
Tafla 45. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Grundarfirði. ... 75
Tafla 46. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Grundarfirði. 75
Tafla 47. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Ólafsvík. ... 76
Tafla 48. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Ólafsvík. ... 76
Tafla 49. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Snæfellsbæjar. ... 77
Tafla 50. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Snæfellsbæjar. ... 77

Tafla 51. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hellissandi og Rifi. 78
Tafla 52. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hellissandi og Rifi. 78
Tafla 53. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Búðardal. 79
Tafla 54. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Búðardal. 79
Tafla 55. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Dalabyggðar. 80
Tafla 56. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Dalabyggðar. 80
Tafla 57. Þjónustusókn norðanverðra Vestfjarða. 81
Tafla 58. Þjónustusókn Vesturbyggðar. 82
Tafla 59. Þjónustusókn Reykhóla og Stranda. 83
Tafla 60. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Ísafirði. 85
Tafla 61. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Ísafirði. 85
Tafla 62. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hnífsdal. 86
Tafla 63. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hnífsdal. 86
Tafla 64. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Bolungarvík. 87
Tafla 65. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Bolungarvík. 87
Tafla 66. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Súðavík. 88
Tafla 67. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Súðavík. 88
Tafla 68. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Suðureyri. 89
Tafla 69. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Suðureyri. .. 89
Tafla 70. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Flateyri. 90
Tafla 71. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Flateyri. 90
Tafla 72. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Þingeyri. 91
Tafla 73. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Þingeyri. 91
Tafla 74. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Bíldudal. 92
Tafla 75. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Bíldudal. 92
Tafla 76. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Tálknafirði. 93
Tafla 77. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Tálknafirði. . 93
Tafla 78. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Patreksfirði. 94
Tafla 79. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Patreksfirði. 94
Tafla 80. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Barðaströnd. 95
Tafla 81. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Barðaströnd. 95
Tafla 82. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Reykhólum. 96
Tafla 83. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Reykhólum. 96
Tafla 84. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Reykhólasveit. 97
Tafla 85. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Reykhólasveit. 97
Tafla 86. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hólmavík. 98
Tafla 87. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hólmavík. ... 98
Tafla 88. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hólmavík. 99
Tafla 89. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa dreifbýli við Hólmavík. 99
Tafla 90. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Drangsnesi. 100
Tafla 91. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Drangsnesi. 100
Tafla 92. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Árneshreppi. 101
Tafla 93. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Árneshreppi. 101
Tafla 94. Þjónustusókn Húnavatnsýslna eftir þjónustusvæðum. 102
Tafla 95. Þjónustusókn Skagafjarðar. 103
Tafla 96. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hrútafirði og Bitrufirði. 105
Tafla 97. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hrútafirði og Bitrufirði. 105
Tafla 98. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hvammstanga. 106
Tafla 99. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hvammstanga. 106

Tafla 100. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hvammstanga. 107
Tafla 101. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa dreifbýli við Hvammstanga. 107
Tafla 102. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Blönduósi. 108
Tafla 103. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Blönduósi. 108
Tafla 104. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Blönduós. 109
Tafla 105. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Blönduós. 109
Tafla 106. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Skagaströnd. ..110
Tafla 107. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Skagaströnd. 110
Tafla 108. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Sauðárkróki. ... 111
Tafla 109. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Sauðárkróki. 111
Tafla 110. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Sauðárkrók. 112
Tafla 111. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Sauðárkrók. 112
Tafla 112. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Varmahlíð og nágrenni. 113
Tafla 113. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Varmahlíð og nágrenni. 113
Tafla 114. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hofsósi. 114
Tafla 115. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hofsósi. ... 114
Tafla 116. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Fljótum. 115
Tafla 117. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Fljótum. 115
Tafla 118. Þjónustusókn utanverður Eyjafjörður. 116
Tafla 119. Þjónustusókn innanverður Eyjafjörður. 117
Tafla 120. Þjónustusókn Þingeyjarsýslur. 118
Tafla 121. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Siglufirði. 120
Tafla 122. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Siglufirði. 120
Tafla 123. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Ólafsfirði. 121
Tafla 124. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Ólafsfirði. 121
Tafla 125. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Dalvík. 122
Tafla 126. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Dalvík. 122
Tafla 127. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Dalvík. 123
Tafla 128. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Dalvík. 123
Tafla 129. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hrísey. 124
Tafla 130. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hrísey. 124
Tafla 131. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Grímsey. 125
Tafla 132. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Grímsey... 125
Tafla 133. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Akureyri. 126
Tafla 134. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Akureyri. . 126
Tafla 135. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hörgársveit. 127
Tafla 136. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hörgársveit. 127
Tafla 137. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Eyjafjarðarsveit. 128
Tafla 138. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Eyjafjarðarsveit. 128
Tafla 139. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Svalbarðseyri. 129
Tafla 140. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Svalbarðseyri. 129
Tafla 141. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Grenivík. 130
Tafla 142. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Grenivík.. 130
Tafla 143. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Fnjóskadal. 131

Tafla 144. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Fnjóskadal. 131
Tafla 145. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Húsavík. 132
Tafla 146. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Húsavík. . 132
Tafla 147. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Húsavík. 133
Tafla 148. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Húsavík. 133
Tafla 149. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Laugum og Fosshóli. 134
Tafla 150. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Laugum og Fosshóli. 134
Tafla 151. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa við Mývatn. 135
Tafla 152. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa við Mývatn. 135
Tafla 153. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Kópaskeri. 136
Tafla 154. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Kópaskeri. 136
Tafla 155. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Kópasker. 137
Tafla 156. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Kópasker. 137
Tafla 157. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Raufarhöfn. ... 138
Tafla 158. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Raufarhöfn. 138
Tafla 159. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Þórshöfn. 139
Tafla 160. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Þórshöfn. 139
Tafla 161. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Bakkafirði. 140
Tafla 162. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Bakkafirði. 140
Tafla 163. Þjónustusókn norðanvert Austurland. 141
Tafla 164. Þjónustusókn sunnanvert Austurland. 142
Tafla 165. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Vopnafirði. 144
Tafla 166. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Vopnafirði. 144
Tafla 167. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Egilsstöðum. .. 145
Tafla 168. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Egilsstöðum. 145
Tafla 169. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli á Héraði. 146
Tafla 170. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli á Héraði. 146
Tafla 171. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Borgarfirði eystri. 147
Tafla 172. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Borgarfirði eystri. 147
Tafla 173. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Seyðisfirði. 148
Tafla 174. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Seyðisfirði. 148
Tafla 175. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Neskaupstað. . 149
Tafla 176. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Neskaupstað. 149
Tafla 177. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Eskifirði. 150
Tafla 178. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Eskifirði. . 150
Tafla 179. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Reyðarfirði. 151
Tafla 180. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Reyðarfirði. 151
Tafla 181. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Fáskrúðsfirði. . 152
Tafla 182. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Fáskrúðsfirði. 152
Tafla 183. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Stöðvarfirði. ... 153
Tafla 184. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Stöðvarfirði. 153

Tafla 185. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Breiðdalsvík... 154
Tafla 186. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Breiðdalsvík. 154
Tafla 187. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Djúpavogi. 155
Tafla 188. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Djúpavogi. 155
Tafla 189. Þjónustusókn neðanverð Árnessýsla. 156
Tafla 190. Þjónustusókn uppsveitir Árnessýslu. 157
Tafla 191. Þjónustusókn Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar. 157
Tafla 192. Þjónustusókn Skaftafellssýslur. 158
Tafla 193. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Selfossi. 160
Tafla 194. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Selfossi. . 160
Tafla 195. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Selfoss. 161
Tafla 196. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Selfoss. 161
Tafla 197. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hveragerði. 162
Tafla 198. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hveragerði. 162
Tafla 199. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Ölfuss. 163
Tafla 200. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Ölfuss. 163
Tafla 201. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Þorlákshöfn. ... 164
Tafla 202. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Þorlákshöfn. 164
Tafla 203. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Eyrarbakka. ... 165
Tafla 204. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Eyrarbakka. 165
Tafla 205. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Stokkseyri. 166
Tafla 206. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Stokkseyri. 166
Tafla 207. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Grímsnes- og Grafningshreppi. 167
Tafla 208. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Grímsnes- og Grafningshreppi. 167
Tafla 209. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. 168
Tafla 210. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. 168
Tafla 211. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Bláskógabyggð. 169
Tafla 212. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Bláskógabyggð. 169
Tafla 213. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hrunamannahreppi. 170
Tafla 214. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hrunamannahreppi. 170
Tafla 215. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hellu. 171
Tafla 216. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hellu. 171
Tafla 217. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hellu. 172
Tafla 218. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hellu. 172
Tafla 219. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hvolsvelli. 173
Tafla 220. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hvolsvelli. 173
Tafla 221. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hvolsvöll. 174
Tafla 222. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hvolsvöll. 174
Tafla 223. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vestmannaeyjum. 175

Tafla 224. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vestmannaeyjum. 175
Tafla 225. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vík. 176
Tafla 226. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vík. 176
Tafla 227. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Kirkjubæjarklaustri. 177
Tafla 228. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Kirkjubæjarklaustri. 177
Tafla 229. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Skaftárhrepps. 178
Tafla 230. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Skaftárhrepps. 178
Tafla 231. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Öræfum. 179
Tafla 232. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Öræfum... 179
Tafla 233. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Höfn. 180
Tafla 234. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Höfn. 180
Tafla 235. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Höfn. 181
Tafla 236. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Höfn. 181
Tafla 237. Breytingar á þjónustusókn eftir landshlutum. 183
Tafla 238. Breytingar á þjónustusókn eftir þjónustuþáttum. 183

Myndayfirlit

Mynd 1. Búsetusvæði á Suðurnesjum. 8
Mynd 2. Þjónustusvæði á Suðurnesjum. 9
Mynd 3. Búsetusvæði á Vesturlandi. 10
Mynd 4. Þjónustusvæði á Vesturlandi. 11
Mynd 5. Búsetusvæði á Vestfjörðum. 12
Mynd 6. Þjónustusvæði á Vestfjörðum. 13
Mynd 7. Búsetusvæði á Norðurlandi vestra. 14
Mynd 8. Þjónustusvæði á Norðurlandi vestra. 15
Mynd 9. Búsetusvæði á Norðurlandi eystra. 16
Mynd 10. Þjónustusvæði á Norðurlandi eystra. 17
Mynd 11. Búsetusvæði á Austurlandi. 18
Mynd 12. Þjónustusvæði á Austurlandi. 19
Mynd 13. Búsetusvæði á Suðurlandi. 20
Mynd 14. Þjónustusvæði á Suðurlandi. 21
Mynd 15. Fjöldi svarenda eftir bakgrunnsbreytum. 22
Mynd 16. Vinnusókn út fyrir búsetusvæði eftir tíðni. 26
Mynd 17. Pendlunarhlutfall eftir bakgrunnsbreytum. 26
Mynd 18. Pendlunarhlutfall, 1-25. hæstu búsetusvæði 28
Mynd 19. Pendlunarhlutfall, 26-50. hæstu búsetusvæði 28
Mynd 20. Pendlunarhlutfall, 51-75. hæstu búsetusvæði 29
Mynd 21. Pendlunarhlutfall, 76-97. hæstu búsetusvæði 29
Mynd 22. Íslandskort yfir pendlunarhlutfall frá hverju búsetusvæði. 30
Mynd 23. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Suðurnesjum. 32
Mynd 24. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Vesturlandi. 34
Mynd 25. Kort af vinnusókn (pendlun) frá Vestfjörðum. 36
Mynd 26. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Norðurlandi vestra. 38
Mynd 27. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Norðurlandi eystra. 41
Mynd 28. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Austurlandi. 43
Mynd 28. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Suðurlandi. 46
Mynd 30. Tíðni þjónustusóknar eftir bakgrunnsbreytum. 48
Mynd 31. Tíðni þjónustusóknar, 1-25. hæstu búsetusvæði 49
Mynd 32. Tíðni þjónustusóknar, 26-50. hæstu búsetusvæði 50
Mynd 33. Tíðni þjónustusóknar, 51-75. hæstu búsetusvæði 50
Mynd 34. Tíðni þjónustusóknar, 76-101. hæstu búsetusvæði 51
Mynd 35. Íslandskort yfir tíðni þjónustusóknar. 52
Mynd 36. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis eftir bakgrunnsbreytum. 53
Mynd 37. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis, 1-25. hæstu búsetusvæði. 54
Mynd 38. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis, 26-50. hæstu búsetusvæði. 55
Mynd 39. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis, 51-75. hæstu búsetusvæði. 55
Mynd 40. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis, 76-101. hæstu búsetusvæði. 56
Mynd 41. Íslandskort yfir þjónustusókn innan þjónustusvæðis. 57
Mynd 42. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Suðurnesjum. 59
Mynd 43. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Vesturlandi. 68
Mynd 44. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Vestfjörðum. 84
Mynd 45. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Norðurlandi vestra. 104
Mynd 46. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Norðurlandi eystra. 119
Mynd 47. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Austurlandi. 143
Mynd 48. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Suðurlandi. 159
Mynd 49. Breytingar á hlutfalli þjónustusóknar innan þjónustusvæðis, 1-26. hæstu búsetusvæði 184
Mynd 50. Breytingar á hlutfalli þjónustusóknar innan þjónustusvæðis, 27-52. hæstu búsetusvæði 185
Mynd 51. Breytingar á hlutfalli þjónustusóknar innan þjónustusvæðis, 53-77. hæstu búsetusvæði 185
Mynd 53. Íslandskort yfir breytingar á þjónustusókn innan þjónustusvæðis. 186

1. Inngangur

Í stefnumótandi byggðaáætlun 2022–2036 er lögð áhersla á að jafna aðgengi að þjónustu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða. Þjónustukönnun Byggðastofnunar er könnun á þjónustu- og vinnusókn íbúa og viðhorfum þeirra til þjónustu á sínu nærsvæði.

Niðurstöður könnunarinnar gefa skýra mynd af raunverulegri vinnu- og þjónustusókn í landsbyggðunum og hvernig daglegt líf íbúanna tengir svæði saman. Þær veita traustan grunn fyrir mat á aðgengi að þjónustu og greiningu á atvinnu- og þjónustusvæðum landsins.

Þessi skýrsla er fyrri hluti af tveimur og fjallar um niðurstöður spurninga sem snúa að vinnu- og þjónustusókn. Síðari hlutinn mun fjalla um viðhorf svarenda til þjónustu.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir þjónustu- og vinnusóknarmynstri á yfir hundrað búsetusvæðum. Hún er því fremur hugsuð sem uppflettirit en sem samfelld frásögn. Umfjöllun í niðurstöðuköflum hefst á almennri greiningu, en síðan er fjallað nánar um einstaka landshluta og loks hvert búsetusvæði fyrir sig. Í efnisyfirliti má finna vísun í umfjöllun um hvert svæði.

Í könnuninni er spurt um tíðni notkunar á þjónustu sem notuð er oft (mánaðarlega) og þeirri sem notuð er sjaldnar (á ársgrundvelli). Einnig er spurt hvert svarendur sóttu viðkomandi þjónustu síðast og er listi yfir valkosti bæði forskráður og hægt að skrifa inn þjónustusóknarstaði. Að lokum er spurt um ánægju með þjónustu, hvaða þjónustu þarf helst að bæta við eða efla og hvernig svarendur telja að framboð þjónustu muni þróast. Jafnframt eru þrjár spurningar í könnuninni um vinnusókn.

2. Samantekt

Mikill munur er milli svæða á því að hve miklu leyti íbúar sækja vinnu og þjónustu á sínu nærsvæði. Á sumum búsetusvæðum fer daglegt líf að mestu fram innan svæðis, en annars staðar er samspil við nærliggjandi staði meira áberandi. Þjónustusókn og vinnusókn fara víða yfir sveitarfélagamörk og sums staðar sækja íbúar jafnvel stóran hluta þjónustu yfir í annan landshluta.

Niðurstöður undirstrika mikilvægi margra stærri bæja sem þjónustumiðstöðva fyrir nálæg búsetusvæði. Frá þorpum og dreifbýli næst stórum bæjum er oft mikil vinnu- og þjónustusókn til bæjarins, og lágt hlutfall þjónustu sótt innan búsetusvæðanna. Á fámennum svæðum sem eru lengra frá stórum bæjum sinna íbúar aftur á móti erindum sínum frekar í heimabyggð.

Höfuðborgarsvæðið gegnir hlutverki miðstöðvar sérhæfðrar verslunar og þjónustu fyrir íbúa margra svæða á Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi. Sérstaklega á svæðum þar sem langt er í næsta stóra bæ, svo sem á Ströndum og sunnanverðum Vestfjörðum. Akureyri gegnir svipuðu hlutverki á stóru svæði, frá Austur-Húnavatnssýslu til Vopnafjarðar. Egilsstaðir eru mikilvægur þjónustustaður fyrir allt Austurland, Reykjanesbær fyrir Suðurnes, Ísafjörður fyrir norðanverða Vestfirði og Selfoss fyrir Árnessýslu. Auk þeirra má nefna Reyðarfjörð, Borgarnes, Sauðárkrók, Patreksfjörð og Höfn sem þjónustumiðstöðvar fyrir stór svæði.

Íbúar nota þjónustu almennt oftar en í fyrri könnun. Lágvöruverðsverslun, líkamsrækt og lyfjaverslun eru meðal þjónustuþátta sem notkun hefur aukist á. Á heildina litið hlutfall þjónustu sem sótt er innan þjónustusvæðis svipað og áður. Þó eru einstök svæði þar sem þjónustusókn innan svæðis hefur aukist eða dregist saman.

3. Hugtök og skilgreiningar

Búsetusvæði: Landfræðileg eining byggð á póstnúmeri svaranda sem notuð er við greiningu niðurstaðna. Póstnúmer eru ýmist sjálfstæð búsetusvæði eða sameinuð öðrum póstnúmerum, allt eftir íbúafjölda og fjarlægð þeirra á milli.

Þjónustusvæði: Svæði sem afmarkast af þjónustusókn íbúa og einkennist af að minnsta kosti einum meginþjónustustað sem íbúar sækja þjónustu til. Þjónustusvæði geta náð yfir eitt eða fleiri samliggjandi búsetusvæði.

Þjónustuþáttur: Afmarkaður flokkur þjónustu, s.s. dagvöruverslun, heilsugæsla/heimilislæknir eða bakarí.

Þjónustusóknartilvik: Hvert skipti sem þjónusta er sótt.

Heildarþjónustusókn: Samanlagður fjöldi allra þjónustusóknartilvika frá tilteknu svæði, óháð því hvort þjónustan er sótt innan eða utan þjónustusvæðis.

Tíðni þjónustusóknar: Meðalfjöldi skipta á ári sem svarendur á tilteknu svæði sækja þjónustu. Reiknað sem heildarfjöldi þjónustusóknartilvika vegna viðkomandi þjónustuþáttar deilt með fjölda svarenda á svæðinu.

Þjónustusóknarhlutfall: Hlutfall þjónustusóknartilvika frá tilteknu búsetusvæði til ákveðins þjónustusvæðis af heildarfjölda tilvika frá viðkomandi búsetusvæði.

Þjónustusóknarhlutfall innan svæðis (einnig nefnt þjónustusókn innan svæðis): Hlutfall þjónustusóknartilvika frá tilteknu búsetusvæði sem eiga sér stað innan þess þjónustusvæðis sem búsetusvæðið tilheyrir.

Vinnupendlun: Vinnusókn út fyrir búsetusvæði þrisvar sinnum í viku eða oftar.

Fjarvinna (í samhengi vinnusóknar): Vinnusókn út fyrir búsetusvæði sjaldnar en þrisvar sinnum í viku.

Vinnusóknarhlutfall: Hlutfall svarenda á tilteknu búsetusvæði sem sækja vinnu að einhverju leyti út fyrir búsetusvæðið, óháð tíðni.

Pendlunarhlutfall (skammstafað Pendl.% í töflum): Hlutfall svarenda á tilteknu búsetusvæði sem sækja vinnu út fyrir svæðið, þrisvar sinnum í viku eða oftar.

4. Framkvæmd

Spurningalisti könnunarinnar (í viðauka) er að mestu byggður á fyrri þjónustukönnun, en var yfirfarinn og uppfærður af starfsmönnum Byggðastofnunar. Fyrri þjónustukönnun var lögð fyrir árið 2016 á Norðurlandi vestra og árið 2017 á Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Þjónustukönnunin 2024 fór fram meðal íbúa um land allt að undanskildu höfuðborgarsvæðinu og því gátu íbúar þess ekki svarað. Könnunin var lögð fyrir á íslensku, ensku og pólsku, og allar upplýsingar og kynningarefni voru aðgengileg á þessum tungumálum.

Þar sem markmið könnunarinnar er að veita vísbendingu um þjónustusókn og viðhorf til þjónustu á sem flestum svæðum landsins var úrtakið lagskipt með það í huga að tryggja nægilegan fjölda svarenda á hverjum stað.

Gagnaöflun fór fram frá lok febrúar til byrjun desember 2024 og sá Maskína um þá vinnu í samvinnu við Byggðastofnun. Fyrsta skref gagnaöflunar í lok febrúar fólst í að Maskína sendi könnunina á ákveðinn úrtakshóp, svokallaðan panel. Um 9.000 manns fengu könnunina senda og var svörun fylgt eftir með ítrekunarpóstum til þeirra sem ekki höfðu svarað. Samhliða var á tveimur svæðum gerð prófun á því hvernig mætti nálgast íbúa í dreifðum byggðum í gegnum samfélagsmiðla. Upplýsingum um könnunina og svarhlekk var þá deilt á íbúasíðum á Facebook. Svæðin voru annars vegar Norðurþing dreifbýli, Kópasker og Raufarhöfn og hins vegar Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Árneshreppur. Upplýsingum var deilt með liðsinni hlutaðeigandi landshlutasamtaka og sveitarfélaga.

Innskráning í gegnum svarhlekk könnunar krafðist auðkenningar með rafrænum skilríkjum til að tryggja áreiðanleika könnunarinnar og rétta búsetuskráningu svarenda. Innskráning kemur jafnframt í veg fyrir að sami svarandi svari oftar en einu sinni. Öllum persónugreinanlegum upplýsingum var eytt áður en gagnasafni var skilað og úrvinnsla hófst.

Í byrjun júní var byrjað að safna svörum frá öllum svæðum landsbyggðanna með svarhlekk og rafrænni auðkenningu. Fréttatilkynningu og upplýsingum um könnunina var dreift á miðlum Byggðastofnunar og með liðsinni landshlutasamtaka, sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Allnokkur héraðsfréttablöð fjölluðu um könnunina auk þess sem fólk var hvatt til að deila og dreifa upplýsingum um hana. Prentuðum póstkortum með upplýsingum um könnunina ásamt QR kóða á svarhlekk könnunarinnar var dreift um landið. Lokað var fyrir svörun og þátttöku í könnuninni í byrjun desember.

Alls tóku 6.941 íbúar þátt í könnuninni. Svarhlutfall var mismunandi eftir landshlutum og búsetusvæðum. Nánar verður greint frá svæðaskiptingu í samnefndum kafla og svarhlutfalli í kafla um svarendur.

5. Úrvinnsla

Gögnin eru óvigtuð og niðurstöður byggðar á svörum þátttakenda eins og þau liggja fyrir.

Í spurningum um vinnu- og þjónustusókn eru svarendur beðnir um að tilgreina fjölda skipta og staðsetningu. Ef svarandi tilgreinir annað hvort fjölda skipta eða staðsetningu, en ekki bæði, er svarið ekki tekinn með í útreikninga.

Þjónustusóknartilvik eru meðhöndluð sem fjöldi skipta á ári. Fyrir algenga þjónustu, þar sem spurt var hversu oft í mánuði þjónustan er notuð, er fjöldi skipta margfaldaður með 12.

Við samantekt þjónustusóknar er fjöldi skipta sem hver svarandi notar tiltekna þjónustu látinn fylgja staðsetningunni sem hann tilgreindi. Fyrir svaranda sem notar sundlaug/baðstað 60 sinnum á ári og fór síðast í sund á Hvammstanga skrifast 60 þjónustusóknartilvik á Hvammstanga. Önnur aðferð væri að telja aðeins hversu margir svarendur sóttu tiltekna þjónustu á hverjum þjónustustað og dreifa þjónustusóknartilvikum hvers þjónustuþáttar á staðina út frá hlutfalli svarenda sem notuðu hvern stað.

Aðferðin sem var valin tekur tíðni notkunar betur inn í reikninginn og tryggir að niðurstöður endurspegli ekki aðeins hlutfall svarenda sem sækja þjónustu á tiltekinn stað, heldur hversu stór hluti þjónustusóknartilvika er á hverjum stað. Þannig kemur þjónustusókn þeirra sem nota þjónustu oft á tilteknum stað fram með skýrari hætti í niðurstöðum.

Til að draga úr áhrifum öfgagilda er þó sett hámark á fjölda skipta fyrir hvern þjónustuþátt. Þannig eru áhrif stórnotenda með óhefðbundið þjónustusóknarmynstur á niðurstöður milduð. Hámarksnotkunartíðni var ákveðin eftir skoðun gagna.

Hámarksnotkunartíðni fyrir algenga þjónustu, þ.e.a.s. lágvöruverðsverslun, aðra dagvöruverslun, lyfjaverslun/apótek, bakarí, vínbúð, bókasafn, líkamsrækt, sund/baðstaði, hleðslustöð og menningarviðburði var 360 skipti á ári. Hámarksnotkunartíðni fyrir banka/sparisjóð, byggingavöruverslun, pósthús, sjúkraþjálfun og veitingahús var 104 skipti á ári. Hámarksnotkunartíðni fyrir bókabúð, Dropp, Eimskip/Samskip, fataverslun/skóbúð, gjafavöruverslun/blómabúð, guðsþjónustu, heilsugæslu/heimilislækni, póstbox, sérfræðilækni og sérfræðiráðgjöf var 52 skipti á ári. Hámarksnotkunartíðni fyrir bílaverkstæði, hársnyrtingu og raftækjabúð/símaverslun var 24 skipti á ári. Hámarksnotkunartíðni fyrir bifreiðaskoðun, tannlækni og tryggingafélag var 12 skipti á ári.

Sömu útreikningsaðferð er beitt við greiningu á vinnusókn milli svæða, þar sem fjöldi ferða fylgir staðsetningu vinnu. Þannig er tryggt að sambærileg rökfræði liggi að baki greiningu á bæði þjónustu- og vinnuflæði.

Ekki er fjallað um vinnu- og þjónustusókn milli staða eða innan svæðis nema niðurstaðan byggi á svörum þriggja eða fleiri svarenda. Til dæmis kemur fyrir að íbúar segist nota lágvöruverðsverslun innan þjónustusvæðis þótt engin slík verslun sé starfrækt þar. Í flestum sambærilegum tilfellum eru færri en þrír sem svara með sama hætti og þá er þjónustusóknarhlutfall innan svæðis ekki birt fyrir viðkomandi þjónustuþátt. Á sumum svæðum eru svarendur of fáir til að hægt sé að greina mynstur þjónustusóknar fyrir alla helstu þjónustuþætti.

6. Fyrirvari og takmarkanir

Við lestur skýrslunnar ber að hafa í huga að svarhlutfall er mjög mismunandi eftir svæðum og sums staðar eru fáir svarendur. Þetta hefur áhrif á áreiðanleika og alhæfingargildi niðurstaðna, einkum á fámennum svæðum. Þetta á sérstaklega við um þá þjónustu sem er sjaldan notuð, þar sem tíð notkun fárra svarenda getur haft veruleg áhrif á heildarniðurstöður. Niðurstöðum er engu að síður ætlað að gefa vísbendingu um vinnu- og þjónustusókn íbúa landsins.

Til að greina staðsetningar þjónustusóknar er spurt hvar svarendur sóttu viðkomandi þjónustu síðast, fremur en hvar þjónustan sé vanalega sótt. Með þessu móti byggja niðurstöður á raunverulegu atviki en ekki huglægri samantekt á venjubundinni hegðun svaranda. Aðferðinni er ætlað að gefa nákvæmara landfræðilegt yfirlit yfir þjónustusókn og fanga breytileikann í henni, til dæmis þegar þjónusta er sótt á fleiri en einum stað. Ef spurt væri hvar þjónusta sé vanalega sótt má gera ráð fyrir að niðurstöður yrðu einsleitari og endurspegluðu síður dreifða eða tilfallandi þjónustusókn. Aðferðin getur í einstaka tilvikum leitt til frávika frá almennu þjónustusóknarmynstri, en þegar svör hóps svarenda á ákveðnu svæði eru greind í heild er aðferðin talin gefa skýrari mynd af fjölbreyttri þjónustusókn íbúanna.

Þátttaka í könnuninni var valkvæð og því kann að vera að ákveðnir hópar íbúa sem almennt eru gjarnari til að svara könnunum eigi hlutfallslega marga fulltrúa í úrtakinu. Til að mynda er hlutfall erlendra ríkisborgara meðal svarenda töluvert lægra en hlutfall þeirra í þýðinu. Auk þess var könnunin framkvæmd á netinu og svarendur beðnir að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum sem hvort tveggja kann að hafa áhrif á þátttöku sumra.

Niðurstöður aðhvarfsgreininga sem gerðar hafa verið á gögnunum gefa þó vísbendingar um að bakgrunnur svarenda hafi ekki jafn mikil áhrif á vinnu- og þjónustusóknarmynstur og á ýmsa huglægari þætti. Vinnu- og þjónustusókn virðist fremur ráðast af aðstæðum á hverju búsetusvæði, svo sem hvaða vinnusóknarsvæði ná þangað og hvaða þjónustustaðir eru nálægt.

Könnunin fór fram á löngu tímabili og þótt leitast hafi verið við að halda kynningu í lágmarki yfir sumarmánuðina, er mögulegt að ferðalög þátttakenda sem svöruðu að sumarlagi hafi haft áhrif á þjónustusóknarmynstur þeirra.

Vegna breytinga á búsetu margra Grindvíkinga í kjölfar jarðhræringa á Reykjanesskaga er vinnu- og þjónustusókn þeirra ekki greind að þessu sinni.

7. Svæðaskipting

Grunneining svæðaskiptingar er póstnúmer svarenda. Notast er við tvær svæðaskiptingar, annars vegar búsetusvæði og hins vegar þjónustusvæði. Í niðurstöðum um þjónustusókn innan svæðis er átt við þjónustusvæði, en almennt eru niðurstöður greindar eftir búsetusvæðum.

Búsetusvæðin eru 101 talsins. Póstnúmer eru ýmist skilgreind sem sér búsetusvæði eða sett saman við önnur, allt eftir íbúafjölda og fjarlægð á milli þeirra. Póstnúmer er sjálfstætt búsetusvæði ef það er fjölmennt eða langt frá aðliggjandi póstnúmeri. Póstnúmer eru höfð í sama búsetusvæði ef annað þeirra er tiltölulega fámennt og nálægt hinu.

Þjónustusvæðin eru 69 talsins. Ef mjög lítil þjónustusókn er innan tiltekins búsetusvæðis telst það vera á sama þjónustusvæði og nærliggjandi byggðakjarni og fær sama heiti og hann.

Á Suðurnesjum eru sex búsetusvæði (mynd 1). Þrjú af þeim eru í Reykjanesbæ, þ.e.a.s. Keflavík (230), Ásbrú (262) og Njarðvík (260 og 233).[1] Auk þeirra eru tvö svæði í Suðurnesjabæ, þ.e. Sandgerði (245-246) og Garður (250-251) og eitt í Sveitarfélaginu Vogum (190-191).

Fjögur þjónustusvæði eru á Suðurnesjum (mynd 2). Reykjanesbær (búsetusvæðin Keflavík, Njarðvík og Ásbrú) er eitt þjónustusvæði en Vogar, Garður og Sandgerði eru hvert um sig sér þjónustusvæði.

Á Vesturlandi eru tólf búsetusvæði (mynd 3). Þrjú þeirra eru í Snæfellsbæ: Ólafsvík (355), Snæfellsbær dreifbýli (356) og Hellissandur/Rif (360). Á Snæfellsnesi eru einnig Grundarfjörður (350-351), Stykkishólmur (340-341) og Eyja- og Miklaholtshreppur (342). Dalabyggð skiptist í tvö svæði: Búðardal (370) og Dalabyggð dreifbýli (371). Borgarbyggð er einnig tvískipt: Borgarnes (310) og Borgarfjörður dreifbýli (311 og 320). Syðst eru Akranes (300) og Hvalfjarðarsveit (301).

Sjö þjónustusvæði eru á Vesturlandi (mynd 4). Þjónustusvæðið Akranes er Akranes ásamt Hvalfjarðarsveit, Borgarnes er allur Borgarfjörður, Búðardalur öll Dalabyggð, Stykkishólmur er bæði Stykkishólmsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjörður er Grundarfjarðarbær, Ólafsvík tekur með sér dreifbýli Snæfellsbæjar en Hellissandur og Rif eru sér þjónustusvæði.

Á Vestfjörðum eru sautján búsetusvæði (mynd 5). Fimm þeirra eru í Ísafjarðarbæ: Ísafjörður (400), Hnífsdalur (410), Suðureyri (430-431), Flateyri (425-426) og Þingeyri (470-471). Í Vesturbyggð eru fjögur búsetusvæði: Patreksfjörður (450), Barðaströnd (451), Tálknafjörður (460-461) og Bíldudalur (455-456). Súðavíkurhreppur er eitt búsetusvæði (420-421 og 401). Reykhólahreppur skiptist í tvö svæði: Reykhóla (380) og Reykhóla dreifbýli (481). Á Ströndum eru fjögur búsetusvæði: Hólmavík (510), Hólmavík dreifbýli (511-512), Drangsnes (520) og Árneshreppur (524). Þó að Bitrufjörður sé í Strandabyggð er hann í póstnúmeri 500 sem er búsetusvæði á Norðurlandi vestra.

Þrettán þjónustusvæði eru á Vestfjörðum (mynd 6). Ísafjörður tekur með sér Hnífsdal, Patreksfjörður tekur með sér Barðaströnd og Hólmavík og Reykhólar taka með sér nærliggjandi dreifbýli. Bolungarvík, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Bíldudalur, Tálknafjörður, Árneshreppur og Drangsnes eru sér þjónustusvæði.

Á Norðurlandi vestra eru ellefu búsetusvæði (mynd 7). Fimm þeirra eru í Skagafirði: Sauðárkrókur (550), Sauðárkrókur dreifbýli (551), Hofsós (565-566), Varmahlíð (560-561) og Fljót (570). Í Austur-Húnavatnssýslu eru Skagaströnd (545-546), Blönduós (540) og Blönduós dreifbýli (541). Í

[1] Of fáir svarendur voru í Höfnum (póstnúmeri 233) til að hægt væri að skilgreina þær sem sér svæði.

Vestur-Húnavatnssýslu eru Hvammstangi (530), Hvammstangi dreifbýli (531) og Hrútafjörður/Bitra (500).

Sjö þjónustusvæði eru á Norðurlandi vestra (mynd 8). Hvammstangi er Húnaþing vestra auk Bitrufjarðar. Blönduós og Sauðárkrókur taka með sér nærliggjandi dreifbýli en Skagaströnd, Varmahlíð, Hofsós og Fljót eru sér þjónustusvæði.

Á Norðurlandi eystra eru 21 búsetusvæði (mynd 9). Á Eyjafjarðarsvæðinu eru Siglufjörður (580-581), Ólafsfjörður (625-626), Dalvík (620), Dalvíkurbyggð dreifbýli (621), Hrísey (630), Grímsey (611), Akureyri (600-603), Hörgársveit (604), Eyjafjarðarsveit (605), Svalbarðseyri (606) og Grenivík (610 og 616).

Austan Eyjafjarðar eru Fnjóskadalur (607), Húsavík (640), Húsavík dreifbýli (641), Laugar og Fosshóll (650 og 645), Mývatn (660), Kópasker (670), Kópasker dreifbýli (671), Raufarhöfn (675-676), Þórshöfn (680-681) og Bakkafjörður (685-686).

Þrettán þjónustusvæði eru á Norðurlandi eystra (mynd 10). Akureyri tekur með sér Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðseyri og Fnjóskadal en Þórshöfn tekur með sér Bakkafjörð. Húsavík, Dalvík og Kópasker taka með sér nærliggjandi dreifbýli en Siglufjörður, Ólafsfjörður, Laugar, Mývatn, Raufarhöfn, Grímsey og Hrísey eru sér þjónustusvæði.

Á Austurlandi eru tólf búsetusvæði (mynd 11). Sex þeirra eru í Fjarðabyggð: Neskaupstaður (740-741), Eskifjörður (735-736), Reyðarfjörður (730-731), Fáskrúðsfjörður (750-751), Stöðvarfjörður (755-756) og Breiðdalsvík (760-761). Hin sex eru Vopnafjörður (690-691), Egilsstaðir (700), Hérað (701), Borgarfjörður eystri (720-721), Seyðisfjörður (710-711)[2] og Djúpivogur (765-766).

Ellefu þjónustusvæði eru Austurlandi (mynd 12). Egilsstaðir eru allt Hérað en að öðru leyti eru þjónustusvæðin eins og búsetusvæðin á Austurlandi.

Suðurland skiptist í 22 búsetusvæði (mynd 13). Í Sveitarfélaginu Hornafirði eru þrjú búsetusvæði: Höfn (780), Höfn dreifbýli (781) og Öræfi (785). Skaftárhreppur skiptist í Kirkjubæjarklaustur (880) og Skaftárhrepp dreifbýli (881). Í Mýrdalshreppi er eitt búsetusvæði, Vík (870-871) og Vestmannaeyjar (900) eru eitt svæði. Í Rangárvallasýslu eru fjögur búsetusvæði: Hvolsvöllur (860), Hvolsvöllur dreifbýli (861), Hella (850) og Hella dreifbýli (851).

Í Árnessýslu eru búsetusvæðin ellefu, þar af eru fjögur í uppsveitum: Skeiða- og Gnúpverjahreppur (804), Grímsnes- og Grafningshreppur (805), Hrunamannahreppur (845-846) og Bláskógabyggð (806 og 840). Í neðanverðri sýslunni eru Selfoss (800), Selfoss dreifbýli (801 og 803), Eyrarbakki (820), Stokkseyri (825), Hveragerði (810), Þorlákshöfn (815) og Ölfus (816).

Fjórtán þjónustusvæði eru á Suðurlandi (mynd 14) og er þjónustusvæðaskiptingin ekki ósvipuð sveitarfélagaskiptingu landshlutans. Höfn er sveitarfélagið Hornafjörður, Vík er Mýrdalshreppur, Hvolsvöllur er Rangárþing eystra, Hella er Rangárþing ytra og Ásahreppur en Flúðir eru Hrunamannahreppur. Selfoss tekur með sér nærliggjandi dreifbýli og Hveragerði tekur með sér dreifbýli Ölfuss en Eyrarbakki og Stokkseyri eru saman eitt þjónustusvæði. Þá eru Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur sér þjónustusvæði.

[2] Auk póstnúmers 715 í Mjóafirði en þar var enginn svarandi.



Mynd 1. Búsetusvæði á Suðurnesjum.



Mynd 2. Þjónustusvæði á Suðurnesjum.



Mynd 3. Búsetusvæði á Vesturlandi.



Mynd 4. Þjónustusvæði á Vesturlandi.



Mynd 5. Búsetusvæði á Vestfjörðum.



Mynd 6. Þjónustusvæði á Vestfjörðum.



Mynd 7. Búsetusvæði á Norðurlandi vestra.

Mynd 8. Þjónustusvæði á Norðurlandi vestra.

Mynd 9. Búsetusvæði á Norðurlandi eystra.

Mynd 10. Þjónustusvæði á Norðurlandi eystra.



Mynd 11. Búsetusvæði á Austurlandi.



Mynd 12. Þjónustusvæði á Austurlandi.



Mynd 13. Búsetusvæði á Suðurlandi.



Mynd 14. Þjónustusvæði á Suðurlandi.

8. Svarendur

Svarendur könnunar eru alls 6.941 á aldrinum 18-80 ára, meirihlutinn konur eða 60% (mynd 15). Hlutfallslega flestir svarendur eru á aldrinum 40-69 ára; 24% eru 60-69 ára og 23% eru 50-59 ára. Langflestir svarendur eru í vinnu eða 72%. Á heimili 39% svarenda eru börn undir 18 ára.

Algengast er að svarendur búi á búsetusvæðum með 2.500 íbúa eða fleiri. Um 27% búa á svæðum með 1.000-2.499 íbúa, 19% á svæðum með 500-999 íbúa og 7% á svæðum með færri en 250 íbúa. Jafnframt búa 7% á svæðum með 250-499 íbúa.

Tekjur heimila voru 1.400 þ.kr. eða hærri hjá fimmtungi svarenda og 1.000-1.399 þ.kr. hjá fjórðungi. Hjá 55% svarenda voru heimilistekjur undir 999 þ.kr. á mánuði.

Könnuninni var í 97% tilvika svarað á íslensku en 3% svöruðu á ensku eða pólsku.

Hlutfall þátttakenda af íbúafjölda utan höfuðborgarsvæðisins er 9%, miðað við 75.973 íbúa á aldrinum 18-80 ára sem þar eru búsettir. Hlutfall svarenda af íbúafjölda landshlutanna er á bilinu 3-12%, en svarhlutfall innan hvers þjónustusvæðis er mjög breytilegt.



Mynd 15. Fjöldi svarenda eftir bakgrunnsbreytum.

Á Suðurnesjum eru 671 svarendur. Íbúar á aldrinum 18-80 ára eru 20.718 og hlutfall svarenda af íbúafjölda þjónustusvæðanna er 2-10% (tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi svarenda á Suðurnesjum.

LH	Þjónustusv.	Svör	Íbúar	%	Búsetusv.	Svör	Íbúar	%
Suðurnes	Vogar	111	1.153	10%	Vogar	111	1.153	10%
	Reykjanes-bær	410	16.688	2%	Keflavík	196	7.018	3%
					Njarðvík	178	6.144	3%
					Ásbrú	36	3.526	1%
	Sandgerði	67	1.485	5%	Sandgerði	67	1.485	5%
	Garður	83	1.392	6%	Garður	83	1.392	6%
	Alls	671	20.718	3%				

Á Vesturlandi eru 1.059 svarendur og hlutfall þeirra af íbúafjölda þjónustusvæðanna á aldrinum 18-80 ára er 6-12% (tafla 2).

Tafla 2. Fjöldi svarenda á Vesturlandi.

LH	Þjónustusv.	Svör	Íbúar	%	Búsetusv.	Svör	Íbúar	%
Vesturland	Akranes	385	6.325	6%	Akranes	328	5.759	6%
					Hvalfj.sveit	57	566	10%
	Borgarnes	340	3.112	11%	Borgarnes	201	1.601	13%
					Borgarfj. drb	139	1.511	9%
	Stykkis-hólmur	62	1.019	6%	Stykkish.	55	926	6%
					Eyja- og Mikl.	7	93	8%
	Grundarfj.	60	603	10%	Grundarfj.	60	603	10%
	Ólafsvík	104	872	12%	Ólafsvík	84	728	12%
					Snæfellsbær drb	20	144	14%
	Helliss./Rif	35	372	9%	Helliss./Rif	35	372	9%
	Búðardalur	73	476	15%	Búðardalur	28	177	16%
					Dalabyggð drb	45	299	15%
	Alls	1.059	12.779	8%				

Á Vestfjörðum eru 608 svarendur og hlutfall þeirra af íbúafjölda þjónustusvæðanna á aldrinum 18-80 ára er 6-27% (tafla 3).

Tafla 3. Fjöldi svarenda á Vestfjörðum.

LH	Þjónustusv.	Svör	Íbúar	%	Búsetusv.	Svör	Íbúar	%
Vestfirðir	Ísafjörður	233	2.121	11%	Ísafjörður	224	1.970	11%
					Hnífsdalur	9	151	6%
	Bolungarvík	62	729	9%	Bolungarvík	62	729	9%
	Súðavík	14	182	8%	Súðavík	14	182	8%
	Suðureyri	27	235	11%	Suðureyri	27	235	11%
	Flateyri	17	212	8%	Flateyri	17	212	8%
	Þingeyri	24	240	10%	Þingeyri	24	240	10%
	Bíldudalur	14	227	6%	Bíldudalur	14	227	6%
	Tálknafj.	22	200	11%	Tálknafj.	22	200	11%
	Patreks-fjörður	75	651	12%	Patreksfj.	65	586	11%
					Barðaströnd	10	65	15%
	Reykhólar	28	168	17%	Reykhólar	16	77	21%
					Reykh. drb	12	91	13%
	Hólmavík	67	324	21%	Hólmavík	42	222	19%
					Hólmv. drb	25	102	25%
	Drangsnes	17	62	27%	Drangsnes	17	62	27%
	Árneshr.	8	47	17%	Árneshr.	8	47	17%
	Alls	608	5.398	11%				

Á Norðurlandi vestra eru 621 svarandi (tafla 4). Hlutfall þeirra af íbúafjölda þjónustusvæðanna á aldrinum 18-80 ára er 8-16%.

Tafla 4. Fjöldi svarenda á Norðurlandi vestra.

LH	Þjónustusv.	Svör	Íbúar	%	Búsetusv.	Svör	Íbúar	%
Norðurland vestra	Hvamms-tangi	97	938	10%	Hrútafj/Bitra	16	122	13%
					Hvammst.	61	468	13%
					Hvamm. drb	20	348	6%
	Blönduós	112	935	12%	Blönduós	72	593	12%
					Blönd. drb	40	342	12%
	Skagaströnd	59	371	16%	Skagaströnd	59	371	16%
	Sauðár-krókur	263	2.336	11%	Sauðárkr.	220	1.920	11%
					Sauð. drb	43	416	10%
	Varmahlíð	66	541	12%	Varmahlíð	66	541	12%
	Hofsós	18	187	10%	Hofsós	18	187	10%
	Fljót	6	80	8%	Fljót	6	80	8%
	Alls	621	5.388	12%				

Á Norðurlandi eystra eru 1.401 svarendur og hlutfall svarenda af íbúafjölda þjónustusvæðanna á aldrinum 18-80 ára er 4-30% (tafla 5).

Tafla 5. Fjöldi svarenda á Norðurlandi eystra.

LH	Þjónustusv.	Svör	Íbúar	%	Búsetusv.	Svör	Íbúar	%
Norðurland eystra	Siglufjörður	93	893	10%	Siglufjörður	93	893	10%
	Ólafsfjörður	46	581	8%	Ólafsfjörður	46	581	8%
	Dalvík	89	1.365	7%	Dalvík	64	999	6%
					Dalvík drb	25	366	7%
	Hrísey	17	128	13%	Hrísey	17	128	13%
	Grímsey	6	54	11%	Grímsey	6	54	11%
	Akureyri	676	16.328	4%	Hörgársveit	25	577	4%
					Akureyri	556	14.494	4%
					Eyjafj.sveit	63	806	8%
					Svalb.eyri	26	364	7%
					Fnjóskadalur	6	87	7%
	Grenivík	29	296	10%	Grenivík	29	296	10%
	Húsavík	242	2.347	10%	Húsavík	188	1.825	10%
					Húsavík drb	54	522	10%
	Laugar og Fosshóll	23	185	12%	Laugar og Fosshóll	23	185	12%
	Mývatn	29	447	6%	Mývatn	29	447	6%
	Kópasker	50	235	21%	Kópasker	11	93	12%
					Kópasker drb	39	142	27%
	Raufarhöfn	51	170	30%	Raufarhöfn	51	170	30%
	Þórshöfn	50	421	12%	Þórshöfn	42	361	12%
					Bakkafjörður	8	60	13%
	Alls	1.401	23.450	6%				

Á Austurlandi eru 827 svarendur og hlutfall þeirra af íbúafjölda þjónustusvæðanna á aldrinum 18-80 ára er 6-27% (tafla 6).

Tafla 6. Fjöldi svarenda á Austurlandi.

LH	Þjónustusv.	Svör	Íbúar	%	Búsetusv.	Svör	Íbúar	%
Austurland	Vopnafj.	62	481	13%	Vopnafj.	62	481	13%
	Egilsstaðir	300	2.878	10%	Egilsstaðir	237	2.218	11%
					Hérað drb	63	660	10%
	Borgarfj. e.	18	116	16%	Borgarfj. e.	18	116	16%
	Seyðisfj.	70	537	13%	Seyðisfj.	70	537	13%
	Neskaupst.	107	1.118	10%	Neskaupst.	107	1.118	10%
	Eskifjörður	59	817	7%	Eskifjörður	59	817	7%
	Reyðarfj.	60	1.021	6%	Reyðarfj.	60	1.021	6%
	Fáskrúðsfj.	48	580	8%	Fáskrúðsfj.	48	580	8%
	Stöðvarfj.	41	154	27%	Stöðvarfj.	41	154	27%
	Breiðdalsvík	15	156	10%	Breiðdalsvík	15	156	10%
	Djúpivogur	47	382	12%	Djúpivogur	47	382	12%
	Alls	827	8.240	10%				

Á Suðurlandi eru 1.726 svarendur og hlutfall þeirra af íbúafjölda þjónustusvæðanna á aldrinum 18-80 ára er 5-10% (tafla 7).

Tafla 7. Fjöldi svarenda á Suðurlandi.

LH	Þjónustusv.	Svör	Íbúar	%	Búsetusv.	Svör	Íbúar	%
Suðurland	Selfoss	457	8.018	6%	Selfoss	400	7.153	6%
					Selfoss drb	57	865	7%
	Hveragerði	136	2.865	5%	Hveragerði	122	2.386	5%
					Ölfus drb	14	479	3%
	Þorlákshöfn	158	1.523	10%	Þorlákshöfn	158	1.523	10%
	Eyrarbakki/ Stokkseyri	49	876	6%	Eyrarbakki	27	466	6%
					Stokkseyri	22	410	5%
	Skeiða- og Gnúp.	49	438	11%	Skeiða- og Gnúp.	49	438	11%
	Grímsnes- og Graf.	24	438	5%	Grímsnes- og Graf.	24	438	5%
	Bláskógab.	52	1.035	5%	Bláskógab.	52	1.035	5%
	Flúðir	55	685	8%	Flúðir	55	685	8%
	Hella	126	1.616	8%	Hella	70	743	9%
					Hella drb	56	873	6%
	Hvolsvöllur	113	1.569	7%	Hvolsvöllur	74	818	9%
					Hvolsv. drb	39	751	5%
	Vík	45	741	6%	Vík	45	741	6%
	Klaustur	38	496	8%	Klaustur	12	151	8%
					Skaft.hr. drb	26	345	8%
	Höfn	196	1.969	10%	Öræfi	8	224	4%
					Höfn	151	1.335	11%
					Höfn drb	37	410	9%
	Vestm.eyjar	228	3.302	7%	Vestm.eyjar	228	3.302	7%
	Alls	1.726	25.571	7%				

9. Vinnusókn

Af svarendum voru 72% í vinnu en 28% ekki í vinnu. Þátttakendur í vinnu voru spurðir hvort þeir sæktu vinnu út fyrir þéttbýlið eða sveitabæinn þar sem þeir búa. Í kjölfarið var spurt í hvaða póstnúmeri vinnustaðurinn væri og hversu oft að jafnaði í viku væri ferðast til og frá þeim vinnustað.

Ferðir innan sama búsetusvæðis (t.d. þegar svarandi býr í sveit en vinnur í þéttbýli innan svæðis) teljast ekki til vinnusóknar milli svæða og eru því ekki teknar með í útreikningum.

Gerður er greinarmunur á hvort um eiginlega vinnusókn sé að ræða eða það sem kalla mætti fjarvinnu (vinnusókn sjaldnar en þrisvar í viku). Því eru á súluritum sýnd tvö hlutföll frá hverju svæði: Annars vegar pendlunarhlutfall, þ.e. hlutfall svarenda sem sækir vinnu út fyrir sitt búsetusvæði þrisvar sinnum í viku eða oftar og hins vegar vinnusóknarhlutfall, þ.e. hlutfall svarenda sem sækir vinnu að einhverju leyti út fyrir sitt búsetusvæði. Kort yfir vinnusókn frá hverju búsetusvæði byggja þó aðeins á vinnusókn þrisvar í viku eða oftar, þ.e. pendlunarhlutfalli.

Af öllum svarendum í vinnu sækja 25,5% vinnu út fyrir sitt búsetusvæði að einhverju leyti og 20,8% þrisvar sinnum í viku eða oftar (mynd 16).



Mynd 16. Vinnusókn út fyrir búsetusvæði eftir tíðni.

Pendlunarhlutfall er hærra meðal karla en kvenna og hærra meðal yngri svarenda en þeirra eldri (mynd 17). Það er jafnframt lægst á svæðum með fleiri en 2.500 íbúa en hæst á svæðum með 1.000-2.500 íbúa. Hlutfallið er mun hærra meðal þeirra sem svara á íslensku en ensku eða pólsku og hærra meðal þeirra sem hafa börn á heimili en þeirra sem ekki hafa börn á heimilinu.



Mynd 17. Pendlunarhlutfall eftir bakgrunnsbreytum.

Kannað var með tvíkosta aðhvarfsgreiningu hversu mikil áhrif kyn, aldur, íbúafjöldi svæðis, heimilistekjur, tungumál, menntun og börn á heimili hefðu samanlagt á það hvort einstaklingur pendlar út fyrir sitt búsetusvæði vegna vinnu eða ekki. Niðurstaðan er að þessar breytur hafa lítil áhrif á vinnupendlun (Negelkerke r^2 = 0,035) og skýrist hún því frekar af öðrum þáttum eins og t.d. atvinnuúrvali heima fyrir og nálægð við önnur vinnusóknarsvæði.

Breyturnar sem hafa mest áhrif inni í líkaninu eru íbúafjöldi búsetusvæðis svarenda (W=23,180) og aldur (W=22,961). Kyn (W=13,933), íslenska (W=9,095), og heimilistekjur (W=4,509) hafa einnig smávægileg en marktæk áhrif á vinnupendlun. Þó þessar breytur hafi áhrif sýnir lágt skýringarhlutfall (r^2) aðhvarfslíkansins samt sem áður að mikilvægara er að greina niðurstöður eftir búsetu- eða þjónustusvæðum heldur en eftir bakgrunni svarenda.

Mikill munur er á milli búsetusvæða hvað varðar vinnusókn út fyrir búsetusvæði. Hæst er pendlunarhlutfallið 80% frá Eyrarbakka en lægst 0% frá nokkrum búsetusvæðum. Pendlunarhlutfall er yfir 60% frá Vogum, Hörgársveit, Garði og Stokkseyri og yfir 50% frá Flateyri, Hofsósi og Sandgerði. Aðrir þéttbýlisstaðir þaðan sem pendlunarhlutfallið er yfir 30% eru Stöðvarfjörður, Hveragerði, Súðavík, Eskifjörður, Suðureyri, Fáskrúðsfjörður, Akranes, Þorlákshöfn, Hella og Varmahlíð.

Engir svarendur í Öræfum, Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri, Grenivík, Hvammstanga, Siglufirði, Hellissandi/Rifi og Vopnafirði sækja vinnu út fyrir sitt búsetusvæði þrisvar sinnum í viku eða oftar. Frá þessum stöðum er því pendlunarhlutfallið 0%.

Frá nokkrum búsetusvæðum eru margir sem sækja vinnu að einhverju leyti út til annarra svæða þó þeir þurfi ekki að ferðast til vinnu nema tvisvar eða sjaldnar í viku. Þá getur vinnusóknarhlutfallið verið talsvert hærra en pendlunarhlutfallið. Dæmi um slík svæði eru Flateyri, Stöðvarfjörður, Blönduós dreifbýli, Grímsnes- og Grafningshreppur, Dalabyggð dreifbýli, Drangsnes, Fnjóskadalur, Tálknafjörður, Borgarfjörður eystri, Snæfellsbær dreifbýli og Öræfi.

Myndir mynd 18 til mynd 21 sýna pendlunarhlutfall (vinnusóknarhlutfall innan sviga) frá hverju búsetusvæði en mynd 22 landið í heild.



Mynd 18. Pendlunarhlutfall, 1-25. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa og heildarvinnusóknarhlutfall innan sviga).



Mynd 19. Pendlunarhlutfall, 26-50. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa og heildarvinnusóknarhlutfall innan sviga).



Mynd 20. Pendlunarhlutfall, 51-75. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa og heildarvinnusóknarhlutfall innan sviga).



Mynd 21. Pendlunarhlutfall, 76-97. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa og heildarvinnusóknarhlutfall innan sviga).



Mynd 22. Íslandskort yfir pendlunarhlutfall frá hverju búsetusvæði.

9.1 Vinnusókn Suðurnes

Af öllum svarendum í vinnu á Suðurnesjum sækja 43,3% vinnu út fyrir sitt búsetusvæði að einhverju leyti (vinnusóknarhlutfall) og 39,6% þrisvar sinnum í viku eða oftar (pendlunarhlutfall). Þessi hlutföll eru hæst á Suðurnesjum af öllum landshlutum en hlutfallið er þó mjög mismunandi innan landshlutans (tafla 8).

Hæsta pendlunarhlutfall á Suðurnesjum, og það næst hæsta á landinu öllu, er frá Vogum eða 74,0%. Meirihluti Vogamanna starfar á höfuðborgarsvæðinu en nokkur hluti fer til Keflavíkur eða á Keflavíkurflugvöll vegna vinnu. Frá Garði er pendlunarhlutfallið litlu lægra eða 69,8%. Þaðan fer tæpur þriðjungur starfandi fólks til vinnu í Keflavík, 16% starfa á höfuðborgarsvæðinu og 11% á Keflavíkurflugvelli. Rúmlega helmingur vinnandi fólks í Sandgerði starfar annars staðar. Þaðan fara auk þess um 19% til höfuðborgarsvæðisins og 15% til Keflavíkur.

Íbúar í Reykjanesbæ starfa síður utan síns búsetusvæðis en aðrir Suðurnesjabúar. Frá Njarðvík er pendlunarhlutfallið 25,7%, frá Keflavík er hlutfallið 23,4% og frá Ásbrú 16,7%. Algengast er að íbúar Reykjanesbæjar sem vinna annars staðar sæki vinnu til höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 23 sýnir helstu mynstur vinnusóknar frá búsetusvæðum Suðurnesja á korti.

Tafla 8. Pendlunarhlutfall frá Suðurnesjum, sundurliðað.

Búseta	Vinnustaður	Pendl.%
Vogar (73)	**Alls**	**74,0%**
	Höfuðborgarsvæði	58,5%
	Keflavík	6,8%
	Keflavíkurflugvöllur	4,1%
	Annað	4,6%
Keflavík (128)	**Alls**	**23,4%**
	Höfuðborgarsvæði	15,0%
	Garður	2,5%
	Annað	5,9%
Njarðvík (105)	**Alls**	**25,7%**
	Höfuðborgarsvæði	18,7%
	Sandgerði	3,1%
	Annað	3,9%
Ásbrú (24)	**Alls**	**16,7%**
	Höfuðborgarsvæði	16,7%
Sandgerði (42)	**Alls**	**52,4%**
	Höfuðborgarsvæði	19,3%
	Keflavík	15,2%
	Njarðvík	7,8%
	Annað	10,1%
Garður (43)	**Alls**	**69,8%**
	Keflavík	31,4%
	Höfuðborgarsvæði	16,3%
	Keflavíkurflugvöllur	11,0%
	Annað	11,0%



Mynd 23. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Suðurnesjum.

9.2 Vinnusókn Vesturland

Af öllum svarendum í vinnu á Vesturlandi sækja 28,6% vinnu út fyrir sitt búsetusvæði að einhverju leyti (vinnusóknarhlutfall) og 24,0% þrisvar sinnum í viku eða oftar (pendlunarhlutfall). Einungis á Suðurnesjum eru hlutföllin hærri. Pendlunarhlutfall er þó mjög mismunandi eftir búsetusvæðum Vesturlands (tafla 9).

Hæsta pendlunarhlutfall á Vesturlandi er frá Hvalfjarðarsveit eða 50,0%. Rúmur fjórðungur starfandi íbúa í Hvalfjarðarsveit vinnur á höfuðborgarsvæðinu, nokkrir starfa á Akranes og einhverjir í Borgarnesi. Frá Eyja- og Miklaholtshreppi er pendlunarhlutfallið 40,0% en þar eru svarendur of fáir til að unnt sé að birta sundurliðun. Úr dreifbýli Dalabyggðar er pendlunarhlutfall 37,9% og er vinnusóknin að mestu til Búðardals. Pendlunarhlutfall frá Akranesi er 37,4% en þaðan fer rúmlega fimmtungur starfandi fólks til höfuðborgarsvæðisins vegna vinnu og nokkur hluti vinnur í Hvalfjarðarsveit.

Frá Borgarnesi og dreifbýli Borgarfjarðar er pendlunarhlutfallið 20,2%. Nokkuð er um að Borgnesingar vinni á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar í Borgarfirði og einhverjir í Hvalfjarðarsveit eða á Akranesi. Margir íbúar í dreifbýli Borgarfjarðar starfa í Borgarnesi og einhverjir á höfuðborgarsvæðinu.

Annars staðar á Vesturlandi er pendlunarhlutfallið mun lægra. Eitthvað er um að svarendur í Ólafsvík starfi á öðrum svæðum í Snæfellsbæ og sumir Grundfirðingar vinna í Ólafsvík. Of fáir svarendur liggja að baki annarri vinnusókn íbúa landshlutans.

Mynd 24 sýnir helstu mynstur vinnusóknar frá búsetusvæðum Vesturlands á korti.

Tafla 9. Pendlunarhlutfall frá Vesturlandi, sundurliðað.

Búseta	Vinnustaður	Pendl.%
Akranes (187)	**Alls**	**37,4%**
	Höfuðborgarsvæði	21,9%
	Hvalfjarðarsveit	13,4%
	Annað	2,2%
Hvalfjarðarsveit (34)	**Alls**	**50,0%**
	Höfuðborgarsvæði	26,3%
	Akranes	16,7%
	Borgarnes	7,0%
Borgarnes (114)	**Alls**	**20,2%**
	Höfuðborgarsvæði	6,4%
	Borgarfjörður drb	6,4%
	Hvalfjarðarsveit	3,9%
	Akranes	3,0%
	Annað	0,6%
Borgarfjörður drb (89)	**Alls**	**20,2%**
	Borgarnes	15,1%
	Höfuðborgarsvæði	4,0%
	Annað	1,1%
Stykkishólmur (35)	**Alls**	**5,7%**
Eyja- og Miklaholtshr. (5)	**Alls**	**40,0%**
Grundarfjörður (38)	**Alls**	**10,5%**
	Ólafsvík	8,4%
	Annað	2,1%
Ólafsvík (62)	**Alls**	**11,3%**
	Hellissandur/Rif	4,8%
	Annað	6,5%
Snæfellsbær drb (16)	**Alls**	**6,3%**
Hellissandur/Rif (24)	**Alls**	**0,0%**
Búðardalur (18)	**Alls**	**5,6%**
Dalabyggð drb (29)	**Alls**	**37,9%**
	Búðardalur	35,1%
	Annað	2,9%



- Því stærri sem gráir hringir (búsetustaðir) eru, því hærra er pendlunarhlutfall þaðan.
- Línur tákna vinnupendlun frá búsetustað til vinnustaðar. Hver vinnustaður hefur samsvarandi lit.
- Því breiðari sem línur eru, því hærra er pendlunarhlutfall frá búsetustað til viðkomandi vinnustaðar.

Mynd 24. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Vesturlandi.

9.3 Vinnusókn Vestfirðir

Af öllum svarendum í vinnu á Vestfjörðum sækja 20,4% vinnu út fyrir sitt búsetusvæði að einhverju leyti (vinnusóknarhlutfall) og 15,1% þrisvar sinnum í viku eða oftar (pendlunarhlutfall). Einungis á Norðurlandi eystra eru hlutföllin lægri. Pendlunarhlutfall er þó mjög mismunandi eftir búsetusvæðum Vestfjarða (tafla 10).

Hæsta pendlunarhlutfall á Vestfjörðum er frá Flateyri 55,6% og þaðan fer stór hluti starfandi fólks til vinnu á Ísafjörð. Það sama má segja um íbúa Súðavíkur þar sem pendlunarhlutfall er 42,9% og Suðureyrar þar sem hlutfallið er 38,5%. Frá Bolungarvík er pendlunarhlutfall 28,9% og flestir sem vinna utan svæðisins fara til Ísafjarðar. Frá Hnífsdal er pendlunarhlutfall 25,0% og frá Þingeyri 15,4% en of fáir svarendur eru á þessum stöðum til að sýna hvert þeir sækja vinnu.

Frá Reykhólum er pendlunarhlutfall 11,1%, en úr dreifbýli Reykhólahrepps er það hærra eða 37,5% og vinnusókn þaðan eingöngu til Reykhóla. Svipaða sögu er að segja af Hólmavík, þar sem pendlunarhlutfallið er 7,4%, en 50,0% úr dreifbýlinu til Hólmavíkur. Frá Drangsnesi er pendlunarhlutfall 22,2% en þar eru of fáir svarendur til að sýna hvert þeir sækja vinnu. Í Árneshreppi eru of fáir svarendur í vinnu til að reikna pendlunarhlutfall.

Frá Patreksfirði er pendlunarhlutfall 15,6%. Þaðan fara einhverjir til vinnu á Barðaströnd en aðrir sækja vinnu annað innan Vesturbyggðar. Pendlunarhlutfall frá Barðaströnd er 12,5% og frá Tálknafirði 13,3% en of fáir svarendur eru á þessum stöðum til að sýna hvert þeir sækja vinnu. Á Bíldudal eru of fáir svarendur í vinnu til að reikna pendlunarhlutfall.

Mynd 25 sýnir helstu mynstur vinnusóknar frá búsetusvæðum Vestfjarða á korti.

Tafla 10. Pendlunarhlutfall frá Vestfjörðum, sundurliðað.

Búseta	Vinnustaður		Pendl.%
Ísafjörður (143)		**Alls**	**1,4%**
Hnífsdalur (8)		**Alls**	**25,0%**
Bolungarvík (38)		**Alls**	**28,9%**
	Ísafjörður		26,5%
	Annað		2,4%
Súðavík (7)		**Alls**	**42,9%**
	Ísafjörður		42,9%
Suðureyri (13)		**Alls**	**38,5%**
	Ísafjörður		38,5%
Flateyri (9)		**Alls**	**55,6%**
	Ísafjörður		44,9%
	Annað		10,7%
Þingeyri (13)		**Alls**	**15,4%**
Bíldudalur (4)			
Tálknafjörður (15)		**Alls**	**13,3%**
Patreksfjörður (45)		**Alls**	**15,6%**
	Barðaströnd		5,7%
	Annað		9,8%
Barðaströnd (8)		**Alls**	**12,5%**
Reykhólar (9)		**Alls**	**11,1%**
Reykhólar drb (8)		**Alls**	**37,5%**
	Reykhólar		37,5%
Hólmavík (27)		**Alls**	**7,4%**
Strandir annað (18)		**Alls**	**50,0%**
	Hólmavík		50,0%
Drangsnes (9)		**Alls**	**22,2%**
Árneshreppur (3)			



- Því stærri sem gráir hringir (búsetustaðir) eru, því hærra er pendlunarhlutfall þaðan.
- Línur tákna vinnupendlun frá búsetustað til vinnustaðar. Hver vinnustaður hefur samsvarandi lit.
- Því breiðari sem línur eru, því hærra er pendlunarhlutfall frá búsetustað til viðkomandi vinnustaðar.

Mynd 25. Kort af vinnusókn (pendlun) frá Vestfjörðum.

9.4 Vinnusókn Norðurland vestra

Af öllum svarendum í vinnu á Norðurlandi vestra sækja 22,0% vinnu út fyrir sitt búsetusvæði að einhverju leyti (vinnusóknarhlutfall) og 16,9% þrisvar sinnum í viku eða oftar (pendlunarhlutfall). Pendlunarhlutfall er almennt mun lægra á stærri þéttbýlisstöðunum en í dreifbýli og minni byggðakjörnum (tafla 11).

Hæsta pendlunarhlutfall á Norðurlandi vestra er frá Hofsósi og nágrenni 54,5% en þaðan fer meirihluti vinnandi fólks til Sauðárkróks. Pendlunarhlutfall íbúa í grennd við Sauðárkrók er 48,5% en flestir fara til vinnu á Sauðárkrók þó sumir vinni annars staðar. Frá Varmahlíð og nágrenni fara 31,4% starfandi fólks til vinnu út fyrir svæðið, flestir á Sauðárkrók en einhverjir annað. Í Fljótum eru svarendur í vinnu of fáir til að hægt sé að reikna vinnusóknarhlutfall.

Frá Skagaströnd er pendlunarhlutfall 9,7% og frá Blönduósi 4,8% en hlutfallið er mun hærra úr dreifbýli við Blönduós, þaðan sem 42,9% fara til vinnu á Blönduós.

Frá Hvammstanga er pendlunarhlutfall 0% en helmingur þeirra sem búa í dreifbýli við Hvammstanga sækir vinnu út fyrir búsetusvæðið, 37,8% til Hvammstanga og 12,2% annað. Frá Hrútafirði og Bitru er pendlunarhlutfallið 30,0%.

Mynd 26 sýnir helstu mynstur vinnusóknar frá búsetusvæðum Norðurlands vestra á korti.

Tafla 11. Pendlunarhlutfall frá Norðurlandi vestra, sundurliðað.

Búseta	Vinnustaður		Pendl.%
Hrútafjörður/Bitra (10)		**Alls**	**30,0%**
Hvammstangi (33)		**Alls**	**0,0%**
Hvammstangi drb (14)		**Alls**	**50,0%**
	Hvammstangi		37,8%
	Annað		12,2%
Blönduós (42)		**Alls**	**4,8%**
Blönduós drb (28)		**Alls**	**42,9%**
	Blönduós		42,9%
Skagaströnd (31)		**Alls**	**9,7%**
Sauðárkrókur (136)		**Alls**	**2,2%**
	Varmahlíð		2,2%
Sauðárkrókur drb (33)		**Alls**	**48,5%**
	Sauðárkrókur		36,9%
	Annað		11,5%
Varmahlíð (35)		**Alls**	**31,4%**
	Sauðárkrókur		25,4%
	Annað		6,1%
Hofsós (11)		**Alls**	**54,5%**
	Sauðárkrókur		54,5%
Fljót (4)			



Mynd 26. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Norðurlandi vestra.

9.5 Vinnusókn Norðurland eystra

Af öllum svarendum í vinnu á Norðurlandi eystra sækja 16,5% vinnu út fyrir sitt búsetusvæði að einhverju leyti (vinnusóknarhlutfall) og 11,8% þrisvar sinnum í viku eða oftar (pendlunarhlutfall). Þessi hlutföll eru lægst á Norðurlandi eystra af öllum landshlutum, en pendlunarhlutfallið er þó mjög mismunandi innan landshlutans (tafla 12 og tafla 13).

Hæsta pendlunarhlutfall á Norðurlandi eystra er úr Hörgársveit 71,4% en þaðan fer meirihluti vinnandi fólks til Akureyrar. Pendlunarhlutfall íbúa í Eyjafjarðarsveit er 39,5% og þar af vinna allir á Akureyri. Frá Svalbarðseyri fer fjórðungur vinnandi fólks til vinnu á Akureyri. Frá Akureyri sjálfri er pendlunarhlutfall 3,9%. Eitthvað er um að Akureyringar vinni á Svalbarðseyri, í Eyjafjarðarsveit og fleiri stöðum. Pendlunarhlutfall frá Fnjóskadal er 20,0% en frá Grenivík mælist engin vinnupendlun. Í Grímsey eru of fáir svarendur í vinnu til að reikna vinnusóknarhlutfall. Frá Siglufirði mælist engin vinnupendlun.

Frá Dalvík er pendlunarhlutfall 14,6% og skiptist það milli Akureyrar og Ólafsfjarðar. Frá dreifbýli Dalvíkurbyggðar fara 29,4% svarenda í vinnu út fyrir svæðið, nokkur hluti fer til Akureyrar og álíka stór hluti til annarra staða, þ.m.t. til Dalvíkur. Frá Ólafsfirði er pendlunarhlutfall 29,6% en þaðan fer fimmtungur svarenda í vinnu til Siglufjarðar og nokkur hluti til annarra staða. Pendlunarhlutfall frá Hrísey er 20,0% en svarendur í vinnu eru ekki nógu margir til að sýna hvert þeir fara til vinnu.

Tafla 12. Pendlunarhlutfall frá Eyjafjarðarsvæði, sundurliðað.

Búseta	Vinnustaður		Pendl.%
Siglufjörður (57)		**Alls**	**0,0%**
Ólafsfjörður (27)		**Alls**	**29,6%**
	Siglufjörður		20,0%
	Annað		9,6%
Dalvík (41)		**Alls**	**14,6%**
	Akureyri		7,8%
	Ólafsfjörður		6,8%
Dalvíkurbyggð drb (17)		**Alls**	**29,4%**
	Akureyri		15,9%
	Annað		13,5%
Hrísey (10)		**Alls**	**20,0%**
Grímsey (3)			
Hörgársveit (14)		**Alls**	**71,4%**
	Akureyri		67,0%
	Annað		4,5%
Akureyri (335)		**Alls**	**3,9%**
	Svalbarðseyri		1,6%
	Eyjafjarðarsveit		1,1%
	Annað		1,2%
Eyjafjarðarsveit (38)		**Alls**	**39,5%**
	Akureyri		39,5%
Svalbarðseyri (16)		**Alls**	**25,0%**
	Akureyri		25,0%
Fnjóskadalur (5)		**Alls**	**20,0%**
Grenivík (17)		**Alls**	**0,0%**

Frá Húsavík er pendlunarhlutfall 4,0% en úr dreifbýli við Húsavík er hlutfallið 48,4% og flestir vinna á Húsavík en nokkur hluti á Akureyri eða annars staðar. Frá Laugum og Fosshóli er pendlunarhlutfallið 6,3% og frá Mývatnssveit 5,9% en svarendur eru ekki nógu margir til að sýna hvert þeir sækja vinnu.

Á Kópaskeri eru ekki nógu margir svarendur til að reikna pendlunarhlutfall en úr dreifbýli við Kópasker er hlutfallið 11,1%. Pendlunarhlutfall frá Raufarhöfn er 15,4% og er aðallega til Þórshafnar þó einhverjir fari annað. Frá Þórshöfn er pendlunarhlutfall 3,4% og frá Bakkafirði 28,6% en svarendur þar eru ekki nógu margir til að sýna hvert þeir fara til vinnu.

Tafla 13. Pendlunarhlutfall frá Þingeyjarsýslum, sundurliðað.

Búseta	Vinnustaður		Pendl.%
Húsavík (99)		**Alls**	**4,0%**
Húsavík drb (31)		**Alls**	**48,4%**
	Húsavík		28,9%
	Akureyri		11,4%
	Annað		8,1%
Laugar og Fosshóll (16)		**Alls**	**6,3%**
Mývatn (17)		**Alls**	**5,9%**
Kópasker (4)			
Kópasker drb (27)		**Alls**	**11,1%**
Raufarhöfn (26)		**Alls**	**15,4%**
	Þórshöfn		11,1%
	Annað		4,3%
Þórshöfn (29)		**Alls**	**3,4%**
Bakkafjörður (7)		**Alls**	**28,6%**

Mynd 27 sýnir helstu mynstur vinnusóknar frá búsetusvæðum Norðurlands eystra á korti.



Mynd 27. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Norðurlandi eystra.

9.6 Vinnusókn Austurland

Af öllum svarendum í vinnu á Austurlandi sækja 22,6% vinnu út fyrir sitt búsetusvæði að einhverju leyti (vinnusóknarhlutfall) og 17,3% þrisvar sinnum í viku eða oftar (pendlunarhlutfall). Pendlunarhlutfall er almennt lægra á stöðum sem eru einangraðri í samgöngulegu tilliti (tafla 14).

Hæsta pendlunarhlutfall á Austurlandi er frá Stöðvarfirði 47,4% en þaðan fara margir til starfa á Fáskrúðsfirði eða Reyðarfirði og einhverjir til annarra staða. Pendlunarhlutfall Eskfirðinga er einnig hátt, eða 42,4%. Tæplega þriðjungur starfandi svarenda á Eskifirði vinnur á Reyðarfirði og einhverjir annars staðar. Frá Fáskrúðsfirði er pendlunarhlutfall 37,5% og fara flestir þeirra sem starfa utan búsetusvæðisins til vinnu á Reyðarfirði. Á Breiðdalsvík starfar fjórðungur svarenda í vinnu utan svæðisins. Pendlunarhlutfall frá Neskaupstað er 18,8% en flestir Norðfirðingar sem starfa utan fjarðar fara til Reyðarfjarðar þó einhverjir fari á Eskifjörð. Lægsta pendlunarhlutfall í Fjarðabyggð er frá Reyðarfirði 5,3%.

Frá Egilsstöðum er vinnupendlun 13,2% og er hún aðallega til Reyðarfjarðar en sumir starfa í dreifbýlinu á Héraði eða annars staðar. Frá dreifbýli Héraðs fer tæplega fjórðungur starfandi fólks til vinnu utan svæðisins, helst til Egilstaða en einhverjir annað.

Frá Seyðisfirði er pendlunarhlutfallið 9,7% og frá Borgarfirði eystri 8,3%. Frá Vopnafirði er pendlunarhlutfall 0% en frá Djúpavogi er pendlunarhlutfall 3,1%.

Mynd 28 sýnir helstu mynstur vinnusóknar frá búsetusvæðum Austurlands á korti.

Tafla 14. Pendlunarhlutfall frá Austurlandi, sundurliðað.

Búseta	Vinnustaður		Pendl.%
Vopnafjörður (37)		**Alls**	**0,0%**
Egilsstaðir (144)		**Alls**	**13,2%**
	Reyðarfjörður		7,3%
	Hérað drb		3,0%
	Annað		3,0%
Hérað drb (37)		**Alls**	**24,3%**
	Egilsstaðir		15,4%
	Annað		8,9%
Borgarfjörður eystri (12)		**Alls**	**8,3%**
Seyðisfjörður (31)		**Alls**	**9,7%**
Neskaupstaður (69)		**Alls**	**18,8%**
	Reyðarfjörður		12,6%
	Eskifjörður		6,3%
Eskifjörður (33)		**Alls**	**42,4%**
	Reyðarfjörður		32,4%
	Annað		10,0%
Reyðarfjörður (38)		**Alls**	**5,3%**
Fáskrúðsfjörður (32)		**Alls**	**37,5%**
	Reyðarfjörður		29,3%
	Annað		8,2%
Stöðvarfjörður (19)		**Alls**	**47,4%**
	Fáskrúðsfjörður		17,1%
	Reyðarfjörður		15,8%
	Annað		14,5%
Breiðdalsvík (12)		**Alls**	**25,0%**
	Reyðarfjörður		25,0%
Djúpivogur (32)		**Alls**	**3,1%**



Mynd 28. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Austurlandi.

9.7 Vinnusókn Suðurland

Af öllum svarendum í vinnu á Suðurlandi sækja 28,2% vinnu út fyrir sitt búsetusvæði að einhverju leyti (vinnusóknarhlutfall) og 23,4% þrisvar sinnum í viku eða oftar (pendlunarhlutfall). Hlutföllin eru töluvert hærri frá Suðurnesjum en svipuð á á Vesturlandi. Pendlunarhlutfall er almennt hæst í neðri hluta Árnessýslu (tafla 15) þó víða sé það hátt í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum þar sem mikil vinnupendlun er milli þéttbýlis og dreifbýlis (tafla 16).

Hæsta pendlunarhlutfall á Suðurlandi og landinu öllu er frá Eyrarbakka 80,0% en meirihluti fer til vinnu á Selfoss og stór hluti annars staðar utan búsetusvæðisins. Frá Stokkseyri er pendlunarhlutfallið 66,7% og þaðan fer rúmlega þriðjungur starfandi til Selfoss en tæplega þriðjungur annað. Frá Selfossi er pendlunarhlutfall 21,6%, margir Selfyssingar vinna á höfuðborgarsvæðinu en eitthvað er um að þeir vinni annars staðar í grennd við Selfoss. Tæplega helmingur vinnandi íbúa í dreifbýli nálægt Selfossi vinnur utan svæðisins, rúmlega þriðjungur á Selfossi og nokkur hluti á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar. Pendlunarhlutfall frá Hveragerði er 47,1% en tæplega þriðjungur Hvergerðinga starfar á höfuðborgarsvæðinu og margir á Selfossi. Frá dreifbýli Ölfuss er pendlunarhlutfall 40,0% en svarendur í vinnu eru ekki nógu margir til að sýna hvert þeir sækja vinnu. Frá Þorlákshöfn er pendlunarhlutfall 37,2% og fara flestir þeirra sem starfa utan búsetusvæðisins til vinnu á höfuðborgarsvæðið.

Þónokkuð er um að Uppsveitungar starfi á Selfossi. Frá Grímsnes- og Grafningshreppi er pendlunarhlutfall 40,0% og tæplega þriðjungur þeirra sem eru í vinnu starfa á Selfossi. Frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi er pendlunarhlutfall 24,2% og nokkuð um að íbúar þar starfi á Selfossi eða annars staðar utan búsetusvæðis. Úr Bláskógabyggð er pendlunarhlutfall 15,0% og Hrunamannahreppi 14,7% en svarendur í vinnu eru ekki nógu margir til að sýna hvert íbúar þar sækja vinnu.

Tafla 15. Pendlunarhlutfall frá Árnessýslu, sundurliðað.

Búseta	Vinnustaður	Pendl.%
Selfoss (222)	**Alls**	**21,6%**
	Höfuðborgarsvæði	13,8%
	Selfoss drb	1,5%
	Bláskógabyggð	1,5%
	Annað	4,8%
Selfoss drb (41)	**Alls**	**48,8%**
	Selfoss	34,0%
	Höfuðborgarsvæði	6,1%
	Annað	8,6%
Hveragerði (68)	**Alls**	**47,1%**
	Höfuðborgarsvæði	31,9%
	Selfoss	13,0%
	Annað	2,2%
Ölfus drb (10)	**Alls**	**40,0%**
Þorlákshöfn (86)	**Alls**	**37,2%**
	Höfuðborgarsvæði	16,7%
	Selfoss	7,9%
	Annað	12,6%
Eyrarbakki (10)	**Alls**	**80,0%**
	Selfoss	44,0%
	Annað	36,0%
Stokkseyri (9)	**Alls**	**66,7%**
	Selfoss	34,5%
	Annað	32,2%
Grímsnes- og Graf (10)	**Alls**	**40,0%**
	Höfuðborgarsvæði	31,1%
	Annað	8,9%
Skeiða- og Gnúp (33)	**Alls**	**24,2%**
	Selfoss	10,6%
	Annað	13,6%
Bláskógabyggð (40)	**Alls**	**15,0%**
Hrunamannahreppur (34)	**Alls**	**14,7%**

Rúmlega þriðjungur íbúa á Hellu starfar utanbæjar og flestir sem gera það vinna í dreifbýli nálægt Hellu, en einhverjir vinna líka á Hvolsvelli eða annars staðar. Svipað hlutfall íbúa í dreifbýli við Hellu vinnur utan síns svæðis, flestir á Hellu en nokkrir á Selfossi, höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar. Frá Hvolsvelli er pendlunarhlutfallið 26,3% og skiptist það milli dreifbýlis við Hellu, dreifbýlis við Hvolsvöll og annarra staða. Pendlunarhlutfall frá dreifbýlinu við Hvolsvöll er hærra eða 44,0% og er það fyrst og fremst vegna ferða íbúanna á Hvolsvöll þó einhverjir fari annað. Úr dreifbýli Skaftárhrepps er pendlunarhlutfallið 41,2% og er það vegna ferða íbúanna til Kirkjubæjarklausturs. Pendlunarhlutfall er 0% frá Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri, Öræfum og Vestmannaeyjum.

Mynd 29 sýnir helstu mynstur vinnusóknar frá búsetusvæðum Suðurlands á korti.

Tafla 16. Pendlunarhlutfall frá Rangárvalla- og Skaftafellssýslum, sundurliðað.

Búseta	Vinnustaður	Pendl.%
Hella (38)	**Alls**	**34,2%**
	Hella drb	16,4%
	Hvolsvöllur	9,4%
	Annað	8,4%
Hella drb (37)	**Alls**	**35,1%**
	Hella	13,6%
	Selfoss	9,4%
	Höfuðborgarsvæði	5,8%
	Annað	6,3%
Hvolsvöllur (38)	**Alls**	**26,3%**
	Hella drb	8,1%
	Hvolsvöllur drb	7,7%
	Annað	10,5%
Hvolsvöllur drb (25)	**Alls**	**44,0%**
	Hvolsvöllur	36,8%
	Annað	7,2%
Vík (31)	**Alls**	**0,0%**
Kirkjubæjarklaustur (6)	**Alls**	**0,0%**
Skaftárhreppur drb (17)	**Alls**	**41,2%**
	Kirkjubæjarklaustur	41,2%
Öræfi (7)	**Alls**	**0,0%**
Höfn (95)	**Alls**	**4,2%**
	Höfn drb	25,0%
Höfn drb (29)	**Alls**	**27,6%**
	Höfn	27,6%
Vestmannaeyjar (135)	**Alls**	**0,0%**



Mynd 29. Helstu mynstur vinnusóknar (pendlunar) frá Suðurlandi.

10. Þjónustusókn

Þátttakendur voru spurðir hversu oft og hvert þeir sæktu ýmsa þjónustu. Spurt var um 31 þjónustuþátt og svarendum jafnframt gefið færi á að bæta við fleiri flokkum. Í kjölfarið var spurt hversu oft þjónustan var notuð síðustu 30 daga (algeng þjónusta) eða síðastliðna 12 mánuði og loks hvert hún var síðast sótt.

Hér verður fjallað um heildarþjónustusókn frá hverju búsetusvæði. Heildarþjónustusókn eru öll tilvik þjónustusóknar af öllu tagi samanlagt, hvort sem þau eru innan svæðis eða utan. Algengasta þjónustan vegur því þyngst í heildarþjónustusóknarmynstri frá hverjum stað. Vegna fjölda þjónustuþátta verður ekki fjallað um hvern þeirra fyrir sig hér, heldur aðeins um hlutdeild hvers þáttar í heildarþjónustusókn.

10.1 Þjónustuþættir

Lang umfangsmesti þjónustuþátturinn er dagvöruverslun, annars vegar *lágvöruverðsverslun* og hins vegar *önnur dagvöruverslun.* Saman standa þessir tveir þjónustuþættir fyrir 42% af allri þjónustusókn eða 154 skipti á ári fyrir hvern svaranda (tafla 17). Næst koma *sund/baðstaðir* með 36 skipti á ári, *líkamsrækt* með 35 skipti, *lyfjaverslun/apótek* með 27 skipti, *bakarí* með 18 skipti, *vínbúð* 14 skipti, *menning/afþreying* 9 skipti og *byggingavöruverslun* 8 skipti á ári á mann.

Tafla 17. Hlutdeild þjónustuþátta í heildarþjónustusókn.

Þjónustuþáttur	Meðaltíðni á ári	Hlutdeild
Lágvöruverðsverslun	104,3	28,1%
Önnur dagvöruverslun	49,9	13,5%
Líkamsrækt	36,3	9,8%
Sund / baðstaðir	34,7	9,4%
Lyfjaverslun / apótek	27,3	7,4%
Bakarí	18,1	4,9%
Vínbúð	13,7	3,7%
Menning/afþreying (bíó, leikhús, tónleikar, listsýning)	8,5	2,3%
Byggingavöruverslun	8,2	2,2%
Bókasafn	7,5	2,0%
Veitingahús (þar sem þjónað er til borðs)	6,9	1,9%
Hleðslustöð fyrir rafbíla (önnur en heimahleðslustöð)	5,5	1,5%
Pósthús / pakkaport / póstbíll	5,0	1,3%
Fataverslun / skóbúð	4,5	1,2%
Sjúkraþjálfun	4,4	1,2%
Banki / sparisjóður	4,2	1,1%
Heilsugæsla / heimilislæknir	3,6	1,0%
Hársnyrting	3,5	0,9%
Póstbox	3,4	0,9%
Dropp	2,8	0,8%
Gjafavöruverslun / blómabúð	2,7	0,7%
Eimskip, Samskip eða aðrir vöruflutningar	2,7	0,7%
Bókabúð	2,5	0,7%
Raftækjabúð / símaverslun	1,9	0,5%
Bílaverkstæði	1,8	0,5%
Guðsþjónusta eða önnur þjónusta prests eða djákna	1,4	0,4%
Tannlæknir	1,3	0,4%
Sérfræðilæknir	1,3	0,4%
Sérfræðiráðgjöf (s.s. sálfræðingur, félagsráðgjafi, fjölskylduráðgjafi, talmeinafræðingur)	1,1	0,3%
Bifreiðaskoðun	1,1	0,3%
Tryggingafélag	0,8	0,2%
	370,8	**100%**

10.2 Tíðni þjónustusóknar

Meðaltíðni þjónustunotkunar allra svarenda er um 370 skipti á ári. Konur nota þjónustu almennt oftar en karlar og þeir sem eru yngri en 50 ára oftar en þeir sem eru 50 ára eða eldri (mynd 30). Íbúar á búsetusvæðum með 1.000 íbúa eða fleiri nota oftar þjónustu en þeir sem búa á fámennari svæðum. Þeir sem hafa háskólamenntun nota þjónustu mun oftar en þeir sem ekki hafa háskólamenntun, þeir sem eru í vinnu nota þjónustu oftar en þeir sem eru ekki í vinnu og þeir sem hafa börn á heimili nota mun oftar þjónustu en þeir sem ekki hafa börn á heimili.

Kannað var með línulegri aðhvarfsgreiningu hversu mikil áhrif kyn, aldur, íbúafjöldi svæðis, tungumál, staða á vinnumarkaði, menntun og börn á heimili hefðu samanlagt á tíðni þjónustusóknar svarenda. Niðurstaðan er sú að þessar breytur hafa lítil áhrif á svörin (r^2 = 0,046) og er breytileiki í svörum því líklega frekar háður þjónustuframboði á hverjum stað, fjarlægð úr dreifbýli til þéttbýlis eða öðrum þáttum, svo sem hefðum.

Breytan sem hefur mest áhrif í líkaninu er heimilistekjur (t=6,677) en aldur hefur einnig nokkur áhrif (t=-5,335). Háskólamenntun (t=4,776) og í vinnu (t=-4,288), íbúafjöldi búsetusvæðis (t=4,039) og börn á heimili (t=2,314) hafa einnig smávægileg en marktæk áhrif á tíðni þjónustusóknar. Kyn og tungumál hafa engin áhrif á það hversu oft svarendur sækja þjónustu, að teknu tilliti til annarra bakgrunnsbreyta. Þó sumar bakgrunnsbreytur hafi einhver áhrif á tíðni þjónustusóknar sýnir lágt skýringarhlutfall (r^2) aðhvarfslíkansins engu að síður að mikilvægara er að greina niðurstöður eftir búsetusvæðum heldur en eftir bakgrunni svarenda.



Mynd 30. Tíðni þjónustusóknar eftir bakgrunnsbreytum.

Mikill munur er á milli hæstu og lægstu meðaltíðni þjónustusóknar eftir búsetusvæðum. Íbúar Stykkishólms eru með lang flest tilvik þjónustusóknar á mann á landinu, þ.e. 534 tilvik á ári eða um 1,5 tilvik á dag. Þar á eftir koma íbúar Hvammstanga, Vestmannaeyja, Hafnar í Hornafirði og Húsavíkur. Íbúar í dreifbýli Reykhólahrepps og Barðastrandar nota sjaldnast þjónustu af öllum íbúum landsins, þ.e. um 140 tilvik á mann á ári eða 0,4 tilvik á dag. Íbúar í dreifbýli Skaftárhrepps, Eyja- og Miklaholtshreppi, dreifbýli Snæfellsbæjar og Öræfum nota þjónustu einnig mjög sjaldan. Þessi svæði eiga það sameiginlegt að vera fremur langt frá öflugum þjónustukjarna. Lægsta tíðni þjónustusóknar í þéttbýli er á Reykhólum en þar næst koma Bíldudalur og Kópasker.

Myndir Mynd 31 til Mynd 34 sýna tíðni þjónustusóknar á hverju búsetusvæði en mynd 35 landið í heild.



Mynd 31. Tíðni þjónustusóknar, 1-25. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa).



Mynd 32. Tíðni þjónustusóknar, 26-50. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa).



Mynd 33. Tíðni þjónustusóknar, 51-75. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa).



Mynd 34. Tíðni þjónustusóknar, 76-101. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa).



Mynd 35. Íslandskort yfir tíðni þjónustusóknar.

10.3 Þjónustusókn innan svæðis

Að meðaltali eru um 75% þjónustusóknartilvika hvers þátttakanda innan þjónustusvæðis sem hann býr á. Þjónustusóknarhlutfall innan svæðis er mun hærra á svæðum með 2.500 íbúa eða fleiri en á fámennari svæðum (mynd 36). Svarendur yngri en 30 ára sækja lægra hlutfall þjónustu innan þjónustusvæðis en þeir sem eldri eru og þeir sem hafa heimilistekjur lægri en 550 þ.kr. sækja síður þjónustu innan þjónustusvæðis en þeir sem hafa hærri tekjur.

Kannað var með línulegri aðhvarfsgreiningu hversu mikil áhrif kyn, aldur, íbúafjöldi svæðis, heimilistekjur, tungumál, staða á vinnumarkaði, menntun og börn á heimili hefðu samanlagt á hlutfall þjónustu sem svarendur sækja innan síns búsetusvæðis. Niðurstaðan er sú að þessar breytur hafa nokkur áhrif á svörin (r^2 = 0,133) en breytileiki í svörum er þó sennilega helst háður því hvaða þjónusta er í boði á hverjum stað eða nálægð við önnur þjónustusvæði.

Breytan sem hefur mest áhrif í líkaninu er íbúafjöldi búsetusvæðis svarenda (t=25,019) en aldur hefur einnig nokkur áhrif (t=4,896). Þar að auki hefur breytan börn á heimili (t=2,788) smávægileg marktæk áhrif á hlutfall þjónustusóknar innan búsetusvæðis. Þótt þessar breytur hafi áhrif á þjónustusókn innan búsetusvæðis sýnir fremur lágt skýringarhlutfall (r^2) aðhvarfslíkansins engu að síður að mikilvægara er að greina niðurstöður eftir búsetusvæðum heldur en eftir bakgrunni svarenda.



Mynd 36. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis eftir bakgrunnsbreytum.

Mikill munur er á milli búsetusvæða hvað varðar hlutfall þjónustusóknar innan búsetusvæðis. Hæsta hlutfall þjónustusóknar innan þjónustusvæðis er á búsetusvæðum næst Akureyri. Þar næst koma Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Höfn í Hornafirði, Selfoss og Akranes. Lægsta hlutfall þjónustusóknar innan þjónustusvæðis er í dreifbýli Reykhólahrepps, í Súðavík, á Eyrarbakka, á Flateyri, í Vogum, á Stokkseyri, í Grímsnes- og Grafningshreppi, og á Suðureyri.

Að undanskildum Reykhólahrepp eiga búsetusvæðin með lægsta hlutfall þjónustusóknar innan þjónustusvæðis það sameiginlegt að vera nálægt öðru, öflugra þjónustusvæði og geta nánast talist hluti af því.

Myndir Mynd 37 til Mynd 40 sýna þjónustusókn innan hvers búsetusvæðis en mynd 41 landið í heild. Athuga ber að kortið skiptist eftir búsetusvæðum, þótt verið sé að sýna þjónustusókn innan þjónustusvæða sem oft eru stærri en búsetusvæðin.



Mynd 37. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis, 1-25. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa).



Mynd 38. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis, 26-50. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa).



Mynd 39. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis, 51-75. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa).



Mynd 40. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis, 76-101. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara innan hornklofa).



Mynd 41. Íslandskort yfir þjónustusókn innan þjónustusvæðis.

10.4 Þjónustusókn Suðurnes

Reykjanesbær gegnir lykilhlutverki í þjónustusókn á Suðurnesjum. Þegar tekið er mið af íbúafjölda hvers búsetusvæðis sækja Suðurnesjabúar um 78% allrar þjónustu innan síns þjónustusvæðis og um 89% allra þjónustusóknartilvika eru innan landshlutans. Lang flest tilvikin, eða 82%, eru í Reykjanesbæ en um 9% heildarþjónustusóknar Suðurnesjabúa er til höfuðborgarsvæðisins.

Þjónustusókn íbúa í Vogum er töluvert öðruvísi en hjá öðrum íbúum Suðurnesja (tafla 18). Þaðan eru 42% þjónustusóknar til höfuðborgarsvæðisins en 41% til Reykjanesbæjar og aðeins 15% í Vogum sjálfum. Vogar eru stærsti bær landsins með jafn lágt hlutfall þjónustusóknar innanbæjar.

Í Reykjanesbæ er um og yfir 90% þjónustu sótt innanbæjar en restin til höfuðborgarsvæðisins. Keflvíkingar sækja síður þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en Njarðvíkingar og þeir sem búa á Ásbrú.

Í Suðurnesjabæ er tæplega þriðjungur þjónustusóknar innanbæjar. Yfir helmingur þjónustusóknartilvika frá Sandgerði og Garði er til Reykjanesbæjar, en íbúar í Garði sækja hærra hlutfall þjónustu þangað en Sandgerðingar sem eru gjarnari á að sækja þjónustu til höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 42 sýnir helstu mynstur þjónustusóknar frá búsetusvæðum Suðurnesja á korti.

Tafla 18. Þjónustusókn Suðurnesja eftir þjónustusvæðum.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Vogar (111)	**Vogar**	**15,5%**
	Höfuðborgarsvæði	42,3%
	Reykjanesbær	41,2%
	Rafrænt	0,5%
	Annað	0,6%
Keflavík (196)	**Reykjanesbær**	**91,5%**
	Höfuðborgarsvæði	5,9%
	Rafrænt	0,3%
	Annað	2,3%
Njarðvík (178)	**Reykjanesbær**	**88,5%**
	Höfuðborgarsvæði	8,1%
	Rafrænt	0,3%
	Annað	3,1%
Ásbrú (36)	**Reykjanesbær**	**89,7%**
	Höfuðborgarsvæði	8,8%
	Rafrænt	0,1%
	Annað	1,4%
Sandgerði (67)	**Sandgerði**	**32,3%**
	Reykjanesbær	50,7%
	Höfuðborgarsvæði	11,2%
	Garður	3,5%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	2,2%
Garður (83)	**Garður**	**30,7%**
	Reykjanesbær	61,3%
	Höfuðborgarsvæði	5,6%
	Rafrænt	0,1%
	Annað	2,3%



Mynd 42. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Suðurnesjum.

10.4.1 Þjónustusókn Vogar

Hlutfall þjónustusóknar innanbæjar er lágt meðal íbúa í Vogum (n=111; íbúar=1.153). Lágvöruverðsverslun er mest sótta þjónustan og er algengast að hún sé sótt í Reykjanesbæ eða á höfuðborgarsvæðið. Þjónustan sem íbúarnir nota oftast innanbæjar eru sund og líkamsrækt (tafla 19). Margir stunda líkamsrækt í Vogum en álíka algengt er að íbúarnir stundi hana í Reykjanesbæ. Meirihluti sundferða er í Vogum en einnig er algengt að synda á höfuðborgarsvæðinu. Tæpur fjórðungur annarrar dagvöruverslunar er innan Voga þó meirihluti hennar sé á höfuðborgarsvæðinu. Apótek, bakarí og vínbúðir eru ýmist sótt til Reykjanesbæjar eða höfuðborgarsvæðisins en algengast er að menningarviðburðir séu sóttir á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 19. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vogum.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	124,6	**0,0%**	Reykjanes-bær	59,1%	Hb.svæði	40,9%
Líkamsrækt	51,9	**40,4%**	Vogar	40,4%	Reykjanes-bær	38,3%
Sund / baðstaðir	35,9	**61,4%**	Vogar	61,4%	Hb.svæði	21,7%
Önnur dagvöruv.	28,2	**24,5%**	Hb.svæði	52,5%	Vogar	24,5%
Lyfjaverslun / apótek	26,8	**0,0%**	Reykjanes-bær	53,6%	Hb.svæði	46,4%
Bakarí	20,3	**0,0%**	Reykjanes-bær	48,9%	Hb.svæði	46,3%
Vínbúð	13,8	**0,0%**	Reykjanes-bær	64,8%	Hb.svæði	35,2%
Menning / afþreying	10,8	-	Hb.svæði	87,0%	-	-
Öll þjónusta	383,6	**15,5%**				

Af annarri mikilvægri þjónustusókn íbúa í Vogum er fátt innanbæjar nema póstbox og um fimmtungur skipta sem farið er í hársnyrtingu (tafla 20). Nokkur hluti viðskipta Vogabúa við fata- og skóverslanir er rafrænn eða í útlöndum en í flestum tilfellum er þó verslað á höfuðborgarsvæðinu og stundum í Reykjanesbæ. Sjúkraþjálfun og sérfræðilæknaþjónusta eru að nær öllu leyti sótt til höfuðborgarsvæðisins en flestir aðrir þjónustuþættir skiptast jafnar milli Reykjanesbæjar og höfuðborgarsvæðis.

Tafla 20. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vogum.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	5,3	**0,0%**	Hb.svæði	96,4%	Reykjanes-bær	3,6%
Póstbox	4,9	**91,8%**	Vogar	91,8%	Hb.svæði	7,3%
Fataverslun/ skóbúð	4,6	**0,0%**	Hb.svæði	77,0%	Reykjanes-bær	9,0%
Hársnyrting	3,0	**20,2%**	Hb.svæði	59,2%	Vogar	20,2%
Heilsug./ heim.læknir	2,9	**0,0%**	Reykjanes-bær	54,8%	Hb.svæði	44,9%
Dropp	2,0	**5,1%**	Reykjanes-bær	51,6%	Hb.svæði	43,3%
Tannlæknir	1,6	**0,0%**	Hb.svæði	77,5%	Reykjanes-bær	19,7%
Sérfræði-ráðgjöf	1,3	-	Hb.svæði	56,8%	Reykjanes-bær	39,6%
Bíla-verkstæði	1,2	-	Hb.svæði	71,3%	Reykjanes-bær	27,2%
Sérfræði-læknir	1,2	**0,0%**	Hb.svæði	96,9%	-	-

10.4.2 Þjónustusókn Keflavík

Mikill meirihluti þjónustusóknar Keflvíkinga (n=196; íbúar=7.018) er innan Reykjanesbæjar. Mest sótta þjónustan er lágvöruverðsverslun og er hún að nær öllu leyti í Reykjanesbæ (tafla 21). Það sama má segja um nær alla aðra algengustu þjónustuþættina, fyrir utan aðra dagvöruverslun sem er að nokkru leyti sótt til höfuðborgarsvæðisins. Höfuðborgarsvæðið er næst mest notaði þjónustustaður Keflvíkinga í öllum algengustu þjónustuþáttum, nema líkamsrækt sem nokkur dæmi eru um að íbúar stundi í Garði.

Tafla 21. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Keflavík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	145,5	**98,7%**	Reykjanes-bær	98,7%	-	-
Líkamsrækt	35,6	**97,3%**	Reykjanes-bær	97,3%	Garður	2,7%
Önnur dagvöruv.	27,8	**78,9%**	Reykjanes-bær	78,9%	Hb.svæði	13,0%
Sund / baðstaðir	25,3	**93,2%**	Reykjanes-bær	93,2%	Hb.svæði	2,9%
Lyfjaverslun / apótek	24,8	**98,0%**	Reykjanes-bær	98,0%	-	-
Bakarí	17,7	**93,4%**	Reykjanes-bær	93,4%	Hb.svæði	4,5%
Vínbúð	16,8	**94,2%**	Reykjanes-bær	94,2%	Hb.svæði	4,0%
Byggingav.-verslun	10,5	**94,3%**	Reykjanes-bær	94,3%	Hb.svæði	4,8%
Öll þjónusta	388,5	**91,5%**				

Af annarri mikilvægri þjónustusókn Keflvíkinga er meirihlutinn innan Reykjanesbæjar nema sérfræðilæknar sem eru að lang mestu leyti á höfuðborgarsvæðinu (tafla 22). Oftast eru föt og skór versluð í Reykjanesbæ en um þriðjungur viðskiptanna er á höfuðborgarsvæðinu. Sérfræðiráðgjöf (sálfræðingur, félagsráðgjafi, fjölskylduráðgjafi, talmeinafræðingur) er aðallega sótt til höfuðborgarsvæðisins þó tæpur þriðjungur sé innan Reykjanesbæjar. Jafnframt er nokkuð um að Keflvíkingar fari í klippingu, til tannlæknis eða á bílaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 22. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Keflavík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	5,0	**53,2%**	Reykjanes-bær	53,2%	Hb.svæði	33,4%
Sjúkraþjálfun	4,8	**92,7%**	Reykjanes-bær	92,7%	Hb.svæði	7,2%
Hársnyrting	4,6	**81,7%**	Reykjanes-bær	81,7%	Hb.svæði	17,1%
Póstbox	4,1	**99,1%**	Reykjanes-bær	99,1%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	3,5	**94,9%**	Reykjanes-bær	94,9%	Hb.svæði	4,9%
Dropp	2,8	**99,5%**	Reykjanes-bær	99,5%	-	-
Sérfræði-læknir	1,4	**4,3%**	Hb.svæði	94,9%	Reykjanes-bær	4,3%
Bíla-verkstæði	1,4	**84,4%**	Reykjanes-bær	84,4%	Hb.svæði	15,6%
Tannlæknir	1,3	**83,2%**	Reykjanes-bær	83,2%	Hb.svæði	16,8%
Sérfræði-ráðgjöf	0,9	**31,5%**	Hb.svæði	68,0%	Reykjanes-bær	31,5%

10.4.3 Þjónustusókn Njarðvík

Mikill meirihluti þjónustusóknar Njarðvíkinga (n=178; íbúar=6.144) er innan Reykjanesbæjar. Mest sótta þjónustan er lágvöruverðsverslun og er hún að nær öllu leyti í Reykjanesbæ (tafla 23). Það sama má segja um nær alla aðra mest nýttu þjónustuþættina, fyrir utan aðra dagvöruverslun sem er að nokkru leyti sótt til höfuðborgarsvæðisins. Höfuðborgarsvæðið er næst mest notaði þjónustustaður Njarðvíkinga í öllum algengustu þjónustuþáttum.

Tafla 23. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Njarðvík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	135,2	**95,6%**	Reykjanes-bær	95,6%	Hb.svæði	1,6%
Líkamsrækt	47,6	**95,3%**	Reykjanes-bær	95,3%	-	-
Önnur dagvöruv.	31,5	**86,1%**	Reykjanes-bær	86,1%	Hb.svæði	8,8%
Lyfjaverslun / apótek	29,5	**94,7%**	Reykjanes-bær	94,7%	Hb.svæði	5,3%
Sund / baðstaðir	28,7	**91,5%**	Reykjanes-bær	91,5%	Hb.svæði	3,5%
Bakarí	19,3	**86,8%**	Reykjanes-bær	86,8%	-	-
Vínbúð	12,5	**90,9%**	Reykjanes-bær	90,9%	Hb.svæði	7,5%
Öll þjónusta	392,8	**88,5%**				

Af annarri mikilvægri þjónustusókn Njarðvíkinga er flest innan Reykjanesbæjar. Undantekning eru sérfræðilæknar, sem eru að lang mestu leyti heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu. Rúmlega helmingur tilvika þar sem íbúarnir sækja sérfræðiráðgjöf (sálfræðing, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðing) er á höfuðborgarsvæðinu, þó stór hluti sé innan Reykjanesbæjar (tafla 24). Einnig er algengt að Njarðvíkingar fari í fataverslun/skóbúð, til tannlæknis og sjúkraþjálfara á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 24. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Njarðvík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	6,8	**70,0%**	Reykjanes-bær	70,0%	Hb.svæði	30,0%
Heilsug./ heim.læknir	4,3	**82,3%**	Reykjanes-bær	82,3%	Hb.svæði	15,0%
Póstbox	4,2	**99,2%**	Reykjanes-bær	99,2%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,9	**45,7%**	Reykjanes-bær	45,7%	Hb.svæði	40,8%
Hársnyrting	3,8	**78,1%**	Reykjanes-bær	78,1%	Hb.svæði	18,5%
Dropp	3,1	**98,7%**	Reykjanes-bær	98,7%	Hb.svæði	1,3%
Sérfræði-ráðgjöf	1,7	**43,3%**	Hb.svæði	51,1%	Reykjanes-bær	43,3%
Tannlæknir	1,7	**60,1%**	Reykjanes-bær	60,1%	Hb.svæði	39,3%
Bíla-verkstæði	1,4	**87,1%**	Reykjanes-bær	87,1%	Hb.svæði	8,8%
Sérfræði-læknir	1,4	**3,6%**	Hb.svæði	96,0%	Reykjanes-bær	3,6%

10.4.4 Þjónustusókn Ásbrú

Mikill meirihluti þjónustusóknar íbúa á Ásbrú (n=36; íbúar=3.526) er innan Reykjanesbæjar. Mest sótta þjónustan er lágvöruverðsverslun og er hún að öllu leyti í Reykjanesbæ (tafla 25). Allir svarendur sem stunda líkamsrækt gera það í Reykjanesbæ og nánast allir fara í apótek, sund, aðra dagvöruverslun og vínbúð innanbæjar. Of fáir svarendur nýta algengustu þjónustuna annars staðar en í Reykjanesbæ til að unnt sé að sýna staðsetningar.

Tafla 25. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Ásbrú.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Staður1	Hlut-deild	Staður2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	132,3	**100,0%**	Reykjanes-bær	100,0%	-	-
Líkamsrækt	52,7	**100,0%**	Reykjanes-bær	100,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	20,0	**96,7%**	Reykjanes-bær	96,7%	-	-
Sund / baðstaðir	19,3	**96,6%**	Reykjanes-bær	96,6%	-	-
Bakarí	17,0	**47,1%**	Reykjanes-bær	47,1%	-	-
Önnur dagvöruv.	14,0	**95,2%**	Reykjanes-bær	95,2%	-	-
Vínbúð	13,0	**97,4%**	Reykjanes-bær	97,4%	-	-
Öll þjónusta	331,8	**89,7%**				

Af annarri mikilvægri þjónustusókn íbúa á Ásbrú er flest innan Reykjanesbæjar nema fataverslun/skóbúð sem er oftast farið í á höfuðborgarsvæðinu (tafla 26). Sérfræðilæknar eru jafnframt að lang mestu leyti heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess fer nokkur hluti íbúanna til tannlæknis, á heilsugæslu eða í klippingu á höfuðborgarsvæðinu. Aðra þjónustu nýta of fáir annars staðar en í Reykjanesbæ til að hægt sé að sýna staðsetningar.

Tafla 26. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Ásbrú.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	3,8	**26,7%**	Hb.svæði	65,9%	Reykjanes-bær	26,7%
Heilsug./ heim.læknir	3,1	**79,6%**	Reykjanes-bær	79,6%	Hb.svæði	20,4%
Póstbox	2,7	**99,0%**	Reykjanes-bær	99,0%	-	-
Hársnyrting	2,4	**79,5%**	Reykjanes-bær	79,5%	Hb.svæði	15,9%
Dropp	2,3	**100,0%**	Reykjanes-bær	100,0%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	1,2	-	-	-	-	-
Bíla-verkstæði	1,2	**92,9%**	Reykjanes-bær	92,9%	-	-
Sjúkraþjálfun	1,0	**67,6%**	Reykjanes-bær	67,6%	-	-
Tannlæknir	1,0	**68,6%**	Reykjanes-bær	68,6%	Hb.svæði	28,6%
Sérfræði-læknir	0,6	-	Hb.svæði	91,3%	-	-

10.4.5 Þjónustusókn Sandgerði

Um þriðjungur þjónustusóknar Sandgerðinga (n=67; íbúar=1.485) er innanbæjar en meirihluti þjónustu er sóttur til Reykjanesbæjar. Mest sótta þjónustan er lágvöruverðsverslun og er hún að mestu leyti í Reykjanesbæ (tafla 27tafla 23tafla 21). Stór hluti annarrar dagvöruverslunar er innan Sandgerðis og einhver hluti í Reykjanesbæ. Stór hluti líkamsræktar og sundferða er einnig innan Sandgerðis en einhverjir stunda líkamsrækt í Reykjanesbæ. Lyfjaverslun svarenda er að öllu leyti sótt til Reykjanesbæjar og meirihluti menningarviðburða er á höfuðborgarsvæðinu þó einhver hluti sé í Garði. Stærstur hluti bakarísviðskipta íbúanna er í Reykjanesbæ en nær allir sem sækja bókasafn gera það í Sandgerði.

Tafla 27. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Sandgerði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	114,3	**0,0%**	Reykjanes-bær	90,0%	Hb.svæði	3,6%
Önnur dagvöruv.	65,0	**80,4%**	Sandgerði	80,4%	Reykjanes-bær	13,5%
Líkamsrækt	42,4	**72,2%**	Sandgerði	72,2%	Reykjanes-bær	16,5%
Sund / baðstaðir	40,1	**75,9%**	Sandgerði	75,9%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	28,5	**0,0%**	Reykjanes-bær	100,0%	-	-
Menning / afþreying	14,1	-	Hb.svæði	58,2%	Garður	30,4%
Bakarí	13,3	**0,0%**	Reykjanes-bær	87,8%	Hb.svæði	9,5%
Bókasafn	12,5	**95,7%**	Sandgerði	95,7%	-	-
Öll þjónusta	420,8	**32,3%**				

Sandgerðingar versla föt og skó oftast á höfuðborgarsvæðinu en stundum í Reykjanesbæ (tafla 28). Tímar íbúanna í sjúkraþjálfun skiptast jafnt milli Reykjanesbæjar og höfuðborgarsvæðisins en hársnyrting skiptist milli Sandgerðis og Reykjanesbæjar. Oftast er sótt í póstbox innanbæjar en Droppsendingar eru sóttar í Reykjanesbæ. Stærstur hluti heilsugæslu- og tannlæknaþjónustu er í Reykjanesbæ en um fjórðungur á höfuðborgarsvæðinu. Sérfræðilæknar eru heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu en stundum í Reykjanesbæ. Sérfræðiráðgjöf (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) og bifreiðaþjónusta eru oftast sótt í Reykjanesbæ en stundum á höfuðborgarsvæðið.

Tafla 28. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Sandgerði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	6,9	**0,0%**	Hb.svæði	79,7%	Reykjanes-bær	13,7%
Sjúkraþjálfun	5,3	**0,0%**	Reykjanes-bær	58,4%	Hb.svæði	41,6%
Póstbox	4,8	**80,9%**	Sandgerði	80,9%	Reykjanes-bær	14,5%
Hársnyrting	4,0	**46,8%**	Sandgerði	46,8%	Reykjanes-bær	42,4%
Dropp	4,0	**7,5%**	Reykjanes-bær	90,6%	Sandgerði	7,5%
Heilsug./ heim.læknir	3,7	**0,0%**	Reykjanes-bær	72,5%	Hb.svæði	25,5%
Sérfræði-læknir	1,8	**0,0%**	Hb.svæði	92,6%	Reykjanes-bær	7,4%
Sérfræði-ráðgjöf	1,8	-	Reykjanes-bær	62,8%	Hb.svæði	34,7%
Bíla-verkstæði	1,6	-	Reykjanes-bær	78,0%	Hb.svæði	18,3%
Tannlæknir	1,3	**0,0%**	Reykjanes-bær	73,6%	Hb.svæði	25,3%

10.4.6 Þjónustusókn Garður

Tæplega þriðjungur þjónustusóknar íbúa í Garði (n=83; íbúar=1.392) er innanbæjar en meirihluti þjónustusóknar er til Reykjanesbæjar. Mest sótta þjónustan er lágvöruverðsverslun og er hún að nær öllu leyti í Reykjanesbæ (tafla 29). Stór hluti annarrar dagvöruverslunar er í Garði og einhver hluti í Reykjanesbæ. Það sama má segja um líkamsræktar- og sundiðkun íbúanna. Lyfjaverslun svarenda er öllu leyti í Reykjanesbæ og öll bakarísviðskipti einnig. Þá er lang algengast að íbúarnir fari í Vínbúð í Reykjanesbæ.

Tafla 29. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Garði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	96,9	**5,7%**	Reykjanes-bær	93,4%	Garður	5,7%
Önnur dagvöruv.	55,7	**75,6%**	Garður	75,6%	Reykjanes-bær	18,7%
Líkamsrækt	33,3	**74,3%**	Garður	74,3%	Reykjanes-bær	15,2%
Sund / baðstaðir	26,6	**82,6%**	Garður	82,6%	Reykjanes-bær	16,3%
Lyfjaverslun / apótek	26,5	-	Reykjanes-bær	96,7%	-	-
Bakarí	13,2	**0,0%**	Reykjanes-bær	100,0%	-	-
Vínbúð	12,7	**0,0%**	Reykjanes-bær	90,9%	-	-
Öll þjónusta	341,0	**30,7%**				

Af annarri mikilvægri þjónustusókn Garðbúa er algengast að hún sé sótt til Reykjanesbæjar. Undantekningar eru póstbox sem svarendur nota mest í Garði og sérfræðilæknar sem eru lang oftast heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu (tafla 30). Nokkrir aðrir þjónustuþættir eru talsvert sóttir á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. fataverslun/skóbúð, sérfræðiráðgjöf (sálfræðingur, félagsráðgjafi, fjölskylduráðgjafi, talmeinafræðingur), hársnyrting, sjúkraþjálfun og bílaverkstæði.

Tafla 30. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Garði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	5,8	**0,0%**	Reykjanes-bær	78,0%	Hb.svæði	19,5%
Fataverslun/ skóbúð	4,3	**0,0%**	Reykjanes-bær	56,1%	Hb.svæði	32,1%
Heilsug./ heim.læknir	3,8	-	Reykjanes-bær	92,3%	Hb.svæði	7,0%
Hársnyrting	3,5	-	Reykjanes-bær	74,6%	Hb.svæði	20,3%
Póstbox	2,8	**55,2%**	Garður	55,2%	Reykjanes-bær	31,7%
Dropp	2,6	**8,9%**	Reykjanes-bær	87,9%	Garður	8,9%
Sérfræði-læknir	1,4	**0,0%**	Hb.svæði	95,7%	Reykjanes-bær	4,3%
Tannlæknir	1,2	**0,0%**	Reykjanes-bær	86,0%	Hb.svæði	13,0%
Bíla-verkstæði	1,0	**3,7%**	Reykjanes-bær	76,8%	Hb.svæði	18,3%
Sérfræði-ráðgjöf	0,9	**0,0%**	Reykjanes-bær	66,2%	Hb.svæði	29,9%

10.5 Þjónustusókn Vesturland

Á Vesturlandi einkennist þjónustusókn af nokkrum tiltölulega sterkum þjónustukjörnum sem þjóna nærliggjandi svæðum. Að teknu tilliti til íbúafjölda hvers búsetusvæðis sækja Vestlendingar um 85% allrar þjónustu innan síns þjónustusvæðis. Þetta er næst hæsta hlutfall landshluta, aðeins á Norðurlandi eystra er það hærra. Um 91% allra þjónustusóknartilvika eru innan landshlutans, flest á Akranesi og í Borgarnesi, enda eru þar fjölmenn þjónustusvæði. Stykkishólmur er einnig mikilvægur þjónustustaður í landshlutanum. Um 8% þjónustusóknar Vestlendinga er til höfuðborgarsvæðisins.

Hlutfall þjónustusóknar innan þjónustusvæðis er oftast lægra hjá íbúum í dreifbýli en í þéttbýli, þó undantekningar séu þar á. Hlutfallið er hátt hjá íbúum Hvalfjarðarsveitar sem er á þjónustusvæði Akraness og hjá íbúum í dreifbýli Borgarfjarðar sem er á þjónustusvæði Borgarness.

Á Akranesi og í Borgarnesi eru yfir 90% þjónustu sótt innanbæjar en restin aðallega til höfuðborgarsvæðisins (tafla 31). Frá Hvalfjarðarsveit eru 76% þjónustusóknartilvika innan þjónustusvæðis Akraness en 14% til höfuðborgarsvæðisins og 6% til Borgarness og úr dreifbýli Borgarfjarðar er 82% þjónustu sótt innan þjónustusvæðis Borgarness en 13% á höfuðborgarsvæðið.

Þjónustusókn Dalamanna er dreifðari. Um 62% þjónustusóknar íbúa Búðardals og 51% þjónustusóknar íbúa dreifbýlisins eru innan þjónustusvæðis Búðardals. Íbúar dreifbýlisins í Dalabyggð sækja 31% þjónustunnar til Borgarness en íbúar í Búðardal 15%. Um 10% þjónustusóknar íbúa Dalabyggðar er til höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 31. Þjónustusókn Vesturlands án Snæfellsness eftir þjónustusvæðum.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Akranes (328)	**Akranes**	**92,0%**
	Höfuðborgarsvæði	6,4%
	Rafrænt	0,4%
	Annað	1,2%
Hvalfjarðarsveit (57)	**Akranes**	**76,5%**
	Höfuðborgarsvæði	14,4%
	Borgarnes	5,8%
	Rafrænt	1,0%
	Annað	2,3%
Borgarnes (201)	**Borgarnes**	**91,1%**
	Höfuðborgarsvæði	6,6%
	Akranes	1,0%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	1,1%
Borgarfjörður drb (139)	**Borgarnes**	**82,2%**
	Höfuðborgarsvæði	13,3%
	Akranes	2,3%
	Rafrænt	0,4%
	Annað	1,8%
Búðardalur (28)	**Búðardalur**	**62,3%**
	Borgarnes	15,2%
	Höfuðborgarsvæði	10,2%
	Akureyri	5,3%
	Akranes	1,4%
	Rafrænt	0,9%
	Annað	4,7%
Dalabyggð drb (45)	**Búðardalur**	**50,9%**
	Borgarnes	31,3%
	Höfuðborgarsvæði	10,4%
	Stykkishólmur	1,7%
	Akranes	1,6%
	Rafrænt	1,2%
	Annað	2,8%

Íbúar í Stykkishólmi sækja 90% af allri þjónustu innanbæjar (tafla 32) og er það þriðja hæsta hlutfall í landshlutanum, á eftir Akranesi og Borgarnesi. Frá Eyja- og Miklaholtshreppi dreifist þjónustusóknin jafnt milli Stykkishólms og Borgarness en hreppurinn skilgreinist á þjónustusvæði Stykkishólms vegna þess að flestir bæir hreppsins eru nær honum.

Um 76% þjónustusóknar Grundfirðinga er innanbæjar en hluta þjónustunnar sækja þeir til Stykkishólms, höfuðborgarsvæðisins og Borgarness. Ólafsvíkingar sækja 73% allrar þjónustu innanbæjar en nokkur hluti er sóttur á höfuðborgarsvæðið og einhver hluti til Hellissands/Rifs, Stykkishólms eða Borgarness.

Þjónustusókn þeirra sem búa í dreifbýli Snæfellsbæjar dreifist á nokkuð marga staði. Um þriðjungur þjónustusóknar þeirra er innan þjónustusvæðis Ólafsvíkur, 20% eru til Borgarness, 17% til Stykkishólms og 12% til höfuðborgarsvæðisins. Á Hellissandi og Rifi eru um 30% af þjónustusókn innanbæjar en hærra hlutfall þjónustu er sótt til Ólafsvíkur eða 45%. Þar að auki sækja íbúar á Hellissandi og Rifi hluta þjónustunnar til höfuðborgarsvæðisins, Grundarfjarðar, Borgarness og Stykkishólms.

Mynd 43 sýnir helstu mynstur þjónustusóknar frá búsetusvæðum Vesturlands á korti.

Tafla 32. Þjónustusókn Snæfellsness eftir þjónustusvæðum.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Stykkishólmur (55)	**Stykkishólmur**	**89,5%**
	Höfuðborgarsvæði	7,4%
	Rafrænt	0,6%
	Annað	2,5%
Eyja- og Miklaholtshr. (7)	**Stykkishólmur**	**45,2%**
	Borgarnes	45,5%
	Höfuðborgarsvæði	3,2%
	Rafrænt	0,0%
	Annað	6,1%
Grundarfjörður (60)	**Grundarfjörður**	**76,0%**
	Stykkishólmur	11,1%
	Höfuðborgarsvæði	7,4%
	Borgarnes	3,2%
	Rafrænt	0,3%
	Annað	2,0%
Ólafsvík (84)	**Ólafsvík**	**73,1%**
	Höfuðborgarsvæði	12,0%
	Hellissandur/Rif	6,7%
	Stykkishólmur	3,4%
	Borgarnes	2,5%
	Rafrænt	0,3%
	Annað	2,0%
Snæfellsbær drb (20)	**Ólafsvík**	**37,0%**
	Borgarnes	21,1%
	Stykkishólmur	17,5%
	Höfuðborgarsvæði	12,9%
	Hellissandur/Rif	4,2%
	Akranes	3,4%
	Grundarfjörður	2,1%
	Rafrænt	0,6%
	Annað	1,2%
Hellissandur/Rif (35)	**Hellissandur/Rif**	**29,7%**
	Ólafsvík	44,5%
	Höfuðborgarsvæði	10,4%
	Grundarfjörður	6,7%
	Borgarnes	4,6%
	Stykkishólmur	2,6%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	1,2%



- Því stærri sem gráir hringir (búsetustaðir) eru, því hærri er tíðni þjónustusóknar íbúanna.
- Línur tákna þjónustusókn frá búsetustað til þjónustustaðar. Hver þjónustustaður hefur samsvarandi lit.
- Því breiðari sem línur eru, því hærra er þjónustusóknarhlutfall frá búsetustað til viðkomandi þjónustustaðar.

Mynd 43. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Vesturlandi.

10.5.1 Þjónustusókn Akranes

Íbúar á Akranesi (n=328; íbúar=5.759) megnið af þjónustu innanbæjar. Lágvöruverðsverslun er lang mest sótta þjónustan og er hún að nær öllu leyti innanbæjar (tafla 33). Eina algenga þjónustan sem Skagamenn nota að einhverju marki annars staðar er önnur dagvöruverslun en 11% af þeirri þjónustusókn er til höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 33. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Akranesi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	153,7	**98,7%**	Akranes	98,7%	Hb.svæði	1,0%
Líkamsrækt	34,0	**93,2%**	Akranes	93,2%	Hb.svæði	6,8%
Bakarí	31,7	**96,4%**	Akranes	96,4%	Hb.svæði	1,6%
Lyfjaverslun / apótek	28,6	**96,4%**	Akranes	96,4%	Hb.svæði	2,9%
Önnur dagvöruv.	26,0	**87,5%**	Akranes	87,5%	Hb.svæði	11,4%
Sund / baðstaðir	24,8	**94,8%**	Akranes	94,8%	Hb.svæði	2,5%
Vínbúð	12,7	**92,5%**	Akranes	92,5%	Hb.svæði	6,3%
Öll þjónusta	398,1	**92,0%**				

Mikill meirihluti notkunar Skagamanna á sjúkraþjálfun, hársnyrtingu, heilsugæsluþjónustu, Dropp og póstboxi er innanbæjar (tafla 34) en fataverslun/skóbúð, tannlæknaþjónusta og bifreiðaþjónusta dreifast meira milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins. Stærstur hluti heimsókna íbúa á Akranesi til sérfræðilækna eru á höfuðborgarsvæðinu þó talsverður hluti sé á Akranesi og það sama má segja um sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga).

Tafla 34. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Akranesi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	5,3	**58,7%**	Akranes	58,7%	Hb.svæði	30,1%
Sjúkraþjálfun	3,8	**82,8%**	Akranes	82,8%	Hb.svæði	16,7%
Hársnyrting	3,6	**89,6%**	Akranes	89,6%	Hb.svæði	10,3%
Heilsug./ heim.læknir	3,6	**91,3%**	Akranes	91,3%	Hb.svæði	8,7%
Dropp	3,6	**99,8%**	Akranes	99,8%	-	-
Póstbox	3,4	**100,0%**	Akranes	100,0%	-	-
Tannlæknir	1,4	**70,3%**	Akranes	70,3%	Hb.svæði	28,8%
Bíla-verkstæði	1,3	**69,4%**	Akranes	69,4%	Hb.svæði	29,9%
Sérfræði-læknir	1,2	**38,3%**	Hb.svæði	61,8%	Akranes	38,3%
Sérfræði-ráðgjöf	1,2	**26,4%**	Hb.svæði	69,5%	Akranes	26,4%

10.5.2 Þjónustusókn Hvalfjarðarsveit

Hvalfjarðarsveit er á þjónustusvæði Akraness enda sækja íbúarnir (n=57; íbúar=566) stærstan hluta þjónustu þangað en nokkur hluti er einnig sóttur til höfuðborgarsvæðisins. Lágvöruverðsverslun er mest sótta þjónustan og flest tilvikin eru á Akranesi þó nokkuð sé um að íbúar versli í Borgarnesi (tafla 35). Flest önnur algeng þjónusta er aðallega sótt til Akraness nema önnur dagvöruverslun sem skiptist milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins og menningarviðburðir sem algengast er að séu sóttir á höfuðborgarsvæðið.

Tafla 35. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hvalfjarðarsveit.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	112,0	**90,8%**	Akranes	90,8%	Borgarnes	6,0%
Líkamsrækt	31,4	**74,5%**	Akranes	74,5%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	25,7	**87,7%**	Akranes	87,7%	Hb.svæði	9,0%
Bakarí	19,8	**85,1%**	Akranes	85,1%	Borgarnes	9,6%
Önnur dagvöruv.	17,3	**50,0%**	Akranes	50,0%	Hb.svæði	36,6%
Sund / baðstaðir	17,3	**85,4%**	Akranes	85,4%	Borgarnes	6,1%
Menning / afþreying	13,1	**25,8%**	Hb.svæði	74,2%	Akranes	25,8%
Vínbúð	12,4	**91,5%**	Akranes	91,5%	-	-
Öll þjónusta	328,2	**76,3%**				

Af annarri mikilvægri þjónustusókn Hvalfirðinga er flest sótt til Akraness (tafla 36). Nokkrir þjónustuþættir dreifast jafnar á milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins, eins og hársnyrting, sjúkraþjálfun, tannlæknir, sérfræðiráðgjöf (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeina-fræðingar) og bílaverkstæði. Föt og skóbúnaður eru hins vegar oftar versluð á höfuðborgarsvæðinu en á Akranesi og flest viðtöl við sérfræðilækna eru á höfuðborgarsvæðinu þó einhver hluti sé á Akranesi.

Tafla 36. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hvalfjarðarsveit.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	5,7	**29,8%**	Hb.svæði	57,5%	Akranes	29,8%
Hársnyrting	4,0	**68,3%**	Akranes	68,3%	Hb.svæði	26,1%
Dropp	3,8	**90,3%**	Akranes	90,3%	-	-
Póstbox	3,2	**99,4%**	Akranes	99,4%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	2,8	**92,5%**	Akranes	92,5%	-	-
Sjúkraþjálfun	2,0	**48,3%**	Akranes	48,3%	Hb.svæði	25,9%
Tannlæknir	1,9	**60,6%**	Akranes	60,6%	Hb.svæði	39,4%
Sérfræði-ráðgjöf	1,4	**72,2%**	Akranes	72,2%	Hb.svæði	27,8%
Bíla-verkstæði	1,4	**66,2%**	Akranes	66,2%	Hb.svæði	29,9%
Sérfræði-læknir	1,2	**18,2%**	Hb.svæði	81,8%	Akranes	18,2%

10.5.3 Þjónustusókn Borgarnes

Borgnesingar (n=201; íbúar=1.601) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Lágvöruverðsverslun er eins og víðar mest sótta þjónustan og er lang oftast verslað heima fyrir (tafla 37). Sjaldgæft er að Borgnesingar sæki algenga þjónustu út fyrir svæðið en þó kemur fyrir að þjónusta eins og önnur dagvöruverslun sé nýtt á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 37. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Borgarnesi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	168,6	**97,1%**	Borgarnes	97,1%	Hb.svæði	2,1%
Líkamsrækt	46,4	**94,5%**	Borgarnes	94,5%	-	-
Sund / baðstaðir	41,4	**94,5%**	Borgarnes	94,5%	Hb.svæði	2,2%
Lyfjaverslun / apótek	30,4	**95,7%**	Borgarnes	95,7%	Hb.svæði	3,9%
Bakarí	21,3	**97,2%**	Borgarnes	97,2%	Hb.svæði	1,7%
Vínbúð	18,3	**90,2%**	Borgarnes	90,2%	Hb.svæði	9,8%
Önnur dagvöruv.	17,3	**80,0%**	Borgarnes	80,0%	Hb.svæði	11,4%
Öll þjónusta	429,0	**91,1%**				

Sjúkraþjálfun, heilsugæsluþjónusta, póstbox, hársnyrting og Dropp eru þjónustuþættir sem íbúar í Borgarnesi nota að lang stærstum hluta innanbæjar (tafla 38). Bílaverkstæði og tannlæknaþjónusta dreifast hins vegar jafnar á milli Borgarness og höfuðborgarsvæðisins. Borgnesingar versla oftast föt og skó á höfuðborgarsvæðinu en þó er yfir þriðjungur þeirrar verslunar í Borgarnesi. Meirihluti sérfræðiráðgjafar (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) er sótt til höfuðborgarsvæðisins þó rúmlega fjórðungur tilvikanna sé í Borgarnesi. Flest viðtöl við sérfræðilækna eru á höfuðborgarsvæðinu en tæplega fjórðungur á Akranesi.

Tafla 38. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Borgarnesi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	4,7	**35,9%**	Hb.svæði	48,3%	Borgarnes	35,9%
Sjúkraþjálfun	4,1	**96,4%**	Borgarnes	96,4%	Hb.svæði	2,7%
Heilsug./ heim.læknir	3,7	**91,1%**	Borgarnes	91,1%	Hb.svæði	6,1%
Póstbox	3,6	**99,7%**	Borgarnes	99,7%	-	-
Hársnyrting	3,4	**86,7%**	Borgarnes	86,7%	Hb.svæði	7,1%
Dropp	2,4	**99,8%**	Borgarnes	99,8%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	1,4	**26,0%**	Hb.svæði	68,4%	Borgarnes	26,0%
Bíla-verkstæði	1,4	**65,6%**	Borgarnes	65,6%	Hb.svæði	21,1%
Sérfræði-læknir	1,4	-	Hb.svæði	72,6%	Akranes	24,2%
Tannlæknir	1,0	**50,0%**	Borgarnes	50,0%	Hb.svæði	34,5%

10.5.4 Þjónustusókn Borgarfjörður dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Borgarfjarðar (n=139; íbúar=1.511) sækja stærstan hluta þjónustu í Borgarnes. Um 6% þjónustusóknartilvikanna eru innan dreifbýlisins sjálfs sem er hluti af þjónustusvæði Borgarness. Lágvöruverðsverslun og lyfjaverslun/apótek eru algengustu þjónustuþættirnir og er lang oftast verslað í Borgarnesi (tafla 39). Líkamsrækt er aðallega stunduð á þjónustusvæði Borgarness en skiptist jafnt milli Borgarness annars vegar og annarra staða í Borgarfirði hins vegar, þ.e.a.s. Kleppjárnsreykja, Hvanneyrar og Reykholts. Sundiðkun innan þjónustusvæðisins dreifist líka milli Borgarness og annarra staða, 64% allra sundferða eru í Borgarnesi en 20% eru annars staðar í Borgarfirði, helst í Hreppslaug í Skorradalshreppi og á Kleppjárnsreykjum. Önnur þjónusta sem sótt er í dreifbýlinu sjálfu er m.a. hluti dagvöruverslunar og Droppsendingar sem eru sóttar í Baulu.

Tafla 39. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Borgarfjarðar.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	100,8	**94,3%**	Borgarnes	94,3%	Hb.svæði	5,1%
Lyfjaverslun / apótek	26,9	**93,9%**	Borgarnes	93,9%	Hb.svæði	5,1%
Líkamsrækt	26,0	**85,0%**	Borgarnes	85,0%	Hb.svæði	15,0%
Önnur dagvöruv.	20,7	**67,5%**	Borgarnes	67,5%	Hb.svæði	18,8%
Bakarí	19,3	**87,0%**	Borgarnes	87,0%	Hb.svæði	7,2%
Vínbúð	15,6	**86,2%**	Borgarnes	86,2%	Hb.svæði	8,8%
Sund / baðstaðir	15,3	**84,2%**	Borgarnes	84,2%	Hb.svæði	14,1%
Öll þjónusta	299,5	**82,2%**				

Heilsugæsla, sjúkraþjálfun og hársnyrting eru oftast sótt til Borgarness en nokkur hluti til höfuðborgarsvæðisins (tafla 40). Föt og skór eru oftast keypt á höfuðborgarsvæðinu en annars í Borgarnesi. Sendingar með Dropp eða í póstboxum eru sóttar í Borgarnesi. Sérfræðilæknaheimsóknir eru flestar á höfuðborgarsvæðinu en sumar á Akranesi. Algengast er að nota bílaverkstæði innan svæðisins, í Borgarnesi eða í Bæjarsveit, en annars á höfuðborgarsvæðinu. Stærstur hluti sérfræðiráðgjafar (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) er á höfuðborgarsvæðinu en hluti er rafrænt. Helmingur tannlæknaheimsókna er á höfuðborgarsvæðinu, fjórðungur á Akranesi og fimmtungur í Borgarnesi.

Tafla 40. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Borgarfjarðar.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	3,7	**11,4%**	Hb.svæði	57,8%	Borgarnes	11,4%
Heilsug./ heim.læknir	3,6	**71,7%**	Borgarnes	71,7%	Hb.svæði	19,2%
Sjúkraþjálfun	3,4	**84,9%**	Borgarnes	84,9%	Hb.svæði	13,4%
Hársnyrting	3,0	**79,5%**	Borgarnes	79,5%	Hb.svæði	19,8%
Dropp	2,7	**99,2%**	Borgarnes	99,2%	-	-
Póstbox	2,3	**99,1%**	Borgarnes	99,1%	-	-
Sérfræði-læknir	1,8	-	Hb.svæði	84,9%	Akranes	13,5%
Bíla-verkstæði	1,4	**50,0%**	Borgarnes	50,0%	Hb.svæði	30,2%
Sérfræði-ráðgjöf	1,2	-	Hb.svæði	73,8%	Rafrænt	15,9%
Tannlæknir	1,1	**22,1%**	Hb.svæði	48,7%	Akranes	26,6%

10.5.5 Þjónustusókn Stykkishólmur

Íbúar í Stykkishólmi (n=55; íbúar=926) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Lágvöruverðsverslun er eins og víðar mest sótta þjónustan og er lang oftast verslað heima fyrir (tafla 41). Sjaldgæft er að Hólmarar sæki algenga þjónustu út fyrir svæðið en þó er nokkuð um að þjónusta eins og önnur dagvöruverslun eða hleðslustöðvar sé nýtt á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 41. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Stykkishólmi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	201,6	**98,9%**	Stykkis-hólmur	98,9%	-	-
Bakarí	62,2	**90,5%**	Stykkis-hólmur	90,5%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	41,7	**96,3%**	Stykkis-hólmur	96,3%	-	-
Sund / baðstaðir	36,2	**94,6%**	Stykkis-hólmur	94,6%	-	-
Líkamsrækt	33,6	**100,0%**	Stykkis-hólmur	100,0%	-	-
Önnur dagvöruv.	18,8	**48,8%**	Stykkis-hólmur	48,8%	Hb.svæði	37,2%
Vínbúð	14,6	**86,6%**	Stykkis-hólmur	86,6%	-	-
Hleðslustöð	12,7	**60,3%**	Stykkis-hólmur	60,3%	Hb.svæði	31,0%
Byggingavöru-verslun	12,5	**91,6%**	Stykkis-hólmur	91,6%	Hb.svæði	6,7%
Öll þjónusta	534,3	**89,5%**				

Póstbox, sjúkraþjálfun, heilsugæsluþjónusta, hársnyrting, bifreiðaverkstæði og Dropp eru í lang flestum tilfellum sótt innanbæjar en fyrir kemur að hárgreiðslustofur og bifreiðaverkstæði séu heimsótt á höfuðborgarsvæðinu (tafla 42). Föt og skór eru oftast keypt innanbæjar en oft á höfuðborgarsvæðinu. Stykkisólmsbúar hitta ekki sérfræðilækna eða tannlækna innanbæjar en algengast er að þeir séu heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu. Sum viðtöl við sérfræðilækna eru þó á Akranesi og um fjórðungur tannlæknatíma er í Ólafsvík. Um helmingur viðtala við sérfræðiráðgjafa (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) eru rafræn.

Tafla 42. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Stykkishólmi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	7,5	**49,4%**	Stykkis-hólmur	49,4%	Hb.svæði	36,6%
Póstbox	6,7	**100,0%**	Stykkis-hólmur	100,0%	-	-
Sjúkraþjálfun	6,0	**81,9%**	Stykkis-hólmur	81,9%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	4,7	**92,2%**	Stykkis-hólmur	92,2%	-	-
Hársnyrting	4,6	**81,8%**	Stykkis-hólmur	81,8%	Hb.svæði	11,5%
Bíla-verkstæði	3,4	**93,0%**	Stykkis-hólmur	93,0%	Hb.svæði	6,5%
Dropp	2,8	**100,0%**	Stykkis-hólmur	100,0%	-	-
Sérfræði-læknir	1,5	**0,0%**	Hb.svæði	87,8%	Akranes	12,2%
Tannlæknir	1,3	**0,0%**	Hb.svæði	52,1%	Ólafsvík	26,8%
Sérfræði-ráðgjöf	0,8	-	Rafrænt	50,0%	-	-

10.5.6 Þjónustusókn Eyja- og Miklaholtshreppur

Eyja- og Miklaholtshreppur er á þjónustusvæði Stykkishólms en þjónustusókn íbúanna (n=7; íbúar=93) dreifist þó í meginatriðum milli Stykkishólms og Borgarness. Svarendur á svæðinu eru þó of fáir til að hægt sé að sýna dreifingu þjónustusóknar á öllum algengum þjónustuþáttum. Sú þjónusta sem íbúarnir nota oftast er lágvöruverðsverslun og er algengast að verslað sé í Borgarnesi (tafla 43). Apótek er helst notað í Stykkishólmi en annars í Borgarnesi. Bakarí er einkum sótt í Borgarnesi. Sundferðir og önnur dagvöruverslun eru einnig í hópi mest notuðu þjónustuþátta.

Tafla 43. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	53,1	-	Borgarnes	54,8%	-	-
Sund / baðstaðir	18,9	-	-	-	-	-
Lyfjaverslun / apótek	17,1		Stykkis-hólmur	70,0%	Borgarnes	30,0%
Bakarí	17,1	-	Borgarnes	70,0%	-	-
Önnur dagvöruv.	10,3	-	-	-	-	-
Öll þjónusta	180,4	**45,2%**				

Svarendur í Eyja- og Miklaholtshreppi eru of fáir til að hægt sé að greina dreifingu þjónustusóknar fyrir marga mikilvæga þjónustuþætti (tafla 44). Þó er algengast að íbúarnir noti bílaverkstæði, Dropp og heilsugæsluþjónustu í Stykkishólmi, versli föt og skó á höfuðborgarsvæðinu og fari í hársnyrtingu í Borgarnesi.

Tafla 44. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Eyja- og Miklaholts-hreppi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	6,9	-	-	-	-	-
Bíla-verkstæði	4,1	**72,4%**	Stykkis-hólmur	72,4%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	2,1	-	Hb.svæði	46,7%	-	-
Dropp	2,0	**64,3%**	Stykkis-hólmur	64,3%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	1,7	**66,7%**	Stykkis-hólmur	66,7%	-	-
Póstbox	1,3	-	-	-	-	-
Tannlæknir	1,0	**0,0%**	-	-	-	-
Hársnyrting	0,9	**0,0%**	Borgarnes	100,0%	-	-
Sérfræði-læknir	0,9	**0,0%**	-	-	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,0	-	-	-	-	-

10.5.7 Þjónustusókn Grundarfjörður

Grundfirðingar (n=60; íbúar=603) sækja stóran hluta þjónustu innanbæjar en nokkurn hluta til Stykkishólms og höfuðborgarsvæðisins. Önnur dagvöruverslun og líkamsrækt eru algengustu gerðir þjónustusóknar og fara að nær öllu leyti fram innanbæjar (tafla 45). Oftast er farið í lágvöruverðsverslun í Stykkishólmi en stundum í Borgarnesi. Stærstur hluti sundferða er innan svæðisins en um fimmtungur í Stykkishólmi. Apótek er lang oftast notað í Grundarfirði og vínbúð einnig.

Tafla 45. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Grundarfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	139,6	**98,7%**	Grundar-fjörður	98,7%	-	-
Líkamsrækt	64,0	**100,0%**	Grundar-fjörður	100,0%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	49,0	-	Stykkis-hólmur	63,7%	Borgarnes	14,7%
Sund / baðstaðir	31,8	**76,7%**	Grundar-fjörður	76,7%	Stykkis-hólmur	20,1%
Lyfjaverslun / apótek	28,2	**95,0%**	Grundar-fjörður	95,0%	-	-
Vínbúð	10,0	**82,0%**	Grundar-fjörður	82,0%	Stykkis-hólmur	10,0%
Öll þjónusta	415,6	**76,0%**				

Íbúarnir nota póstbox og Dropp alltaf í Grundarfirði, sjúkraþjálfun er oftast sótt innanbæjar en annars til Stykkishólms og heilsugæsluþjónusta er nær öll innan Grundarfjarðar (tafla 46). Föt og skór eru oftast keypt á höfuðborgarsvæðinu en algengt er að það sé gert rafrænt. Meirihluti skipta sem farið er í hársnyrtingu eru í Grundarfirði en um fimmtungur á höfuðborgarsvæðinu. Ýmist er farið með bíla í viðgerð á Grundarfirði eða höfuðborgarsvæðinu. Grundfirðingar fara helst til tannlæknis í Ólafsvík en stundum á höfuðborgarsvæðinu, sérfræðilæknar eru hins vegar oftast heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Akranesi. Viðtöl við sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) eru oftast á höfuðborgarsvæðinu en stundum í Stykkishólmi og í einhverjum tilfellum í Grundarfirði.

Tafla 46. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Grundarfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	6,8	**100,0%**	Grundar-fjörður	100,0%	-	-
Sjúkraþjálfun	6,6	**81,9%**	Grundar-fjörður	81,9%	Stykkis-hólmur	17,1%
Heilsug./ heim.læknir	4,6	**93,8%**	Grundar-fjörður	93,8%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	4,4	-	Hb.svæði	68,2%	Rafrænt	15,2%
Dropp	3,9	**100,0%**	Grundar-fjörður	100,0%	-	-
Hársnyrting	3,7	**56,6%**	Grundar-fjörður	56,6%	Hb.svæði	19,9%
Bíla-verkstæði	2,5	**41,4%**	Grundar-fjörður	41,4%	Hb.svæði	29,6%
Tannlæknir	1,8	**0,0%**	Ólafsvík	73,8%	Hb.svæði	25,2%
Sérfræði-læknir	1,6	-	Hb.svæði	83,9%	Akranes	14,0%
Sérfræði-ráðgjöf	1,4	**11,0%**	Hb.svæði	58,5%	Stykkis-hólmur	30,5%

10.5.8 Þjónustusókn Ólafsvík

Íbúar Ólafsvíkur (n=84; íbúar=728) sækja stóran hluta þjónustu innanbæjar. Lang algengasta þjónustan er önnur dagvöruverslun sem er að nær öllu leyti sótt innanbæjar (tafla 47). Líkamsrækt er einkum stunduð á Rifi en einnig í Ólafsvík. Mikill meirihluti sundferða er innan Ólafsvíkur. Lágvöruverðsverslun dreifist nokkuð en algengast er að íbúarnir sæki slíka þjónustu á höfuðborgarsvæðið eða til Stykkishólms. Vínbúð og apótek eru sótt innanbæjar.

Tafla 47. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Ólafsvík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	113,7	**98,2%**	Ólafsvík	98,2%	Hb.svæði	1,5%
Líkamsrækt	31,7	**41,0%**	Helliss./ Rif	57,2%	Ólafsvík	41,0%
Sund / baðstaðir	31,6	**92,3%**	Ólafsvík	92,3%	Hb.svæði	6,8%
Lágvöru-verðsverslun	29,7	**-**	Hb.svæði	33,7%	Stykkis-hólmur	31,7%
Lyfjaverslun / apótek	28,3	**98,5%**	Ólafsvík	98,5%	-	-
Vínbúð	14,7	**95,1%**	Ólafsvík	95,1%	-	-
Öll þjónusta	328,6	**73,1%**				

Ólafsvíkingar fara oftast í fata- og skóbúðir á höfuðborgarsvæðinu en stór hluti þeirrar verslunar er rafrænn eða erlendis. Íbúarnir nota póstbox og Dropp alltaf í Ólafsvík, nær öll heilsugæsluþjónusta er innanbæjar og í flestum tilfellum er farið á bílaverkstæði innan Ólafsvíkur (tafla 48). Um þriðjungur skipta sem íbúar Ólafsvíkur fara í hársnyrtingu eru innanbæjar en einnig er algengt að þjónustan sé sótt til höfuðborgarsvæðisins. Sérfræðilæknar eru nær eingöngu heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu og önnur sérfræðiráðgjöf (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) einnig. Þá fara Ólsarar oftast til tannlæknis innanbæjar en annars á höfuðborgarsvæðinu og flestar heimsóknir til sjúkraþjálfara eru í Stykkishólmi þó tæplega fjórðungur þeirra sé á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 48. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Ólafsvík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	4,8	**0,0%**	Hb.svæði	65,8%	Rafrænt	15,5%
Póstbox	4,5	**99,5%**	Ólafsvík	99,5%	-	-
Hársnyrting	4,1	**32,5%**	Ólafsvík	32,5%	Hb.svæði	29,6%
Dropp	3,7	**100,0%**	Ólafsvík	100,0%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	2,6	**97,7%**	Ólafsvík	97,7%	Hb.svæði	2,3%
Bíla-verkstæði	2,2	**83,2%**	Ólafsvík	83,2%	Hb.svæði	6,5%
Sérfræði-læknir	2,1	**0,0%**	Hb.svæði	98,9%	-	-
Tannlæknir	1,4	**79,3%**	Ólafsvík	79,3%	Hb.svæði	19,8%
Sjúkraþjálfun	1,2	**0,0%**	Stykkis-hólmur	54,1%	Hb.svæði	23,5%
Sérfræði-ráðgjöf	0,7	-	Hb.svæði	86,2%	-	-

10.5.9 Þjónustusókn Snæfellsbær dreifbýli

Dreifbýli Snæfellsbæjar (n=20; íbúar=144) er á þjónustusvæði Ólafsvíkur. Um 7% allrar þjónustu eru sótt innan dreifbýlisins sjálfs en um þriðjungur innan þjónustusvæðisins. Einnig er algengt að þjónusta sé sótt til Borgarness, Stykkishólms eða höfuðborgarsvæðisins. Lágvöruverðsverslun er mest sótt í Borgarnesi en önnur dagvöruverslun aðallega í Ólafsvík (tafla 49). Flestar sundferðir íbúanna eru innan þjónustusvæðis, í Ólafsvík eða á Lýsuhóli. Oftast er farið í apótek í Ólafsvík þó algengt sé að lyfjaverslun sé sótt í Borgarnes.

Tafla 49. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Snæfellsbæjar.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	33,0	**0,0%**	Borgarnes	52,7%	Stykkis-hólmur	34,5%
Sund / baðstaðir	19,8	**69,7%**	Ólafsvík	69,7%	-	-
Önnur dagvöruv.	28,8	**83,3%**	Ólafsvík	83,3%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	14,4	**58,3%**	Ólafsvík	58,3%	Borgarnes	20,8%
Öll þjónusta	189,4	**37,0%**				

Íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar kaupa föt og skó oftast á höfuðborgarsvæðinu en þó er algengt að það sé gert rafrænt (tafla 50). Ríflega þriðjungur skipta sem íbúarnir fara í klippingu eru á Hellissandi en svarendur eru ekki nógu margir til að greina dreifinguna mikið frekar. Stærstur hluti viðskipta við bílaverkstæði er innan þjónustusvæðisins, oftast í Breiðuvík en einnig í Ólafsvík, og nokkur hluti er á Hellissandi. Flestir tannlæknatímar sem íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar sækja eru í Ólafsvík þó einnig sé algengt að fara til tannlæknis á höfuðborgarsvæðinu. Dropp og póstbox eru oftast notuð í Ólafsvík og heilsugæsluþjónusta einnig. Sérfræðilæknar og sérfræðiráðgjöf (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) eru að mestu leyti sótt á höfuðborgarsvæðið.

Tafla 50. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Snæfellsbæjar.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	2,7	**0,0%**	Hb.svæði	40,7%	-	-
Hársnyrting	2,7	**7,5%**	Helliss./ Rif	34,0%	Ólafsvík	7,5%
Bíla-verkstæði	2,2	**84,1%**	Ólafsvík	84,1%	Helliss./ Rif	13,6%
Tannlæknir	2,0	**55,0%**	Ólafsvík	55,0%	Hb.svæði	30,0%
Dropp	1,9	**83,8%**	Ólafsvík	83,8%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	1,8	**86,1%**	Ólafsvík	86,1%	Hb.svæði	8,3%
Sérfræði-ráðgjöf	1,1	**0,0%**	Hb.svæði	86,4%	-	-
Póstbox	0,7	**71,4%**	Ólafsvík	71,4%	-	-
Sérfræði-læknir	0,6	**0,0%**	Hb.svæði	75,0%	-	-
Sjúkraþjálfun	0,2	**0,0%**	-	-	-	-

10.5.10 Þjónustusókn Hellissandur og Rif

Íbúar á Hellissandi og Rifi (n=35; íbúar=372) sækja um 30% þjónustu innan svæðisins en algengara er að þjónusta sé sótt til Ólafsvíkur. Mest sótti þjónustuþátturinn er önnur dagvöruverslun og er mest verslað í Ólafsvík en talsverður hluti er þó innan svæðis á Hellissandi/Rifi (tafla 51). Lágvöruverðsverslun er mest sótt á höfuðborgarsvæðinu eða í Borgarnesi. Líkamsrækt er mest stunduð á Rifi en annars í Ólafsvík. Apótek, sundstaðir og vínbúð eru aðallega notuð í Ólafsvík.

Tafla 51. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hellissandi og Rifi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	114,2	**36,0%**	Ólafsvík	55,9%	Helliss./ Rif	36,0%
Líkamsrækt	59,3	**57,8%**	Helliss./ Rif	57,8%	Ólafsvík	35,3%
Lágvöru-verðsverslun	30,9	**0,0%**	Hb.svæði	40,0%	Borgarnes	33,3%
Lyfjaverslun / apótek	26,4	-	Ólafsvík	74,0%	-	-
Sund / baðstaðir	18,2	**0,0%**	Ólafsvík	83,0%	-	-
Vínbúð	11,3	**0,0%**	Ólafsvík	84,8%	-	-
Öll þjónusta	337,5	**29,7%**				

Íbúar á Hellissandi og Rifi sækja í póstbox innan síns svæðis en Dropp er sótt í Ólafsvík (tafla 52). Oftast er farið í klippingu á Hellissandi en stundum í Ólafsvík eða á höfuðborgarsvæðinu. Íbúarnir versla föt og skó oftast á höfuðborgarsvæðinu. Nær öll heilsugæsluþjónusta er sótt til Ólafsvíkur og sérfræðilæknar eru oftast nær heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Akranesi. Í flestum tilfellum er farið á bílaverkstæði í Ólafsvík en stundum á Rifi. Flestir tannlæknatímar íbúanna eru í Ólafsvík en tæplega fjórðungur þeirra er á höfuðborgarsvæðinu. Oftast nær er farið í sjúkraþjálfun á höfuðborgarsvæðinu og þar eru einnig flest öll viðtöl við sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga).

Tafla 52. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hellissandi og Rifi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	8,7	**99,3%**	Helliss./ Rif	99,3%	-	-
Hársnyrting	4,4	**41,2%**	Helliss./ Rif	41,2%	Ólafsvík	22,2%
Dropp	3,9	**0,0%**	Ólafsvík	100,0%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,8	-	Hb.svæði	66,7%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	2,7	**0,0%**	Ólafsvík	97,9%	-	-
Sérfræði-læknir	2,5	**0,0%**	Hb.svæði	89,7%	Akranes	8,0%
Bíla-verkstæði	1,8	**24,2%**	Ólafsvík	66,1%	Helliss./ Rif	24,2%
Tannlæknir	1,3	**0,0%**	Ólafsvík	76,1%	Hb.svæði	23,9%
Sjúkraþjálfun	0,9	**0,0%**	Hb.svæði	76,7%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,3	-	Hb.svæði	90,0%	-	-

10.5.11 Þjónustusókn Búðardalur

Íbúar í Búðardal (n=28; íbúar=177) sækja meirihluta þjónustu innanbæjar en Borgarnes og höfuðborgarsvæðið eru einnig mikilvægir þjónustustaðir fyrir íbúana. Önnur dagvöruverslun er algengasta þjónustan en þó er einnig algengt að íbúar versli í lágvöruverðsverslun í Borgarnesi (tafla 53). Meirihluti sundferða er innan þjónustusvæðis Búðardals en sundlaugin er að Laugum í Sælingsdal skammt frá þorpinu. Um fimmtungur sundferða íbúanna eru þó í Borgarnesi. Lyfjaverslun, líkamsrækt og vínbúð eru einnig algeng þjónusta fyrir íbúa í Búðardal og er að nær öllu leyti sótt innanbæjar.

Tafla 53. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Búðardal.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	84,4	**87,3%**	Búðar-dalur	87,3%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	41,6	**0,0%**	Borgarnes	60,8%	-	-
Sund / baðstaðir	32,6	**64,5%**	Búðar-dalur	64,5%	Borgarnes	21,1%
Lyfjaverslun / apótek	22,7	**92,5%**	Búðar-dalur	92,5%	-	-
Líkamsrækt	19,7	**100,0%**	Búðar-dalur	100,0%	-	-
Vínbúð	13,7	**93,8%**	Búðar-dalur	93,8%	-	-
Öll þjónusta	292,3	**62,3%**				

Heimsóknir á heilsugæslu eða til heimilislæknis eru að nær öllu leyti innanbæjar í Búðardal en föt og skór eru oftast versluð á höfuðborgarsvæðinu (tafla 54). Hársnyrting dreifist aðallega milli Búðardals og höfuðborgarsvæðisins. Bílaverkstæði, sérfræðiráðgjöf (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) og póstbox eru að mestu sótt innanbæjar. Sendingar frá Dropp eru ýmist sóttar í Borgarnesi eða í Búðardal, flestar tannlækna- og sérfræðilæknaheimsóknir eru á höfuðborgarsvæðinu en algengast er að Búðdælingar fari til Borgarness í sjúkraþjálfun.

Tafla 54. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Búðardal.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	4,0	**98,2%**	Búðar-dalur	98,2%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,8	-	Hb.svæði	45,3%	-	-
Hársnyrting	3,0	**38,8%**	Búðar-dalur	38,8%	Hb.svæði	30,6%
Bíla-verkstæði	2,7	**81,3%**	Búðar-dalur	81,3%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	1,6	**70,5%**	Búðar-dalur	70,5%	-	-
Póstbox	1,5	**87,8%**	Búðar-dalur	87,8%	-	-
Dropp	1,4	**42,1%**	Borgarnes	57,9%	Búðar-dalur	42,1%
Tannlæknir	1,3	**0,0%**	Hb.svæði	63,9%	-	-
Sjúkraþjálfun	1,0	**0,0%**	Borgarnes	88,9%	-	-
Sérfræði-læknir	0,9	**0,0%**	Hb.svæði	84,6%	-	-

10.5.12 Þjónustusókn Dalabyggð dreifbýli

Um helmingur þjónustusóknar íbúa í dreifbýli Dalabyggðar (n=45; íbúar=299) er til Búðardals enda er svæðið innan þess þjónustusvæðis. Einnig er mikil þjónustusókn til Borgarness. Lágvöruverðsverslun er algengasta þjónustan og er oftast verslað í Borgarnesi en einnig er algengt að verslað sé í dagvöruversluninni í Búðardal (tafla 55). Lyfjaverslun, pósthús, líkamsrækt og sundferðir eru þjónustuþættir sem íbúar í dreifbýli Dalabyggðar nýta oft og er sú þjónusta að jafnaði sóttir innan þjónustusvæðis Búðardals.

Tafla 55. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Dalabyggðar.

Þjónustuþáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustusvæði 1	Hlutdeild	Þjónustusvæði 2	Hlutdeild
Lágvöruverðsverslun	50,1	**0,0%**	Borgarnes	87,2%	-	-
Önnur dagvöruv.	26,7	**92,0%**	Búðardalur	92,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	18,9	**76,1%**	Búðardalur	76,1%	Hb.svæði	11,3%
Pósthús	15,9	**98,3%**	Búðardalur	98,3%	-	-
Líkamsrækt	15,5	**86,2%**	Búðardalur	86,2%	-	-
Sund / baðstaðir	13,1	**75,5%**	Búðardalur	75,5%	-	-
Öll þjónusta	227,1	**50,9%**				

Heimsóknir á heilsugæslu eða til heimilislæknis eru að öllu leyti í Búðardal en sjúkraþjálfun er nær eingöngu sótt til Borgarness (tafla 56). Föt og skór eru oftast keypt á höfuðborgarsvæðinu en oft rafrænt. Oftast er farið á bílaverkstæði í Búðardal en stundum yfir á Borðeyri sem er á þjónustusvæði Hvammstanga. Íbúar í dreifbýli Dalabyggðar fara oftast í hársnyrtingu í Búðardal en stundum á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar. Heimsóknir til sérfræðilækna eru oftast á höfuðborgarsvæðinu en tannlæknaheimsóknir eru ýmist á höfuðborgarsvæðinu eða í Búðardal. Algengast er að íbúarnir nýti sér rafræna sérfræðiráðgjöf (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar). Póstbox er nær alltaf notað í Búðardal en Dropp er oftar sótt í Borgarnes heldur en Búðardal.

Tafla 56. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Dalabyggðar.

Þjónustuþáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustusvæði 1	Hlutdeild	Þjónustusvæði 2	Hlutdeild
Heilsug./ heim.læknir	5,9	**100,0%**	Búðardalur	100,0%	-	-
Sjúkraþjálfun	4,1	**0,0%**	Borgarnes	94,1%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,4	**0,0%**	Hb.svæði	48,7%	Borgarnes	17,5%
Bílaverkstæði	2,9	**84,6%**	Búðardalur	84,6%	Hvammstangi	6,9%
Hársnyrting	2,3	**41,7%**	Búðardalur	41,7%	Hb.svæði	19,4%
Sérfræðilæknir	1,6	**0,0%**	Hb.svæði	78,9%	-	-
Tannlæknir	1,5	**24,6%**	Hb.svæði	39,1%	Búðardalur	24,6%
Sérfræðiráðgjöf	1,3	**0,0%**	Rafrænt	35,1%	-	-
Dropp	1,2	**22,6%**	Borgarnes	77,4%	Búðardalur	22,6%
Póstbox	0,9	**95,2%**	Búðardalur	95,2%	-	-

10.6 Þjónustusókn Vestfirðir

Þjónustusókn á Vestfjörðum einkennist af tveimur meginkjörnum, Ísafirði fyrir norðanverðan landshlutann og Patreksfirði fyrir sunnanverða Vestfirði. Lítil þjónustusókn er á milli norður- og suðurhlutans og íbúar sem ekki búa nálægt Ísafirði reiða sig að talsverðu leyti á þjónustustaði utan landshlutans. Þegar tekið er mið af íbúafjölda búsetusvæðanna sækja Vestfirðingar um 70% allrar þjónustu innan síns þjónustusvæðis og er það lægsta hlutfall landshlutanna. Um 92% allra þjónustusóknartilvika eru þó innan landshlutans, flest á Ísafirði enda mætti skilgreina nokkur minni þjónustusvæði sem hluta af þjónustusvæði hans. Um 5% þjónustusóknar Vestfirðinga er til höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 44 sýnir helstu mynstur þjónustusóknar frá búsetusvæðum Vestfjarða á korti.

Á norðanverðum Vestfjörðum er þjónustusókn innan svæðis hæst á Ísafirði og Hnífsdal en Bolungarvík er eini staðurinn fyrir utan Ísafjörð þar sem þjónustusóknarhlutfall innanbæjar er yfir 50% (tafla 57). Súðavík, Suðureyri og Flateyri eru fremur háð Ísafirði hvað varðar þjónustu en á Þingeyri er þó tæplega helmingur þjónustu sóttur innan svæðis.

Tafla 57. Þjónustusókn norðanverðra Vestfjarða.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Ísafjörður (224)	**Ísafjörður**	**89,9%**
	Bolungarvík	4,3%
	Höfuðborgarsvæði	2,9%
	Rafrænt	0,7%
	Annað	2,2%
Hnífsdalur (9)	**Ísafjörður**	**94,2%**
	Bolungarvík	1,6%
	Rafrænt	0,1%
	Annað	4,2%
Bolungarvík (62)	**Bolungarvík**	**55,6%**
	Ísafjörður	41,2%
	Höfuðborgarsvæði	1,7%
	Rafrænt	0,7%
	Annað	0,8%
Súðavík (14)	**Súðavík**	**11,8%**
	Ísafjörður	73,8%
	Bolungarvík	5,1%
	Höfuðborgarsvæði	2,3%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	6,8%
Suðureyri (27)	**Suðureyri**	**17,6%**
	Ísafjörður	74,8%
	Höfuðborgarsvæði	3,3%
	Rafrænt	1,1%
	Annað	3,1%
Flateyri (17)	**Flateyri**	**15,2%**
	Ísafjörður	75,8%
	Höfuðborgarsvæði	2,8%
	Rafrænt	2,1%
	Annað	4,2%
Þingeyri (24)	**Þingeyri**	**49,2%**
	Ísafjörður	46,5%
	Höfuðborgarsvæði	2,9%
	Rafrænt	0,3%
	Annað	1,1%

Íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum sækja talsvert hærra hlutfall þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en íbúar á norðanverðum Vestfjörðum þó aksturstíminn sé ekki mikið styttri. Nokkur hluti þjónustu sem ekki er aðgengileg heima fyrir er þó sóttur til Ísafjarðar. Íbúar á Patreksfirði sækja 84% af allri þjónustu innanbæjar, 9% til höfuðborgarsvæðisins og 2% til Ísafjarðar (tafla 58). Íbúar á Barðaströnd sækja meirihluta þjónustu til Patreksfjarðar en þaðan er einnig algengt að fara til höfuðborgarsvæðisins eða Ísafjarðar til að sækja þjónustu.

Bílddælingar sækja tæplega helming þjónustu innanbæjar, um fjórðung til Patreksfjarðar og nokkurn hluta til höfuðborgarsvæðisins. Tálknfirðingar sækja hins vegar meirihluta þjónustu innanbæjar og lægra hlutfall þjónustusóknar er til Patreksfjarðar en hjá Bílddælingum. Samt sem áður er tíðni ferða þeirra til Patreksfjarðar ekki mikið lægri en hjá íbúum Bíldudals.

Tafla 58. Þjónustusókn Vesturbyggðar.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Bíldudalur (14)	**Bíldudalur**	**49,0%**
	Patreksfjörður	24,7%
	Höfuðborgarsvæði	10,8%
	Ísafjörður	2,1%
	Rafrænt	2,1%
	Annað	11,3%
Tálknafjörður (22)	**Tálknafjörður**	**68,7%**
	Patreksfjörður	13,2%
	Höfuðborgarsvæði	8,6%
	Ísafjörður	1,5%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	7,9%
Patreksfjörður (65)	**Patreksfjörður**	**83,6%**
	Höfuðborgarsvæði	9,4%
	Ísafjörður	2,5%
	Rafrænt	0,7%
	Annað	3,8%
Barðaströnd (10)	**Patreksfjörður**	**53,5%**
	Höfuðborgarsvæði	25,8%
	Ísafjörður	10,1%
	Borgarnes	4,9%
	Rafrænt	0,0%
	Annað	5,7%

Íbúar á Reykhólum sækja aðeins tæplega þriðjung þjónustu innan svæðisins þó langt sé til næsta þjónustustaðar. Þjónustusókn frá Reykhólum og Reykhólasveit dreifist á marga staði, til Borgarness, höfuðborgarsvæðisins, Búðardals, Hólmavíkur og jafnvel Akraness (tafla 59). Þess ber að geta að engin verslun var á Reykhólum þegar könnunin var framkvæmd.

Á þjónustusvæðum á Ströndum er þjónustusóknarhlutfall innan svæða hærra en í Reykhólahreppi. Hólmvíkingar sækja rúmlega þrjá fjórðu hluta þjónustu innanbæjar en algengt er að þeir sæki þjónustu til höfuðborgarsvæðisins eða Borgarness. Þeir sem búa í dreifbýli nálægt Hólmavík sækja tvo þriðju hluta þjónustunnar til Hólmavíkur og, líkt og Hólmvíkingar gera, sækja þeir talsvert til höfuðborgarsvæðisins og Borgarness. Einhver hluti íbúa dreifbýlis nálægt Hólmavík býr nær Drangsnesi, enda eru um 7% þjónustusóknar svæðisins þangað.

Drangsnesingar eru sjálfum sér nógir með tæplega tvo þriðju hluta þjónustusóknar en stór hluti þjónustusóknar er bæði til Hólmavíkur og alla leið til höfuðborgarsvæðisins. Íbúar í Árneshreppi sækja einnig drjúgan hluta þjónustu heima fyrir, eða 41%. Þeirra mikilvægasti þjónustustaður er höfuðborgarsvæðið og þar næst Hólmavík en þeir nýta einnig þjónustu í Borgarnesi í þónokkrum mæli, líkt og aðrir Strandamenn.

Tafla 59. Þjónustusókn Reykhóla og Stranda.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Reykhólar (16)	**Reykhólar**	**32,1%**
	Borgarnes	18,9%
	Höfuðborgarsvæði	16,0%
	Búðardalur	13,4%
	Hólmavík	9,7%
	Rafrænt	2,2%
	Annað	7,8%
Reykhólar drb (12)	**Reykhólar**	**4,3%**
	Borgarnes	33,5%
	Búðardalur	19,3%
	Höfuðborgarsvæði	17,8%
	Hólmavík	16,9%
	Akranes	3,0%
	Rafrænt	0,4%
	Annað	4,8%
Hólmavík (42)	**Hólmavík**	**78,5%**
	Höfuðborgarsvæði	9,3%
	Borgarnes	7,3%
	Ísafjörður	1,1%
	Rafrænt	2,2%
	Annað	1,5%
Hólmavík drb (25)	**Hólmavík**	**68,7%**
	Höfuðborgarsvæði	10,1%
	Borgarnes	7,3%
	Drangsnes	6,7%
	Akureyri	2,9%
	Rafrænt	1,3%
	Annað	3,1%
Drangsnes (17)	**Drangsnes**	**65,3%**
	Hólmavík	14,4%
	Höfuðborgarsvæði	14,3%
	Borgarnes	2,2%
	Rafrænt	2,3%
	Annað	1,5%
Árneshreppur (8)	**Árneshreppur**	**41,0%**
	Höfuðborgarsvæði	47,4%
	Hólmavík	5,3%
	Borgarnes	5,0%
	Rafrænt	0,4%
	Annað	0,9%



- Því stærri sem gráir hringir (búsetustaðir) eru, því hærri er tíðni þjónustusóknar íbúanna.
- Línur tákna þjónustusókn frá búsetustað til þjónustustaðar. Hver þjónustustaður hefur samsvarandi lit.
- Því breiðari sem línur eru, því hærra er þjónustusóknarhlutfall frá búsetustað til viðkomandi þjónustustaðar.

Mynd 44. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Vestfjörðum.

10.6.1 Þjónustusókn Ísafjörður

Ísfirðingar (n=224; íbúar=1.970) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Lágvöruverðsverslun er mest sótta þjónustan og er hún að nær öllu leyti innanbæjar (tafla 60). Algengara er að Ísfirðingar fari í sund í Bolungarvík en á Ísafirði en líkamsrækt er að langmestu leyti iðkuð innanbæjar. Bakarí, lyfjaverslun og önnur dagvöruverslun eru að mestu eða nær öllu leyti sótt innan svæðis, líkt og menningarviðburðir, vínbúð og bókasafn.

Tafla 60. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Ísafirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	147,3	**97,9%**	Ísafjörður	97,9%	-	-
Líkamsrækt	33,8	**92,7%**	Ísafjörður	92,7%	-	-
Sund / baðstaðir	30,3	**35,9%**	Bolungar-vík	54,1%	Ísafjörður	35,9%
Bakarí	29,6	**98,7%**	Ísafjörður	98,7%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	26,1	**96,3%**	Ísafjörður	96,3%	Hb.svæði	2,0%
Önnur dagvöruv.	22,1	**92,7%**	Ísafjörður	92,7%	Hb.svæði	5,6%
Menning / afþreying	20,8	**95,4%**	Ísafjörður	95,4%	Hb.svæði	1,5%
Vínbúð	13,7	**99,2%**	Ísafjörður	99,2%	-	-
Bókasafn	13,3	**100,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Veitingahús	10,5	**72,0%**	Ísafjörður	72,0%	Hb.svæði	16,0%
Öll þjónusta	424,0	**89,9%**				

Stærstan hluta annarrar mikilvægrar þjónustu sækja Ísfirðingar einnig innanbæjar. Föt og skór eru oftast keypt á Ísafirði en oft á höfuðborgarsvæðinu eða rafrænt (tafla 61). Oftast er farið í klippingu innan svæðisins þó stundum sé það gert á höfuðborgarsvæðinu. Íbúarnir láta oftast nær gera við bílana sína á Ísafirði en í sumum tilfellum í Bolungarvík. Rúmlega helmingur tannlæknaheimsókna eru innanbæjar en rúmlega fjórðungur í Bolungarvík. Flestar heimsóknir til sérfræðilæknis eru á höfuðborgarsvæðinu en nokkur hluti innanbæjar. Sérfræðiþjónusta (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) er annaðhvort nýtt innan svæðis eða á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 61. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Ísafirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	6,6	**98,3%**	Ísafjörður	98,3%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	5,2	**49,0%**	Ísafjörður	49,0%	Hb.svæði	28,2%
Póstbox	3,8	**98,0%**	Ísafjörður	98,0%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	3,6	**99,5%**	Ísafjörður	99,5%	-	-
Dropp	3,5	**99,5%**	Ísafjörður	99,5%	-	-
Hársnyrting	3,2	**90,2%**	Ísafjörður	90,2%	Hb.svæði	5,3%
Bíla-verkstæði	1,9	**86,3%**	Ísafjörður	86,3%	Bolungar-vík	6,2%
Tannlæknir	1,4	**54,9%**	Ísafjörður	54,9%	Bolungar-vík	25,7%
Sérfræði-læknir	1,3	**21,4%**	Hb.svæði	78,6%	Ísafjörður	21,4%
Sérfræði-ráðgjöf	0,8	**39,5%**	Ísafjörður	39,5%	Hb.svæði	32,1%

10.6.2 Þjónustusókn Hnífsdalur

Hnífsdælingar (n=9; íbúar=151) sækja stærstan hluta þjónustu til Ísafjarðar enda búa þeir á þjónustusvæði Ísafjarðar. Lágvöruverðsverslun er mest sótta þjónustan og er hún að öllu leyti innan svæðisins (tafla 62). Íbúarnir fara einnig lang oftast í lyfjaverslun, bakarí og vínbúð á Ísafirði. Of fáir svarendur nota sjúkraþjálfun til að hægt sé að sýna staðsetningu þjónustusóknar.

Tafla 62. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hnífsdal.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	181,3	**100,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	25,3	**89,5%**	Ísafjörður	89,5%	-	-
Bakarí	22,7	**88,2%**	Ísafjörður	88,2%	-	-
Sjúkraþjálfun	14,0	-	-	-	-	-
Vínbúð	10,7	**100,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Öll þjónusta	333,7	**94,2%**				

Hnífsdælingar nota póstbox og Dropp eingöngu á Ísafirði og nær öll heilsugæsluþjónusta er einnig þar (tafla 63). Oftast er farið í klippingu innan svæðis og föt og skór eru helst keypt á Ísafirði. Íbúarnir láta oftast gera við bíla sína á Ísafirði en flestir tannlæknatímar Hnífsdælinga eru í Bolungarvík og annars á Ísafirði. Of fáir svarendur nota þjónustu sérfræðilækna og sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) til að hægt sé að sýna staðsetningu þjónustusóknar.

Tafla 63. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hnífsdal.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Dropp	5,3	**100,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Hársnyrting	4,1	**78,4%**	Ísafjörður	78,4%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,2	**82,8%**	Ísafjörður	82,8%	-	-
Tannlæknir	2,4	**36,4%**	Bolungar-vík	50,0%	Ísafjörður	36,4%
Heilsug./ heim.læknir	2,2	**95,0%**	Ísafjörður	95,0%	-	-
Póstbox	2,1	**100,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Bíla-verkstæði	1,9	**58,8%**	Ísafjörður	58,8%	-	-
Sérfræði-læknir	1,8	**-**	-	-	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,0	**-**	-	-	-	-

10.6.3 Þjónustusókn Bolungarvík

Bolvíkingar (n=62; íbúar=729) sækja meirihluta þjónustu innanbæjar en stór hluti þjónustu er sóttur til Ísafjarðar. Lágvöruverðsverslun og önnur dagvöruverslun eru mest sóttu þjónustuþættirnir, íbúarnir versla í lágvöruverðsverslun á Ísafirði en annarri dagvöruverslun í Bolungarvík (tafla 64). Nær allar sundferðir Bolvíkinga eru innanbæjar og oftast er líkamsrækt stunduð í Bolungarvík en stundum á Ísafirði. Íbúarnir fara aðallega í apótek og bakarí á Ísafirði. Sjúkraþjálfun er einnig oftast sótt á Ísafirði, þó hún sé í mörgum tilfellum sótt innanbæjar.

Tafla 64. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Bolungarvík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	81,9	**9,7%**	Ísafjörður	89,6%	Bolungar-vík	9,7%
Önnur dagvöruv.	70,6	**94,5%**	Bolungar-vík	94,5%	-	-
Sund / baðstaðir	61,2	**100,0%**	Bolungar-vík	100,0%	-	-
Líkamsrækt	55,4	**84,6%**	Bolungar-vík	84,6%	Ísafjörður	15,4%
Lyfjaverslun / apótek	22,1	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Sjúkraþjálfun	12,9	**25,2%**	Ísafjörður	74,8%	Bolungar-vík	25,2%
Bakarí	11,4	**-**	Ísafjörður	86,4%	-	-
Öll þjónusta	397,2	**55,6%**				

Bolvíkingar sækja í póstbox og Dropp innanbæjar og nota oftast bíla-verkstæði í Bolungarvík en stundum á Ísafirði (tafla 65). Föt og skór eru aðallega versluð á höfuðborgarsvæðinu eða rafrænt en stundum innanbæjar. Flestar heimsóknir á heilsugæslu eru til Ísafjarðar þó stundum sé heilsugæsluþjónusta nýtt innanbæjar. Flestir tannlæknatímar Bolvíkinga eru hins vegar innanbæjar en nokkur hluti á Ísafirði. Sérfræðilæknar eru oftast heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Ísafirði. Flestir fara í hársnyrtingu á Ísafirði en sumir í Bolungarvík. Sérfræðiráðgjöf (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) er oftast nýtt rafrænt en nokkur hluti hennar er á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 65. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Bolungarvík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	12,9	**25,2%**	Ísafjörður	74,8%	Bolungar-vík	25,2%
Póstbox	4,5	**92,5%**	Bolungar-vík	92,5%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	4,0	**16,8%**	Hb.svæði	36,0%	Rafrænt	29,6%
Dropp	3,4	**97,1%**	Bolungar-vík	97,1%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	2,9	**12,1%**	Ísafjörður	87,9%	Bolungar-vík	12,1%
Bíla-verkstæði	2,5	**89,0%**	Bolungar-vík	89,0%	Ísafjörður	10,4%
Hársnyrting	2,2	**19,4%**	Ísafjörður	58,3%	Bolungar-vík	19,4%
Sérfræði-ráðgjöf	2,1	**-**	Rafrænt	62,3%	Hb.svæði	13,8%
Sérfræði-læknir	1,3	**0,0%**	Hb.svæði	89,7%	Ísafjörður	10,3%
Tannlæknir	1,2	**80,0%**	Bolungar-vík	80,0%	Ísafjörður	10,7%

10.6.4 Þjónustusókn Súðavík

Súðvíkingar (n=14; íbúar=182) sækja meginhluta þjónustu til Ísafjarðar og í raun væri hægt að skilgreina þorpið á þjónustusvæði hans. Hins vegar er hluti þjónustusóknar á Súðavík sjálfri. Algengasta þjónusta sem Súðvíkingar sækja er lágvöruverðsverslun á Ísafirði (tafla 66). Oftast er farið í sund í Bolungarvík en sundferðirnar dreifast á fleiri staði. Algengast er að íbúarnir versli í annarri dagvöruverslun á Ísafirði en einhverjir sögðust líka versla á Súðavík þó fjöldi þeirra væri ekki nægur til að birta hlutfallið. Líkamsrækt er nær alltaf stunduð á Ísafirði og nær alltaf farið í apótek og bakarí þar einnig. Meirihluti skipta sem íbúarnir sækja menningarviðburði er á Súðavík sjálfri en annars eru þeir sóttir á Ísafirði.

Tafla 66. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Súðavík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	120,9	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Sund / baðstaðir	45,4	**0,0%**	Bolungar-vík	43,4%	-	-
Önnur dagvöruv.	44,6	**-**	Ísafjörður	32,7%	-	-
Líkamsrækt	36,0	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	34,3	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Bakarí	34,3	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Menning / afþreying	12,9	**60,0%**	Súðavík	60,0%	Ísafjörður	40,0%
Öll þjónusta	405,7	**11,8%**				

Súðvíkingar sækja oftast heilsugæsluþjónustu á Ísafirði en stundum á Súðavík (tafla 67). Oftast er farið í hársnyrtingu innanbæjar og póstbox er á staðnum. Föt og skór eru oftast keypt á Ísafirði eða höfuðborgarsvæðinu en stundum rafrænt. Helst er látið gera við bíla á Ísafirði eða á Súðavík en flestir sjúkraþjálfunartímar íbúanna eru á Ísafirði. Sendingar með Dropp eru sóttar á Ísafjörð. Sérfræðilæknar eru ýmist heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu eða á Ísafirði en tannlæknir oftast í Bolungarvík. Of fáir svarendur nota þjónustu sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeina-fræðinga) til að hægt sé að sýna staðsetningu þjónustusóknar.

Tafla 67. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Súðavík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	4,6	**21,5%**	Ísafjörður	78,5%	Súðavík	21,5%
Hársnyrting	4,1	**56,1%**	Súðavík	56,1%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,1	**0,0%**	Ísafjörður	34,1%	Hb.svæði	29,5%
Póstbox	2,6	**91,9%**	Súðavík	91,9%	-	-
Bíla-verkstæði	2,2	**32,3%**	Ísafjörður	45,2%	Súðavík	32,3%
Sjúkraþjálfun	2,1	**0,0%**	Ísafjörður	65,5%	-	-
Dropp	2,0	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Sérfræði-læknir	2,0	**0,0%**	Hb.svæði	53,6%	Ísafjörður	46,4%
Sérfræði-ráðgjöf	1,4	**0,0%**	-	-	-	-
Tannlæknir	0,9	**0,0%**	Bolungar-vík	46,2%	-	-

10.6.5 Þjónustusókn Suðureyri

Íbúar á Suðureyri (n=27; íbúar=235) sækja stærstan hluta þjónustu til Ísafjarðar og í raun væri hægt að skilgreina þorpið á þjónustusvæði hans. Hins vegar er hluti þjónustusóknar á Suðureyri sjálfri. Íbúarnir versla nær alltaf dagvöru á Ísafirði, hvort sem það er í lágvöruverðsverslun eða annarri dagvöruverslun (tafla 68). Algengasta þjónusta sem sótt er innanbæjar eru sund og líkamsrækt. Verslað er í vínbúð, bakarí og byggingavöruverslun á Ísafirði og þar eru einnig flestir menningarviðburðir sem íbúarnir sækja.

Tafla 68. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Suðureyri.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	116,9	**0,0%**	Ísafjörður	95,4%	-	-
Sund / baðstaðir	48,9	**98,2%**	Suðureyri	98,2%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	33,3	**0,0%**	Ísafjörður	98,7%	-	-
Líkamsrækt	26,2	**37,3%**	Suðureyri	37,3%	-	-
Önnur dagvöruv.	25,3	**-**	Ísafjörður	84,2%	-	-
Vínbúð	20,4	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Menning / afþreying	12,0	**-**	Ísafjörður	74,1%	-	-
Bakarí	12,0	**0,0%**	Ísafjörður	92,6%	-	-
Byggingavöru-verslun	11,6	**0,0%**	Ísafjörður	90,4%	-	-
Öll þjónusta	379,6	**17,6%**				

Suðureyringar fara nær alltaf í sjúkraþjálfun á Ísafirði og oftast á heilsugæslu þar líka, þó stundum sé heilsugæsluþjónusta nýtt innanbæjar (tafla 69). Föt og skór eru oftast keypt á höfuðborgarsvæðinu en oft á Ísafirði. Ýmist er sótt í póstbox á Suðureyri eða Ísafirði en Dropp er sótt til Ísafjarðar. Meirihluti fer í hársnyrtingu á höfuðborgarsvæðinu en margir á Ísafirði. Flestir láta gera við bílana sína á Ísafirði. Tannlæknar eru ýmist heimsóttir í Bolungarvík eða á Ísafirði og sérfræðilæknar oftast á höfuðborgarsvæðinu en annars á Ísafirði. Of fáir svarendur nota þjónustu sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) til að hægt sé að sýna staðsetningu þjónustusóknar.

Tafla 69. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Suðureyri.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	4,6	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	4,4	**11,9%**	Ísafjörður	86,4%	Suðureyri	11,9%
Fataverslun/ skóbúð	3,1	**0,0%**	Hb.svæði	55,4%	Ísafjörður	22,9%
Póstbox	2,7	**69,9%**	Suðureyri	69,9%	Ísafjörður	30,1%
Hársnyrting	2,4	**0,0%**	Hb.svæði	56,1%	Ísafjörður	37,9%
Bíla-verkstæði	1,9	-	Ísafjörður	75,0%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	1,9	**0,0%**	-	-	-	-
Tannlæknir	1,5	**0,0%**	Bolungar-vík	40,0%	Ísafjörður	35,0%
Sérfræði-læknir	1,4	**0,0%**	Hb.svæði	50,0%	Ísafjörður	26,3%
Dropp	1,0	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-

10.6.6 Þjónustusókn Flateyri

Flateyringar (n=17; íbúar=212) sækja mest alla þjónustu til Ísafjarðar og í raun væri hægt að skilgreina þorpið á þjónustusvæði hans. Algengasta tegund þjónustu er lágvöruverðsverslun og er nær alltaf verslað á Ísafirði (tafla 70). Önnur dagvöruverslun er þó að mestu leyti á Flateyri en annars á Ísafirði. Flateyringar fara oftast í sund á Flateyri en að öðru leyti er algeng þjónusta ekki sótt innanbæjar, fyrir utan menningarviðburði. Apótek, sjúkraþjálfun, bókasafn, vínbúð og bakarí eru sótt á Ísafirði.

Tafla 70. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Flateyri.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	103,8	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Önnur dagvöruv.	37,4	**62,3%**	Flateyri	62,3%	Ísafjörður	37,7%
Sund / baðstaðir	33,2	**51,1%**	Flateyri	51,1%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	24,0	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Menning / afþreying	16,9	**33,3%**	Ísafjörður	41,7%	Flateyri	33,3%
Sjúkraþjálfun	16,6	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Bókasafn	15,5	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Vínbúð	12,0	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Bakarí	10,6	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Öll þjónusta	356,1	**15,2%**				

Íbúar á Flateyri fara oftast á heilsugæslu á Ísafirði og föt og skór eru oftast keypt þar en stundum annars staðar (tafla 71). Oftast er sótt í póstbox á Flateyri en Dropp er sótt til Ísafjarðar. Flestir fara í hársnyrtingu á Ísafirði og þar er einnig algengast að fara með bíla í viðgerð. Flestir tímar hjá tannlækni eru á Ísafirði en oftast nær fara Flateyringar til sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu. Of fáir svarendur nota þjónustu sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) til að hægt sé að sýna staðsetningu þjónustusóknar.

Tafla 71. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Flateyri.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	3,6	**0,0%**	Ísafjörður	50,8%	-	-
Póstbox	3,2	**89,1%**	Flateyri	89,1%		10,9%
Heilsug./ heim.læknir	2,8	**0,0%**	Ísafjörður	91,5%	-	-
Hársnyrting	2,7	**0,0%**	Ísafjörður	73,9%	-	-
Bíla-verkstæði	2,6	**0,0%**	Ísafjörður	91,1%	-	-
Dropp	1,6	-	Ísafjörður	85,7%	-	-
Tannlæknir	0,9	**0,0%**	Ísafjörður	80,0%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,8	**0,0%**	-	-	-	-
Sérfræði-læknir	0,6	**0,0%**	Hb.svæði	90,9%	-	-

10.6.7 Þjónustusókn Þingeyri

Tæplega helmingur þjónustusóknar Þingeyringa (n=24; íbúar=240) er innanbæjar en þeir sækja einnig stóran hluta þjónustu til Ísafjarðar. Mest sótta þjónustan er annars vegar sund og líkamsrækt, sem að lang mestu leyti eru stunduð á Þingeyri, og hins vegar lágvöruverðsverslun sem er að nær öllu leyti á Ísafirði (tafla 72). Íbúarnir versla oftast í apóteki á Ísafirði en stundum á Þingeyri. Þingeyringar fara nær eingöngu í byggingavöruverslun og bakarí á Ísafirði.

Tafla 72. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Þingeyri.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sund / baðstaðir	66,5	**94,0%**	Þingeyri	94,0%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	51,5	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Líkamsrækt	42,5	**100,0%**	Þingeyri	100,0%	-	-
Önnur dagvöruv.	18,5	**70,3%**	Þingeyri	70,3%	Ísafjörður	29,7%
Lyfjaverslun / apótek	17,5	**28,6%**	Ísafjörður	71,4%	Þingeyri	28,6%
Byggingavöru-verslun	13,4	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Bakarí	10,5	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Öll þjónusta	288,3	**49,2%**				

Íbúar á Þingeyri fara nær alltaf í sjúkraþjálfun á Ísafirði. Heilsugæsla er einnig oftast sótt á Ísafirði, þó algengt sé að hún sé notuð innanbæjar (tafla 73). Sótt er í póstbox á Þingeyri en Droppsendingar eru sóttar til Ísafjarðar. Tímar íbúanna í hársnyrtingu skiptast nokkuð jafnt milli Ísafjarðar og Þingeyrar. Algengast er að fara með bíla í viðgerð á Þingeyri en stundum á höfuðborgarsvæðinu. Föt og skór eru oftast keypt á höfuðborgarsvæðinu. Flestir tímar hjá tannlækni eru í Bolungarvík, þriðjungur þeirra er á höfuðborgarsvæðinu og einhver hluti á Ísafirði. Sérfræðilæknar eru oftast nær heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 73. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Þingeyri.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	7,0	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-
Póstbox	5,0	**100,0%**	Þingeyri	100,0%	-	-
Hársnyrting	3,3	**37,5%**	Ísafjörður	38,8%	Þingeyri	37,5%
Heilsug./ heim.læknir	2,8	**38,2%**	Ísafjörður	60,3%	Þingeyri	38,2%
Bíla-verkstæði	1,9	**63,0%**	Þingeyri	63,0%	Hb.svæði	19,6%
Fataverslun/ skóbúð	1,8	**0,0%**	Hb.svæði	72,7%	-	-
Tannlæknir	1,5	**0,0%**	Bolungar-vík	52,8%	Hb.svæði	33,3%
Sérfræði-ráðgjöf	1,2	**0,0%**	-	-	-	-
Sérfræði-læknir	0,9	**0,0%**	Hb.svæði	90,5%	-	-
Dropp	0,8	**0,0%**	Ísafjörður	100,0%	-	-

10.6.8 Þjónustusókn Bíldudalur

Bílddælingar (n=14; íbúar=227) sækja tæplega helming þjónustu innanbæjar en um fjórðungur þjónustusóknar er til Patreksfjarðar. Algengasta tegund þjónustu er önnur dagvöruverslun og er oftast verslað á Bíldudal en stundum á Patreksfirði (tafla 74). Íbúarnir fara oftast í apótek á Patreksfirði en annars er það gert á höfuðborgarsvæðinu. Lágvöruverðsverslun er oftast sótt á höfuðborgarsvæðinu en vínbúð nær alltaf á Patreksfirði. Bílddælingar fara oft á veitingahús innanbæjar en einnig er algengt að þeir fari á veitingahús á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 74. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Bíldudal.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	101,1	**78,0%**	Bíldudalur	78,0%	Patreks-fjörður	22,0%
Lyfjaverslun / apótek	16,3	**0,0%**	Patreks-fjörður	68,4%	Hb.svæði	21,1%
Lágvöru-verðsverslun	12,9	**0,0%**	Hb.svæði	66,7%	-	-
Vínbúð	12,0	**0,0%**	Patreks-fjörður	100,0%	-	-
Veitingahús	10,0	**69,3%**	Bíldudalur	69,3%	Hb.svæði	29,3%
Öll þjónusta	242,6	**49,0%**				

Íbúar á Bíldudal sækja sendingar í póstbox innanbæjar en aðra mikilvæga þjónustu sækja þeir sjaldan innan svæðisins (tafla 75). Föt og skór eru oftast versluð á höfuðborgarsvæðinu en tímar hjá sérfræðiráðgjöfum (sálfræðingum, félagsráðgjöfum, fjölskylduráðgjöfum, talmeinafræðingum) eru oftast rafrænir. Bílddælingar sækja heilsugæsluþjónustu oftast til Patreksfjarðar en tímar þeirra hjá sérfræði- og tannlæknum eru oftast á höfuðborgarsvæðinu. Sendingar með Dropp eru sóttar til Patreksfjarðar og þar er líka oftast farið með bíla í viðgerð. Algengast er að íbúarnir fari í klippingu á Patreksfirði en það er einnig oft gert á höfuðborgarsvæðinu. Of fáir svarendur fara til sjúkraþjálfara til að hægt sé að sýna staðsetningar.

Tafla 75. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Bíldudal.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	5,0	**100,0%**	Bíldudalur	100,0%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,5	**0,0%**	Hb.svæði	38,8%	-	-
Dropp	2,9	-	Patreks-fjörður	97,6%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	2,4	**0,0%**	Rafrænt	97,0%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	2,2	-	Patreks-fjörður	74,2%	-	-
Hársnyrting	2,1	**0,0%**	Patreks-fjörður	69,0%	Hb.svæði	31,0%
Bíla-verkstæði	1,4	**0,0%**	Patreks-fjörður	84,2%	-	-
Sérfræði-læknir	1,1	**0,0%**	Hb.svæði	93,8%	-	-
Sjúkraþjálfun	0,8	**0,0%**	-	-	-	-
Tannlæknir	0,8	**0,0%**	Hb.svæði	63,6%	-	-

10.6.9 Þjónustusókn Tálknafjörður

Íbúar á Tálknafirði (n=22; íbúar=200) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Sú þjónusta sem Tálknfirðingar sækja oftast er önnur dagvöruverslun og er hún fyrst og fremst innanbæjar (tafla 76). Líkamsrækt og sund eru oft iðkuð og er það oftast nær gert á Tálknafirði. Apótek er helst sótt á Patreksfirði og lágvöruverðsverslun oftast á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Ísafirði.

Tafla 76. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Tálknafirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	154,9	**92,6%**	Tálkna-fjörður	92,6%	-	-
Líkamsrækt	63,8	**89,7%**	Tálkna-fjörður	89,7%	-	-
Sund / baðstaðir	63,8	**88,9%**	Tálkna-fjörður	88,9%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	25,1	**0,0%**	Patreks-fjörður	80,4%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	15,8	**0,0%**	Hb.svæði	44,8%	Ísafjörður	24,1%
Öll þjónusta	408,5	**68,7%**				

Íbúar á Tálknafirði sækja sendingar í póstbox innanbæjar en aðra mikilvæga þjónustu sækja þeir sjaldan innan svæðisins (tafla 77). Oftast er farið á heilsugæslustöð og til sjúkraþjálfara á Patreksfirði en sérfræði- og tannlæknar eru oftast nær heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu. Algengast er að íbúarnir fari í hársnyrtingu á höfuðborgarsvæðinu en oft á Patreksfirði og föt og skór eru helst versluð á höfuðborgarsvæðinu. Tálknfirðingar láta oftast gera við bíla sína á Patreksfirði en stundum á höfuðborgarsvæðinu. Droppsendingar eru oftast nær sóttar á Patreksfirði. Of fáir svarendur nota þjónustu sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) til að hægt sé að sýna staðsetningu þjónustusóknar.

Tafla 77. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Tálknafirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	4,7	**100,0%**	Tálkna-fjörður	100,0%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	3,5	-	Patreks-fjörður	75,3%	-	-
Hársnyrting	3,0	**0,0%**	Hb.svæði	63,1%	Patreks-fjörður	36,9%
Fataverslun/ skóbúð	2,6	**0,0%**	Hb.svæði	72,4%	-	-
Bíla-verkstæði	2,4	**0,0%**	Patreks-fjörður	75,5%	Hb.svæði	15,1%
Tannlæknir	1,7	**0,0%**	Hb.svæði	89,5%	-	-
Dropp	1,3	-	Patreks-fjörður	86,2%	-	-
Sjúkraþjálfun	1,3	**0,0%**	Patreks-fjörður	100,0%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	1,0	**0,0%**	-	-	-	-
Sérfræði-læknir	0,8	**0,0%**	Hb.svæði	94,1%	-	-

10.6.10 Þjónustusókn Patreksfjörður

Íbúar á Patreksfirði (n=60; íbúar=603) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Algengasta þjónustan er önnur dagvöruverslun og er nær alltaf verslað innan Patreksfjarðar (tafla 78). Líkamsrækt og sund eru að nær öllu leyti stunduð innanbæjar og mikill meirihluti verslunar í apóteki og vínbúð er einnig á Patreksfirði. Lágvöruverðsverslun er helst sótt til Ísafjarðar en oft er verslað annars staðar, t.d. í Borgarnesi. Flestir menningarviðburðir sem íbúarnir sækja eru innanbæjar en stundum eru slíkir viðburðir sóttir á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 78. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Patreksfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	135,0	**97,5%**	Patreks-fjörður	97,5%	-	-
Líkamsrækt	48,2	**92,3%**	Patreks-fjörður	92,3%	-	-
Sund / baðstaðir	44,1	**97,1%**	Patreks-fjörður	97,1%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	24,4	**94,7%**	Patreks-fjörður	94,7%	Hb.svæði	5,3%
Lágvöru-verðsverslun	18,5	**0,0%**	Ísafjörður	32,0%	Borgarnes	10,0%
Menning / afþreying	14,0	**78,9%**	Patreks-fjörður	78,9%	Hb.svæði	17,1%
Vínbúð	11,6	**100,0%**	Patreks-fjörður	100,0%	-	-
Öll þjónusta	364,2	**83,6%**				

Patreksfirðingar fara oftast á heilsugæslu og í sjúkraþjálfun innanbæjar og sendingar með Dropp eða í póstboxi eru sóttar á Patreksfirði (tafla 79). Föt og skór eru aðallega keypt á höfuðborgarsvæðinu en stundum erlendis. Oftast er farið í klippingu og með bíl í viðgerð á Patreksfirði en hvort tveggja er stundum gert á höfuðborgarsvæðinu. Flestir tannlæknatímar Patreksfirðinga eru á höfuðborgarsvæðinu en sumir fara til tannlæknis í Bolungarvík. Ráðgjöf sérfræðinga (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) er annað hvort sótt rafrænt eða á höfuðborgarsvæðinu en sérfræðilæknar eru oftast nær heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 79. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Patreksfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	4,4	-	Hb.svæði	52,8%	Útlönd	24,3%
Heilsug./ heim.læknir	4,2	**90,5%**	Patreks-fjörður	90,5%	-	-
Dropp	3,3	**98,6%**	Patreks-fjörður	98,6%	-	-
Hársnyrting	3,1	**89,0%**	Patreks-fjörður	89,0%	Hb.svæði	7,0%
Bíla-verkstæði	2,4	**81,9%**	Patreks-fjörður	81,9%	Hb.svæði	14,2%
Póstbox	2,0	**100,0%**	Patreks-fjörður	100,0%	-	-
Tannlæknir	1,1	**0,0%**	Hb.svæði	82,2%	Bolungar-vík	11,0%
Sjúkraþjálfun	1,1	**75,0%**	Patreks-fjörður	75,0%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,9	-	Rafrænt	56,7%	Hb.svæði	41,7%
Sérfræði-læknir	0,8	-	Hb.svæði	87,8%	-	-

10.6.11 Þjónustusókn Barðaströnd

Barðstrendingar (n=10; íbúar=65) sækja stærstan hluta þjónustu innan þjónustusvæðis, til Patreksfjarðar, en fjórðungur þjónustusóknartilvika þeirra er á höfuðborgarsvæðinu. Tíðni þjónustusóknar íbúanna er mjög lág miðað við flest önnur svæði en mest sótta þjónustan er önnur dagvöruverslun og oftast er verslað á Patreksfirði (tafla 80). Íbúarnir versla einnig oft í lágvöruverðsverslun, á höfuðborgarsvæðinu eða á Ísafirði. Oftast er farið í apótek á Patreksfirði.

Tafla 80. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Barðaströnd.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	45,6	**89,5%**	Patreks-fjörður	89,5%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	20,4	**0,0%**	Hb.svæði	47,1%	Ísafjörður	35,3%
Lyfjaverslun / apótek	10,8	**66,7%**	Patreks-fjörður	66,7%	-	-
Öll þjónusta	139,1	**53,5%**				

Svarendur á Barðaströnd eru of fáir til að hægt sé að greina dreifingu þjónustusóknar fyrir marga mikilvæga þjónustuþætti. Droppsendingar sækja þeir nær alltaf til Patreksfjarðar og heilsugæsluþjónustu einnig (tafla 81). Oftast er farið í hársnyrtingu á höfuðborgarsvæðinu en oft annars staðar. Barðstrendingar fara helst með bíla sína í viðgerð á Patreksfirði en stundum til höfuðborgarsvæðisins. Föt og skór eru oftast keypt á höfuðborgarsvæðinu og þar eru nær allar heimsóknir til sérfræðilækna og flestir tannlæknatímar einnig.

Tafla 81. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Barðaströnd.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Hársnyrting	3,3	-	Hb.svæði	27,3%	-	-
Dropp	3,0	**100,0%**	Patreks-fjörður	100,0%	-	-
Sjúkraþjálfun	2,8	**0,0%**	-	-	-	-
Bíla-verkstæði	2,0	**75,0%**	Patreks-fjörður	75,0%	Hb.svæði	25,0%
Fataverslun/ skóbúð	2,0	**0,0%**	Hb.svæði	75,0%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	1,9	**84,2%**	Patreks-fjörður	84,2%	-	-
Sérfræði-læknir	1,0	**0,0%**	Hb.svæði	100,0%	-	-
Tannlæknir	0,9	**0,0%**	Hb.svæði	66,7%	-	-
Póstbox	0,8	-	-	-	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,2	**0,0%**	-	-	-	-

10.6.12 Þjónustusókn Reykhólar

Íbúar á Reykhólum (n=16; íbúar=77) sækja tæplega þriðjung þjónustu innanbæjar en Borgarnes, höfuðborgarsvæðið og Búðardalur eru mikilvæg þjónustusvæði fyrir þá. Sú þjónusta sem Reykhólabúar sækja oftast er sund og er oftast synt á Reykhólum (tafla 82). Íbúarnir versla oftast í matinn í lágvöruverðsverslun í Borgarnesi eða í dagvöruverslun á Hólmavík eða í Búðardal, enda engin dagvöruverslun á Reykhólum þegar könnunin var gerð. Algengast er að farið sé í apótek í Búðardal eða í Borgarnesi en vínbúð á Hólmavík.

Tafla 82. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Reykhólum.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sund / baðstaðir	60,8	**93,8%**	Reykhólar	93,8%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	36,8	**0,0%**	Borgarnes	75,5%	Hb.svæði	12,2%
Önnur dagvöruv.	19,5	**0,0%**	Hólmavík	53,8%	Búðardalur	34,6%
Lyfjaverslun / apótek	18,8	**0,0%**	Búðardalur	40,0%	Borgarnes	36,0%
Vínbúð	10,5	**0,0%**	Hólmavík	71,4%	-	-
Öll þjónusta	209,7	**32,1%**				

Föt og skóbúnaður Reykhólabúa eru oftast keypt á höfuðborgarsvæðinu en í mörgum tilfellum annars staðar (tafla 83). Heilsugæsluþjónustu sækja íbúarnir jöfnum höndum til Búðardals og innanbæjar. Flestir tannlæknatímar og nær allar heimsóknir til sérfræðilækna eru á höfuðborgarsvæðinu. Algengast er einnig að farið sé með bíla í viðgerð á höfuðborgarsvæðinu. Íbúarnir fara oftast í klippingu til Hólmavíkur en oft á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 83. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Reykhólum.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	7,8	**0,0%**	Hb.svæði	47,6%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	5,2	**47,0%**	Búðardalur	50,6%	Reykhólar	47,0%
Tannlæknir	1,9	**0,0%**	Hb.svæði	73,3%	-	-
Hársnyrting	1,7	**0,0%**	Hólmavík	55,6%	Hb.svæði	37,0%
Sérfræði-læknir	1,5	**0,0%**	Hb.svæði	91,7%	-	-
Bíla-verkstæði	1,2	-	Hb.svæði	73,7%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,5	**0,0%**	-	-	-	-
Dropp	0,4	-	-	-	-	-
Sjúkraþjálfun	0,3	**0,0%**	-	-	-	-
Póstbox	0,0	-	-	-	-	-

10.6.13 Þjónustusókn Reykhólar dreifbýli

Íbúar í Reykhólasveit (n=12; íbúar=91) nota þjónustu almennt mjög sjaldan og sækja hana um langan veg, til Borgarness, Búðardals, höfuðborgarsvæðisins eða Hólmavíkur. Aðeins um 4% af þjónustusóknar er innan þjónustusvæðis Reykhóla (tafla 84). Íbúarnir versla oftast í matinn í lágvöruverðsverslun í Borgarnesi eða í dagvöruverslun á Hólmavík eða í Búðardal, enda engin dagvöruverslun á Reykhólum þegar könnunin var gerð. Algengast er að farið sé í apótek á höfuðborgarsvæðinu og oft er farið í bakarí í Borgarnesi.

Tafla 84. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Reykhólasveit.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	37,0	**0,0%**	Borgarnes	78,4%	-	-
Önnur dagvöruv.	21,0	**0,0%**	Hólmavík	76,2%	Búðardalur	23,8%
Lyfjaverslun / apótek	16,0	**0,0%**	Hb.svæði	75,0%	-	-
Bakarí	10,0	**0,0%**	Borgarnes	80,0%	-	-
Öll þjónusta	137,4	**4,3%**				

Svarendur í Reykhólasveit eru of fáir til að hægt sé að greina dreifingu þjónustusóknar fyrir marga mikilvæga þjónustuþætti. Heilsugæsla er oftast sótt í Búðardal en hársnyrting á Hólmavík (tafla 85). Föt og skór eru oftast versluð á höfuðborgarsvæðinu en oft annars staðar. Þjónusta tannlækna, sérfræðilækna og sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) er almennt sótt á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 85. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Reykhólasveit.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	3,3	-	Búðardalur	90,0%	-	-
Hársnyrting	2,4	-	Hólmavík	72,4%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	2,3	**0,0%**	Hb.svæði	59,3%	-	-
Tannlæknir	1,0	**0,0%**	Hb.svæði	75,0%	-	-
Bíla-verkstæði	0,7	**0,0%**	-	-	-	-
Sérfræði-læknir	0,5	**0,0%**	Hb.svæði	66,7%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,5	**0,0%**	Hb.svæði	100,0%	-	-
Dropp	0,3	**0,0%**	-	-	-	-
Póstbox	0,2	**0,0%**	-	-	-	-
Sjúkraþjálfun	0,0	-	-	-	-	-

10.6.14 Þjónustusókn Hólmavík

Hólmvíkingar (n=42; íbúar=222) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Algengasta notkun þjónustu er önnur dagvöruverslun og líkamsrækt og er hvort tveggja að nær öllu leyti sótt innanbæjar (tafla 86). Íbúarnir fara oftast í lágvöruverðsverslun í Borgarnesi og stundum á höfuðborgarsvæðinu en apótek sækja þeir oftast nær á Hólmavík en annars í Borgarnesi. Flestar sundferðir Hólmvíkinga eru innan svæðisins en stundum er farið í sund á höfuðborgarsvæðinu. Nær alltaf er verslað í vínbúðinni á staðnum.

Tafla 86. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hólmavík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	99,1	**96,5%**	Hólmavík	96,5%	-	-
Líkamsrækt	43,1	**100,0%**	Hólmavík	100,0%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	20,3	**0,0%**	Borgarnes	64,8%	Hb.svæði	22,5%
Lyfjaverslun / apótek	20,0	**82,9%**	Hólmavík	82,9%	Borgarnes	8,6%
Sund / baðstaðir	11,4	**82,5%**	Hólmavík	82,5%	Hb.svæði	12,5%
Vínbúð	10,0	**100,0%**	Hólmavík	100,0%	-	-
Öll þjónusta	279,2	**78,5%**				

Íbúar á Hólmavík nota heilsugæslu á staðnum en sjúkraþjálfun er oftast sótt á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Akranesi (tafla 87). Tannlæknatímar skiptast að mestu milli höfuðborgarsvæðisins og Hólmavíkur en sérfræðilæknar eru nær alltaf heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu. Föt og skór eru annað hvort versluð á höfuðborgarsvæðinu eða rafrænt en hársnyrting er oftast innanbæjar þó sumir fari í klippingu á höfuðborgarsvæðinu. Hólmvíkingar nota bílaverkstæði innan svæðisins en einnig oft á höfuðborgarsvæðinu. Of fáir svarendur nýta sér sérfræðiráðgjöf (sálfræðing, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðing) til að hægt sé að greina hvar sú þjónusta er sótt. Póstboxþjónusta var ekki á Hólmavík þegar könnunin var gerð.

Tafla 87. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hólmavík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	5,1	**100,0%**	Hólmavík	100,0%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,8	**0,0%**	Hb.svæði	45,3%	Rafrænt	32,3%
Hársnyrting	2,7	**77,2%**	Hólmavík	77,2%	Hb.svæði	20,2%
Sjúkraþjálfun	2,0	-	Hb.svæði	74,1%	Akranes	24,7%
Bíla-verkstæði	1,8	**66,2%**	Hólmavík	66,2%	Hb.svæði	29,7%
Sérfræði-læknir	1,7	**0,0%**	Hb.svæði	94,5%	-	-
Tannlæknir	0,9	**41,7%**	Hb.svæði	52,8%	Hólmavík	41,7%
Dropp	0,5	**100,0%**	Hólmavík	100,0%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,4	-	-	-	-	-
Póstbox	0,0	-	-	-	-	-

10.6.15 Þjónustusókn Hólmavík dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Strandabyggðar og Kaldrananeshrepps (n=25; íbúar=102) sækja stærstan hluta þjónustu innan þjónustusvæðis Hólmavíkur en einhver hluti íbúanna býr nær Drangsnesi. Aðallega er verslað í matinn á Hólmavík en í einhverjum tilfellum á Drangsnesi. Lágvöruverðsverslun er einnig töluvert sótt, bæði í Borgarnesi og á höfuðborgarsvæðinu (tafla 88). Líkamsrækt er nær alltaf stunduð á Hólmavík og oftast er farið í sund þar, þó margir fari í sund á Laugarhóli og sumir á Drangsnesi. Oftast er farið í apótek á Hólmavík og banka- og póstþjónusta þar er einnig mikið nýtt. Menningarviðburðir eru gjarnan sóttir á höfuðborgarsvæðinu, en einnig innan þjónustusvæðis á Hólmavík eða jafnvel innan sveitar.

Tafla 88. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hólmavík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	121,4	**90,1%**	Hólmavík	90,1%	Drangsnes	9,9%
Líkamsrækt	47,0	**96,9%**	Hólmavík	96,9%	-	-
Sund / baðstaðir	29,3	**62,3%**	Hólmavík	62,3%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	24,5	**0,0%**	Borgarnes	54,9%	Hb.svæði	31,4%
Lyfjaverslun / apótek	18,2	**89,5%**	Hólmavík	89,5%	-	-
Banki/ sparisjóður	16,0	**80,0%**	Hólmavík	80,0%	-	-
Menning / afþreying	14,4	**23,3%**	Hb.svæði	36,7%	Hólmavík	23,3%
Pósthús / póstbíll	12,8	**97,5%**	Hólmavík	97,5%	-	-
Öll þjónusta	373,5	**68,7%**				

Íbúar í dreifbýli Strandabyggðar og Kaldrananeshrepps nýta heilsugæslu-þjónustu oftast nær á Hólmavík (tafla 89). Algengast er að föt séu keypt á höfuðborgarsvæðinu eða erlendis. Hársnyrting og bílaverkstæði eru þjónustuþættir sem íbúarnir nota oftast á Hólmavík en stundum á höfuðborgarsvæðinu. Ef fara þarf til sérfræðilæknis eða sjúkraþjálfara er það oftast gert á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustusókn til tannlæknis dreifist hins vegar jafnt milli höfuðborgarsvæðisins og Hólmavíkur. Of fáir nýta sér sérfræðiráðgjöf (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeina-fræðinga) og póstbox til að hægt sé að sýna hvar sú þjónusta er sótt. Sendingar með Dropp eru sóttar til Hólmavíkur.

Tafla 89. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa dreifbýli við Hólmavík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	5,6	**84,4%**	Hólmavík	84,4%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	2,8	**0,0%**	Hb.svæði	45,1%	Útlönd	43,7%
Hársnyrting	2,7	**68,7%**	Hólmavík	68,7%	Hb.svæði	23,9%
Bíla-verkstæði	2,5	**40,3%**	Hólmavík	40,3%	Hb.svæði	19,4%
Sérfræði-læknir	1,5	**0,0%**	Hb.svæði	89,2%	-	-
Sjúkraþjálfun	1,3	-	Hb.svæði	63,6%	-	-
Tannlæknir	1,1	**46,4%**	Hb.svæði	50,0%	Hólmavík	46,4%
Sérfræði-ráðgjöf	0,6	**0,0%**	-	-	-	-
Dropp	0,2	**100,0%**	Hólmavík	100,0%	-	-
Póstbox	0,2	-	-	-	-	-

10.6.16 Þjónustusókn Drangsnes

Drangsnesingar (n=17; íbúar=62) sækja meirihluta þjónustu innanbæjar. Algengasta þjónustan er önnur dagvöruverslun, sund/baðstaðir og líkamsrækt og er sú þjónusta öll sótt á Drangsnesi (tafla 90). Algengt er að farið sé í lágvöruverðsverslun á höfuðborgarsvæðinu en einnig í Borgarnesi. Oftast er farið í apótek og vínbúð á Hólmavík.

Tafla 90. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Drangsnesi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	99,5	**95,7%**	Drangsnes	95,7%	-	-
Sund / baðstaðir	44,5	**100,0%**	Drangsnes	100,0%	-	-
Líkamsrækt	42,4	**100,0%**	Drangsnes	100,0%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	20,5	**0,0%**	Hb.svæði	62,1%	Borgarnes	31,0%
Lyfjaverslun / apótek	15,5	**0,0%**	Hólmavík	81,8%	Hb.svæði	18,2%
Vínbúð	12,7	**0,0%**	Hólmavík	94,4%	-	-
Öll þjónusta	303,6	**65,3%**				

Aðra mikilvæga þjónustu sækja Drangsnesingar sjaldnast innanbæjar (tafla 91). Nær alltaf er farið á heilsugæslu á Hólmavík, tannlæknar eru ýmist heimsóttir á Hólmavík eða höfuðborgarsvæðinu en sérfræðilæknar alltaf á höfuðborgarsvæðinu. Föt og skór eru oftast keypt á höfuðborgarsvæðinu en oftast er farið í klippingu á Hólmavík þó oft sé það gert á höfuðborgarsvæðinu. Flestir tímar hjá sjúkraþjálfurum og sérfræðiráðgjöfum (sálfræðingum, félagsráðgjöfum, fjölskylduráðgjöfum, talmeinafræðingum) eru á höfuðborgarsvæðinu en oft annars staðar. Algengast er að bílar Drangsnesinga fari í viðgerð á höfuðborgarsvæðinu. Of fáir svarendur nota Dropp og póstbox til að hægt sé að sýna hvar sú þjónusta er sótt.

Tafla 91. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Drangsnesi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	3,1	**0,0%**	Hólmavík	100,0%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	2,9	**0,0%**	Hb.svæði	70,0%	-	-
Hársnyrting	2,8	**0,0%**	Hólmavík	64,6%	Hb.svæði	35,4%
Sjúkraþjálfun	1,5	**0,0%**	Hb.svæði	23,1%	-	-
Sérfræði-læknir	1,5	**0,0%**	Hb.svæði	96,0%	-	-
Bíla-verkstæði	1,2	-	Hb.svæði	85,0%	-	-
Tannlæknir	1,0	**0,0%**	Hólmavík	52,9%	Hb.svæði	41,2%
Sérfræði-ráðgjöf	0,8	**0,0%**	Hb.svæði	61,5%	-	-
Dropp	0,4	**0,0%**	-	-	-	-
Póstbox	0,4	**0,0%**	-	-	-	-

10.6.17 Þjónustusókn Árneshreppur

Flest þjónustusóknartilvik íbúa Árneshrepps (n=8; íbúar=47) eru á höfuðborgarsvæðinu en þrátt fyrir það er stór hluti þjónustusóknar innan sveitar. Hólmavík gegnir takmörkuðu hlutverki í þjónustusókn íbúanna, þrátt fyrir að vera næsti þjónustustaður. Algengasta þjónustusóknin er í aðra dagvöruverslun og er að lang mestu leyti verslað í Norðurfirði í Árneshreppi (tafla 92). Gjarnan er þó farið í lágvöruverðsverslun, t.d. í Borgarnesi en einnig á öðrum stöðum. Flestar sundferðir eru innan svæðisins, í Krossneslaug.

Tafla 92. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Árneshreppi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	82,5	**90,9%**	Árnes-hreppur	90,9%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	49,5	**0,0%**	Borgarnes	18,2%	-	-
Sund / baðstaðir	16,5	**81,8%**	Árnes-hreppur	81,8%	-	-
Öll þjónusta	223,1	**41,0%**				

Sú þjónusta sem íbúarnir sækja helst til Hólmavíkur er hársnyrting, en rúmlega helmingur hárgreiðslutíma þeirra er þar (tafla 93). Jafnframt er um þriðjungur heimsókna á heilsugæslu á Hólmavík. Fataverslun/skóbúð, tannlæknar og bílaverkstæði eru almennt sótt á höfuðborgarsvæðið. Svarendur í Árneshreppi eru annars of fáir til að hægt sé að greina dreifingu þjónustusóknar fyrir aðra mikilvæga þjónustuþætti.

Tafla 93. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Árneshreppi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Hársnyrting	2,4	**0,0%**	Hólmavík	52,6%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	1,4	**0,0%**	Hb.svæði	90,9%	-	-
Sjúkraþjálfun	1,1	**0,0%**	-	-	-	-
Heilsug./ heim.læknir	1,1	**0,0%**	Hólmavík	33,3%	-	-
Tannlæknir	0,6	**0,0%**	Hb.svæði	100,0%	-	-
Bíla-verkstæði	0,5	**0,0%**	Hb.svæði	100,0%	-	-
Sérfræði-læknir	0,4	**0,0%**	-	-	-	-
Póstbox	0,0	-	-	-	-	-
Dropp	0,0	-	-	-	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,0	-	-	-	-	-

10.7 Þjónustusókn Norðurland vestra

Þegar tekið er mið af íbúafjölda hvers búsetusvæðis sækja íbúar Norðurlands vestra um 77% allrar þjónustu innan síns þjónustusvæðis, sem er næst lægsta hlutfall landshlutanna á eftir Vestfjörðum. Samt sem áður eru um 86% þjónustusóknartilvika allra íbúanna innan landshlutans, um helmingur tilvika er á Sauðárkróki, 15% á Hvammstanga og 13% á Blönduósi. Um 5% þjónustusóknartilvika eru á höfuðborgarsvæðinu og 5% á Akureyri.

Mynd 45 sýnir helstu mynstur þjónustusóknar frá búsetusvæðum Norðurlands vestra á korti.

Í Húnavatnssýslum er þjónustusókn innan þjónustusvæðis víðast hvar há og íbúarnir geta sótt flesta þjónustu innanbæjar eða í næsta þéttbýli (tafla 94). Skagstrendingar sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar en Blönduós gegnir einnig mikilvægu hlutverki fyrir íbúa þar. Hrútafjörður og Bitrufjörður eru lengra frá Hvammstanga en annað dreifbýli Húnabyggðar og því er þjónustusókn innan þjónustusvæðis lægri þar. Þjónustusókn til höfuðborgarsvæðisins er á bilinu 6-8%. Úr Austur-Húnavatnssýslu er þjónustusóknarhlutfall til Akureyrar á bilinu 5-7% en mun lægra úr Vestur-Húnavatnssýslu, þar sem algengara er að þjónusta sé sótt í Borgarnes en til Akureyrar.

Tafla 94. Þjónustusókn Húnavatnsýslna eftir þjónustusvæðum.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Hrútafjörður/Bitra (16)	**Hvammstangi**	**64,7%**
	Höfuðborgarsvæði	15,2%
	Borgarnes	8,8%
	Akureyri	1,6%
	Rafrænt	1,2%
	Annað	8,6%
Hvammstangi (61)	**Hvammstangi**	**83,4%**
	Höfuðborgarsvæði	8,2%
	Borgarnes	4,2%
	Sauðárkrókur	1,3%
	Rafrænt	1,1%
	Annað	1,7%
Hvammstangi drb (20)	**Hvammstangi**	**83,8%**
	Borgarnes	7,5%
	Höfuðborgarsvæði	5,0%
	Akureyri	1,1%
	Rafrænt	1,0%
	Annað	1,6%
Blönduós (72)	**Blönduós**	**77,2%**
	Höfuðborgarsvæði	6,0%
	Akureyri	5,9%
	Borgarnes	3,7%
	Sauðárkrókur	3,4%
	Rafrænt	0,9%
	Annað	3,0%
Blönduós drb (40)	**Blönduós**	**72,2%**
	Höfuðborgarsvæði	7,6%
	Akureyri	7,3%
	Sauðárkrókur	4,4%
	Borgarnes	3,0%
	Skagaströnd	2,4%
	Rafrænt	0,8%
	Annað	2,3%
Skagaströnd (59)	**Skagaströnd**	**69,8%**
	Blönduós	11,8%
	Höfuðborgarsvæði	7,7%
	Akureyri	4,8%
	Sauðárkrókur	3,9%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	1,8%

Íbúar á búsetusvæðum Skagafjarðar sækja þjónustu að mestu leyti til Sauðárkróks, en Fljót eru undantekning frá því (tafla 95). Skagfirðingar sækja fremur þjónustu til Akureyrar en til höfuðborgarsvæðisins.

Þjónustusókn innan þjónustusvæðis er lang hæst á Sauðárkróki og í nærliggjandi dreifbýli. Varmahlíð og Hofsós mætti jafnvel skilgreina sem hluta af þjónustusvæði Sauðárkróks. Engu að síður er drjúgur hluti þjónustu sé sóttur innan svæðis á báðum stöðum, 42% á Hofsósi og 26% á þjónustusvæði Varmahlíðar.

Fljótamenn sækja 23% þjónustu innan síns þjónustusvæðis, en líta mætti á Fljótin sem hluta af þjónustusvæði Siglufjarðar vegna nálægðar við hann. Íbúar í Fljótum sækja frekar þjónustu til Akureyrar en til Sauðárkróks.

Tafla 95. Þjónustusókn Skagafjarðar.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Sauðárkrókur (220)	**Sauðárkrókur**	**88,2%**
	Akureyri	4,3%
	Höfuðborgarsvæði	3,2%
	Rafrænt	0,5%
	Annað	3,8%
Sauðárkrókur drb (43)	**Sauðárkrókur**	**81,4%**
	Akureyri	6,3%
	Hofsós	5,0%
	Höfuðborgarsvæði	2,8%
	Borgarnes	1,8%
	Rafrænt	1,2%
	Annað	1,4%
Varmahlíð (66)	**Varmahlíð**	**25,9%**
	Sauðárkrókur	53,5%
	Akureyri	10,0%
	Höfuðborgarsvæði	5,3%
	Siglufjörður	1,1%
	Borgarnes	1,0%
	Rafrænt	1,6%
	Annað	1,6%
Hofsós (18)	**Hofsós**	**41,5%**
	Sauðárkrókur	43,9%
	Akureyri	8,3%
	Höfuðborgarsvæði	4,5%
	Rafrænt	0,4%
	Annað	1,4%
Fljót (6)	**Fljót**	**22,7%**
	Siglufjörður	38,5%
	Akureyri	13,8%
	Sauðárkrókur	11,7%
	Höfuðborgarsvæði	7,7%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	5,3%



Mynd 45. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Norðurlandi vestra.

10.7.1 Þjónustusókn Hrútafjörður og Bitrufjörður

Íbúar í Hrútafirði og Bitrufirði (n=16; íbúar=122) sækja helst þjónustu til Hvammstanga en einnig talsvert til höfuðborgarsvæðisins eða í Borgarnes. Dagvöruverslun er lang mest sótta þjónustan og algengast er að íbúarnir kaupi mat á Hvammstanga. Oft er þó verslað í lágvöruverðsverslun á höfuðborgarsvæðinu eða í Borgarnesi (tafla 96). Önnur algeng þjónusta er aðallega sótt á Hvammstanga.

Tafla 96. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hrútafirði og Bitrufirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	84,0	**90,2%**	Hvamms-tangi	90,2%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	48,8	**0,0%**	Hb.svæði	53,8%	Borgarnes	35,4%
Lyfjaverslun / apótek	26,3	**94,3%**	Hvamms-tangi	94,3%	-	-
Sund / baðstaðir	13,5	**83,3%**	Hvamms-tangi	83,3%	-	-
Vínbúð	12,8	**70,6%**	Hvamms-tangi	70,6%	-	-
Pósthús / póstbíll	11,9	**99,5%**	Hvamms-tangi	99,5%	-	-
Öll þjónusta	274,7	**64,7%**				

Flestir aðrir mikilvægir þjónustuþættir eru einnig sóttir til Hvammstanga, hvort sem það er bílaverkstæði, Dropp, hársnyrting, heilsugæsluþjónusta, sjúkraþjálfun eða póstbox (tafla 97). Sérfræðilæknar eru þó oftast nær heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu. Fatnaður og skór eru einnig gjarnan keypt þar, þó það sé gert víða annars staðar. Svarendur í Hrútafirði og Bitru eru ekki nógu margir til að það sé hægt að sýna staðsetningu þjónustusóknar fyrir aðra þætti.

Tafla 97. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hrútafirði og Bitrufirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Bíla-verkstæði	3,7	**86,4%**	Hvamms-tangi	86,4%	-	-
Dropp	3,5	**94,6%**	Hvamms-tangi	94,6%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,5	-	Hb.svæði	23,2%	-	-
Hársnyrting	3,3	**76,9%**	Hvamms-tangi	76,9%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	3,2	**84,3%**	Hvamms-tangi	84,3%	-	-
Sjúkraþjálfun	2,3	**100,0%**	Hvamms-tangi	100,0%	-	-
Sérfræði-læknir	2,1	-	Hb.svæði	79,4%	-	-
Póstbox	1,4	**95,7%**	Hvamms-tangi	95,7%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	1,4	-	-	-	-	-
Tannlæknir	1,1	-	Hb.svæði	70,6%	-	-

10.7.2 Þjónustusókn Hvammstangi

Íbúar á Hvammstanga (n=61; íbúar=468) nota þjónustu oftar en íbúar flestra annarra svæða landsins. Þeir versla gjarnan í lágvöruverðsverslun og hlaða rafmagnsbíla í Borgarnesi eða á höfuðborgarsvæðinu og stundum eru menningarviðburðir sóttir á höfuðborgarsvæðinu (tafla 98). Að öðru leyti sækja Hvammstangabúar algenga þjónustu innanbæjar.

Tafla 98. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hvammstanga.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	133,2	**98,8%**	Hvamms-tangi	98,8%	-	-
Sund / baðstaðir	63,5	**98,1%**	Hvamms-tangi	98,1%	-	-
Líkamsrækt	53,7	**96,3%**	Hvamms-tangi	96,3%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	28,5	**93,1%**	Hvamms-tangi	93,1%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	25,6	**0,0%**	Borgarnes	50,8%	Hb.svæði	37,7%
Byggingavöru-verslun	15,8	**97,7%**	Hvamms-tangi	97,7%	Hb.svæði	2,0%
Bókasafn	14,6	**100,0%**	Hvamms-tangi	100,0%	-	-
Hleðslustöð	14,0	**16,9%**	Hb.svæði	52,1%	Borgarnes	31,0%
Menning / afþreying	12,8	**58,5%**	Hvamms-tangi	58,5%	Hb.svæði	32,3%
Vínbúð	12,0	**95,1%**	Hvamms-tangi	95,1%	-	-
Pósthús / póstbíll	11,0	**99,1%**	Hvamms-tangi	99,1%	-	-
Öll þjónusta	452,5	**83,4%**				

Hvammstangabúar fara nær alltaf í sjúkraþjálfun og á heilsugæslu innanbæjar (tafla 99). Flestir tannlæknatímar eru á Hvammstanga en sumir á Sauðárkróki. Sérfræðilæknar og sérfræðiráðgjafar (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) eru hins vegar helst heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu. Föt og skóbúnaður eru oftast keypt á höfuðborgarsvæðinu en stundum erlendis. Sendingar með Dropp og í póstboxum eru sóttar á Hvammstanga. Hársnyrting og bílaverkstæði eru einnig aðallega notuð innanbæjar en stundum á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 99. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hvammstanga.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	4,2	**98,1%**	Hvamms-tangi	98,1%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	4,2	**14,4%**	Hb.svæði	56,4%	Útlönd	17,5%
Dropp	4,1	**99,6%**	Hvamms-tangi	99,6%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	4,0	**96,0%**	Hvamms-tangi	96,0%	-	-
Hársnyrting	3,7	**90,6%**	Hvamms-tangi	90,6%	Hb.svæði	4,9%
Bíla-verkstæði	2,6	**91,8%**	Hvamms-tangi	91,8%	Hb.svæði	8,2%
Póstbox	2,5	**99,3%**	Hvamms-tangi	99,3%	-	-
Sérfræði-læknir	1,5	**0,0%**	Hb.svæði	90,0%	-	-
Tannlæknir	1,0	**65,6%**	Hvamms-tangi	65,6%	Sauðár-krókur	17,2%
Sérfræði-ráðgjöf	1,0	-	Hb.svæði	88,1%	-	-

10.7.3 Þjónustusókn Hvammstangi dreifbýli

Íbúar í dreifbýli við Hvammstanga (n=20; íbúar=348) sækja stærstan hluta þjónustu innan þjónustusvæðis Hvammstanga. Íbúarnir versla að mestu í matinn á Hvammstanga en eitthvað er sótt í lágvöruverðsverslun, helst í Borgarnesi og stundum á höfuðborgarsvæðinu (tafla 100). Apótek, menningarviðburðir, vínbúð, pósthús og byggingavöruverslun eru þjónustuþættir sem íbúarnir sækja að lang mestu leyti á Hvammstanga.

Tafla 100. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hvammstanga.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	108,6	**91,2%**	Hvamms-tangi	91,2%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	15,6	**96,2%**	Hvamms-tangi	96,2%	-	-
Menning / afþreying	14,4	**95,8%**	Hvamms-tangi	95,8%	-	-
Vínbúð	13,8	**100,0%**	Hvamms-tangi	100,0%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	13,2	**0,0%**	Borgarnes	63,6%	Hb.svæði	18,2%
Pósthús / póstbíll	10,3	**100,0%**	Hvamms-tangi	100,0%	-	-
Byggingavöru-verslun	10,1	**93,0%**	Hvamms-tangi	93,0%	-	-
Öll þjónusta	263,8	**83,8%**				

Íbúar í dreifbýli við Hvammstanga nota flesta aðra mikilvæga þjónustuþætti einnig oftast innan þjónustusvæðisins (tafla 101). Algengast er að föt og skór séu keypt á höfuðborgarsvæðinu og farið er til sérfræðilæknis á höfuðborgarsvæðinu. Of fáir nota ráðgjöf sérfræðinga (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) til að hægt sé að sýna hvar sú þjónusta er nýtt. Annað öðru leyti er þjónustusókn nær alfarið bundin við Hvammstanga.

Tafla 101. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa dreifbýli við Hvammstanga.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Bíla-verkstæði	5,1	**96,1%**	Hvamms-tangi	96,1%	-	-
Hársnyrting	3,0	**96,6%**	Hvamms-tangi	96,6%	-	-
Póstbox	2,7	**100,0%**	Hvamms-tangi	100,0%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	2,6	**0,0%**	Hb.svæði	84,3%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	2,5	**100,0%**	Hvamms-tangi	100,0%	-	-
Dropp	1,8	**100,0%**	Hvamms-tangi	100,0%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	78,0	**100,0%**	Akureyri	100,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	20,0	**100,0%**	Akureyri	100,0%	-	-
Önnur dagvöruv.	20,0	**80,0%**	Akureyri	80,0%	-	-
Bakarí	18,0	**100,0%**	Akureyri	100,0%	-	-
Öll þjónusta	232,8	**87,5%**				

Fnjóskdælingar sækja nær alla aðra mikilvæga þjónustu til Akureyrar (tafla 144). Svarendur í Fnjóskadal eru of fáir til að hægt sé að greina staðsetningar þjónustusóknar fyrir suma þjónustuþætti.

Tafla 144. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Fnjóskadal.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	7,0	**66,7%**	Akureyri	66,7%	-	-
Hársnyrting	5,0	**63,3%**	Akureyri	63,3%	-	-
Sjúkraþjálfun	3,5	**100,0%**	Akureyri	100,0%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	3,3	**100,0%**	Akureyri	100,0%	-	-
Sérfræði-læknir	2,3	**100,0%**	Akureyri	100,0%	-	-
Bíla-verkstæði	1,8	**90,9%**	Akureyri	90,9%	-	-
Tannlæknir	1,2	**85,7%**	Akureyri	85,7%	-	-
Dropp	1,0	-	-	-	-	-
Póstbox	0,8	**-**	-	-	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,2	-	-	-	-	-

10.8.13 Þjónustusókn Húsavík

Íbúar á Húsavík (n=187; íbúar=1.825) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Mest sótta þjónustan eru dagvöruverslanir og oftast er verslað innanbæjar en eitthvað á Akureyri (tafla 145). Þegar könnunin var gerð gátu íbúar farið í bakarí á Húsavík en því var lokað eftir að könnunin fór fram.

Tafla 145. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Húsavík.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	132,7	**85,9%**	Húsavík	85,9%	Akureyri	13,2%
Sund / baðstaðir	65,9	**93,8%**	Húsavík	93,8%	Akureyri	3,2%
Líkamsrækt	36,6	**99,5%**	Húsavík	99,5%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	36,2	**96,1%**	Húsavík	96,1%	Akureyri	1,8%
Önnur dagvöruv.	33,6	**88,0%**	Húsavík	88,0%	Akureyri	7,4%
Bakarí	24,4	**96,3%**	Húsavík	96,3%	Akureyri	2,4%
Vínbúð	17,1	**95,1%**	Húsavík	95,1%	Akureyri	4,5%
Öll þjónusta	443,9	**90,7%**				

Húsvíkingar geta jafnframt sótt flesta aðra mikilvæga þjónustu innanbæjar (tafla 146). Föt og skó versla þeir helst á Húsavík en eitthvað á Akureyri eða erlendis. Póstbox, sjúkraþjálfun, heilsugæsla, hársnyrting, Dropp og bíla-verkstæði eru að lang stærstum hluta sótt innanbæjar. Flestir tannlækna-tímar og viðtöl við sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) eru á Húsavík en stór hluti á Akureyri. Þá er oftast farið til sérfræðilæknis á Akureyri en annars á höfuðborgarsvæðinu eða á Húsavík.

Tafla 146. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Húsavík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	5,4	**86,9%**	Húsavík	86,9%	Akureyri	6,8%
Póstbox	4,8	**100,0%**	Húsavík	100,0%	-	-
Sjúkraþjálfun	4,4	**97,7%**	Húsavík	97,7%	Akureyri	1,8%
Heilsug./ heim.læknir	4,4	**98,9%**	Húsavík	98,9%	Akureyri	0,5%
Hársnyrting	4,4	**93,0%**	Húsavík	93,0%	Akureyri	2,8%
Dropp	3,2	**100,0%**	Húsavík	100,0%	-	-
Bíla-verkstæði	2,5	**92,2%**	Húsavík	92,2%	Akureyri	7,0%
Tannlæknir	1,3	**56,3%**	Húsavík	56,3%	Akureyri	42,5%
Sérfræði-ráðgjöf	1,2	**45,5%**	Húsavík	45,5%	Akureyri	39,6%
Sérfræði-læknir	1,0	**21,1%**	Akureyri	50,5%	Hb.svæði	28,4%

10.8.14 Þjónustusókn Húsavík dreifbýli

Íbúar í dreifbýli nálægt Húsavík (n=54; íbúar=522) sækja stærstan hluta þjónustu innan þjónustusóknarsvæðis Húsavíkur. Þrátt fyrir það er lágvöruverðsverslun, sem er algengasta þjónustan, ívið oftar sótt til Akureyrar (tafla 147). Auk þess er hluti þjónustusóknartilvika vegna flestra algengra þjónustuþátta á Akureyri, fyrir utan sund og líkamsrækt. Meirihluti sundferða íbúanna er á þjónustusvæði Húsavíkur, flestar á Húsavík en einhver hluti innan sveitar á Stórutjörnum, en stór hluti sundferða er einnig á Laugum.

Tafla 147. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Húsavík.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	86,2	**49,7%**	Akureyri	50,3%	Húsavík	49,7%
Lyfjaverslun / apótek	24,4	**66,4%**	Húsavík	66,4%	Akureyri	32,7%
Önnur dagvöruv.	22,7	**55,9%**	Húsavík	55,9%	Akureyri	39,2%
Sund / baðstaðir	18,2	**61,0%**	Húsavík	61,0%	Laugar	36,6%
Bakarí	11,8	**73,6%**	Húsavík	73,6%	Akureyri	26,4%
Líkamsrækt	11,6	**63,5%**	Húsavík	63,5%	-	-
Vínbúð	11,6	**57,7%**	Húsavík	57,7%	Akureyri	42,3%
Öll þjónusta	294,0	**55,0%**				

Flesta aðra mikilvæga þjónustu geta íbúar í dreifbýli við Húsavík sótt bæði til Húsavíkur og Akureyrar. Föt og skór eru oftar keypt á Akureyri en á Húsavík, en sjúkraþjálfun og heilsugæsla oftast sótt á Húsavík (tafla 148). Oftar er farið í hársnyrtingu og sótt í póstbox eða Dropp á Húsavík en á Akureyri. Mun algengara er að íbúarnir fari með bíla í viðgerð á Húsavík en á Akureyri. Sérfræðiráðgjafaþjónusta (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) er hins vegar ýmist sótt til Akureyrar eða Húsavíkur. Tannlæknatímar eru að oftast á Akureyri en stundum á Húsavík og viðtöl við sérfræðilækna eru að mestu á Akureyri en einnig á höfuðborgarsvæðinu og stundum á Húsavík.

Tafla 148. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Húsavík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	6,0	**40,7%**	Akureyri	48,1%	Húsavík	40,7%
Sjúkraþjálfun	4,9	**91,7%**	Húsavík	91,7%	Akureyri	8,3%
Heilsug./ heim.læknir	4,4	**89,5%**	Húsavík	89,5%	Akureyri	7,5%
Hársnyrting	3,3	**51,4%**	Húsavík	51,4%	Akureyri	45,8%
Póstbox	3,0	**61,5%**	Húsavík	61,5%	Akureyri	36,6%
Bíla-verkstæði	2,4	**85,2%**	Húsavík	85,2%	Akureyri	14,8%
Dropp	2,3	**72,1%**	Húsavík	72,1%	Akureyri	27,9%
Sérfræði-ráðgjöf	1,2	**31,3%**	Akureyri	32,8%	Húsavík	31,3%
Tannlæknir	1,1	**12,9%**	Akureyri	87,1%	Húsavík	12,9%
Sérfræði-læknir	1,0	**16,4%**	Akureyri	47,3%	Hb.svæði	36,4%

10.8.15 Þjónustusókn Laugar og Fosshóll

Íbúar á þjónustusvæði Lauga (n=23; íbúar=185) sækja ríflega þriðjung þjónustu innan svæðisins en tæplega helmingur þjónustusóknartilvika er á Akureyri (tafla 149). Lágvöruverðsverslun er aðallega sótt á Akureyri en eitthvað á Húsavík. Talsverður hluti dagvöruverslunar er þó innan svæðisins, á Laugum, og langflestar sundferðir íbúanna eru þar einnig. Farið er í apótek á Akureyri og oftast vínbúð líka en það er stundum gert á Húsavík.

Tafla 149. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Laugum og Fosshóli.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	55,3	**0,0%**	Akureyri	88,7%	Húsavík	11,3%
Sund / baðstaðir	32,9	**95,2%**	Laugar	95,2%	-	-
Önnur dagvöruv.	32,9	**87,3%**	Laugar	87,3%	Akureyri	11,1%
Lyfjaverslun / apótek	18,8	**0,0%**	Akureyri	94,4%	-	-
Vínbúð	16,2	**0,0%**	Akureyri	58,1%	Húsavík	29,0%
Öll þjónusta	254,9	**35,1%**				

Laugabúar og Bárðdælingar fara ýmist á heilsugæslu á Húsavík eða á Laugum. Sjúkraþjálfun er oftast sótt á Húsavík og viðtöl við sérfræðilækna eru oftast á Akureyri en stundum á höfuðborgarsvæðinu (tafla 150). Föt og skór eru helst keypt á Akureyri en oft á Húsavík og stundum á höfuðborgarsvæðinu. Farið er í klippingu á Húsavík, Akureyri eða Laugum. Sótt er í póstbox á Laugum og sendingar með Dropp eru oftast sóttar til Húsavíkur en stundum Akureyrar. Sérfræðiráðgjöf (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) er oftast sótt til Akureyrar og það eru bílaverkstæði og tannlæknaþjónusta einnig.

Tafla 150. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Laugum og Fosshóli.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	4,0	**38,5%**	Húsavík	60,4%	Laugar	38,5%
Fataverslun/ skóbúð	3,5	**0,0%**	Akureyri	51,3%	Húsavík	28,8%
Hársnyrting	3,3	**26,3%**	Húsavík	35,5%	Akureyri	28,9%
Sjúkraþjálfun	2,9	**0,0%**	Húsavík	57,6%	-	-
Póstbox	2,1	**93,8%**	Laugar	93,8%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	2,0	**0,0%**	Akureyri	63,8%	-	-
Sérfræði-læknir	1,8	-	Akureyri	54,8%	Hb.svæði	26,2%
Bíla-verkstæði	1,3	-	Akureyri	37,9%	-	-
Tannlæknir	1,2	**0,0%**	Akureyri	78,6%	-	-
Dropp	1,0	**0,0%**	Húsavík	63,6%	Akureyri	36,4%

10.8.16 Þjónustusókn Mývatn

Mývetningar (n=29; íbúar=447) sækja rúmlega helming þjónustu innan svæðisins og um þriðjung til Akureyrar. Þjónustan sem íbúar sækja mest eru dagvöruverslanir og er aðeins meira er verslað í Reykjahlíð en í lágvöruverðsverslun á Akureyri (tafla 151). Líkamsrækt er stunduð við Mývatn og oftast er farið í apótek þar en stundum á Akureyri. Um helmingur ferða í sundlaugar eða baðstaði er innan svæðisins og er þá líklegast átt við Jarðböðin við Mývatn eða heitan pott við íþróttamiðstöðina í Reykjahlíð, því sundlaug er ekki lengur þar. Tæplega þriðjungur sundferða er síðan á Laugum. Algengt er að Mývetningar fari á veitingahús á svæðinu og einnig stundum á Akureyri.

Tafla 151. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa við Mývatn.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	41,0	**100,0%**	Mývatn	100,0%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	37,2	**0,0%**	Akureyri	95,6%	-	-
Líkamsrækt	32,3	**100,0%**	Mývatn	100,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	23,2	**73,2%**	Mývatn	73,2%	Akureyri	23,2%
Sund / baðstaðir	15,7	**52,6%**	Mývatn	52,6%	Laugar	31,6%
Veitingahús	10,4	**62,4%**	Mývatn	62,4%	Akureyri	22,8%
Öll þjónusta	245,3	**54,2%**				

Íbúar við Mývatn fara í sjúkraþjálfun á svæðinu en oftar í klippingu á Akureyri en innan svæðisins (tafla 152). Póstbox er notað við Mývatn og stærstur hluti heilsugæsluþjónustu er sóttur þar, þó einhver hluti sé á Húsavík. Algengast er að sækja sérfræðiráðgjöf (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) til Akureyrar og þar eru fatnaður og skór líka oftast keypt, þó stundum sé það gert á Húsavík eða höfuðborgarsvæðinu. Oftast er bifreiðaverkstæði notað við Mývatn en oft á Akureyri. Flestar heimsóknir til tannlæknis eru á Akureyri og þar er einnig algengast að hitta sérfræðilækni, þó það sé oft gert á höfuðborgarsvæðinu. Droppsendingar eru oftast sóttar á Akureyri.

Tafla 152. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa við Mývatn.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	5,4	**94,9%**	Mývatn	94,9%	-	-
Hársnyrting	3,6	**23,8%**	Akureyri	47,6%	Mývatn	23,8%
Póstbox	3,6	**100,0%**	Mývatn	100,0%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	3,4	**77,0%**	Mývatn	77,0%	Húsavík	15,0%
Sérfræði-ráðgjöf	2,7	**0,0%**	Akureyri	93,5%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	2,4	**0,0%**	Akureyri	62,0%	Húsavík	23,9%
Bíla-verkstæði	2,2	**42,2%**	Mývatn	42,2%	Akureyri	34,4%
Tannlæknir	1,3	**0,0%**	Akureyri	78,9%	-	-
Sérfræði-læknir	0,8	**0,0%**	Akureyri	50,0%	Hb.svæði	29,2%
Dropp	0,6	-	Akureyri	87,5%	-	-

10.8.17 Þjónustusókn Kópasker

Íbúar á Kópaskeri (n=11; íbúar=93) sækja stærstan hluta þjónustu innan Öxarfjarðarhéraðs en einnig er algengt að sækja þjónustu til Akureyrar. Stór hluti þjónustusóknarinnar er vegna dagvöruverslunar á Kópaskeri og oftast er farið í apótek og vínbúð innanbæjar (tafla 153). Eina algenga þjónustan sem sótt er annað er lágvöruverðsverslun á Akureyri.

Tafla 153. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Kópaskeri.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	89,5	**98,8%**	Kópasker	98,8%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	27,3	**76,0%**	Kópasker	76,0%	-	-
Vínbúð	13,1	**100,0%**	Kópasker	100,0%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	13,1	**0,0%**	Akureyri	83,3%	-	-
Öll þjónusta	243,7	**74,9%**				

Íbúar á Kópaskeri fara á heilsugæslu og sjúkraþjálfun innanbæjar (tafla 154). Sendingar í póstboxi og með Dropp eru sóttar á Kópaskeri og hársnyrting og bílaverkstæði eru að stærstum hluta notuð innanbæjar. Algengast er að föt og skór séu keypt á Akureyri en einnig annars staðar. Tannlæknaþjónusta er oftast nýtt á Akureyri og þjónusta sérfræðilækna er helst sótt til Húsavíkur en oft annað. Of fáir sækja ráðgjöf sérfræðinga (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) til að hægt sé að sýna hvar sú þjónusta er nýtt.

Tafla 154. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Kópaskeri.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	5,6	**100,0%**	Kópasker	100,0%	-	-
Póstbox	5,4	**100,0%**	Kópasker	100,0%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,0	**0,0%**	Akureyri	48,5%	-	-
Hársnyrting	2,8	**71,0%**	Kópasker	71,0%	-	-
Bíla-verkstæði	1,8	**75,0%**	Kópasker	75,0%	-	-
Tannlæknir	1,4	**0,0%**	Akureyri	86,7%	-	-
Sjúkraþjálfun	1,2	**100,0%**	Kópasker	100,0%	-	-
Sérfræði-læknir	1,2	**0,0%**	Húsavík	46,2%	-	-
Dropp	0,2	**100,0%**	Kópasker	100,0%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,0	-	-	-	-	-

10.8.18 Þjónustusókn Kópasker dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Öxarfjarðarhéraðs (n=39; íbúar=142) sækja þjónustu mikið innan þjónustusvæðis Kópaskers en líka til Húsavíkur og nokkuð til Akureyrar. Um 10% þjónustusóknartilvika eru innan dreifbýlisins sjálfs. Mest sótta þjónustan er dagvöruverslun innan þjónustusvæðisins, oftast á Kópaskeri en stundum í Ásbyrgi (tafla 155). Oft er líka verslað í dagvöruverslunum á Húsavík og talsvert í lágvöruverðsverslun á Akureyri. Líkamsrækt er helst stunduð innan svæðisins, oftast á Kópaskeri en stundum í Lundi. Apótek og vínbúð eru oftar notuð á Húsavík en á Kópaskeri. Flestar sundferðir íbúanna eru á Húsavík en stundum er farið í sund á Akureyri.

Tafla 155. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Kópasker.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	58,5	**81,1%**	Kópasker	81,1%	Húsavík	11,1%
Lágvöru-verðsverslun	38,2	**0,0%**	Húsavík	63,7%	Akureyri	36,3%
Líkamsrækt	31,4	**74,5%**	Kópasker	74,5%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	17,5	**42,1%**	Húsavík	50,9%	Kópasker	42,1%
Sund / baðstaðir	13,5	**0,0%**	Húsavík	68,2%	Akureyri	18,2%
Vínbúð	10,2	**36,4%**	Húsavík	48,5%	Kópasker	36,4%
Öll þjónusta	254,0	**41,3%**				

Póstbox er að mestu notað á Kópaskeri en Dropp sendingar og hluti póstboxsendinga eru sóttar til Húsavíkur (tafla 156). Oftast er farið á heilsugæslu á Kópaskeri en einnig talsvert á Húsavík. Algengast er að föt og skór séu keypt á Akureyri eða á Húsavík. Þjónustusókn vegna hársnyrtingar dreifist nokkuð jafnt milli Húsavíkur, Kópaskers og Akureyrar. Bílaverkstæði eru helst notuð á Kópaskeri og Húsavík en sjúkraþjálfun oftast á Kópaskeri. Flestir tannlæknatímar íbúanna eru á Akureyri og sumir á Húsavík. Ýmist er farið til sérfræðilæknis á Akureyri eða Húsavík og stundum á höfuðborgarsvæðinu. Of fáir sækja sérfræðiráðgjöf (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) til að hægt sé að sýna hvar sú þjónusta er nýtt.

Tafla 156. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Kópasker.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	4,0	**88,5%**	Kópasker	88,5%	Húsavík	11,5%
Heilsug./ heim.læknir	3,9	**64,5%**	Kópasker	64,5%	Húsavík	34,2%
Fataverslun/ skóbúð	3,7	**0,0%**	Akureyri	36,1%	Húsavík	36,1%
Hársnyrting	3,4	**27,6%**	Húsavík	38,8%	Kópasker	27,6%
Bíla-verkstæði	2,9	**53,9%**	Kópasker	53,9%	Húsavík	42,6%
Sjúkraþjálfun	2,1	**72,0%**	Kópasker	72,0%	-	-
Dropp	1,2	**-**	Húsavík	63,8%	-	-
Tannlæknir	1,0	**0,0%**	Akureyri	72,5%	Húsavík	20,0%
Sérfræði-læknir	0,7	**0,0%**	Akureyri	46,4%	Húsavík	32,1%
Sérfræði-ráðgjöf	0,1	-	-	-	-	-

10.8.19 Þjónustusókn Raufarhöfn

Raufarhafnarbúar (n=51; íbúar=170) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Algengustu þjónustuþættirnir eru önnur dagvöruverslun, sund, líkamsrækt og apótek og er öll sú þjónusta sótt innanbæjar (tafla 157). Lágvöruverðsverslun er aðallega sótt á Akureyri en stundum á Húsavík. Farið er á pósthús á Raufarhöfn en oftast í vínbúð á Kópaskeri og stundum á Akureyri.

Tafla 157. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Raufarhöfn.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	153,4	**95,6%**	Raufar-höfn	95,6%	-	-
Sund / baðstaðir	57,9	**95,1%**	Raufar-höfn	95,1%	-	-
Líkamsrækt	44,9	**100,0%**	Raufar-höfn	100,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	28,5	**90,1%**	Raufar-höfn	90,1%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	24,2	**-**	Akureyri	52,4%	Húsavík	6,8%
Pósthús / póstbíll	14,9	**99,5%**	Raufar-höfn	99,5%	-	-
Vínbúð	12,9	**-**	Kópasker	54,5%	Akureyri	14,5%
Öll þjónusta	405,6	**81,1%**				

Íbúar á Raufarhöfn nota heilsugæslu, bílaverkstæði og sjúkraþjálfun á staðnum (tafla 158). Föt og skór eru ýmist versluð á Akureyri, rafrænt eða á höfuðborgarsvæðinu. Oftast er farið í hársnyrtingu á Akureyri en stundum á höfuðborgarsvæðinu. Droppsendingar eru oftast sóttar innanbæjar en oft annars staðar. Sérfræðilæknar og tannlæknar eru helst heimsóttir á Akureyri en stundum á höfuðborgarsvæðinu. Þjónusta sérfræðiráðgjafa (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) er oftast notuð á höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri.

Tafla 158. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Raufarhöfn.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	3,9	**99,0%**	Raufar-höfn	99,0%	**-**	**-**
Fataverslun/ skóbúð	3,4	**0,0%**	Akureyri	29,9%	Rafrænt	29,3%
Bíla-verkstæði	2,9	**88,0%**	Raufar-höfn	88,0%	Akureyri	6,0%
Hársnyrting	2,1	**-**	Akureyri	72,9%	Hb.svæði	11,2%
Sjúkraþjálfun	1,9	**99,0%**	Raufar-höfn	99,0%	**-**	**-**
Dropp	0,8	**55,0%**	Raufar-höfn	55,0%	**-**	**-**
Sérfræði-læknir	0,5	**0,0%**	Akureyri	60,7%	Hb.svæði	17,9%
Sérfræði-ráðgjöf	0,5	**0,0%**	Hb.svæði	22,2%	Akureyri	18,5%
Tannlæknir	0,5	**0,0%**	Akureyri	60,0%	Hb.svæði	24,0%
Póstbox	0,3	**0,0%**	**-**	**-**	**-**	**-**

10.8.20 Þjónustusókn Þórshöfn

Íbúar á Þórshöfn og nágrenni (n=42; íbúar=361) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Eina algenga þjónustan sem ekki er að mestu sótt innanbæjar er lágvöruverðsverslun sem oftast er sótt á Akureyri en stundum á Egilsstöðum (tafla 159).

Tafla 159. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Þórshöfn.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	159,7	**83,5%**	Þórshöfn	83,5%	-	-
Líkamsrækt	53,1	**100,0%**	Þórshöfn	100,0%	-	-
Sund / baðstaðir	26,3	**82,6%**	Þórshöfn	82,6%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	25,1	**-**	Akureyri	42,0%	Egilsstaðir	5,7%
Lyfjaverslun / apótek	23,7	**96,4%**	Þórshöfn	96,4%	-	-
Vínbúð	17,4	**95,1%**	Þórshöfn	95,1%	-	-
Pósthús / póstbíll	10,3	**91,4%**	Þórshöfn	91,4%	-	-
Öll þjónusta	372,7	**78,7%**				

Þórshafnarbúar nota heilsugæslu, bílaverkstæði og Dropp á staðnum (tafla 160). Föt og skór eru oftast keypt á Akureyri en stundum á höfuðborgarsvæðinu eða Húsavík. Oftast er farið í hársnyrtingu á Akureyri eða Þórshöfn en í einhverjum tilfellum á höfuðborgarsvæðinu. Sjúkraþjálfun er mest sótt á Kópaskeri en oft annars staðar. Flestir tannlæknatímar eru á Akureyri þó algengt sé að farið sé til tannlæknis innanbæjar. Sérfræðilæknar eru ýmist heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri en tímar hjá sérfræðiráðgjöfum (sálfræðingum, félagsráðgjöfum, fjölskylduráðgjöfum, talmeinafræðingum) eru oftast rafrænir. Póstbox var nýkomið á Þórshöfn þegar könnunin fór fram og uppsöfnuð tíðni notkunar því lítil.

Tafla 160. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Þórshöfn.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	5,1	**95,8%**	Þórshöfn	95,8%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,1	-	Akureyri	39,4%	Hb.svæði	17,4%
Hársnyrting	2,2	**37,4%**	Akureyri	38,5%	Þórshöfn	37,4%
Bíla-verkstæði	1,9	**88,6%**	Þórshöfn	88,6%	Akureyri	6,3%
Sjúkraþjálfun	1,3	**-**	Kópasker	70,9%	-	-
Tannlæknir	0,9	**23,7%**	Akureyri	57,9%	Þórshöfn	23,7%
Sérfræði-læknir	0,8	-	Hb.svæði	48,5%	Akureyri	42,4%
Sérfræði-ráðgjöf	0,4	-	Rafrænt	73,3%	-	-
Dropp	0,2	**90,0%**	Þórshöfn	90,0%	-	-
Póstbox	0,0	**-**	-	-	-	-

10.8.21 Þjónustusókn Bakkafjörður

Bakkafjörður er á þjónustusvæði Þórshafnar, en þó er styttra til Vopnafjarðar. Algengast er að íbúar á Bakkafirði (n=8; íbúar=60) sæki þjónustu innan þjónustusvæðisins, en einnig er algengt að þjónusta sé sótt til höfuðborgarsvæðisins og Vopnafjarðar. Mest sótta þjónustan er önnur dagvöruverslun, oft er verslað á Þórshöfn en stundum á Vopnafirði (tafla 161). Íbúarnir fara gjarnan í lágvöruverðsverslun á Akureyri en oft á öðrum stöðum. Ýmist er farið í vínbúð á Þórshöfn eða Vopnafirði en oftast í apótek á Vopnafirði.

Tafla 161. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Bakkafirði.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	79,5	**84,9%**	Þórshöfn	84,9%	Vopna-fjörður	15,1%
Líkamsrækt	57,0	-	-	-	-	-
Lágvöru-verðsverslun	24,0	**0,0%**	Akureyri	37,5%	-	-
Vínbúð	18,0	**50,0%**	Þórshöfn	50,0%	Vopna-fjörður	41,7%
Lyfjaverslun / apótek	13,5	-	Vopna-fjörður	66,7%	-	-
Öll þjónusta	255,0	**53,5%**				

Bakkfirðingar fara oftast á heilsugæslustöð á Vopnafirði en stundum á Þórshöfn og kaupa föt og skó helst á Akureyri (tafla 162). Flestir tímar hjá sérfræðilækni eru á Akureyri en um þriðjungur þeirra annars staðar. Svarendur á Bakkafirði eru of fáir til að hægt sé að sýna staðsetningar þjónustusóknar fyrir aðra mikilvæga þjónustuþætti.

Tafla 162. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Bakkafirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Bíla-verkstæði	3,0	-	-	-	-	-
Fataverslun/ skóbúð	2,4	**0,0%**	Hb.svæði	52,6%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	2,0	**25,0%**	Vopna-fjörður	75,0%	Þórshöfn	25,0%
Sjúkraþjálfun	1,5	-	-	-	-	-
Hársnyrting	1,4	-	-	-	-	-
Tannlæknir	0,8	-	-	-	-	-
Sérfræði-læknir	0,8	**0,0%**	Akureyri	66,7%	-	-
Póstbox	0,5	-	-	-	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,4	-	-	-	-	-
Dropp	0,0	-	-	-	-	-

10.9 Þjónustusókn Austurland

Þjónustusókn á Austurlandi einkennist af sterkri stöðu Egilsstaða sem þjónustumiðstöðvar landshlutans og Reyðarfjarðar sem þungamiðju þjónustu í Fjarðabyggð. Að teknu tilliti til íbúafjölda hvers búsetusvæðis sækja íbúar Austurlands um 78% allrar þjónustu innan síns þjónustusvæðis. Um 94% þjónustusóknartilvika íbúanna eru innan landshlutans, flest þeirra eða 40% eru á Egilsstöðum, um 20% á Reyðarfirði, 12% í Neskaupstað, 6% á Eskifirði og 4% á Vopnafirði, Seyðisfirði og Fáskrúðsfirði. Aðeins um 2% þjónustusóknartilvika eru á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 47 sýnir helstu mynstur þjónustusóknar frá búsetusvæðum Austurlands á korti.

Egilsstaðir gegna lykilhlutverki sem þjónustumiðstöð fyrir Austurland en sérstaklega fyrir Hérað, Borgarfjörð eystri og Seyðisfjörð (tafla 163). Mikil þjónustusókn er einnig til Egilsstaða frá suðurfjörðum Austfjarða. Héraðsbúar sækja nær alla þjónustu á Egilsstöðum og þar er einnig algengast að Borgfirðingar sæki þjónustu. Vopnfirðingar og Seyðfirðingar sækja hins vegar stærstan hluta þjónustu innanbæjar.

Tafla 163. Þjónustusókn norðanvert Austurland.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Vopnafjörður (62)	**Vopnafjörður**	**78,2%**
	Akureyri	11,5%
	Egilsstaðir	6,2%
	Höfuðborgarsvæði	2,1%
	Rafrænt	1,2%
	Annað	0,9%
Egilsstaðir (237)	**Egilsstaðir**	**93,5%**
	Höfuðborgarsvæði	2,8%
	Akureyri	1,4%
	Rafrænt	0,6%
	Annað	1,8%
Hérað drb (63)	**Egilsstaðir**	**89,5%**
	Reyðarfjörður	1,7%
	Höfuðborgarsvæði	1,2%
	Rafrænt	2,2%
	Annað	5,5%
Borgarfjörður eystri (18)	**Borgarfjörður**	**34,4%**
	Egilsstaðir	37,5%
	Höfuðborgarsvæði	6,3%
	Rafrænt	3,0%
	Annað	18,8%
Seyðisfjörður (70)	**Seyðisfjörður**	**69,3%**
	Egilsstaðir	26,6%
	Höfuðborgarsvæði	1,8%
	Rafrænt	0,5%
	Annað	1,8%

Reyðarfjörður gegnir mikilvægu hlutverki sem þjónustustaður fyrir öll búsetusvæði Fjarðabyggðar (tafla 164). Norðfirðingar, Reyðfirðingar og Djúpavogsbúar sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar en á öðrum stöðum á sunnanverðu Austurlandi er þjónustusóknarhlutfall innan svæðis lægra. Eskfirðingar og Fáskrúðsfirðingar sækja um helming þjónustu innanbæjar en Stöðfirðingar og Breiðdælingar minna en helming.

Tafla 164. Þjónustusókn sunnanvert Austurland.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Neskaupstaður (107)	**Neskaupstaður**	**79,0%**
	Reyðarfjörður	11,2%
	Egilsstaðir	5,7%
	Höfuðborgarsvæði	1,6%
	Rafrænt	1,1%
	Annað	1,5%
Eskifjörður (59)	**Eskifjörður**	**52,2%**
	Reyðarfjörður	31,5%
	Egilsstaðir	10,0%
	Neskaupstaður	2,3%
	Höfuðborgarsvæði	1,5%
	Akureyri	1,3%
	Rafrænt	0,5%
	Annað	0,6%
Reyðarfjörður (60)	**Reyðarfjörður**	**82,3%**
	Egilsstaðir	5,9%
	Akureyri	3,8%
	Eskifjörður	3,2%
	Höfuðborgarsvæði	3,0%
	Rafrænt	0,6%
	Annað	1,4%
Fáskrúðsfjörður (48)	**Fáskrúðsfjörður**	**55,2%**
	Reyðarfjörður	29,2%
	Egilsstaðir	8,9%
	Neskaupstaður	1,8%
	Eskifjörður	1,1%
	Höfuðborgarsvæði	1,0%
	Rafrænt	0,5%
	Annað	2,4%
Stöðvarfjörður (41)	**Stöðvarfjörður**	**33,4%**
	Reyðarfjörður	28,2%
	Egilsstaðir	18,0%
	Breiðdalsvík	5,8%
	Fáskrúðsfjörður	5,0%
	Höfuðborgarsvæði	3,8%
	Akureyri	1,4%
	Neskaupstaður	1,1%
	Rafrænt	0,5%
	Annað	2,8%
Breiðdalsvík (15)	**Breiðdalsvík**	**44,0%**
	Reyðarfjörður	27,3%
	Egilsstaðir	23,0%
	Höfuðborgarsvæði	4,1%
	Rafrænt	0,1%
	Annað	1,6%
Djúpivogur (47)	**Djúpivogur**	**77,8%**
	Egilsstaðir	13,5%
	Höfuðborgarsvæði	2,8%
	Höfn	2,1%
	Reyðarfjörður	1,1%
	Rafrænt	0,8%
	Annað	1,9%



Mynd 47. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Austurlandi.

10.9.1 Þjónustusókn Vopnafjörður

Íbúar á Vopnafirði (n=62; íbúar=481) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Auk þess eru Akureyri og að einhverju leyti Egilsstaðir mikilvægir þjónustustaðir fyrir íbúana. Önnur dagvöruverslun er mest sótta þjónustan og er lang oftast verslað innanbæjar (tafla 165). Algengasta þjónustan sem Vopnfirðingar nota annars staðar en heima er lágvöruverðsverslun sem oftast er sótt á Akureyri, stundum á Egilsstöðum.

Tafla 165. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Vopnafirði.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	113,4	**91,3%**	Vopna-fjörður	91,3%	-	-
Sund / baðstaðir	29,0	**97,3%**	Vopna-fjörður	97,3%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	25,2	**87,7%**	Vopna-fjörður	87,7%	Akureyri	6,2%
Lágvöru-verðsverslun	20,9	**-**	Akureyri	69,4%	Egilsstaðir	25,9%
Líkamsrækt	16,8	**98,9%**	Vopna-fjörður	98,9%	-	-
Öll þjónusta	285,2	**78,2%**				

Íbúar á Vopnafirði fara oftast í fata- eða skóverslun á Akureyri en oft á höfuðborgarsvæðinu og stundum rafrænt eða jafnvel erlendis (tafla 166). Heilsugæsluþjónustu, tannlæknaþjónustu og sjúkraþjálfun sækja íbúarnir innanbæjar. Sérfræðilæknar eru oftast heimsóttir á Akureyri en oft á höfuðborgarsvæðinu. Sendingar með Dropp eða í póstboxi eru sóttar á Vopnafirði og oftast er farið í hársnyrtingu innanbæjar. Stundum er farið á bílaverkstæði á Akureyri en slík þjónusta er þó oftast nýtt heima fyrir. Of fáir nýta þjónustu sérfræðiráðgjafa (sálfræðings, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðings) til að hægt sé að greina staðsetningar.

Tafla 166. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Vopnafirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	4,7	**5,9%**	Akureyri	35,6%	Hb.svæði	26,3%
Heilsug./ heim.læknir	3,2	**100,0%**	Vopna-fjörður	100,0%	-	-
Dropp	3,2	**100,0%**	Vopna-fjörður	100,0%	-	-
Póstbox	3,0	**100,0%**	Vopna-fjörður	100,0%	-	-
Hársnyrting	2,6	**83,4%**	Vopna-fjörður	83,4%	-	-
Bíla-verkstæði	1,6	**78,2%**	Vopna-fjörður	78,2%	Akureyri	15,8%
Sérfræði-ráðgjöf	0,9	**-**	-	-	-	-
Sérfræði-læknir	0,8	**0,0%**	Akureyri	58,0%	Hb.svæði	30,0%
Tannlæknir	0,8	**93,8%**	Vopna-fjörður	93,8%	-	-
Sjúkraþjálfun	0,3	**85,0%**	Vopna-fjörður	85,0%	-	-

10.9.2 Þjónustusókn Egilsstaðir

Egilsstaðabúar og Fellbæingar (n=237; íbúar=2.218) sækja því sem næst alla algenga þjónustu innanbæjar hvort sem það er lágvöruverðsverslun, sund, líkamsrækt, apótek, önnur dagvöruverslun, vínbúð eða byggingavöruverslun (tafla 167).

Tafla 167. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Egilsstöðum.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	152,1	**98,3%**	Egilsstaðir	98,3%	Hb.svæði	1,4%
Sund / baðstaðir	43,3	**99,1%**	Egilsstaðir	99,1%	-	-
Líkamsrækt	37,2	**99,5%**	Egilsstaðir	99,5%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	32,8	**98,0%**	Egilsstaðir	98,0%	Reyðar-fjörður	1,1%
Önnur dagvöruv.	18,9	**88,5%**	Egilsstaðir	88,5%	Akureyri	4,3%
Vínbúð	14,5	**90,6%**	Egilsstaðir	90,6%	-	-
Byggingavöru-verslun	12,0	**95,4%**	Egilsstaðir	95,4%	Hb.svæði	2,3%
Öll þjónusta	398,6	**93,5%**				

Íbúar á Egilsstöðum og í Fellabæ fara helst í fata- eða skóbúð innanbæjar en stundum á höfuðborgarsvæðinu og eitthvað á Akureyri, rafrænt eða erlendis (tafla 168). Heilsugæsluþjónusta, sjúkraþjálfun og tannlækna-þjónusta eru að mestu leyti sótt innanbæjar einnig. Íbúarnir sækja sendingar með Dropp og í póstboxum á Egilsstöðum, og oftast er farið í hársnyrtingu innanbæjar en stundum á Reyðarfirði. Algengt er að tímar hjá sérfræði-ráðgjöfum (sálfræðingum, félagsráðgjöfum, fjölskylduráðgjöfum, talmeina-fræðingum) séu rafrænir, en oft eru þeir á Egilsstöðum og í einhverjum tilfellum á höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri. Bílaverkstæði á Egilsstöðum eru oftast notuð en stundum er farið með bílana til Akureyrar. Sérfræði-læknar eru oftast heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu, en stundum innanbæjar eða á Akureyri og í fáeinum tilfellum í Neskaupstað.

Tafla 168. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Egilsstöðum.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	5,5	**61,1%**	Egilsstaðir	61,1%	Hb.svæði	16,7%
Heilsug./ heim.læknir	4,5	**97,4%**	Egilsstaðir	97,4%	-	-
Póstbox	4,3	**92,3%**	Egilsstaðir	92,3%	-	-
Sjúkraþjálfun	4,0	**93,6%**	Egilsstaðir	93,6%	-	-
Dropp	3,6	**97,4%**	Egilsstaðir	97,4%	-	-
Hársnyrting	3,5	**82,0%**	Egilsstaðir	82,0%	Reyðar-fjörður	8,3%
Sérfræði-ráðgjöf	1,6	**32,9%**	Rafrænt	55,4%	Egilsstaðir	32,9%
Bíla-verkstæði	1,5	**92,0%**	Egilsstaðir	92,0%	Akureyri	4,1%
Tannlæknir	1,5	**94,4%**	Egilsstaðir	94,4%	Hb.svæði	2,2%
Sérfræði-læknir	1,3	**19,2%**	Hb.svæði	60,1%	Egilsstaðir	19,2%

10.9.3 Þjónustusókn Hérað dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Héraðs (n=63; íbúar=660) sækja nánast alla þjónustu til Egilsstaða hvort sem það er lágvöruverðsverslun, apótek, sund, önnur dagvöruverslun, byggingavöruverslun eða líkamsrækt (tafla 169).

Tafla 169. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli á Héraði.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	111,8	**96,3%**	Egilsstaðir	96,3%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	25,0	**96,9%**	Egilsstaðir	96,9%	-	-
Sund / baðstaðir	18,7	**96,9%**	Egilsstaðir	96,9%	-	-
Önnur dagvöruv.	15,8	**92,8%**	Egilsstaðir	92,8%	-	-
Byggingavöru-verslun	10,1	**97,5%**	Egilsstaðir	97,5%	-	-
Líkamsrækt	10,1	**88,7%**	Egilsstaðir	88,7%	-	-
Öll þjónusta	272,0	**89,5%**				

Íbúar í dreifbýli á Héraði nota heilsugæsluþjónustu, sjúkraþjálfun, tannlæknaþjónustu, bílaverkstæði, póstbox og Dropp oftast nær á Egilsstöðum (tafla 170). Föt og skór eru oftast keypt á Egilsstöðum en oft á höfuðborgarsvæðinu eða á Akureyri. Oftast er farið í klippingu á Egilsstöðum en stundum á Reyðarfirði. Flestir tímar íbúanna hjá sérfræðilækni eru á höfuðborgarsvæðinu en sumir á Egilsstöðum og einhverjir á Akureyri eða í Neskaupstað. Viðtöl við sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) eru oftast rafræn en sum eru á Egilsstöðum.

Tafla 170. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli á Héraði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	3,3	**93,3%**	Egilsstaðir	93,3%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	2,7	**42,1%**	Egilsstaðir	42,1%	Hb.svæði	26,9%
Hársnyrting	2,3	**61,1%**	Egilsstaðir	61,1%	Reyðar-fjörður	25,0%
Bíla-verkstæði	2,1	**92,5%**	Egilsstaðir	92,5%	-	-
Sjúkraþjálfun	2,0	**91,2%**	Egilsstaðir	91,2%	-	-
Póstbox	1,9	**98,4%**	Egilsstaðir	98,4%	-	-
Dropp	1,9	**90,2%**	Egilsstaðir	90,2%	-	-
Tannlæknir	1,5	**96,8%**	Egilsstaðir	96,8%	-	-
Sérfræði-læknir	0,8	**21,2%**	Hb.svæði	46,2%	Egilsstaðir	21,2%
Sérfræði-ráðgjöf	0,5	**26,7%**	Rafrænt	63,3%	Egilsstaðir	26,7%

10.9.4 Þjónustusókn Borgarfjörður eystri

Íbúar á Borgarfirði eystri (n=18; íbúar=116) nota þjónustu á Egilsstöðum aðeins oftar en þeir gera á Borgarfirði. Algengasta þjónustan, önnur dagvöruverslun, er sótt í þorpinu en algengast er að farið sé í lágvöruverðsverslun og apótek á Egilsstöðum (tafla 171). Ferðir í sund eða á baðstaði eru langflestar innanbæjar og er þá líklega átt við heilsulind í Blábjörgum. Íbúar nýta þjónustu veitingahúsa og sækja menningarviðburði að stórum hluta á Borgarfirði eystri.

Tafla 171. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Borgarfirði eystri.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	75,3	**100,0%**	Borgarfj. eystri	100,0%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	68,0	**0,0%**	Egilsstaðir	66,7%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	51,3	**0,0%**	Egilsstaðir	59,7%	-	-
Sund / baðstaðir	14,7	**86,4%**	Borgarfj. eystri	86,4%	-	-
Veitingahús	12,8	**39,0%**	Borgarfj. eystri	39,0%	-	-
Menning / afþreying	11,3	**64,7%**	Borgarfj. eystri	64,7%	-	-
Öll þjónusta	321,7	**34,4%**				

Svarendur á Borgarfirði eystri eru of fáir til að hægt sé að sýna staðsetningar þjónustusóknar fyrir suma þjónustuþætti. Heilsugæsla og tannlæknaþjónusta eru að mestu sóttar til Egilsstaða (tafla 172). Sjúkraþjálfun er einnig helst notuð á Egilsstöðum en svarendur eru of fáir til að hlutdeildin greinist vel. Oftast er farið til sérfræðilæknis á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Egilsstöðum. Föt eru helst keypt rafrænt en í einhverjum tilfellum á höfuðborgarsvæðinu. Helst er farið með bíla í viðgerð til Egilsstaða og þar eru sendingar með Dropp líka sóttar.

Tafla 172. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Borgarfirði eystri.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	6,6	**0,0%**	Egilsstaðir	15,3%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	4,9	-	Egilsstaðir	54,5%	-	-
Sérfræði-læknir	3,4	**0,0%**	Hb.svæði	75,8%	Egilsstaðir	17,7%
Fataverslun/ skóbúð	3,4	**0,0%**	Rafrænt	65,6%	Hb.svæði	9,8%
Bíla-verkstæði	2,0	-	Egilsstaðir	75,0%	-	-
Dropp	1,9	**0,0%**	Egilsstaðir	97,1%	-	-
Hársnyrting	1,6	**0,0%**	-	-	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	1,5	**0,0%**	-	-	-	-
Tannlæknir	1,1	**0,0%**	Egilsstaðir	75,0%	-	-
Póstbox	1,0	-	-	-	-	-

10.9.5 Þjónustusókn Seyðisfjörður

Seyðfirðingar (n=70; íbúar=537) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar en ríflega fjórðungur þjónustusóknartilvika er til Egilsstaða. Sú þjónusta sem íbúarnir sækja oftast er önnur dagvöruverslun og er nær alltaf verslað innanbæjar (tafla 173). Íbúarnir fara oft í lágvöruverðsverslun á Egilsstöðum og þar er einnig stundum farið í sund eða vínbúð. Önnur algeng þjónusta er í flestum tilfellum sótt á Seyðisfirði.

Tafla 173. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Seyðisfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	95,5	**98,4%**	Seyðis-fjörður	98,4%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	57,1	**0,0%**	Egilsstaðir	98,8%	-	-
Sund / baðstaðir	28,5	**79,5%**	Seyðis-fjörður	79,5%	Egilsstaðir	19,3%
Lyfjaverslun / apótek	27,6	**90,7%**	Seyðis-fjörður	90,7%	-	-
Líkamsrækt	16,1	**100,0%**	Seyðis-fjörður	100,0%	-	-
Vínbúð	13,9	**87,7%**	Seyðis-fjörður	87,7%	Egilsstaðir	12,3%
Menning / afþreying	11,8	**95,7%**	Seyðis-fjörður	95,7%	-	-
Öll þjónusta	319,3	**69,3%**				

Íbúar á Seyðisfirði fara helst á heilsugæslu og til tannlæknis innanbæjar en sérfræðilæknar eru oftast heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu og í einhverjum tilfellum á Egilsstöðum (tafla 174). Sendingar í póstboxi eða með Dropp eru sóttar á Seyðisfirði. Föt og skór eru oftast versluð á Egilsstöðum en einnig að talsverðu leyti á höfuðborgarsvæðinu og í einhverjum tilfellum á Akureyri.

Íbúarnir fara oftast í hársnyrtingu á Seyðisfirði en oft á Egilsstöðum og stundum á höfuðborgarsvæðinu. Sjúkraþjálfarar og sérfræðiráðgjafar (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) eru aðallega heimsóttir á Egilsstöðum. Oftast er farið með bíla í viðgerð á Egilsstöðum en í sumum tilfellum á Akureyri.

Tafla 174. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Seyðisfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	4,5	**98,1%**	Seyðis-fjörður	98,1%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	4,0	**93,3%**	Seyðis-fjörður	93,3%	Egilsstaðir	5,7%
Fataverslun/ skóbúð	3,6	**0,0%**	Egilsstaðir	49,8%	Hb.svæði	30,0%
Dropp	2,4	**80,5%**	Seyðis-fjörður	80,5%	Egilsstaðir	19,5%
Hársnyrting	2,2	**54,3%**	Seyðis-fjörður	54,3%	Egilsstaðir	29,1%
Sérfræði-læknir	1,3	**0,0%**	Hb.svæði	90,4%	Egilsstaðir	3,2%
Tannlæknir	1,2	**75,3%**	Seyðis-fjörður	75,3%	Egilsstaðir	15,3%
Bíla-verkstæði	1,2	-	Egilsstaðir	88,1%	Akureyri	4,8%
Sérfræði-ráðgjöf	0,5	**0,0%**	Egilsstaðir	77,1%	-	-
Sjúkraþjálfun	0,3	**0,0%**	Egilsstaðir	75,0%	-	-

10.9.6 Þjónustusókn Neskaupstaður

Íbúar í Neskaupstað (n=107; íbúar=1.118) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar þó nokkur hluti sé sóttur til Reyðarfjarðar. Lang algengasta notkun þjónustu er önnur dagvöruverslun sem er að nær öllu leyti sótt innanbæjar og þar næst lágvöruverðsverslun sem er oftast sótt til Reyðarfjarðar, þó margir versli á Egilsstöðum (tafla 175). Líkamsrækt og sund eru að nær öllu leyti stunduð innanbæjar og oftast er farið í apótek og vínbúð í Neskaupstað. Bakarí er oftar sótt í Neskaupstað en á Reyðarfirði þó litlu muni.

Tafla 175. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Neskaupstað.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	122,0	**98,9%**	Nes-kaupst.	98,9%	Egilsstaðir	0,8%
Lágvöru-verðsverslun	49,3	-	Reyðar-fjörður	60,9%	Egilsstaðir	34,8%
Líkamsrækt	39,7	**98,6%**	Nes-kaupst.	98,6%	-	-
Sund / baðstaðir	34,1	**98,7%**	Nes-kaupst.	98,7%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	29,3	**93,9%**	Nes-kaupst.	93,9%	Reyðar-fjörður	5,4%
Bakarí	24,1	**51,2%**	Nes-kaupst.	51,2%	Reyðar-fjörður	43,7%
Vínbúð	13,7	**95,9%**	Nes-kaupst.	95,9%	-	-
Öll þjónusta	403,6	**79,0%**				

Norðfirðingar sækja sendingar í póstbox og með Dropp innanbæjar og lang flestir fara í klippingu í Neskaupstað (tafla 176). Fata- og skóverslun íbúanna dreifist á marga staði, oftast er verslað í Neskaupstað eða á höfuðborgarsvæðinu en oft rafrænt eða á Egilsstöðum og stundum á Akureyri eða erlendis. Sjúkraþjálfun og heilsugæsla eru að mestu sótt innanbæjar og oftast er farið til tannlæknis í Neskaupstað þó það sé í sumum tilfellum gert á Reyðarfirði eða á höfuðborgarsvæðinu. Norðfirðingar nota bílaverkstæði mest á Egilsstöðum eða í Neskaupstað og stundum á Reyðarfirði. Flestir tímar hjá sérfræðilækni eru í Neskaupstað eða á höfuðborgarsvæðinu, en sumir á Akureyri. Oftast er sérfræðiráðgjöf (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeinafræðingar) sótt rafrænt en stundum í Neskaupstað.

Tafla 176. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Neskaupstað.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	5,4	**97,6%**	Nes-kaupst.	97,6%	-	-
Dropp	4,3	**96,3%**	Nes-kaupst.	96,3%	Reyðar-fjörður	3,7%
Hársnyrting	4,3	**92,3%**	Nes-kaupst.	92,3%	Reyðar-fjörður	4,6%
Fataverslun/ skóbúð	3,5	**25,9%**	Nes-kaupst.	25,9%	Hb.svæði	25,9%
Sjúkraþjálfun	3,5	**96,5%**	Nes-kaupst.	96,5%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	2,9	**93,2%**	Nes-kaupst.	93,2%	Reyðar-fjörður	5,2%
Tannlæknir	1,5	**78,7%**	Nes-kaupst.	78,7%	Reyðar-fjörður	9,1%
Bíla-verkstæði	1,4	**37,1%**	Egilsstaðir	40,4%	Nes-kaupst.	37,1%
Sérfræði-læknir	1,2	**42,9%**	Nes-kaupst.	42,9%	Hb.svæði	40,5%
Sérfræði-ráðgjöf	0,9	**17,6%**	Rafrænt	33,0%	Nes-kaupst.	17,6%

10.9.7 Þjónustusókn Eskifjörður

Eskfirðingar (n=59; íbúar=817) sækja um helming þjónustu innanbæjar, um þriðjung til Reyðarfjarðar og nokkurn hluta til Egilsstaða. Mest sótta þjónustan er dagvöruverslun en algengast er að íbúarnir versli í matinn á Eskifirði, þó mikið sé sótt í lágvöruverðsverslun á Reyðarfirði og einnig á Egilsstöðum (tafla 177). Íbúarnir stunda sund og líkamsrækt á Eskifirði og oftast er farið í apótek innanbæjar, þó það sé oft gert á Reyðarfirði. Algengast er að farið sé í bakarí og vínbúð á Reyðarfirði.

Tafla 177. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Eskifirði.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	81,4	-	Reyðar-fjörður	66,3%	Egilsstaðir	30,3%
Önnur dagvöruv.	64,9	**97,2%**	Eski-fjörður	97,2%	-	-
Sund / baðstaðir	44,5	**98,6%**	Eski-fjörður	98,6%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	27,5	**62,2%**	Eski-fjörður	62,2%	Reyðar-fjörður	25,9%
Líkamsrækt	23,0	**100,0%**	Eski-fjörður	100,0%	-	-
Bakarí	20,7	**0,0%**	Reyðar-fjörður	96,1%	-	-
Vínbúð	13,2	**0,0%**	Reyðar-fjörður	89,2%	Egilsstaðir	7,7%
Öll þjónusta	344,6	**52,2%**				

Íbúar á Eskifirði sækja sendingar í póstbox og með Dropp innanbæjar (tafla 178). Heilsugæsluþjónusta skiptist nokkuð jafnt milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar en í einstaka tilfellum er farið í Neskaupstað. Flestir tannlæknatímar íbúanna eru á Eskifirði. Íbúarnir fara oftast í klippingu á Reyðarfirði en oft í Neskaupstað. Föt og skór eru helst versluð á höfuðborgarsvæðinu en stundum erlendis, á Akureyri, Egilsstöðum eða Reyðarfirði. Sérfræðilæknar eru oftast heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu en stundum í Neskaupstað eða á Akureyri. Ýmist er gert við bíla Eskfirðinga á Eskifirði, Egilsstöðum eða Reyðarfirði. Tímar hjá sérfræðiráðgjafa (sálfræðingi, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðingi) eru flestir rafrænir en sumir eru á höfuðborgarsvæðinu. Flestir fara í sjúkraþjálfun á Reyðarfirði.

Tafla 178. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Eskifirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	6,5	**99,7%**	Eski-fjörður	99,7%	-	-
Dropp	4,7	**100,0%**	Eski-fjörður	100,0%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	4,6	**50,4%**	Eski-fjörður	50,4%	Reyðar-fjörður	44,9%
Hársnyrting	3,1	**0,0%**	Reyðar-fjörður	56,8%	Nes-kaupst.	36,2%
Fataverslun/ skóbúð	2,3	**0,0%**	Hb.svæði	30,4%	Erlendis	18,8%
Tannlæknir	1,5	**76,7%**	Eski-fjörður	76,7%	Reyðar-fjörður	10,0%
Sérfræði-læknir	1,5	**0,0%**	Hb.svæði	56,8%	Nes-kaupst.	22,7%
Bíla-verkstæði	1,3	**35,5%**	Eski-fjörður	35,5%	Egilsstaðir	28,9%
Sérfræði-ráðgjöf	1,0	-	Rafrænt	59,6%	Hb.svæði	14,0%
Sjúkraþjálfun	0,7	-	Reyðar-fjörður	61,0%	-	-

10.9.8 Þjónustusókn Reyðarfjörður

Íbúar á Reyðarfirði (n=60; íbúar=1.021) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Lágvöruverðsverslun er mest sótta þjónustan og er lang oftast verslað innanbæjar (tafla 179). Algengasta þjónustan sem Reyðfirðingar nota annars staðar en heima er sund og baðstaðir sem oftast er sótt á Eskifirði og stundum á Egilsstöðum.

Tafla 179. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Reyðarfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	170,0	**90,0%**	Reyðar-fjörður	90,0%	-	-
Bakarí	46,4	**96,1%**	Reyðar-fjörður	96,1%	-	-
Líkamsrækt	44,2	**100,0%**	Reyðar-fjörður	100,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	34,0	**96,5%**	Reyðar-fjörður	96,5%	-	-
Vínbúð	22,4	**96,4%**	Reyðar-fjörður	96,4%	-	-
Sund / baðstaðir	14,2	**0,0%**	Eski-fjörður	83,1%	Egilsstaðir	14,1%
Bókasafn	10,8	**100,0%**	Reyðar-fjörður	100,0%	-	-
Öll þjónusta	430,8	**82,3%**				

Reyðfirðingar kaupa sér oftast föt og skó á höfuðborgarsvæðinu, Egilsstöðum eða Akureyri en stundum á Reyðarfirði eða rafrænt og í einhverjum tilfellum erlendis (tafla 180). Heilsugæsluþjónusta, sjúkraþjálfun, og tannlæknaþjónusta eru að mestu leyti innanbæjar en sérfræðilæknatímar flestir á höfuðborgarsvæðinu og sumir á Egilsstöðum. Tímar með sérfræðiráðgjafa (sálfræðingi, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðingi) eru oftast rafrænir eða innanbæjar. Sendingar í póstboxum eða með Dropp eru nær alltaf sóttar á Reyðarfirði og einnig er oftast farið í hársnyrtingu innanbæjar. Meirihluti skipta sem farið er með bíla á verkstæði er á Reyðarfirði en nokkur hluti á Egilsstöðum.

Tafla 180. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Reyðarfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	6,4	**13,9%**	Hb.svæði	26,0%	Egilsstaðir	20,5%
Heilsug./ heim.læknir	5,9	**84,9%**	Reyðar-fjörður	84,9%	Eski-fjörður	9,7%
Póstbox	5,7	**91,2%**	Reyðar-fjörður	91,2%	-	-
Sjúkraþjálfun	5,3	**69,7%**	Reyðar-fjörður	69,7%	-	-
Dropp	5,2	**98,4%**	Reyðar-fjörður	98,4%	-	-
Hársnyrting	4,2	**83,8%**	Reyðar-fjörður	83,8%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	2,3	**28,1%**	Rafrænt	29,6%	Reyðar-fjörður	28,1%
Tannlæknir	1,9	**85,8%**	Reyðar-fjörður	85,8%	-	-
Sérfræði-læknir	1,8	**0,0%**	Hb.svæði	67,9%	Egilsstaðir	16,0%
Bíla-verkstæði	1,5	**52,3%**	Reyðar-fjörður	52,3%	Egilsstaðir	28,4%

10.9.9 Þjónustusókn Fáskrúðsfjörður

Íbúar á Fáskrúðsfirði (n=48; íbúar=580) sækja meirihluta þjónustu innanbæjar, en stór hluti þjónustu er sóttur til Reyðarfjarðar og nokkur hluti til Egilsstaða. Dagvöruverslun er mest notaða þjónustan og er oftast verslað á Fáskrúðsfirði, þó oft sé farið í lágvöruverðsverslun á Reyðarfirði eða jafnvel Egilsstöðum (tafla 181). Líkamsrækt, vínbúð og bókasafn eru að stærstum hluta notuð innanbæjar. Sundferðir íbúanna eru flestar á Fáskrúðsfirði en annars er farið í sund á Egilsstöðum eða Eskifirði. Oftast þegar farið er í apótek eða bakarí er það gert á Reyðarfirði.

Tafla 181. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Fáskrúðsfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	98,5	**95,2%**	Fáskrúðs-fjörður	95,2%	Egilsstaðir	2,0%
Lágvöru-verðsverslun	64,3	**19,1%**	Reyðar-fjörður	60,7%	Egilsstaðir	20,2%
Líkamsrækt	31,5	**81,0%**	Fáskrúðs-fjörður	81,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	28,8	**0,0%**	Reyðar-fjörður	92,2%	Egilsstaðir	4,3%
Bakarí	16,3	**0,0%**	Reyðar-fjörður	95,4%	-	-
Sund / baðstaðir	15,8	**47,6%**	Fáskrúðs-fjörður	47,6%	Egilsstaðir	20,6%
Vínbúð	14,8	**83,1%**	Fáskrúðs-fjörður	83,1%	Reyðar-fjörður	15,3%
Bókasafn	11,5	**100,0%**	Fáskrúðs-fjörður	100,0%	-	-
Öll þjónusta	347,3	**55,2%**				

Fáskrúðsfirðingar sækja í póstbox og Dropp innanbæjar (tafla 182). Íbúarnir fara oftast á heilsugæslu á Reyðarfirði en stundum innanbæjar. Oftast er farið í klippingu og til tannlæknis á Fáskrúðsfirði en stundum á Reyðarfirði. Sérfræðiráðgjöf (sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, talmeina-fræðingar) er helst sótt til Egilsstaða en stundum rafrænt. Föt og skór eru ýmist keypt á Reyðarfirði, Egilsstöðum, höfuðborgarsvæðinu eða jafnvel rafrænt. Bílaverkstæði er oftast notað á Breiðdalsvík en oft á Reyðarfirði eða Egilsstöðum. Stundum er farið í sjúkraþjálfun á Reyðarfirði en oftar annars staðar. Sérfræðilæknar eru helst heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Akureyri, Egilsstöðum eða í Neskaupstað.

Tafla 182. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Fáskrúðsfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	5,0	**100,0%**	Fáskrúðs-fjörður	100,0%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	3,3	**29,1%**	Reyðar-fjörður	56,3%	Fáskrúðs-fjörður	29,1%
Hársnyrting	3,1	**63,3%**	Fáskrúðs-fjörður	63,3%	Reyðar-fjörður	30,6%
Sérfræði-ráðgjöf	2,9	-	Egilsstaðir	54,0%	Rafrænt	19,7%
Fataverslun/ skóbúð	2,8	**0,0%**	Reyðar-fjörður	28,6%	Egilsstaðir	27,8%
Dropp	2,6	**91,9%**	Fáskrúðs-fjörður	91,9%	-	-
Tannlæknir	1,5	**54,8%**	Fáskrúðs-fjörður	54,8%	Reyðar-fjörður	21,9%
Bíla-verkstæði	1,4	**0,0%**	Breiðdals-vík	34,8%	Reyðar-fjörður	24,6%
Sjúkraþjálfun	0,9	**0,0%**	Reyðar-fjörður	18,2%	-	-
Sérfræði-læknir	0,8	**0,0%**	Hb.svæði	43,2%	Akureyri	24,3%

10.9.10 Þjónustusókn Stöðvarfjörður

Um þriðjungur þjónustusóknar Stöðfirðinga (n=41; íbúar=154) er innanbæjar en íbúarnir sækja mikið af þjónustu til Reyðarfjarðar og Egilsstaða. Algengasta þjónustan sem íbúarnir sækja er lágvöruverðsverslun og er oftast verslað á Reyðarfirði en stundum á Egilsstöðum (tafla 183). Auk þess kemur fyrir að verslað sé í dagvöruverslun á Breiðdalsvík eða Fáskrúðsfirði. Líkamsrækt og sund eru oftast stunduð innanbæjar en ýmist er farið í lyfjaverslun á Reyðarfirði eða Stöðvarfirði. Oftast er farið í bakarí á Reyðarfirði og vínbúð er helst sótt á Reyðarfirði en stundum á Egilsstöðum.

Tafla 183. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Stöðvarfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	58,0	**0,0%**	Reyðar-fjörður	65,2%	Egilsstaðir	29,8%
Líkamsrækt	35,4	**95,9%**	Stöðvar-fjörður	95,9%	-	-
Sund / baðstaðir	36,0	**63,4%**	Stöðvar-fjörður	63,4%	Egilsstaðir	26,8%
Lyfjaverslun / apótek	24,9	**36,5%**	Reyðar-fjörður	41,2%	Stöðvar-fjörður	36,5%
Önnur dagvöruv.	23,7	**0,0%**	Breiðdals-vík	48,1%	Fáskrúðs-fjörður	34,6%
Bakarí	15,2	-	Reyðar-fjörður	82,7%	-	-
Hleðslustöð	11,4	**51,3%**	Stöðvar-fjörður	51,3%	-	-
Vínbúð	10,5	**0,0%**	Reyðar-fjörður	58,3%	Egilsstaðir	33,3%
Öll þjónusta	290,4	**33,4%**				

Íbúar á Stöðvarfirði nota heilsugæslu ýmist innanbæjar eða á Reyðarfirði (tafla 184). Bílaverkstæði er helst notað á Stöðvarfirði eða Breiðdalsvík. Farið er í hársnyrtingu á Reyðarfirði eða Fáskrúðsfirði og sendingar með Dropp eða í póstboxum eru aðallega sóttar til Fáskrúðsfjarðar. Íbúarnir versla föt og skó helst á höfuðborgarsvæðinu eða Egilsstöðum. Sérfræðilæknar eru heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu eða í Neskaupstað og flestir tímar í sjúkraþjálfun á höfuðborgarsvæðinu eða Reyðarfirði. Tannlæknatímar eru flestir á Reyðarfirði en margir þeirra eru á Fáskrúðsfirði. Helst er farið til sérfræðiráðgjafa (sálfræðings, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðings) á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 184. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Stöðvarfirði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	3,9	**49,1%**	Stöðvar-fjörður	49,1%	Reyðar-fjörður	39,1%
Hársnyrting	3,5	-	Reyðar-fjörður	46,5%	Fáskrúðs-fjörður	32,4%
Fataverslun/ skóbúð	2,6	**0,0%**	Hb.svæði	38,1%	Egilsstaðir	22,9%
Bíla-verkstæði	2,1	**31,8%**	Stöðvar-fjörður	31,8%	Breiðdals-vík	22,7%
Dropp	2,0	**0,0%**	Fáskrúðs-fjörður	84,3%	Reyðar-fjörður	6,0%
Sjúkraþjálfun	1,5	**0,0%**	Hb.svæði	30,2%	Reyðar-fjörður	25,4%
Sérfræði-læknir	1,4	**0,0%**	Hb.svæði	69,5%	Nes-kaupst.	23,7%
Tannlæknir	1,4	**0,0%**	Reyðar-fjörður	49,1%	Fáskrúðs-fjörður	35,1%
Póstbox	1,2	-	Fáskrúðs-fjörður	62,0%	Reyðar-fjörður	22,0%
Sérfræði-ráðgjöf	0,6	**0,0%**	Hb.svæði	66,7%	-	-

10.9.11 Þjónustusókn Breiðdalsvík

Íbúar á Breiðdalsvík og nágrenni (n=15; íbúar=156) sækja tæplega helming þjónustu innanbæjar og um helmingur er annað hvort sóttur til Reyðarfjarðar eða Egilsstaða. Algengasta þjónustan er dagvöruverslun og er oftast verslað á Breiðdalsvík, þó oft sé farið í lágvöruverslun á Egilsstöðum eða Reyðarfirði (tafla 185). Íbúarnir fara helst í sund, á veitingahús, pósthús og menningarviðburði á Breiðdalsvík. Apótek er hins vegar aðallega sótt á Reyðarfirði.

Tafla 185. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Breiðdalsvík.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	55,2	**0,0%**	Egilsstaðir	58,0%	Reyðar-fjörður	42,0%
Önnur dagvöruv.	46,4	**96,6%**	Breiðdals-vík	96,6%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	20,8	**3,8%**	Reyðar-fjörður	84,6%	Egilsstaðir	11,5%
Sund / baðstaðir	14,4	**38,9%**	Breiðdals-vík	38,9%	-	-
Veitingahús	10,9	**59,8%**	Breiðdals-vík	59,8%	Hb.svæði	25,0%
Pósthús/ póstbíll	10,4	**96,8%**	Breiðdals-vík	96,8%	-	-
Menning / afþreying	10,4	**61,5%**	Breiðdals-vík	61,5%	Hb.svæði	38,5%
Öll þjónusta	257,6	**44,0%**				

Breiðdælingar fara ýmist á hárgreiðslustofu á Egilsstöðum, Fáskrúðsfirði eða innanbæjar (tafla 186). Oftast er farið með bíla í viðgerð á Breiðdalsvík og heilsugæsla er oftast sótt innanbæjar en stundum á Reyðarfirði. Sendingar með Dropp eru sóttar á Reyðarfjörð en póstbox er innanbæjar. Föt og skór eru helst keypt á höfuðborgarsvæðinu. Flestir tannlæknatímar íbúanna eru á Reyðarfirði en sumir á Fáskrúðsfirði. Sérfræðilæknar eru helst heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu. Of fáir nota þjónustu sjúkraþjálfara og sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeina-fræðinga) til að hægt sé að sýna hvar sú þjónusta er nýtt.

Tafla 186. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Breiðdalsvík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Hársnyrting	5,3	**28,8%**	Egilsstaðir	32,5%	Breiðdals-vík	28,8%
Bíla-verkstæði	3,0	**82,2%**	Breiðdals-vík	82,2%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	2,6	**61,5%**	Breiðdals-vík	61,5%	Reyðar-fjörður	30,8%
Dropp	2,6	**-**	Reyðar-fjörður	79,5%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	2,5	**0,0%**	Hb.svæði	63,2%	-	-
Póstbox	1,2	**83,3%**	Breiðdals-vík	83,3%	-	-
Tannlæknir	1,1	**0,0%**	Reyðar-fjörður	58,8%	Fáskrúðs-fjörður	29,4%
Sérfræði-læknir	0,5	**0,0%**	Hb.svæði	85,7%	-	-
Sjúkraþjálfun	0,1	**0,0%**	-	-	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,0	**-**	-	-	-	-

10.9.12 Þjónustusókn Djúpivogur

Íbúar á Djúpavogi og nágrenni (n=47; íbúar=382) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar en Egilsstaðir eru líka mikilvægur þjónustustaður fyrir þá. Önnur dagvöruverslun er mest sótta þjónustan og er lang oftast verslað innanbæjar (tafla 187). Algengasta þjónustan sem Djúpavogsbúar nota annars staðar en heima er lágvöruverðsverslun sem oftast er sótt á Egilsstöðum.

Tafla 187. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Djúpavogi.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	127,4	**94,2%**	Djúpivogur	94,2%	Egilsstaðir	5,4%
Sund / baðstaðir	43,4	**92,4%**	Djúpivogur	92,4%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	30,9	-	Egilsstaðir	61,2%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	18,9	**64,9%**	Djúpivogur	64,9%	Egilsstaðir	14,9%
Líkamsrækt	15,8	**93,5%**	Djúpivogur	93,5%	-	-
Vínbúð	14,3	**98,2%**	Djúpivogur	98,2%	-	-
Öll þjónusta	321,0	**77,8%**				

Djúpavogsbúar nota heilsugæslu innanbæjar og fara oftast í fata- eða skóverslun á höfuðborgarsvæðinu en oft á Egilsstöðum (tafla 188). Sendingar með Dropp eða í póstboxi eru sóttar á Djúpavogi og oftast er farið á bílaverkstæði innanbæjar en stundum á Egilsstöðum. Flestir fara í klippingu á höfuðborgarsvæðinu en sumir á Reyðarfirði. Sjúkraþjálfun er oftast sótt á höfuðborgarsvæðinu og tannlæknir oftast heimsóttur innanbæjar en stundum á Höfn. Flestir tímar hjá sérfræðiráðgjafa (sálfræðingi, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðingi) eru rafrænir, en flestir tímar hjá sérfræðilækni eru á höfuðborgarsvæðinu þó sumir þeirra séu á Akureyri.

Tafla 188. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Djúpavogi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	3,7	**92,5%**	Djúpivogur	92,5%	Höfn	2,9%
Fataverslun/ skóbúð	2,8	**0,0%**	Hb.svæði	45,8%	Egilsstaðir	27,5%
Póstbox	2,0	**97,8%**	Djúpivogur	97,8%	-	-
Dropp	1,9	**98,9%**	Djúpivogur	98,9%	-	-
Bíla-verkstæði	1,7	**60,5%**	Djúpivogur	60,5%	Egilsstaðir	19,8%
Hársnyrting	1,6	-	Hb.svæði	45,2%	Reyðar-fjörður	12,3%
Sjúkraþjálfun	1,2	**0,0%**	Hb.svæði	52,6%	-	-
Tannlæknir	1,2	**44,6%**	Djúpivogur	44,6%	Höfn	23,2%
Sérfræði-ráðgjöf	1,0	-	Rafrænt	64,4%	-	-
Sérfræði-læknir	0,9	**0,0%**	Hb.svæði	80,5%	Akureyri	17,1%

10.10 Þjónustusókn Suðurland

Þjónustusókn á Suðurlandi einkennist af mikilli þjónustusókn innan þjónustusvæða og mikilvægi Selfoss sem þjónustumiðstöðvar fyrir vestanverðan landshlutann. Að teknu tilliti til íbúafjölda hvers búsetusvæðis sækja íbúar Suðurlands um 79% allrar þjónustu innan síns þjónustusvæðis. Um 93% þjónustusóknartilvika eru innan landshlutans, þar af 41% á Selfossi, um 15% í Vestmannaeyjum, 8% í Hveragerði, 7% á Höfn, 6% á Hvolsvelli, 5% í Þorlákshöfn og 4% á Hellu. Um 6% þjónustusóknartilvika eru á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 48 sýnir helstu mynstur þjónustusóknar frá búsetusvæðum Suðurlands á korti.

Selfoss er mikilvægur þjónustustaður fyrir allt Suðurland en sérstaklega fyrir Árnessýslu (tafla 189). Þónokkur þjónustusókn er einnig til höfuðborgarsvæðisins frá flestum búsetusvæðum Suðurlands. Næst fjölmennum byggðakjörnum landshlutans er hátt hlutfall þjónustu innan svæðis en nálægt minni kjörnum fara íbúar oft lengri leið til stærri staða.

Tafla 189. Þjónustusókn neðanverð Árnessýsla.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Selfoss (400)	**Selfoss**	**92,2%**
	Höfuðborgarsvæði	4,5%
	Rafrænt	0,3%
	Annað	2,9%
Selfoss drb (57)	**Selfoss**	**87,4%**
	Höfuðborgarsvæði	4,5%
	Hveragerði	2,1%
	Hvolsvöllur	1,6%
	Rafrænt	0,1%
	Annað	4,2%
Hveragerði (122)	**Hveragerði**	**77,1%**
	Selfoss	11,1%
	Höfuðborgarsvæði	10,1%
	Rafrænt	0,4%
	Annað	1,3%
Ölfus drb (14)	**Hveragerði**	**36,0%**
	Selfoss	48,2%
	Höfuðborgarsvæði	14,1%
	Rafrænt	0,3%
	Annað	1,5%
Þorlákshöfn (158)	**Þorlákshöfn**	**73,8%**
	Höfuðborgarsvæði	11,1%
	Selfoss	9,3%
	Hveragerði	4,3%
	Rafrænt	0,6%
	Annað	1,0%
Eyrarbakki (27)	**Eyrarb./Stokks.**	**15,2%**
	Selfoss	76,1%
	Höfuðborgarsvæði	6,8%
	Rafrænt	0,4%
	Annað	1,6%
Stokkseyri (22)	**Eyrarb./Stokks.**	**18,4%**
	Selfoss	76,7%
	Höfuðborgarsvæði	3,0%
	Hveragerði	1,0%
	Rafrænt	0,4%
	Annað	0,5%

Í uppsveitum Árnessýslu er víðast hvar stærri hluti þjónustusóknar til Selfoss en innan svæðis, sérstaklega í neðri búsetusvæðunum (tafla 190).

Tafla 190. Þjónustusókn uppsveitir Árnessýslu.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Grímsnes- og Graf (24)	**Grímsnes- og Graf**	**17,4%**
	Selfoss	60,3%
	Höfuðborgarsvæði	14,8%
	Hveragerði	3,6%
	Bláskógabyggð	1,2%
	Rafrænt	1,0%
	Annað	1,8%
Skeiða- og Gnúp (49)	**Skeiða- og Gnúp**	**20,3%**
	Selfoss	65,9%
	Höfuðborgarsvæði	5,4%
	Flúðir	2,6%
	Bláskógabyggð	1,1%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	4,6%
Bláskógabyggð (52)	**Bláskógabyggð**	**39,9%**
	Selfoss	38,2%
	Höfuðborgarsvæði	10,4%
	Flúðir	4,0%
	Hveragerði	3,9%
	Grímsnes- og Graf	1,8%
	Skeiða- og Gnúp	1,0%
	Rafrænt	0,3%
	Annað	0,6%
Hrunamannahreppur (55)	**Flúðir**	**40,1%**
	Selfoss	46,1%
	Höfuðborgarsvæði	5,9%
	Hveragerði	3,6%
	Bláskógabyggð	2,8%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	1,2%

Íbúar nálægt Hellu, Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum sækja stærstan hluta þjónustu innan síns þjónustusvæðis (tafla 191).

Tafla 191. Þjónustusókn Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Hella (70)	**Hella**	**70,0%**
	Hvolsvöllur	13,2%
	Selfoss	11,5%
	Höfuðborgarsvæði	3,9%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	1,2%
Hella drb (56)	**Hella**	**51,2%**
	Selfoss	28,7%
	Hvolsvöllur	13,3%
	Höfuðborgarsvæði	4,9%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	1,8%
Hvolsvöllur (74)	**Hvolsvöllur**	**86,8%**
	Hella	5,5%
	Selfoss	3,7%
	Höfuðborgarsvæði	2,9%
	Rafrænt	0,5%
	Annað	0,6%
Hvolsvöllur drb (39)	**Hvolsvöllur**	**83,6%**
	Selfoss	5,3%
	Hella	5,2%
	Höfuðborgarsvæði	2,2%
	Vík	1,6%
	Rafrænt	0,5%
	Annað	1,5%
Vestmannaeyjar (228)	**Vestmannaeyjar**	**94,7%**
	Höfuðborgarsvæði	2,7%
	Selfoss	1,0%
	Rafrænt	0,2%
	Annað	1,3%

Í Skaftafellssýslum skera íbúar í Öræfum sig nokkuð úr hvað varðar þjónustusókn innan þjónustusvæðis. Öræfi eru á þjónustusvæði Hafnar í Hornafirði en þangað er um 90 mínútna akstur. Íbúarnir sækja jafnframt lítið til Kirkjubæjarklausturs þó það sé nær, heldur sækja þeir stóran hluta þjónustu alla leið til höfuðborgarsvæðisins (tafla 192). Úr Skaftárhreppi er talsverð þjónustusókn bæði til höfuðborgarsvæðisins og Selfoss en íbúar í Vík fara síður þangað, þó þeir búi nær. Hornfirðingar sækja lítinn hluta þjónustu annað en á Höfn enda eru fjarlægðirnar miklar.

Tafla 192. Þjónustusókn Skaftafellssýslur.

Búseta	Þjónustusvæði	Hlutfall
Vík (45)	**Vík**	**83,9%**
	Höfuðborgarsvæði	7,5%
	Selfoss	5,7%
	Rafrænt	0,5%
	Annað	2,4%
Kirkjubæjarklaustur (12)	**Kirkjubæjarklaustur**	**70,0%**
	Höfuðborgarsvæði	9,1%
	Selfoss	5,4%
	Vík	4,0%
	Hella	3,7%
	Hvolsvöllur	1,7%
	Rafrænt	3,3%
	Annað	2,8%
Skaftárhreppur drb (26)	**Kirkjubæjarklaustur**	**54,7%**
	Selfoss	14,6%
	Höfuðborgarsvæði	11,8%
	Vík	10,4%
	Hvolsvöllur	3,7%
	Rafrænt	1,8%
	Annað	3,0%
Öræfi (8)	**Höfn**	**41,2%**
	Höfuðborgarsvæði	46,7%
	Selfoss	5,4%
	Kirkjubæjarklaustur	2,2%
	Rafrænt	0,5%
	Annað	3,9%
Höfn (151)	**Höfn**	**93,3%**
	Höfuðborgarsvæði	4,1%
	Rafrænt	0,7%
	Annað	1,8%
Höfn drb (37)	**Höfn**	**90,6%**
	Höfuðborgarsvæði	2,7%
	Rafrænt	2,9%
	Annað	3,8%



Mynd 48. Helstu mynstur þjónustusóknar frá Suðurlandi.

10.10.1 Þjónustusókn Selfoss

Selfyssingar (n=400; íbúar=7.153) sækja nær alla algenga þjónustu innanbæjar hvort sem það er lágvöruverðsverslun, líkamsrækt, sund, apótek, önnur dagvöruverslun, bakarí eða vínbúð (tafla 193).

Tafla 193. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Selfossi.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	144,8	**97,8%**	Selfoss	97,8%	Hb.svæði	1,6%
Líkamsrækt	51,4	**95,6%**	Selfoss	95,6%	-	-
Sund / baðstaðir	35,4	**93,1%**	Selfoss	93,1%	Hveragerði	1,7%
Lyfjaverslun / apótek	29,2	**97,7%**	Selfoss	97,7%	Hb.svæði	1,6%
Önnur dagvöruv.	21,8	**87,6%**	Selfoss	87,6%	Hb.svæði	5,0%
Bakarí	19,3	**93,0%**	Selfoss	93,0%	Hb.svæði	3,0%
Vínbúð	10,5	**94,0%**	Selfoss	94,0%	Hveragerði	2,0%
Öll þjónusta	400,2	**92,2%**				

Af annarri mikilvægri þjónustu er flest sótt innanbæjar að mestu leyti. Stór hluti fata- og skóverslunar Selfyssinga er þó á höfuðborgarsvæðinu og það sama á við um tannlæknatíma íbúanna (tafla 194). Sérfræðilæknar eru sá þjónustuþáttur sem helst er sóttur utan Selfoss, einkum á höfuðborgarsvæðinu, þó hluti sé sóttur innanbæjar. Viðtöl við sérfræðiráðgjafa (sálfræðing, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeina-fræðing) dreifast jafnt milli höfuðborgarsvæðisins og Selfoss.

Tafla 194. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Selfossi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	6,7	**86,6%**	Selfoss	86,6%	Hb.svæði	10,4%
Fataverslun/ skóbúð	5,0	**55,9%**	Selfoss	55,9%	Hb.svæði	29,6%
Hársnyrting	4,0	**92,5%**	Selfoss	92,5%	Hb.svæði	6,6%
Heilsug./ heim.læknir	3,2	**88,7%**	Selfoss	88,7%	Hb.svæði	10,2%
Póstbox	3,1	**98,9%**	Selfoss	98,9%	Hb.svæði	0,9%
Dropp	3,0	**98,8%**	Selfoss	98,8%	Hb.svæði	1,1%
Bíla-verkstæði	1,5	**83,6%**	Selfoss	83,6%	Hb.svæði	11,1%
Tannlæknir	1,5	**73,8%**	Selfoss	73,8%	Hb.svæði	24,0%
Sérfræði-læknir	1,4	**27,5%**	Hb.svæði	71,2%	Selfoss	27,5%
Sérfræði-ráðgjöf	1,0	**46,3%**	Hb.svæði	48,2%	Selfoss	46,3%

10.10.2 Þjónustusókn Selfoss dreifbýli

Íbúar í Flóahreppi og dreifbýli Árborgar (n=57; íbúar=865) sækja stærstan hluta þjónustu innan þjónustusvæðis, þ.e. til Selfoss. Lágvöruverðsverslun er lang mest sótta þjónustan og nær alltaf er verslað á Selfossi (tafla 195). Íbúarnir fara oftast á Selfoss í bakarí, apótek, byggingavöruverslun, aðra dagvöruverslun og vínbúð. Sund og baðstaðir eru eina algenga þjónustan sem er ekki að stærstum hluta sótt á Selfoss.

Tafla 195. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Selfoss.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	115,6	**96,5%**	Selfoss	96,5%	-	-
Sund / baðstaðir	35,6	**53,3%**	Selfoss	53,3%	-	-
Líkamsrækt	26,3	**80,8%**	Selfoss	80,8%	-	-
Bakarí	24,6	**94,0%**	Selfoss	94,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	23,6	**98,2%**	Selfoss	98,2%	-	-
Byggingavöru-verslun	15,9	**88,5%**	Selfoss	88,5%	-	-
Önnur dagvöruv.	14,5	**92,8%**	Selfoss	92,8%	-	-
Vínbúð	13,3	**93,7%**	Selfoss	93,7%	-	-
Öll þjónusta	337,7	**87,4%**				

Íbúar í Flóahreppi og dreifbýli Árborgar fara oftast nær í sjúkraþjálfun og á heilsugæslu á Selfossi (tafla 196). Föt og skór eru oftast keypt á Selfossi en oft á höfuðborgarsvæðinu. Sendingar með Dropp og í póstbox eru sóttar á Selfoss. Flestir fara í klippingu og á bílaverkstæði á Selfossi. Tannlækna-þjónusta er einnig oftast sótt þangað, þó stundum sé farið á höfuðborgar-svæðið. Hins vegar eru nær allir sérfræðilæknatímar íbúanna á höfuðborgarsvæðinu. Viðtöl við sérfræðiráðgjafa (sálfræðing, félags-ráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðing) dreifast að mestu milli höfuðborgarsvæðisins og Selfoss.

Tafla 196. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Selfoss.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	7,8	**97,7%**	Selfoss	97,7%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,3	**67,2%**	Selfoss	67,2%	Hb.svæði	23,7%
Dropp	2,9	**100,0%**	Selfoss	100,0%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	2,9	**86,1%**	Selfoss	86,1%	Hb.svæði	12,7%
Póstbox	2,8	**95,7%**	Selfoss	95,7%	-	-
Hársnyrting	2,8	**83,6%**	Selfoss	83,6%	Hb.svæði	13,2%
Bíla-verkstæði	1,7	**86,5%**	Selfoss	86,5%	-	-
Tannlæknir	1,4	**71,4%**	Selfoss	71,4%	Hb.svæði	27,3%
Sérfræði-læknir	1,3	-	Hb.svæði	95,9%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,6	**36,1%**	Hb.svæði	47,2%	Selfoss	36,1%

10.10.3 Þjónustusókn Hveragerði

Íbúar í Hveragerði (n=122; íbúar=2.386) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar en Selfoss og höfuðborgarsvæðið eru einnig mikilvægir þjónustustaðir fyrir íbúana. Lágvöruverðsverslun er lang algengasta þjónustan og er hún að nær öllu leyti sótt innanbæjar (tafla 197). Auk þess er oftast farið í sund, apótek, bakarí og vínbúð í Hveragerði. Margir stunda líkamsrækt á höfuðborgarsvæðinu þó flestir geri það innanbæjar.

Tafla 197. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hveragerði.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	136,3	**92,0%**	Hveragerði	92,0%	Selfoss	8,0%
Sund / baðstaðir	35,0	**91,0%**	Hveragerði	91,0%	Selfoss	4,5%
Líkamsrækt	30,5	**69,4%**	Hveragerði	69,4%	Hb.svæði	22,6%
Lyfjaverslun / apótek	27,4	**84,2%**	Hveragerði	84,2%	Selfoss	9,3%
Bakarí	25,7	**93,9%**	Hveragerði	93,9%	Selfoss	4,6%
Vínbúð	14,7	**90,6%**	Hveragerði	90,6%	Hb.svæði	8,1%
Önnur dagvöruv.	12,1	**25,2%**	Selfoss	44,7%	Hb.svæði	28,5%
Öll þjónusta	364,1	**77,1%**				

Hvergerðingar fara oftast í sjúkraþjálfun innanbæjar en stundum á Selfossi eða höfuðborgarsvæðinu (tafla 198). Föt og skór eru oftast versluð á höfuðborgarsvæðinu, en oft á Selfossi eða rafrænt og stundum í Hveragerði eða erlendis. Sendingar með Dropp og í póstboxum eru nær alltaf sóttar innanbæjar. Íbúarnir fara helst í klippingu í Hveragerði en stundum á Selfossi eða á höfuðborgarsvæðinu. Oftast er farið á heilsugæslustöð í Hveragerði en stundum í Þorlákshöfn, á höfuðborgarsvæðinu eða Selfossi. Bílaverkstæði er mest notað innanbæjar en stundum á höfuðborgarsvæðinu eða Selfossi. Tannlæknatímar eru ýmist í Hveragerði, á höfuðborgarsvæðinu eða Selfossi. Flestir tímar með sérfræðiráðgjöfum (sálfræðingum, félagsráðgjöfum, fjölskylduráðgjöfum, talmeinafræðingum) eru á höfuðborgarsvæðinu en sumir þeirra í Hveragerði. Algengast er að Hvergerðingar fari til sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu en í einhverjum tilfellum er það gert á Selfossi.

Tafla 198. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hveragerði.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	7,2	**68,9%**	Hveragerði	68,9%	Selfoss	17,9%
Fataverslun/ skóbúð	4,9	**7,7%**	Hb.svæði	45,4%	Selfoss	21,4%
Dropp	3,5	**99,3%**	Hveragerði	99,3%	-	-
Póstbox	3,3	**97,5%**	Hveragerði	97,5%	-	-
Hársnyrting	3,1	**59,1%**	Hveragerði	59,1%	Selfoss	20,2%
Heilsug./ heim.læknir	3,0	**68,0%**	Hveragerði	68,0%	Þorláks-höfn	12,9%
Bíla-verkstæði	1,6	**66,3%**	Hveragerði	66,3%	Hb.svæði	17,9%
Tannlæknir	1,5	**39,9%**	Hveragerði	39,9%	Hb.svæði	37,8%
Sérfræði-ráðgjöf	1,5	**17,6%**	Hb.svæði	44,7%	Hveragerði	17,6%
Sérfræði-læknir	1,3	-	Hb.svæði	84,1%	Selfoss	8,3%

10.10.4 Þjónustusókn Ölfus dreifbýli

Þjónustusókn íbúa í dreifbýli Ölfuss (n=14; íbúar=479) skiptist nokkuð jafnt milli Hveragerðis og Selfoss, en svæðið er á þjónustusvæði Hveragerðis. Lágvöruverðsverslun er lang algengasta þjónustan og er hún oftast sótt til Hveragerðis en oft til Selfoss (tafla 199). Þjónustusókn í bakarí og apótek dreifist tiltölulega jafnt milli Selfoss og Hveragerðis, en nær alltaf er farið í byggingavöruverslun á Selfossi. Þá er algengast að farið sé í aðra dagvöruverslun og banka á Selfossi. Vínbúð er hins vegar oftast notuð í Hveragerði.

Tafla 199. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Ölfuss.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	101,1	**57,6%**	Hveragerði	57,6%	Selfoss	33,9%
Bakarí	23,1	**44,4%**	Selfoss	55,6%	Hveragerði	44,4%
Byggingavöru-verslun	18,7	**0,0%**	Selfoss	100,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	16,3	**42,1%**	Selfoss	52,6%	Hveragerði	42,1%
Önnur dagvöruv.	15,4	**0,0%**	Selfoss	72,2%	-	-
Sund / baðstaðir	14,6	-	-	-	-	-
Banki / sparisjóður	10,7	**0,0%**	Selfoss	94,0%	-	-
Vínbúð	10,3	**75,0%**	Hveragerði	75,0%	-	-
Öll þjónusta	306,7	**36,0%**				

Íbúar í dreifbýli Ölfuss fara oftast í klippingu á Selfossi en stundum í Hveragerði (tafla 200). Föt og skór eru oftast versluð á höfuðborgarsvæðinu en oft á Selfossi. Heilsugæsluþjónusta er oftast nær sótt í Hveragerði en stundum á höfuðborgarsvæðinu eða Selfossi. Ýmist er gert við bíla íbúanna á Selfossi eða í Hveragerði en sendingar með Dropp eða í póstboxum eru sóttar í Hveragerði. Tannlæknatímar íbúanna dreifast fremur jafnt milli höfuðborgarsvæðisins og Selfoss. Of fáir svarendur nota þjónustu sjúkraþjálfara og sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) til að hægt sé að sýna staðsetningar.

Tafla 200. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Ölfuss.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Hársnyrting	5,0	**31,4%**	Selfoss	64,3%	Hveragerði	31,4%
Fataverslun/ skóbúð	4,2	**0,0%**	Hb.svæði	55,9%	Selfoss	33,9%
Heilsug./ heim.læknir	3,2	**51,1%**	Hveragerði	51,1%	Hb.svæði	24,4%
Bíla-verkstæði	2,9	**41,5%**	Selfoss	51,2%	Hveragerði	41,5%
Sjúkraþjálfun	2,3	-	-	-	-	-
Póstbox	2,0	**92,9%**	Hveragerði	92,9%	-	-
Sérfræði-læknir	1,8	**0,0%**	Hb.svæði	76,0%	-	-
Dropp	1,6	**100,0%**	Hveragerði	100,0%	-	-
Tannlæknir	1,4	-	Hb.svæði	45,0%	Selfoss	40,0%
Sérfræði-ráðgjöf	0,6	**0,0%**	-	-	-	-

10.10.5 Þjónustusókn Þorlákshöfn

Íbúar Þorlákshafnar (n=158; íbúar=1.523) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar, en töluvert af þjónustu er sótt til höfuðborgarsvæðisins og Selfoss. Lágvöruverðsverslun er mest sótta þjónustan og er algengast að verslað sé innanbæjar (tafla 201). Eina algenga þjónustan sem Þorlákshafnarbúar nota ekki mest heima er önnur dagvöruverslun, en þann þjónustuþátt nota íbúarnir ívið meira á Selfossi en í Þorlákshöfn. Lyfjaverslun er einnig stundum sótt á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 201. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Þorlákshöfn.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	173,8	**81,1%**	Þorláks-höfn	81,1%	Selfoss	6,8%
Líkamsrækt	54,1	**95,5%**	Þorláks-höfn	95,5%	-	-
Sund / baðstaðir	40,3	**94,7%**	Þorláks-höfn	94,7%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	33,3	**71,3%**	Þorláks-höfn	71,3%	Hb.svæði	16,4%
Önnur dagvöruv.	18,8	**34,7%**	Selfoss	38,7%	Þorláks-höfn	34,7%
Vínbúð	18,7	**83,7%**	Þorláks-höfn	83,7%	Selfoss	5,7%
Bókasafn	10,6	**92,9%**	Þorláks-höfn	92,9%	Hveragerði	6,4%
Öll þjónusta	423,7	**73,8%**				

Þorlákshafnarbúar fara oftast í sjúkraþjálfun innanbæjar og sendingar í póstbox og með Dropp eru sóttar í Þorlákshöfn (tafla 202). Íbúarnir versla oftast föt og skó á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Selfossi og í sumum tilfellum rafrænt. Oftast er farið í hársnyrtingu innanbæjar en stundum á höfuðborgarsvæðinu eða Selfossi. Heilsugæsluþjónusta er almennt sótt í Þorlákshöfn en í einhverjum tilfellum á Selfossi eða höfuðborgarsvæðinu. Sérfræðilæknar eru oftast heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Selfossi. Oftast er notast við bílaverkstæði í Þorlákshöfn en stundum á höfuðborgarsvæðinu eða á Selfossi. Tannlæknatímar dreifast nokkuð jafnt milli Þorlákshafnar og höfuðborgarsvæðisins þó að í einhverjum tilfellum sé farið til tannlæknis á Selfossi. Tímar með sérfræðiráðgjafa (sálfræðingi, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðingi) eru flestir á höfuðborgarsvæðinu en sumir í Þorlákshöfn.

Tafla 202. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Þorlákshöfn.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	5,5	**90,2%**	Þorláks-höfn	90,2%	Hb.svæði	9,3%
Póstbox	4,3	**99,1%**	Þorláks-höfn	99,1%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,7	**0,0%**	Hb.svæði	66,1%	Selfoss	21,8%
Hársnyrting	3,6	**67,7%**	Þorláks-höfn	67,7%	Hb.svæði	14,2%
Heilsug./ heim.læknir	3,0	**84,8%**	Þorláks-höfn	84,8%	Selfoss	6,9%
Sérfræði-læknir	2,3	**3,0%**	Hb.svæði	75,2%	Selfoss	21,8%
Dropp	2,0	**99,4%**	Þorláks-höfn	99,4%	-	-
Bíla-verkstæði	1,7	**57,0%**	Þorláks-höfn	57,0%	Hb.svæði	27,0%
Tannlæknir	1,3	**49,2%**	Þorláks-höfn	49,2%	Hb.svæði	42,2%
Sérfræði-ráðgjöf	0,7	**22,6%**	Hb.svæði	59,4%	Þorláks-höfn	22,6%

10.10.6 Þjónustusókn Eyrarbakki

Íbúar Eyrarbakka (n=27; íbúar=466) sækja nær alla algenga þjónustu á Selfossi, enda vel hægt að skilgreina alla Árborg sem eitt þjónustusvæði. Þó eru um 15% þjónustusóknartilvika innan skilgreinds þjónustusvæðis Eyrarbakka/Stokkseyrar og skiptast þannig að 10% eru á Eyrarbakka og 5% til Stokkseyrar. Það sem algengast er að sótt sé innan svæðisins er líkamsrækt og önnur dagvöruverslun en lágvöruverðsverslun (tafla 203). Auk þess er stundum farið á bókasafn og menningarviðburði á svæðinu.

Tafla 203. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Eyrarbakka.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	107,1	**0,0%**	Selfoss	97,9%	-	-
Líkamsrækt	38,7	**47,1%**	Selfoss	52,9%	Eyrarb. / Stokkseyri	47,1%
Önnur dagvöruv.	34,2	**67,5%**	Eyrarb. / Stokkseyri	67,5%	Selfoss	24,7%
Sund / baðstaðir	31,6	**0,0%**	Selfoss	84,5%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	28,0	**0,0%**	Selfoss	100,0%	-	-
Bókasafn	15,1	**23,5%**	Selfoss	76,5%	Eyrarb. / Stokkseyri	23,5%
Bakarí	12,9	**0,0%**	Selfoss	93,1%	-	-
Byggingavöru-verslun	11,7	**0,0%**	Selfoss	95,9%	-	-
Menning / afþreying	10,7	**37,5%**	Hb.svæði	41,7%	Eyrarb. / Stokkseyri	37,5%
Öll þjónusta	358,8	**15,2%**				

Eyrbekkingar fara í sjúkraþjálfun og á heilsugæslu á Selfossi (tafla 204). Oftast er farið í hársnyrtingu og á bílaverkstæði á Selfossi en stundum á höfuðborgarsvæðinu. Íbúarnir kaupa föt og skó ýmist á höfuðborgarsvæðinu eða Selfossi. Oftast nær eru sendingar í póstboxum sóttar innanbæjar en sendingar með Dropp á Selfoss. Nær allir tímar hjá sérfræðilæknum eru á höfuðborgarsvæðinu en tannlæknatímar flestir á Selfossi og sumir á höfuðborgarsvæðinu. Algengast er að hitta sérfræðiráðgjafa (sálfræðing, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðing) á Selfossi.

Tafla 204. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Eyrarbakka.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	8,0	**0,0%**	Selfoss	95,4%	-	-
Hársnyrting	4,2	**0,0%**	Selfoss	85,1%	Hb.svæði	13,2%
Fataverslun/ skóbúð	3,6	**0,0%**	Hb.svæði	52,1%	Selfoss	41,7%
Heilsug./ heim.læknir	3,4	**0,0%**	Selfoss	96,7%	-	-
Póstbox	3,3	**77,8%**	Eyrarb. / Stokkseyri	77,8%	-	-
Sérfræði-læknir	2,9	**0,0%**	Hb.svæði	97,4%	-	-
Bíla-verkstæði	1,8	**0,0%**	Selfoss	77,6%	Hb.svæði	22,4%
Dropp	1,7	**0,0%**	Selfoss	78,7%	-	-
Tannlæknir	1,3	**0,0%**	Selfoss	67,6%	Hb.svæði	17,6%
Sérfræði-ráðgjöf	0,7	**0,0%**	Selfoss	72,2%	-	-

10.10.7 Þjónustusókn Stokkseyri

Íbúar Stokkseyrar (n=22; íbúar=410) sækja nær alla algenga þjónustu á Selfossi, enda vel hægt að skilgreina alla Árborg sem eitt þjónustusvæði. Þó eru um 18% þjónustusóknartilvika innan skilgreinds þjónustusvæðis Eyrarbakka/Stokkseyrar og nær öll þau tilvik á Stokkseyri sjálfri. Það sem algengast er að sótt sé innanbæjar er sund, líkamsrækt, bókasafn og önnur dagvöruverslun en lágvöruverðsverslun (tafla 205).

Tafla 205. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Stokkseyri.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	102,0	**0,0%**	Selfoss	100,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	31,6	**0,0%**	Selfoss	100,0%	-	-
Líkamsrækt	25,1	**30,4%**	Selfoss	69,6%	Eyrarb. / Stokkseyri	30,4%
Sund / baðstaðir	20,2	**91,9%**	Eyrarb. / Stokkseyri	91,9%	-	-
Bókasafn	13,1	**87,5%**	Eyrarb. / Stokkseyri	87,5%	-	-
Önnur dagvöruv.	12,0	**36,4%**	Selfoss	63,6%	Eyrarb. / Stokkseyri	36,4%
Vínbúð	10,9	**0,0%**	Selfoss	100,0%	-	-
Byggingavöru-verslun	10,2	**0,0%**	Selfoss	100,0%	-	-
Öll þjónusta	284,0	**18,4%**				

Stokkseyringar fara á heilsugæslu og í sjúkraþjálfun á Selfossi (tafla 206). Sendingar í póstboxum eru sóttar innanbæjar en sendingar með Dropp á Selfoss. Oftast er farið í hársnyrtingu á Selfossi en stundum á höfuðborgarsvæðinu en algengast er að íbúarnir noti bílaverkstæði á Selfossi. Föt og skór eru oftast versluð á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Selfossi. Flestir tannlæknatímar eru á höfuðborgarsvæðinu og sumir á Selfossi, en nær allir tímar hjá sérfræðilæknum á höfuðborgarsvæðinu. Tímar með sérfræðiráðgjöfum (sálfræðingum, félagsráðgjöfum, fjölskylduráðgjöfum, talmeinafræðingum) eru á Selfossi.

Tafla 206. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Stokkseyri.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	3,7	**0,0%**	Selfoss	79,3%	-	-
Póstbox	3,2	**98,6%**	Eyrarb. / Stokkseyri	98,6%	-	-
Hársnyrting	3,1	**0,0%**	Selfoss	75,4%	Hb.svæði	24,6%
Fataverslun/ skóbúð	2,4	**0,0%**	Hb.svæði	67,3%	Selfoss	32,7%
Sjúkraþjálfun	1,7	**0,0%**	Selfoss	100,0%	-	-
Bíla-verkstæði	1,5	**0,0%**	Selfoss	82,4%	-	-
Dropp	1,3	-	Selfoss	89,7%	-	-
Tannlæknir	1,1	**0,0%**	Hb.svæði	56,0%	Selfoss	36,0%
Sérfræði-læknir	1,0	**0,0%**	Hb.svæði	100,0%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	1,0	**0,0%**	Selfoss	100,0%	-	-

10.10.8 Þjónustusókn Grímsnes- og Grafningshreppur

Íbúar í Grímsnes- og Grafningshreppi (n=24; íbúar=438) sækja nær alla þjónustu til Selfoss og í raun væri hægt að skilgreina hreppinn á þjónustusvæði þess. Höfuðborgarsvæðið er einnig mikilvægur þjónustustaður fyrir íbúana. Um 17% þjónustusóknartilvika eru þó innan Grímsnes- og Grafningshrepps (tafla 207). Algengasta þjónusta sem sótt er innan svæðisins eru sund og líkamsrækt á Borg í Grímsnesi, þó oftar sé farið í líkamsrækt á Selfossi. Auk þess er hluti dagvöruverslunar á Sólheimum í Grímsnesi. Íbúarnir sækja oftast menningarviðburði á höfuðborgarsvæðinu þó það sé gjarnan gert á Selfossi.

Tafla 207. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Þjónustuþáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustusvæði 1	Hlutdeild	Þjónustusvæði 2	Hlutdeild
Lágvöruverðsverslun	98,0	**0,0%**	Selfoss	93,4%	-	-
Líkamsrækt	43,0	**32,6%**	Selfoss	46,5%	Grímsnes- og Graf	32,6%
Sund / baðstaðir	34,5	**92,8%**	Grímsnes- og Graf	92,8%	-	-
Bakarí	21,5	**0,0%**	Selfoss	74,4%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	20,5	**0,0%**	Selfoss	87,8%	Hb.svæði	9,8%
Önnur dagvöruv.	17,0	**35,3%**	Selfoss	35,3%	Grímsnes- og Graf	35,3%
Vínbúð	14,5	**0,0%**	Selfoss	79,3%	-	-
Menning / afþreying	13,5	-	Hb.svæði	51,9%	Selfoss	44,4%
Öll þjónusta	339,5	**17,4%**				

Íbúar Grímsnes- og Grafningshrepps fara oftast í sjúkraþjálfun á höfuðborgarsvæðinu. Föt og skór eru oftast keypt á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Selfossi (tafla 208). Oftast er farið á heilsugæsluna í Laugarási en stundum á höfuðborgarsvæðinu. Flestir fara í klippingu á Selfossi og sendingar í póstbox og með Dropp eru einnig sóttar þar. Bílaverkstæði er oftast notað á Selfossi en annars á höfuðborgarsvæðinu og einhver tilvik eru á Borg í Grímsnesi. Flestir tannlæknatímar eru á höfuðborgarsvæðinu eða Selfossi, en sérfræðilæknatímar helst á höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem nota þjónustu sérfræðiráðgjafa gera það helst á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 208. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Þjónustuþáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustusvæði 1	Hlutdeild	Þjónustusvæði 2	Hlutdeild
Sjúkraþjálfun	6,3	-	Hb.svæði	43,0%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	5,3	**0,0%**	Hb.svæði	55,6%	Selfoss	19,8%
Heilsug./ heim.læknir	3,3	**0,0%**	Bláskóga-byggð	45,6%	Hb.svæði	27,8%
Hársnyrting	3,0	**0,0%**	Selfoss	67,6%	Hb.svæði	9,9%
Póstbox	2,3	**0,0%**	Selfoss	78,2%	-	-
Tannlæknir	1,9	**0,0%**	Hb.svæði	51,1%	Selfoss	44,4%
Bíla-verkstæði	1,8	**13,6%**	Selfoss	54,5%	Hb.svæði	22,7%
Dropp	1,6	**0,0%**	Selfoss	73,7%	-	-
Sérfræði-læknir	1,3	**0,0%**	Hb.svæði	80,6%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,8	**0,0%**	Hb.svæði	94,7%	-	-

10.10.9 Þjónustusókn Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (n=49; íbúar=438) sækja stærstan hluta þjónustu til Selfoss og í raun væri hægt að skilgreina hreppinn á þjónustusvæði þess. Um 20% þjónustusóknartilvika eru þó innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Algengasta þjónusta sem sótt er innan svæðisins eru líkamsrækt í Brautarholti og sundferðir, flestar þeirra í Brautarholti en sumar í Árnesi (tafla 209). Auk þess er hluti þjónustusóknar íbúanna í dagvöruverslun í Árnesi.

Tafla 209. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Þjónustuþáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustusvæði 1	Hlutdeild	Þjónustusvæði 2	Hlutdeild
Lágvöruverðsverslun	64,4	**0,0%**	Selfoss	100,0%	-	-
Sund / baðstaðir	35,5	**67,6%**	Skeiða- og Gnúp	67,6%	Selfoss	17,9%
Lyfjaverslun / apótek	22,5	**0,0%**	Selfoss	92,4%	-	-
Líkamsrækt	21,6	**59,1%**	Skeiða- og Gnúp	59,1%	Selfoss	31,8%
Önnur dagvöruv.	17,9	**72,6%**	Skeiða- og Gnúp	72,6%	Selfoss	24,7%
Vínbúð	14,4	**0,0%**	Selfoss	74,6%	Flúðir	20,3%
Bakarí	10,8	**0,0%**	Selfoss	81,8%	-	-
Byggingavöruverslun	10,7	**0,0%**	Selfoss	98,9%	-	-
Öll þjónusta	260,4	**20,3%**				

Íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps fara oftast í sjúkraþjálfun á Selfossi. Föt og skór eru oftast keypt á Selfossi en stundum á höfuðborgarsvæðinu (tafla 210). Almennt er farið á heilsugæsluna í Laugarási en stundum á Selfossi. Flestir fara í klippingu á Selfossi og sendingar í póstbox og með Dropp eru einnig sóttar þar. Oftast er farið á bílaverkstæði á Selfossi og í einhverjum tilfellum í Árnesi. Tannlæknar eru oftast heimsóttir á Selfossi en oft á höfuðborgarsvæðinu. Helst er farið til sérfræðilæknis á höfuðborgarsvæðinu, en í sumum tilfellum á Selfossi. Tímar hjá sérfræðiráðgjöfum eru bæði á Selfossi og höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 210. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Þjónustuþáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustusvæði 1	Hlutdeild	Þjónustusvæði 2	Hlutdeild
Sjúkraþjálfun	4,0	**0,0%**	Selfoss	85,9%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,9	**0,0%**	Selfoss	58,2%	Hb.svæði	24,9%
Heilsug./ heim.læknir	2,8	**0,0%**	Bláskóga-byggð	79,4%	Selfoss	11,8%
Hársnyrting	2,5	**0,0%**	Selfoss	80,2%	Hb.svæði	13,2%
Dropp	1,9	**0,0%**	Selfoss	100,0%	-	-
Póstbox	1,8	**0,0%**	Selfoss	92,2%	-	-
Bíla-verkstæði	1,8	**13,3%**	Selfoss	63,3%	Skeiða- og Gnúp	13,3%
Tannlæknir	1,3	**0,0%**	Selfoss	59,1%	Hb.svæði	33,3%
Sérfræði-læknir	1,3	**0,0%**	Hb.svæði	89,1%	Selfoss	10,9%
Sérfræði-ráðgjöf	0,5	**0,0%**	Selfoss	32,0%	Hb.svæði	24,0%

10.10.10 Þjónustusókn Bláskógabyggð

Íbúar í Bláskógabyggð (n=52; íbúar=1.035) sækja álíka stóran hluta þjónustu innan svæðisins og til Selfoss. Jafnframt er þónokkur þjónustusókn til höfuðborgarsvæðisins úr Bláskógabyggð. Mest sótta þjónustan er dagvöruverslun og ívið oftar er keypt í matinn í lágvöruverðsverslun á Selfossi heldur en í dagvöruverslunum innan svæðisins, í Reykholti eða á Laugarvatni (tafla 211). Stærstur hluti sundferða og líkamsræktariðkunar svarenda er innan svæðisins, flest tilvikin á Laugarvatni en mörg þeirra í Reykholti. Oftast er farið í apótek á Selfossi en ýmist farið í vínbúð á Selfossi eða Flúðum.

Tafla 211. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Bláskógabyggð.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	61,2	-	Selfoss	77,0%	Hveragerði	10,2%
Önnur dagvöruv.	50,3	**85,8%**	Bláskóga-byggð	85,8%	Hb.svæði	6,0%
Sund / baðstaðir	33,2	**80,6%**	Bláskóga-byggð	80,6%	Grímsnes- og Graf	13,9%
Líkamsrækt	19,4	**73,8%**	Bláskóga-byggð	73,8%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	18,9	**0,0%**	Selfoss	85,4%	Hb.svæði	12,2%
Vínbúð	10,8	**0,0%**	Selfoss	57,4%	Flúðir	38,3%
Öll þjónusta	276,5	**39,9%**				

Íbúar Bláskógabyggðar fara oftast í sjúkraþjálfun og á heilsugæslu innan svæðisins (tafla 212). Íbúarnir fara oftast í sjúkraþjálfun innan svæðisins, oftast á Laugarvatni en stundum í Reykholti. Föt og skóbúnaður eru oftast versluð á höfuðborgarsvæðinu en oft á Selfossi og í einhverjum tilvikum rafrænt. Oftast er farið í klippingu á Selfossi en stundum á höfuðborgarsvæðinu. Íbúarnir fara helst með bíla í viðgerð á Selfossi en oft innan svæðisins, á Laugarvatni eða í Laugarási. Sendingar með Dropp eða í póstboxi eru oftast nær sóttar á Selfossi. Flestir tímar íbúanna hjá sérfræðilækni eru á höfuðborgarsvæðinu, en tannlæknatímarnir dreifast nokkuð jafnt milli Selfoss og höfuðborgarsvæðisins. Þeir sem nýta aðstoð sérfræðiráðgjafa (sálfræðings, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðings) fara oftast til höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 212. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Bláskógabyggð.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	6,1	**78,9%**	Bláskóga-byggð	78,9%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,8	**0,0%**	Hb.svæði	56,6%	Selfoss	34,8%
Heilsug./ heim.læknir	3,5	**82,4%**	Bláskóga-byggð	82,4%	Selfoss	13,7%
Hársnyrting	3,1	-	Selfoss	69,8%	Hb.svæði	22,0%
Bíla-verkstæði	1,9	**24,0%**	Selfoss	39,0%	Bláskóga-byggð	24,0%
Dropp	1,9	**0,0%**	Selfoss	76,8%	Hb.svæði	22,2%
Sérfræði-læknir	1,3	**0,0%**	Hb.svæði	85,7%	-	-
Póstbox	1,2	-	Selfoss	82,0%	-	-
Tannlæknir	1,2	**0,0%**	Selfoss	59,0%	Hb.svæði	34,4%
Sérfræði-ráðgjöf	1,2	-	Hb.svæði	45,9%	-	-

10.10.11 Þjónustusókn Hrunamannahreppur

Íbúar í Hrunamannahreppi (n=55; íbúar=685) sækja hærra hlutfall þjónustu til Selfoss heldur en innan þjónustusvæðis Flúða. Mest sótta þjónustan er dagvöruverslun og oftar er keypt í matinn í lágvöruverðsverslun á Selfossi heldur en í dagvöruverslun á Flúðum (tafla 213). Flestar sundferðir svarenda eru innan svæðisins. Oftast er farið í líkamsrækt innanbæjar en einnig oft á Selfossi. Íbúarnir fara almennt í apótek á Selfossi en oftast í vínbúð á Flúðum. Algengast er að farið sé í bakarí á Selfossi en stundum er það gert á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 213. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hrunamannahreppi.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	62,2	-	Selfoss	88,1%	-	-
Önnur dagvöruv.	50,8	**92,3%**	Flúðir	92,3%	-	-
Sund / baðstaðir	32,3	**85,1%**	Flúðir	85,1%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	29,9	**0,0%**	Selfoss	94,9%	-	-
Vínbúð	16,6	**71,1%**	Flúðir	71,1%	Selfoss	18,4%
Líkamsrækt	12,2	**60,7%**	Flúðir	60,7%	Selfoss	39,3%
Bakarí	10,5	-	Selfoss	54,2%	Hb.svæði	14,6%
Öll þjónusta	288,1	**40,1%**				

Hrunamenn fara oftast í sjúkraþjálfun á Selfossi en stundum í Bláskóga-byggð (tafla 214). Algengast er að farið sé í klippingu á Selfossi en oft er það gert á Flúðum. Íbúarnir fara á heilsugæslustöð í Laugarási í Bláskóga-byggð. Föt og skór eru oftast keypt á Selfossi en oft á höfuðborgarsvæðinu. Sendingar í póstboxum eru sóttar á Flúðum eða á Selfossi en sendingar með Dropp á Selfoss. Flestir tímar hjá tannlækni og sérfræðiráðgjafa (sálfræðingi, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðingi) eru á Selfossi en sumir þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Oftast er farið með bíla í viðgerð innanbæjar en stundum á Selfossi. Nær allir tímar hjá sérfræðilækni eru á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 214. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Hrunamannahreppi.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	6,1	**0,0%**	Selfoss	79,9%	Bláskóga-byggð	16,9%
Hársnyrting	4,0	**31,4%**	Selfoss	55,9%	Flúðir	31,4%
Heilsug./ heim.læknir	3,7	-	Bláskóga-byggð	88,1%	Selfoss	10,0%
Fataverslun/ skóbúð	3,5	**0,0%**	Selfoss	53,8%	Hb.svæði	31,3%
Póstbox	1,7	**57,3%**	Flúðir	57,3%	Selfoss	35,4%
Dropp	1,7	**0,0%**	Selfoss	91,4%	-	-
Tannlæknir	1,7	**0,0%**	Selfoss	68,1%	Hb.svæði	30,8%
Sérfræði-ráðgjöf	1,6	**0,0%**	Selfoss	62,5%	Hb.svæði	23,9%
Bíla-verkstæði	1,5	**63,4%**	Flúðir	63,4%	Selfoss	18,3%
Sérfræði-læknir	1,4	**0,0%**	Hb.svæði	94,8%	-	-

10.10.12 Þjónustusókn Hella

Íbúar á Hellu (n=70; íbúar=743) sækja meirihluta þjónustu innanbæjar en Hvolsvöllur og Selfoss gegna einnig mikilvægu hlutverki sem þjónustustaðir fyrir íbúana. Lágvöruverðsverslun er eini algengi þjónustuþátturinn sem ekki er að stærstum hluta nýttur innanbæjar en þjónustan er ýmist sótt á Hvolsvelli eða Selfossi (tafla 215). Þrátt fyrir það eru þjónustusóknartilvik í dagvöruverslun á Hellu enn fleiri en í lágvöruverðsverslanir utanbæjar.

Tafla 215. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hellu.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	73,2	**92,5%**	Hella	92,5%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	57,8	**0,0%**	Hvolsvöllur	50,4%	Selfoss	49,6%
Bakarí	45,1	**100,0%**	Hella	100,0%	-	-
Sund / baðstaðir	42,5	**93,5%**	Hella	93,5%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	30,7	**87,2%**	Hella	87,2%	-	-
Líkamsrækt	24,5	**76,9%**	Hella	76,9%	-	-
Vínbúð	19,0	**96,4%**	Hella	96,4%	-	-
Öll þjónusta	367,0	**70,0%**				

Hellubúar sækja jafnframt meirihluta annarrar mikilvægrar þjónustu innanbæjar. Föt og skór eru oftast keypt á Selfossi eða höfuðborgarsvæðinu og í einhverjum tilfellum erlendis. Langflestir tímar hjá sérfræðilæknum eru á höfuðborgarsvæðinu (tafla 216). Annað er að stærstum hluta gert á Hellu. Hluti þjónustusóknar vegna heilsugæslu og sjúkraþjálfunar er þó til Hvolsvallar. Einnig fara sumir í hársnyrtingu og á bílaverkstæði á Selfossi og hluti tannlæknaþjónustu er á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 216. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hellu.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	6,0	**100,0%**	Hella	100,0%	-	-
Dropp	4,2	**100,0%**	Hella	100,0%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,5	-	Selfoss	41,2%	Hb.svæði	35,4%
Hársnyrting	3,2	**75,6%**	Hella	75,6%	Selfoss	17,2%
Heilsug./ heim.læknir	2,4	**73,4%**	Hella	73,4%	Hvolsvöllur	11,8%
Bíla-verkstæði	2,4	**82,8%**	Hella	82,8%	Selfoss	9,5%
Sjúkraþjálfun	2,3	**62,8%**	Hella	62,8%	Hvolsvöllur	23,2%
Sérfræði-ráðgjöf	1,8	**89,1%**	Hella	89,1%	-	-
Tannlæknir	1,5	**72,5%**	Hella	72,5%	Hb.svæði	12,7%
Sérfræði-læknir	0,8	-	Hb.svæði	96,5%	-	-

10.10.13 Þjónustusókn Hella dreifbýli

Rúmlega helmingur þjónustusóknartilvika íbúa í dreifbýli við Hellu (n=56; íbúar=873) er á Hellu en Selfoss og Hvolsvöllur eru einnig mikilvægir þjónustustaðir. Í flestum tilfellum er verslað í matinn í lágvöruverðsverslun á Selfossi, næst oftast í lágvöruverðsverslun á Hvolsvelli og loks í dagvöruverslun á Hellu (tafla 217). Aðrir algengir þjónustuþættir en dagvöruverslun eru oftast sóttir til Hellu en fyrir kemur að farið sé á Selfoss í bakarí, apótek eða vínbúð.

Tafla 217. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hellu.

Þjónustuþáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustusvæði 1	Hlutdeild	Þjónustusvæði 2	Hlutdeild
Lágvöruverðsverslun	72,6	-	Selfoss	59,3%	Hvolsvöllur	39,8%
Önnur dagvöruv.	34,1	**80,5%**	Hella	80,5%	-	-
Bakarí	30,2	**84,4%**	Hella	84,4%	Selfoss	13,5%
Sund / baðstaðir	27,0	**92,9%**	Hella	92,9%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	23,1	**73,1%**	Hella	73,1%	Selfoss	23,1%
Líkamsrækt	18,6	**81,6%**	Hella	81,6%	-	-
Vínbúð	11,4	**88,7%**	Hella	88,7%	Selfoss	11,3%
Öll þjónusta	295,6	**51,2%**				

Íbúar dreifbýlisins við Hellu sækja sendingar í póstbox og með Dropp á Hellu og nota nær alltaf heilsugæsluna þar (tafla 218). Hársnyrting og sjúkraþjálfun eru oftast sótt á Hellu en stundum á Selfoss. Íbúarnir kaupa sér föt og skó helst á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Selfossi. Bílaverkstæði er í flestum tilfellum notað á Hellu en stundum á Selfossi. Aðstoð sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) er einnig oftast nýtt á Hellu. Flestir tannlæknatímar íbúanna eru á Hellu en sumir á höfuðborgarsvæðinu og algengast er að þeir hitti sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 218. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hellu.

Þjónustuþáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustusvæði 1	Hlutdeild	Þjónustusvæði 2	Hlutdeild
Póstbox	5,2	**84,8%**	Hella	84,8%	Selfoss	12,1%
Heilsug./ heim.læknir	3,8	**97,2%**	Hella	97,2%	Hb.svæði	2,4%
Hársnyrting	3,7	**52,6%**	Hella	52,6%	Selfoss	28,7%
Sjúkraþjálfun	3,7	**58,7%**	Hella	58,7%	Selfoss	14,4%
Dropp	3,3	**79,0%**	Hella	79,0%	Hb.svæði	11,3%
Fataverslun/ skóbúð	3,1	-	Hb.svæði	56,6%	Selfoss	20,8%
Bílaverkstæði	3,0	**80,8%**	Hella	80,8%	Selfoss	16,2%
Sérfræðiráðgjöf	1,9	**94,4%**	Hella	94,4%	Hb.svæði	4,6%
Tannlæknir	1,4	**63,6%**	Hella	63,6%	Hb.svæði	16,9%
Sérfræðilæknir	1,0	-	Hb.svæði	83,6%	-	9,1%

10.10.14 Þjónustusókn Hvolsvöllur

Íbúar á Hvolsvelli (n=74; íbúar=818) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar hvort sem það er lágvöruverðsverslun, sund, líkamsrækt, apótek, önnur dagvöruverslun, vínbúð, byggingavöruverslun eða bókasafn. Eina algenga þjónustan sem oftast sótt annað er bakarí á Hellu (tafla 219).

Tafla 219. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hvolsvelli.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	172,1	**97,5%**	Hvolsvöllur	97,5%	Selfoss	2,5%
Sund / baðstaðir	42,8	**96,2%**	Hvolsvöllur	96,2%	-	-
Líkamsrækt	34,7	**91,6%**	Hvolsvöllur	91,6%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	33,9	**90,0%**	Hvolsvöllur	90,0%	Hb.svæði	5,3%
Önnur dagvöruv.	22,4	**76,8%**	Hvolsvöllur	76,8%	Hella	10,1%
Vínbúð	16,1	**96,0%**	Hvolsvöllur	96,0%	-	-
Byggingavöru-verslun	13,6	**90,0%**	Hvolsvöllur	90,0%	Selfoss	9,8%
Bókasafn	12,2	**100,0%**	Hvolsvöllur	100,0%	-	-
Bakarí	11,7	-	Hella	84,7%	Selfoss	9,7%
Öll þjónusta	415,7	**86,8%**				

Hvolsvellingar sækja sendingar í póstbox og með Dropp innanbæjar (tafla 220). Oftast er farið í sjúkraþjálfun á Hvolsvelli en stundum á Hellu. Algengast er að íbúarnir kaupi föt og skó á höfuðborgarsvæðinu eða Selfossi, en fari í hársnyrtingu annað hvort á Hvolsvelli eða Hellu. Oftast nær er heilsugæslan á Hvolsvelli notuð, en tannlæknatímar eru flestir á Hellu þó sumir þeirra séu á höfuðborgarsvæðinu. Oftast er gert við bíla Hvolsvellinga innanbæjar en stundum á Hellu. Oftast nær er farið til sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu en tímar hjá sérfræðiráðgjafa (sálfræðingi, félags-ráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðingi) eru ýmist á Hellu eða höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 220. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Hvolsvelli.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	4,8	**100,0%**	Hvolsvöllur	100,0%	-	-
Sjúkraþjálfun	4,2	**67,0%**	Hvolsvöllur	67,0%	Hella	21,7%
Fataverslun/ skóbúð	3,6	-	Hb.svæði	40,8%	Selfoss	39,6%
Hársnyrting	3,6	**41,7%**	Hvolsvöllur	41,7%	Hella	36,4%
Heilsug./ heim.læknir	3,5	**83,7%**	Hvolsvöllur	83,7%	Hb.svæði	9,7%
Dropp	2,5	**100,0%**	Hvolsvöllur	100,0%	-	-
Tannlæknir	1,5	**0,0%**	Hella	73,0%	Hb.svæði	20,7%
Bíla-verkstæði	1,2	**50,0%**	Hvolsvöllur	50,0%	Hella	18,9%
Sérfræði-læknir	1,1	**0,0%**	Hb.svæði	88,9%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,9	-	Hella	47,1%	Hb.svæði	32,9%

10.10.15 Þjónustusókn Hvolsvöllur dreifbýli

Íbúar í dreifbýli við Hvolsvöll (n=39; íbúar=751) sækja stærstan hluta þjónustu til Hvolsvallar hvort sem það er lágvöruverðsverslun, sund, apótek, vínbúð, byggingavöruverslun, önnur dagvöruverslun eða líkamsrækt (tafla 221).

Tafla 221. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hvolsvöll.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	145,2	**96,4%**	Hvolsvöllur	96,4%	-	-
Sund / baðstaðir	22,8	**97,3%**	Hvolsvöllur	97,3%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	22,5	**90,4%**	Hvolsvöllur	90,4%	Selfoss	8,2%
Vínbúð	20,3	**71,2%**	Hvolsvöllur	71,2%	-	-
Byggingavöru-verslun	15,8	**95,3%**	Hvolsvöllur	95,3%	-	-
Önnur dagvöruv.	14,8	**72,9%**	Hvolsvöllur	72,9%	Selfoss	18,8%
Líkamsrækt	10,2	**97,0%**	Hvolsvöllur	97,0%	-	-
Öll þjónusta	325,8	**83,6%**				

Íbúar í dreifbýli við Hvolsvöll sækja sendingar í póstbox og með Dropp til Hvolsvallar (tafla 222). Ýmist er farið í klippingu, sjúkraþjálfun og á bíla-verkstæði á Hellu eða Hvolsvelli. Föt og skó kaupa íbúarnir oftast á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Selfossi og í einhverjum tilfellum erlendis. Almennt er heilsugæslustöðin á Hvolsvelli notuð, en tannlæknatímar eru flestir á Hellu. Sérfræðilæknatímar íbúanna eru hins vegar flestir á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 222. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Hvolsvöll.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Póstbox	3,4	**100,0%**	Hvolsvöllur	100,0%	-	-
Hársnyrting	3,4	**34,8%**	Hella	39,4%	Hvolsvöllur	34,8%
Bíla-verkstæði	2,8	**43,5%**	Hella	49,1%	Hvolsvöllur	43,5%
Sjúkraþjálfun	2,7	**43,9%**	Hvolsvöllur	43,9%	Hella	43,0%
Fataverslun/ skóbúð	2,5	**0,0%**	Hb.svæði	48,5%	Selfoss	26,3%
Heilsug./ heim.læknir	2,5	**81,3%**	Hvolsvöllur	81,3%	-	-
Tannlæknir	2,3	-	Hella	74,2%	-	-
Dropp	2,0	**97,4%**	Hvolsvöllur	97,4%	-	-
Sérfræði-læknir	1,2	**0,0%**	Hb.svæði	66,7%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,0	**0,0%**	-	-	-	-

10.10.16 Þjónustusókn Vestmannaeyjar

Íbúar í Vestmannaeyjum (n=228; íbúar=3.302) sækja nær alla algenga þjónustu innanbæjar, hvort sem það er lágvöruverðsverslun, líkamsrækt, apótek, bakarí, sund, vínbúð eða önnur dagvöruverslun (tafla 223).

Tafla 223. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vestmannaeyjum.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	176,6	**97,7%**	Vestm. eyjar	97,7%	Hb.svæði	1,3%
Líkamsrækt	49,8	**99,6%**	Vestm. eyjar	99,6%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	35,5	**96,0%**	Vestm. eyjar	96,0%	Hb.svæði	1,9%
Bakarí	29,6	**93,6%**	Vestm. eyjar	93,6%	Selfoss	2,8%
Sund / baðstaðir	23,7	**94,7%**	Vestm. eyjar	94,7%	-	-
Vínbúð	16,8	**90,9%**	Vestm. eyjar	90,9%	Selfoss	3,4%
Önnur dagvöruv.	14,3	**84,9%**	Vestm. eyjar	84,9%	Hb.svæði	8,1%
Öll þjónusta	449,3	**94,7%**				

Algengast að Vestmannaeyingar sæki aðra mikilvæga þjónustu innanbæjar (tafla 224). Föt og skór eru oftast keypt innanbæjar en stundum á höfuðborgarsvæðinu og í sumum tilfellum erlendis eða rafrænt. Heilsugæsla, sjúkraþjálfun, hársnyrting, póstbox, Dropp eru allt þjónustu-þættir sem eru að nær öllu leyti notaðir heima fyrir. Tímar sérfræðilækna eru flestir á höfuðborgarsvæðinu þó stundum séu þeir í Eyjum. Algengast er að íbúarnir fari á bílaverkstæði og nýti sérfræðiráðgjöf (sálfræðing, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðing) innanbæjar. Þá eru flestir tannlæknatímar Eyjamanna innanbæjar en sumir þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 224. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vestmannaeyjum.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Fataverslun/ skóbúð	5,6	**68,5%**	Vestm. eyjar	68,5%	Hb.svæði	20,3%
Heilsug./ heim.læknir	4,5	**99,9%**	Vestm. eyjar	99,9%	-	-
Sjúkraþjálfun	4,5	**96,1%**	Vestm. eyjar	96,1%	Hb.svæði	2,8%
Hársnyrting	4,4	**97,9%**	Vestm. eyjar	97,9%	Hb.svæði	1,4%
Póstbox	3,3	**97,6%**	Vestm. eyjar	97,6%	-	-
Dropp	3,1	**97,9%**	Vestm. eyjar	97,9%	-	-
Sérfræði-læknir	1,6	**23,8%**	Hb.svæði	74,5%	Vestm. eyjar	23,8%
Bíla-verkstæði	1,4	**90,8%**	Vestm. eyjar	90,8%	Hb.svæði	7,6%
Sérfræði-ráðgjöf	1,2	**89,6%**	Vestm. eyjar	89,6%	Hb.svæði	4,3%
Tannlæknir	1,1	**73,5%**	Vestm. eyjar	73,5%	Hb.svæði	20,6%

10.10.17 Þjónustusókn Vík

Íbúar í Mýrdalshreppi (n=45; íbúar=741) sækja stærstan hluta þjónustu innan svæðisins. Lang algengasta þjónusta sem íbúarnir sækja er lágvöruverðsverslun í Vík (tafla 225). Sund og líkamsrækt eru að nær öllu leyti stunduð í Vík og einnig er mest farið í vínbúð og apótek innanbæjar. Önnur dagvöruverslun er sótt á höfuðborgarsvæðinu eða í Vík, en þeir sem fara í bakarí gera það flestir í Vík og sumir á Selfossi.

Tafla 225. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vík.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	137,3	**94,4%**	Vík	94,4%	Selfoss	5,0%
Sund / baðstaðir	24,8	**98,9%**	Vík	98,9%	-	-
Líkamsrækt	17,9	**100,0%**	Vík	100,0%	-	-
Vínbúð	17,3	**95,4%**	Vík	95,4%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	17,1	**81,3%**	Vík	81,3%	Hb.svæði	12,5%
Önnur dagvöruv.	16,0	**33,3%**	Hb.svæði	48,3%	Vík	33,3%
Bakarí	10,9	**80,5%**	Vík	80,5%	Selfoss	14,6%
Öll þjónusta	313,0	**83,9%**				

Þó margir mikilvægir þjónustuþættir séu sóttir út fyrir svæðið eru heilsugæsla, Dropp og bílaverkstæði oftast nær sótt innan svæðisins (tafla 226). Víkurbúar kaupa oftast föt og skó á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Selfossi og í einhverjum tilfellum innanbæjar. Ýmist er farið í hársnyrtingu á höfuðborgarsvæðinu, í Vík eða á Selfossi. Flestir tímar hjá sérfræðilæknum eru á höfuðborgarsvæðinu en einhver hluti þeirra er í Vík. Oftast er farið til tannlæknis á höfuðborgarsvæðinu en stundum í Vík, á Selfossi eða Hellu. Of fáir nota þjónustu sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga), póstbox og sjúkraþjálfun til að hægt sé að sýna staðsetningar þeirrar þjónustusóknar.

Tafla 226. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Vík.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	4,3	**94,3%**	Vík	94,3%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,2	**5,5%**	Hb.svæði	69,7%	Selfoss	23,4%
Dropp	2,6	**98,3%**	Vík	98,3%	-	-
Hársnyrting	2,4	**21,8%**	Hb.svæði	28,2%	Vík	21,8%
Bíla-verkstæði	2,1	**81,1%**	Vík	81,1%	Selfoss	11,6%
Sérfræði-læknir	1,2	**12,7%**	Hb.svæði	80,0%	Vík	12,7%
Tannlæknir	1,0	**18,6%**	Hb.svæði	44,2%	Vík	18,6%
Póstbox	0,8	-	-	-	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,8	-	-	-	-	-
Sjúkraþjálfun	0,2	-	-	-	-	-

10.10.18 Þjónustusókn Kirkjubæjarklaustur

Íbúar á Kirkjubæjarklaustri (n=12; íbúar=151) sækja stærstan hluta þjónustu innanbæjar. Mest notaða þjónustan er dagvöruverslun á Kirkjubæjarklaustri en þar næst sundlaug á Klaustri (tafla 227). Íbúarnir fara gjarnan í lágvöruverðsverslun í Vík eða á Selfossi en önnur algeng þjónusta er að stærstum hluta sótt á Kirkjubæjarklaustri.

Tafla 227. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Kirkjubæjarklaustri.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	82,0	**100,0%**	Kirkjub. Klaustur	100,0%	-	-
Sund / baðstaðir	43,0	**100,0%**	Kirkjub. Klaustur	100,0%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	27,0	-	Vík	37,0%	Selfoss	29,6%
Líkamsrækt	22,0	**100,0%**	Kirkjub. Klaustur	100,0%	-	-
Vínbúð	19,0	**100,0%**	Kirkjub. Klaustur	100,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	15,0	**86,7%**	Kirkjub. Klaustur	86,7%	-	-
Öll þjónusta	296,8	**70,0%**				

Svarendur á Kirkjubæjarklaustri fara að meðaltali oft í sjúkraþjálfun en þrátt fyrir það eru notendur of fáir til að hægt sé að sýna staðsetningar (tafla 228). Klausturbúar fara oftast í hársnyrtingu, til sérfræðilæknis og til tannlæknis á höfuðborgarsvæðinu. Í ríflega þriðjung skipta sem íbúarnir fara með bíla í viðgerð er það gert á Kirkjubæjarklaustri en oftar annars staðar. Algengast er að föt og skór séu keypt erlendis eða á höfuðborgarsvæðinu. Droppsendingar eru sóttar innanbæjar en of fáir nota þjónustu sérfræði-ráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) og póstbox til að hægt sé að sýna hvar sú þjónusta er nýtt.

Tafla 228. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Kirkjubæjarklaustri.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	10,4	**0,0%**	-	-	-	-
Hársnyrting	3,8	**0,0%**	Hb.svæði	80,0%	-	-
Bíla-verkstæði	3,7	**36,4%**	Kirkjub. klaustur	36,4%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,6	**0,0%**	Erlendis	46,5%	Hb.svæði	37,2%
Heilsug./ heim.læknir	3,2	**68,4%**	Kirkjub. klaustur	68,4%	-	-
Sérfræði-læknir	2,6	**0,0%**	Hb.svæði	90,3%	-	-
Dropp	1,8	**100,0%**	Kirkjub. klaustur	100,0%	-	-
Tannlæknir	1,6	-	Hb.svæði	84,2%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	1,0	**0,0%**	-	-	-	-
Póstbox	0,0	**0,0%**	-	-	-	-

10.10.19 Þjónustusókn Skaftárhreppur dreifbýli

Dreifbýli Skaftárhrepps er á þjónustusvæði Kirkjubæjarklausturs og íbúarnir (n=26; íbúar=345) sækja ríflega helming þjónustu þangað. Tíðni þjónustusóknar meðal íbúanna er hins vegar ein sú lægsta á landinu. Selfoss, höfuðborgarsvæðið og Vík í Mýrdal eru, auk Klausturs, mikilvægir þjónustustaðir fyrir íbúana. Eina algenga þjónustan sem íbúarnir sækja eru dagvöruverslanir og apótek (tafla 229). Oftast er verslað í matinn í dagvöruverslun á Kirkjubæjarklaustri en oft er líka farið í lágvöruverðsverslun í Vík í Mýrdal eða á Selfossi. Meirihluti þjónustusóknar í apótek er til Kirkjubæjarklausturs.

Tafla 229. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Skaftárhrepps.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Önnur dagvöruv.	36,9	**100,0%**	Kirkjub. klaustur	100,0%	-	-
Lágvöru-verðsverslun	30,9	-	Vík	38,8%	Selfoss	35,8%
Lyfjaverslun / apótek	15,7	**58,8%**	Kirkjub. klaustur	58,8%	-	-
Öll þjónusta	145,2	**54,7%**				

Svarendur í dreifbýli Skaftárhrepps fara oftast á heilsugæslu á Kirkjubæjarklaustri (tafla 230). Ýmist er farið í hársnyrtingu á höfuðborgarsvæðinu eða Selfossi en oftast á bílaverkstæði á Kirkjubæjarklaustri. Íbúarnir kaupa föt og skó helst á höfuðborgarsvæðinu. Flestir tannlæknatímar eru á höfuðborgarsvæðinu en sumir á Klaustri. Sérfræðilæknar og sjúkraþjálfarar eru almennt heimsóttir á höfuðborgarsvæðinu. Sendingar með Dropp eru sóttar til Kirkjubæjarklausturs en of fáir nota þjónustu sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) og póstbox til að hægt sé að sýna hvar sú þjónusta er nýtt.

Tafla 230. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli Skaftárhrepps.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	3,9	**83,2%**	Kirkjub. klaustur	83,2%	-	-
Hársnyrting	2,6	-	Hb.svæði	38,8%	Selfoss	32,8%
Bíla-verkstæði	2,4	**81,0%**	Kirkjub. klaustur	81,0%	Hb.svæði	7,9%
Fataverslun/ skóbúð	1,9	**0,0%**	Hb.svæði	81,6%	Selfoss	8,2%
Tannlæknir	1,5	**20,5%**	Hb.svæði	48,7%	Kirkjub. klaustur	20,5%
Sérfræði-læknir	1,0	**0,0%**	Hb.svæði	100,0%	-	-
Sjúkraþjálfun	0,4	**0,0%**	Hb.svæði	70,0%	-	-
Dropp	0,2	**100,0%**	Kirkjub. klaustur	100,0%	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,2	-	-	-	-	-
Póstbox	0,2	**0,0%**	-	-	-	-

10.10.20 Þjónustusókn Öræfi

Færri en helmingur þjónustusóknartilvika íbúa í Öræfum (n=8; íbúar=224) eru innan þjónustusvæðis á Höfn í Hornafirði. Á heildina litið sækja íbúarnir álíka mikið af þjónustu til höfuðborgarsvæðisins og til Hafnar, en vegna fárra svarenda kemur það ekki fram í niðurstöðum um algengustu þjónustuþætti. Öræfingar fara oftast í dagvöruverslun, vínbúð og apótek á Höfn en oft annars staðar líka (tafla 231).

Tafla 231. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Öræfum.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	55,5	**40,5%**	Höfn	40,5%	-	-
Önnur dagvöruv.	13,5	**77,8%**	Höfn	77,8%	-	-
Bakarí	12,0	**0,0%**	-	-	-	-
Vínbúð	12,0	**62,5%**	Höfn	62,5%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	10,5	**71,4%**	Höfn	71,4%	-	-
Öll þjónusta	197,4	**41,2%**				

Íbúar í Öræfum fara helst í hársnyrtingu á höfuðborgarsvæðinu en oft annars staðar (tafla 232). Föt og skó kaupa Öræfingar oftast á höfuðborgarsvæðinu eða á Selfossi. Oftast nær þegar farið er til tannlæknis er það gert á Höfn í Hornafirði. Of fáir svarendur nota heilsugæslu, bílaverkstæði, sjúkraþjálfun, sérfræðilækni, póstbox, Dropp og sérfræðiráðgjöf (sálfræðing, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðing) til að hægt sé að sýna staðsetningar þjónustusóknar.

Tafla 232. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í Öræfum.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Hársnyrting	4,4	-	Hb.svæði	48,6%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	2,3	-	Hb.svæði	38,9%	Selfoss	27,8%
Heilsug./ heim.læknir	1,5	-	-	-	-	-
Bíla-verkstæði	1,5	-	-	-	-	-
Tannlæknir	0,8	**83,3%**	Höfn	83,3%	-	-
Sjúkraþjálfun	0,5	**0,0%**	-	-	-	-
Sérfræði-læknir	0,1	**0,0%**	-	-	-	-
Póstbox	0,0	-	-	-	-	-
Dropp	0,0	-	-	-	-	-
Sérfræði-ráðgjöf	0,0	-	-	-	-	-

10.10.21 Þjónustusókn Höfn

Íbúar á Höfn í Hornafirði (n=151; íbúar=1.335) sækja nær alla algenga þjónustu innanbæjar hvort sem það er lágvöruverðsverslun, sund, líkamsrækt, apótek, vínbúð eða bókasafn (tafla 233). Eina algenga þjónustan sem er að einhverju marki sótt utanbæjar er önnur dagvöruverslun, sem íbúarnir nota stundum á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 233. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Höfn.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	173,8	**99,2%**	Höfn	99,2%	Selfoss	0,4%
Sund / baðstaðir	58,9	**97,7%**	Höfn	97,7%	-	-
Líkamsrækt	39,4	**100,0%**	Höfn	100,0%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	33,0	**95,7%**	Höfn	95,7%	Hb.svæði	3,4%
Vínbúð	19,1	**95,4%**	Höfn	95,4%	Hb.svæði	2,9%
Bókasafn	18,4	**100,0%**	Höfn	100,0%	-	-
Önnur dagvöruv.	15,3	**63,5%**	Höfn	63,5%	Hb.svæði	29,7%
Öll þjónusta	448,6	**93,3%**				

Stærstan hluta annarrar mikilvægrar þjónustu sækja Hafnarbúar innanbæjar. Þjónustan sem íbúarnir þurfa helst að fara annað til að fá er sérfræðilæknaþjónusta, því stærstur hluti hennar er á höfuðborgarsvæðinu þó einhver tilvik séu á Höfn (tafla 234). Eins skiptist stærstur hluti fata- og skóverslunar milli höfuðborgarsvæðisins og Hafnar þó algengt sé að föt og skór séu keypt erlendis eða rafrænt. Jafnframt eru tímar hjá sérfræðiráðgjöfum (sálfræðingum, félagsráðgjöfum, fjölskylduráðgjöfum, talmeinafræðingum) ýmist rafrænir, innanbæjar eða á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 234. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa á Höfn.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Heilsug./ heim.læknir	4,4	**100,0%**	Höfn	100,0%	-	-
Dropp	4,1	**99,8%**	Höfn	99,8%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,9	**27,4%**	Hb.svæði	33,1%	Höfn	27,4%
Póstbox	3,6	**100,0%**	Höfn	100,0%	-	-
Sjúkraþjálfun	3,5	**98,5%**	Höfn	98,5%	-	-
Hársnyrting	3,1	**92,8%**	Höfn	92,8%	Hb.svæði	5,5%
Bíla-verkstæði	1,6	**81,9%**	Höfn	81,9%	Hb.svæði	12,2%
Sérfræði-læknir	1,4	**8,8%**	Hb.svæði	90,7%	Höfn	8,8%
Tannlæknir	1,4	**90,7%**	Höfn	90,7%	Hb.svæði	7,3%
Sérfræði-ráðgjöf	1,0	**34,9%**	Rafrænt	35,5%	Höfn	34,9%

10.10.22 Þjónustusókn Höfn dreifbýli

Íbúar í dreifbýli við Höfn í Hornafirði (n=37; íbúar=410) sækja nær alla algenga þjónustu til Hafnar, hvort sem það er lágvöruverðsverslun, apótek, vínbúð, sund eða byggingavöruverslun (tafla 235).

Tafla 235. Algengasta þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Höfn.

Þjónustu-þáttur	Meðal-tíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Lágvöru-verðsverslun	143,7	**95,5%**	Höfn	95,5%	-	-
Lyfjaverslun / apótek	25,3	**97,4%**	Höfn	97,4%	-	-
Vínbúð	22,7	**100,0%**	Höfn	100,0%	-	-
Sund / baðstaðir	15,6	**97,9%**	Höfn	97,9%	-	-
Byggingavöru-verslun	11,9	**98,2%**	Höfn	98,2%	-	-
Öll þjónusta	300,6	**90,6%**				

Íbúar í dreifbýli við Höfn sækja einnig stærstan hluta annarrar mikilvægrar þjónustu til Hafnar (tafla 236). Nokkur hluti fata- og skókaupa íbúanna er þó á höfuðborgarsvæðinu eða erlendis. Stærstur hluti tíma hjá sérfræðilæknum er jafnframt á höfuðborgarsvæðinu þó nokkur hluti sé á Höfn. Of fáir svarendur nota þjónustu sérfræðiráðgjafa (sálfræðinga, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, talmeinafræðinga) til að hægt sé að sýna hvar sú þjónusta er nýtt.

Tafla 236. Önnur mikilvæg þjónusta og þjónustustaðir íbúa í dreifbýli við Höfn.

Þjónustu-þáttur	Meðaltíðni á ári	Innan sv. (%)	Þjónustu-svæði 1	Hlut-deild	Þjónustu-svæði 2	Hlut-deild
Sjúkraþjálfun	4,8	**100,0%**	Höfn	100,0%	-	-
Póstbox	3,9	**99,3%**	Höfn	99,3%	-	-
Fataverslun/ skóbúð	3,8	**46,0%**	Höfn	46,0%	Hb.svæði	36,0%
Hársnyrting	3,6	**95,5%**	Höfn	95,5%	-	-
Heilsug./ heim.læknir	3,0	**100,0%**	Höfn	100,0%	-	-
Dropp	2,9	**100,0%**	Höfn	100,0%	-	-
Bíla-verkstæði	2,0	**86,7%**	Höfn	86,7%	Hb.svæði	6,7%
Tannlæknir	1,1	**78,0%**	Höfn	78,0%	-	-
Sérfræði-læknir	0,6	**14,3%**	Hb.svæði	66,7%	Höfn	14,3%
Sérfræði-ráðgjöf	0,5	-	-	-	-	-

10.11 Breytingar á þjónustusókn

Þó spurningalisti könnunarinnar 2024 byggi að mestu á fyrri þjónustukönnun (2016-2017) eru ekki sömu þjónustuþættir á báðum könnunum. Fyrri könnunin er lengri, þar sem spurt er um staðsetningu og tíðni þjónustusóknar vegna 48 þjónustuþátta. Á þeirri síðari eru 31 þjónustuþáttur. Þar af eru 20 þættir sem er að öllu leyti hægt að bera saman milli kannanna og 11 sem eru nýir eða orðalag ekki sambærilegt.

Sambærilegir þjónustuþættir eru:

1. Lágvöruverðsverslun (t.d. Bónus, Nettó og/eða Krónan).
2. Önnur dagvöruverslun.
3. Lyfjaverslun / apótek.
4. Bakarí.
5. Vínbúð.
6. Bókasafn.
7. Líkamsrækt.
8. Sund / baðstaðir.
9. Heilsugæsla / heimilislæknir.
10. Sérfræðilæknir.
11. Tannlæknir.
12. Sjúkraþjálfun.
13. Bókabúð.
14. Byggingavöruverslun.
15. Veitingahús (þar sem þjónað er til borðs).
16. Hársnyrting.
17. Banki / sparisjóður.
18. Tryggingafélag.
19. Bifreiðaskoðun.
20. Bílaverkstæði.

Til að greina breytingar á þjónustusókn eru þjónustusóknartilvik vegna sambærilegra þjónustuþátta lögð saman í hvorri könnun. Síðan er kannað hversu stórt hlutfall þjónustusóknartilvika er innan þjónustusvæðis svarenda. Auk þess er tíðni og staðsetning þjónustusóknar innan hvers þjónustuþáttar skoðuð, til að meta hvort þjónustusókn vegna einstakra þátta hafi haft áhrif á þjónustusóknarmynstur á hverju búsetusvæði.

Breytingar á póstnúmerakerfi landsins á milli kannana hafa nokkur áhrif á samanburð á milli svæða. Því þarf að skoða Reykjanesbæ sem eitt svæði, Eyja- og Miklaholtshreppur er hluti af dreifbýli Borgarfjarðar (pnr. 311), Reykhólahreppur er eitt svæði (pnr. 380), Hólmavík og nærliggjandi dreifbýli eitt svæði (pnr 510), innanverður Eyjafjörður og Fnjóskadalur eitt svæði (pnr. 601), Flóahreppur, dreifbýli Árborgar og uppsveitir án Hrunamannahrepps eitt svæði (pnr 801 og 840) og Skaftárhreppur eitt svæði (pnr. 880). Þar að auki er nákvæmni í þjónustustöðum ekki jafn mikil í fyrri könnuninni og þeirri síðari, þannig að smærri þjónustusóknarstaðir á borð við Norðurfjörð í Árneshreppi og Ketilás í Fljótum eru kóðaðir sem „annars staðar“ og því ekki innan svæðis eins og æskilegt væri. Sums staðar er því ekki hægt að greina breytingar með fullri nákvæmni.

Að teknu tilliti til íbúafjölda búsetusvæðanna hefur þjónustusókn innan þjónustusvæðis almennt hækkað um 0,4 prósentustig[3] og þjónustusókn innan landshluta aukist um 1,2 prósentustig. Tíðni þjónustusóknar á hvern íbúa hefur aukist um 51 tilvik á ári eða 18% á milli kannana.

Meðaltíðni þjónustusóknar eykst mest á Suðurnesjum eða um 63 tilvik á ári. Auk þess eykst tíðni þjónustusóknar um meira en 50 tilvik á Vesturlandi, Norðurlandi eystra og Suðurlandi. Minnst aukning í tíðni þjónustusóknar er á Vestfjörðum 25 tilvik og á Norðurlandi vestra 27 tilvik (tafla 237).

Hlutfall þjónustusóknartilvika sem eru innan þjónustusvæðis íbúanna eykst mest á Vesturlandi 1,7 prósentustig, á Suðurnesjum 1,3 prósentustig og á Norðurlandi eystra 1,3 prósentustig. Á Austurlandi lækkar hlutfall þjónustusóknar innan þjónustusvæðis um 1,4 prósentustig og á Norðurlandi vestra er enn meiri lækkun eða 2,5 prósentustig. Norðurland vestra er eini landshlutinn þar sem hlutfall þjónustusóknar innan landshlutans lækkar.

Tafla 237. Breytingar á þjónustusókn eftir landshlutum.

Lands-hluti	Meðal-tíðni '17	Meðal-tíðni '24	Tíðni breyting	Innan sv. '17	Innan sv. '24	Innan sv. breyting	Innan lh. '17	Innan lh. '24	Innan lh. breyting
SN	281,1	343,9	**+62,8**	78,5%	80,1%	**+1,5 pst.**	89,2%	91,3%	**+2,0 pst.**
VL	287,5	342,1	**+54,6**	86,0%	87,7%	**+1,7 pst.**	91,5%	93,0%	**+1,6 pst.**
VF	299,8	324,9	**+25,1**	74,1%	70,2%	**-3,9 pst.**	92,4%	92,9%	**+0,5 pst.**
NV	286,8	314,2	**+27,4**	81,1%	78,5%	**-2,5 pst.**	87,7%	87,5%	**-0,2 pst.**
NE	288,8	342,1	**+53,3**	89,5%	90,8%	**+1,3 pst.**	96,1%	97,5%	**+1,4 pst.**
AL	278,3	320,8	**+42,4**	80,0%	78,5%	**-1,4 pst.**	93,7%	95,3%	**+1,6 pst.**
SL	283,6	334,8	**+51,2**	77,5%	78,4%	**+0,9 pst.**	94,5%	95,5%	**+1,0 pst.**
Heildin	285,7	336,5	**+50,8**	82,1%	82,5%	**+0,4 pst.**	93,0%	94,2%	**+1,2 pst.**

Tíðni þjónustusóknar eykst mest í *lágvöruverðsverslun*, *líkamsrækt* og *lyfjaverslun/apóteki* en dregst mest saman í *annarri dagvöruverslun* og *banka/sparisjóði*. Mesta aukning í þjónustusókn innan þjónustusvæðis er í *veitingahúsum* en mesti samdráttur í *tryggingafélögum* og *sérfræðilæknum*.

Tafla 238. Breytingar á þjónustusókn eftir þjónustuþáttum.

Þjónustuþáttur	Meðal-tíðni '17	Meðal-tíðni '24	Tíðni breyting	Innan sv. '17	Innan sv. '24	Innan sv. breyting	Innan lh. '17	Innan lh. '24	Innan lh. breyting
Lágvöruverðsverslun	85,3	115,7	**+30,4**	82,8%	82,4%	**-0,4 pst.**	96,0%	96,2%	**+0,2 pst.**
Önnur dagvöruverslun	48,0	41,1	**-6,9**	88,4%	85,8%	**-2,6 pst.**	93,6%	94,0%	**+0,5 pst.**
Líkamsrækt	26,4	37,8	**+11,4**	90,2%	91,4%	**+1,3 pst.**	97,4%	96,6%	**-0,8 pst.**
Sund / baðstaðir	28,0	33,7	**+5,7**	84,7%	89,0%	**+4,3 pst.**	92,7%	96,9%	**+4,2 pst.**
Lyfjaverslun / apótek	17,1	27,1	**+9,9**	82,0%	81,7%	**-0,4 pst.**	94,7%	95,9%	**+1,2 pst.**
Bakarí	19,2	19,5	**+0,3**	82,9%	78,7%	**-4,2 pst.**	94,4%	93,0%	**-1,4 pst.**
Vínbúð	13,4	13,7	**+0,3**	78,6%	81,4%	**+2,8 pst.**	93,2%	95,2%	**+1,9 pst.**
Byggingavöruverslun	8,2	8,4	**+0,2**	69,6%	69,4%	**-0,2 pst.**	91,0%	91,3%	**+0,3 pst.**
Bókasafn	5,4	7,9	**+2,5**	92,9%	91,5%	**-1,4 pst.**	97,5%	98,4%	**+0,9 pst.**
Veitingahús	5,9	6,7	**+0,8**	44,9%	55,0%	**+10,0 pst.**	59,5%	69,4%	**+9,9 pst.**
Sjúkraþjálfun	3,5	4,8	**+1,3**	77,9%	74,4%	**-3,4 pst.**	90,6%	89,4%	**-1,3 pst.**
Banki / sparisjóður	9,6	4,2	**-5,4**	66,1%	62,4%	**-3,8 pst.**	80,6%	81,1%	**+0,5 pst.**
Hársnyrting	4,0	3,6	**-0,4**	76,4%	74,3%	**-2,1 pst.**	89,2%	88,7%	**-0,5 pst.**
Heilsug. / heimilislæknir	2,9	3,5	**+0,6**	81,5%	81,1%	**-0,4 pst.**	94,3%	93,3%	**-1,1 pst.**
Bókabúð	2,5	2,7	**+0,3**	69,0%	68,6%	**-0,4 pst.**	80,0%	81,1%	**+1,1 pst.**
Bílaverkstæði	1,7	1,7	**+0,0**	75,6%	72,0%	**-3,6 pst.**	91,7%	89,1%	**-2,6 pst.**
Tannlæknir	1,2	1,4	**+0,2**	61,1%	58,2%	**-2,9 pst.**	80,0%	76,6%	**-3,3 pst.**
Sérfræðilæknir	1,2	1,4	**+0,2**	29,5%	21,3%	**-8,2 pst.**	37,8%	28,8%	**-9,0 pst.**
Bifreiðaskoðun	1,1	1,0	**-0,1**	67,3%	65,5%	**-1,8 pst.**	91,5%	92,8%	**+1,3 pst.**
Tryggingafélag	1,2	0,8	**-0,4**	69,4%	56,0%	**-13,3 pst.**	88,2%	75,5%	**-12,7 pst**
Heildin	285,7	336,5	**+50,8**	82,1%	82,5%	**+0,4 pst.**	93,0%	94,2%	**+1,2 pst.**

[3] Í töflum er skammstöfunin „pst.“ Notuð fyrir prósentustig.

Mjög mikill munur er á milli búsetusvæða hvað varðar breytingar á hlutfalli þjónustusóknartilvika sem eru innan þjónustusvæðis. Mesta aukning á þjónustusókn innan þjónustusvæðis er á Drangsnesi 17,8 prósentustig, Raufarhöfn 17,4 prósentustig og Hvolsvelli 16,7 prósentustig. Mesti samdráttur á þjónustusókn innan þjónustusvæðis er í Varmahlíð 19,8 prósentustig, á Laugum og Fosshóli 18,4 prósentustig, á Hofsósi 17,7 prósentustig og á Flateyri 16,7 prósentustig.

Myndir Mynd 49 til Mynd 51 sýna breytingar á þjónustusókn innan þjónustusvæðis milli kannana. Búsetusvæði þar sem raunveruleg breyting á þjónustusóknarhlutfalli innan svæðis er óljós, vegna þess að hátt hlutfall þjónustusóknar var til „annarra staða“, birtast ekki á myndunum. Búsetusvæði með færri en tíu svarendur í hvorri könnun birtast heldur ekki á myndunum.

Mynd 52 sýnir landið í heild. Kortið skiptist eftir búsetusvæðum, þó verið sé að sýna þjónustusókn innan þjónustusvæða sem eru oft stærri en búsetusvæðin.



Mynd 49. Breytingar á hlutfalli þjónustusóknar innan þjónustusvæðis, 1-26. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara 2017 og 2024 innan hornklofa).



Mynd 50. Breytingar á hlutfalli þjónustusóknar innan þjónustusvæðis, 27-52. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara 2017 og 2024 innan hornklofa).



Mynd 51. Breytingar á hlutfalli þjónustusóknar innan þjónustusvæðis, 53-77. hæstu búsetusvæði (fjöldi svara 2017 og 2024 innan hornklofa).



Mynd 52. Íslandskort yfir breytingar á þjónustusókn innan þjónustusvæðis.

10.11.1 Breytingar Suðurnes

Að teknu tilliti til íbúafjölda hvers búsetusvæðis hefur hlutfall þjónustu sem íbúar Suðurnesja sækja innan síns þjónustusvæðis aukist um 1,5 prósentustig og hlutfall þjónustu sem þeir sækja innan landshlutans aukist um 2,0 prósentustig. Þrátt fyrir þetta eykst þjónustusókn innan þjónustusvæðis einungis í Reykjanesbæ en lækkar á öðrum búsetusvæðum landshlutans.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 22% milli kannana hjá íbúum landshlutans, fyrst og fremst vegna *lágvöruverðsverslunar*. Þar að auki eykst notkun á *sundi/baðstöðum, líkamsrækt*, *lyfjaverslun/apóteki, byggingavöruverslun, veitingahúsi, sjúkraþjálfun* og *heilsugæslu/heimilislækni.* Tíðni þjónustusóknar í *banka/sparisjóð* og *tryggingafélag* hefur minnkað verulega.

Íbúar Suðurnesja fara í auknum mæli á *veitingahús* innan þjónustusvæðis og innan landshlutans. Einnig er notkun *banka/sparisjóðs* innan þjónustusvæðis og innan landshluta hlutfallslega meiri en áður, þó tíðnin hafi minnkað mikið.

Vogar *[n_{2017} = 160; n_{2024} = 111]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 4,8 prósentustig. Mikilvægasti þjónustustaður Vogabúa er áfram Reykjanesbær og eykst hlutdeild hans í heildarþjónustusókn um 2,5 prósentustig. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins styrkist hins vegar verulega, eða um 6,4 prósentustig og er það orðið álíka mikilvægur þjónustustaður fyrir íbúana og Reykjanesbær.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 64% milli kannana, einkum vegna aukinnar *lágvöruverðsverslunar* í Reykjanesbæ og á höfuðborgarsvæðinu, en *líkamsrækt* innan svæðis hefur einnig aukist. Íbúarnir fara jafnframt oftar í *lyfjaverslun/apótek* og *bakarí* en áður og gera það jöfnum höndum í Reykjanesbæ og á höfuðborgarsvæðinu. Þá fara Vogabúar mun oftar á *veitingahús* en í fyrri könnun, helst á höfuðborgarsvæðinu.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Voga færu í *hársnyrtingu* innanbæjar en nú er mun algengara að þeir noti þjónustuna á höfuðborgarsvæðinu. Önnur þjónusta sem er síður sótt í Vogum en áður er *sund/baðstaðir* og *veitingahús*. Á móti er orðið algengara en áður að íbúarnir stundi *líkamsrækt* í Vogum.

Jafnframt hefur þjónustusókn Vogabúa í *bifreiðaskoðun* breyst þannig að nú er oftast farið til höfuðborgarsvæðisins en í fyrri könnun voru bifreiðar íbúanna oftast skoðaðar í Reykjanesbæ.

Reykjanesbær *[n_{2017} = 399; n_{2024} = 410]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 3,2 prósentustig. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúa Reykjanesbæjar minnkar um 1,3 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 19% milli kannana, mest vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* innan svæðis. Á móti minnkaði þjónustusókn í *banka/sparisjóð* verulega.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Reykjanesbæjar færu á *veitingahús* á höfuðborgarsvæðinu en nú er mun algengara að þeir noti þjónustuna innanbæjar. Önnur þjónusta sem er frekar sótt í Reykjanesbæ en áður er *sund/baðstaðir*.

Sandgerði *[n_{2017} = 175; n_{2024} = 67]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 3,4 prósentustig. Reykjanesbær er áfram mikilvægasti þjónustustaður íbúanna með sömu hlutdeild í heildarþjónustusókn og áður. Meiri þjónusta er nú sótt á höfuðborgarsvæðið en áður en hlutdeild þess hækkar um 1,8 prósentustig. Þá hækkar hlutdeild Garðs í heildarþjónustusókn um 2,5 prósentustig en hún var nánast engin áður.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 39% milli kannana, mest vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* í Reykjanesbæ og *dagvöruverslun* innanbæjar. Sandgerðingar fara jafnframt oftar en áður í *lyfjaverslun/apótek, byggingavöruverslun* og *sjúkraþjálfun* í Reykjanesbæ. Þá hefur ferðum á *veitingahús* á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ fjölgað mikið.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Sandgerðis færu í *hársnyrtingu* til Reykjanesbæjar en nú er orðið jafn algengt að þeir noti þjónustuna innanbæjar. Önnur þjónusta sem er frekar sótt í Sandgerði en áður er *líkamsrækt* og *bókasafn*.

Garður [n_{2017} = 150; n_{2024} = 83]

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 4,8 prósentustig. Reykjanesbær er áfram mikilvægasti þjónustustaður íbúanna en hlutdeild hans í heildarþjónustusókn íbúanna hefur aukist verulega, eða um 7,7 prósentustig. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins hefur minnkað um 1,1 prósentustig en var ekki mjög mikil fyrir.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 12% milli kannana, mest út af *lágvöruverðsverslun* í Reykjanesbæ. Aukin þjónustusókn í *aðra dagvöruverslun* í Garði og *lyfjaverslun/apótek* í Reykjanesbæ hefur einnig nokkur áhrif. Jafnframt hefur ferðum íbúanna í *bakarí* og *sjúkraþjálfun* í Reykjanesbæ fjölgað talsvert á meðan tíðni þjónustusóknar í *banka/sparisjóð* og *tryggingafélag* hefur dregist verulega saman.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Garðs færu á *bókasafn* innanbæjar en nú er algengast að þeir noti þjónustuna í Reykjanesbæ. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður sótt í Garði en áður eru *veitingahús, hársnyrting* og *bílaverkstæði*. Á móti er algengara en áður að íbúarnir stundi *líkamsrækt* í Garði.

10.11.2 Breytingar Vesturland

Að teknu tilliti til íbúafjölda hvers búsetusvæðis hefur hlutfall þjónustu sem íbúar Vesturlands sækja innan síns þjónustusvæðis aukist um 1,7 prósentustig og hlutfall þjónustu sem þeir sækja innan landshlutans aukist um 1,6 prósentustig.

Á Vesturlandi eykst þjónustusókn innan þjónustusvæðis á Akranesi, í Hvalfjarðarsveit og í dreifbýli Snæfellsbæjar og stendur í stað í Borgarfirði, Stykkishólmi og Búðardal. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis lækkar hins vegar nokkuð hjá svarendum í Grundarfirði og á Hellissandi/Rifi og verulega í Ólafsvík og dreifbýli Dalabyggðar.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 19% milli kannana hjá íbúum landshlutans, fyrst og fremst vegna *lágvöruverðsverslunar*. Þar að auki eykst notkun á *líkamsrækt*, *lyfjaverslun/apóteki, bakaríi, bókasafni, sjúkraþjálfun, heilsugæslu/heimilislækni* og *sérfræðilækni.* Tíðni þjónustusóknar í *banka/sparisjóð* og *tryggingafélag* hefur minnkað verulega.

Vestlendingar nota *bílaverkstæði* og *tryggingafélag* síður innan þjónustusvæðis og innan landshluta en í fyrri könnun.

Akranes [n_{2017} = 397; n_{2024} = 328]

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 3,5 prósentustig. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúa Akraness minnkar um 0,7 prósentustig og hlutdeild Borgarness um 0,6 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 19% milli kannana og er það að stórum hluta vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* innanbæjar. Aðsókn í *líkamsrækt, lyfjaverslun/apótek, bakarí* og *sjúkraþjálfun* á Akranesi hefur einnig aukist. Á móti dregst notkun á *banka/sparisjóði* saman.

Þjónusta sem er hlutfallslega frekar sótt á Akranesi en áður er *sund/baðstaðir*, *sjúkraþjálfun* og *bifreiðaskoðun*. Hins vegar eru *veitingahús*,

bílaverkstæði og *tryggingafélag* þjónustuþættir sem síður eru notaðir innanbæjar en áður.

Hvalfjarðarsveit *[n_{2017} = 129; n_{2024} = 57]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Akraness) eykst um 7,0 prósentustig. Hlutdeild Borgarness í heildarþjónustusókn íbúa Hvalfjarðarsveitar minnkar verulega eða um 6,2 prósentustig en hlutdeild höfuðborgarsvæðisins eykst um 1,9 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 28% milli kannana, fyrst og fremst vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* á Akranesi. Aðsókn í *líkamsrækt, lyfjaverslun/apótek, bakarí* og *bókasafn* á Akranesi hefur einnig aukist. Jafnframt hefur ferðum íbúanna til *tannlæknis* fjölgað nokkuð, bæði til Akraness og höfuðborgarsvæðisins.

Þjónusta sem er hlutfallslega frekar sótt innan þjónustusvæðis en áður eru *lágvöruverðsverslanir*, *sund/baðstaðir, bakarí, vínbúð, bókasafn og bifreiðaskoðun*. Hins vegar eru *önnur dagvöruverslun, bílaverkstæði* og *sérfræðilæknir* þjónustuþættir sem síður eru notaðir innan svæðis en áður.

Borgarnes *[n_{2017} = 181; n_{2024} = 201]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 0,8 prósentustig. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn Borgnesinga eykst um 0,9 prósentustig og hlutdeild Akraness um 0,5 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 20% milli kannana og er stór hluti aukningarinnar vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* innanbæjar. Auk þess er talsverð aukning í *annarri dagvöruverslun* í Borgarnesi og ferðum í *lyfjaverslun/apótek* og á *bókasafn* innanbæjar fjölgar líka. Borgnesingar fara oftar til *sérfræðilæknis* en í fyrri könnun, bæði á höfuðborgarsvæðinu og Akranesi. Á móti dregur úr notkun á *banka/sparisjóði* á milli kannana.

Þjónusta sem er hlutfallslega frekar sótt í Borgarnesi en áður er *önnur dagvöruverslun*, *banki/sparisjóður* og *veitingahús*. Á móti eru *bílaverkstæði* og *tannlæknir* þjónustuþættir sem síður eru notaðir innanbæjar en áður.

Borgarfjörður dreifbýli *[n_{2017} = 209; n_{2024} = 146]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Borgarness) eykst um 0,6 prósentustig milli kannana. Raunveruleg aukning þjónustusóknar innan svæðis gæti verið minni eða jafnvel neikvæð, því í fyrri könnun voru 2,8% þjónustusóknar til „annarra staða“ og líklegt er að í mörgum tilfellum hafi þar verið um þjónustustaði innan sveitar að ræða. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúanna hækkar um 2,8 prósentustig en hlutdeild Akraness lækkar um 0,5 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 30% og er stór hluti aukningarinnar vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* í Borgarnesi. Þar að auki er mikil aukning í *annarri dagvöruverslun* í Borgarnesi og notkun á *lyfjaverslun/apóteki* og í *líkamsrækt* innan svæðis eykst líka. Þá fara íbúarnir oftar til *sérfræðilæknis* á höfuðborgarsvæðinu en í fyrri könnun. Á móti minnkar notkun á *banka/sparisjóði.*

Í fyrri könnun var algengara að íbúar dreifbýlis Borgarfjarðar færu á *veitingahús* á höfuðborgarsvæðinu en í Borgarnesi og nágrenni en nú er talsvert algengara að þeir geri það innan þjónustusvæðis. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega frekar sótt í Borgarnesi en áður er *önnur dagvöruverslun*, *banki/sparisjóður* og *hársnyrting*. Á móti er orðið sjaldgæfara en áður að íbúarnir noti *heilsugæslu/heimilislækni, tannlækni* og *tryggingafélag* í Borgarnesi.

Stykkishólmur *[n_{2017} = 127; n_{2024} = 55]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 0,5 prósentustig milli kannana. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúa Stykkishólms lækkar um 0,8.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 25% og er það helst vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* og *lyfjaverslun/apótek* í Stykkishólmi. Íbúarnir fara mun oftar í *sjúkraþjálfun* en áður og notkun á *bókasafni, heilsugæslu/heimilislækni* og *bílaverkstæði* eykst einnig. Allt eru þetta þjónustuþættir sem eru aðallega notaðir innanbæjar. Hins vegar minnkar notkun á *banka/sparisjóði.*

Í fyrri könnun var algengast að Stykkishólmsbúar færu til *tannlæknis* innanbæjar en nú fara flestir til höfuðborgarsvæðisins eða Ólafsvíkur til að sækja þjónustuna. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður sótt í Stykkishólmi en áður er *banki/sparisjóður, veitingahús* og *tryggingafélag.* Á móti fara íbúarnir frekar í *byggingavöruverslun* innanbæjar en áður.

Grundarfjörður *[n_{2017} = 81; n_{2024} = 60]*

Þjónustusókn innan þjónustusvæðis Grundarfjarðar dregst saman um 4,2 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Stykkishólms í heildarþjónustusókn íbúanna hækkar verulega eða um 5,7 prósentustig. Þá eykst hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í þjónustusókn Grundfirðinga um 1,3 prósentustig og Borgarness um 0,4 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 18%. Mesta aukningin er vegna aukinnar ástundunar í *líkamsrækt* innabæjar en ferðum í *lágvöruverðsverslun* í Stykkishólmi er einnig að fjölga. Iðkun á *líkamsrækt* hefur aukist nokkuð og áfram er hún fyrst og fremst stunduð innanbæjar. Íbúarnir fara mun oftar í *sjúkraþjálfun* en þeir gerðu í fyrri könnun þegar enginn sótti þjónustuna á Grundarfirði. Á móti fer fólk sjaldnar í *banka/sparisjóð*.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Grundarfjarðar notuðu *banka/sparisjóð* innanbæjar en nú fara þeir oftast til Ólafsvíkur og stundum Stykkishólms til að sækja þjónustuna. Áður var einnig algengast að nota *tryggingafélag* í Grundarfirði en nú segjast flestir gera það rafrænt eða á höfuðborgarsvæðinu. Önnur þjónusta sem er sjaldnar notuð innanbæjar en áður er *sund/baðstaðir, bílaverkstæði* og *bifreiðaskoðun.*

Á hinn bóginn hefur þjónustusóknarmynstur vegna *sjúkraþjálfunar* breyst frá fyrri könnun þannig að nú er algengast að þjónustan sé sótt innanbæjar en áður var algengast farið væri í Stykkishólm. Auk þess var áður algengast að fara í *bókabúð* á höfuðborgarsvæðinu en nú er meirihluti þeirrar þjónustusóknar innanbæjar.

Ólafsvík *[n_{2017} = 71; n_{2024} = 84]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst verulega saman í Ólafsvík eða um 11,1 prósentustig milli kannana. Þá eykst hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúanna um 3,1 prósentustig, hlutdeild Hellissands/Rifs um 5,7 prósentustig, Stykkishólms um 1,8 prósentustig og Borgarness um 0,4 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 2%, mest vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* á höfuðborgarsvæðinu og í Stykkishólmi. Þjónustusókn í *byggingavöruverslun* hefur einnig aukist, bæði til höfuðborgarsvæðisins og út á Rif. Íbúarnir fara oftar á *bókasafn* og *bílaverkstæði* en áður og gera það áfram innanbæjar. Oftar er farið í *sjúkraþjálfun* þó það sé ekki lengur innanbæjar heldur aðallega í Stykkishólmi. Auk þess fara Ólafsvíkingar oftar til *sérfræðilæknis* og nú nær eingöngu á höfuðborgarsvæðinu en áður var oft farið á Akranes. Á móti hefur notkun á *banka/sparisjóði* minnkað.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Ólafsvíkur stunduðu líkamsrækt innanbæjar en nú er ívið algengara að það sé á Rifi. Í fyrri könnun var lang stærstur hluti þjónustusóknar í *bakarí* innanbæjar en nú er það sjaldnar notað og algengast að íbúarnir fari til höfuðborgarsvæðisins og stundum í Borgarnes til að sækja þjónustuna. Auk þess var áður algengara að íbúarnir færu í *bifreiðaskoðun* innanbæjar en í Grundarfirði en það hefur nú snúist

við. Önnur þjónusta sem er sjaldnar notuð í Grundarfirði en áður er *veitingahús, hársnyrting, tannlæknir* og *tryggingafélag.*

Snæfellsbær dreifbýli *[n_{2017} = 17; n_{2024} = 20]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Ólafsvíkur) eykst um 2,7 prósentustig milli kannana. Raunveruleg aukning þjónustusóknar innan svæðis er þó líklegast mun minni og þ.a.l. neikvæð, því í fyrri könnun voru 22,5% þjónustusóknar til „annarra staða“ og líklegt er að í mörgum tilfellum hafi þar verið um þjónustustaði innan sveitar að ræða. Hlutdeild Borgarness í heildarþjónustusókn íbúanna hækkar um 4,9 prósentustig, hlutdeild Stykkishólms um 14,0 og Hellissands/Rifs um 1,8 prósentustig. Hins vegar lækkar hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókninni um 0,3 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 10% talsverð aukning í notkun á *líkamsrækt, byggingavöruverslun, veitingahúsi, bókasafni, bókabúð* og *bílaverkstæði.* Íbúarnir fara þó sjaldnar í *banka/sparisjóð, tryggingafélag* og til *sérfræðilæknis* en í fyrri könnun.

Vegna þess að fáir svarendur eru á svæðinu og að stór hluti þjónustusóknar var til „annarra staða“ í fyrri könnun er óskýrt hvort sum þjónusta er frekar eða síður sótt innan svæðis en áður. Þó sést að *lyfjaverslun/apótek, bakarí, banki/sparisjóður* og *tannlæknir* eru þjónustuþættir sem eru hlutfallslega sjaldnar notaðir innan svæðis en í síðustu könnun. Auk þess hefur þjónustusókn í *byggingavöruverslun* breyst þannig að nú er algengara að þjónustan sé notuð í Borgarnesi en á höfuðborgarsvæðinu, en í fyrri könnun var því hins vegar öfugt farið.

Hellissandur og Rif *[n_{2017} = 44; n_{2024} = 35]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 3,7 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Ólafsvíkur í heildarþjónustusókn íbúanna hækkar um 3,9 prósentustig, hlutdeild Grundarfjarðar um 6,3 og Stykkishólms um 0,7 prósentustig. Hins vegar lækkar hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókninni um 1,2 prósentustig og Borgarness um 2,1 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 7% og er það fyrst og fremst vegna þess að íbúarnir stunda *líkamsrækt* í mun meiri mæli en áður. Notkun á *bókasafni* hefur einnig aukist og oftar er farið til *sérfræðilæknis* á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustusókn í *bakarí, banka/sparisjóð* og *tryggingafélag* hefur hins vegar dregist saman frá síðustu könnun.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Hellissands og Rifs versluðu í matinn og létu gera við bíla innan svæðisins en nú er orðið algengara að þeir fari í *dagvöruverslun* og á *bílaverkstæði* í Ólafsvík. Önnur þjónusta sem er sjaldnar notuð innan svæðis en áður er *hársnyrting.* Á hinn bóginn er orðið mun algengara að íbúarnir stundi *líkamsrækt* og fari á *veitingahús* innan svæðisins frekar en í Ólafsvík. Auk þess er þjónustusókn í *byggingavöruverslun* innan svæðisins sem greindist ekki í fyrri könnun.

Þjónustusókn íbúanna í *bakarí* hefur einnig breyst þannig að nú er hún mest í Borgarnes en var áður að stærstum hluta til Ólafsvíkur. Þá hefur stærstur hluti þjónustusóknar bæði í *sjúkraþjálfun* og *tryggingafélag* færst frá Ólafsvík til höfuðborgarsvæðisins.

Búðardalur *[n_{2017} = 55; n_{2024} = 28]*

Þjónustusókn innan svæðis minnkar um 0,1 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Borgarness í heildarþjónustusókn íbúanna eykst um 0,9 prósentustig og Akureyrar um 5,6 prósentustig. Hins vegar minnkar hlutdeild höfuðborgarsvæðisins um 1,6 prósentustig og hlutdeild Akraness um 4,5 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 4%, mest vegna þess að íbúarnir fara mun oftar í *sund/baðstað* innan svæðisins heldur en áður. Á móti hefur ferðum í *dagvöruverslun* í Búðardal fækkað mikið miðað við síðustu könnun. Íbúarnir fara einnig í auknum mæli í *líkamsrækt* og *apótek/lyfjaverslun* innanbæjar.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Búðardals notuðu *banka/sparisjóð* innanbæjar en nú er það oftast gert í Borgarnesi eða rafrænt og notkunin hefur dregist mikið saman. Þá var jafnframt algengast að fara til *tannlæknis* í Búðardal en nú eru flestir tannlæknatímar íbúanna á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess er sjaldgæfara en áður að farið sé í *hársnyrtingu* í Búðardal. Á móti er hærra hlutfall tilvika sem íbúarnir nota *vínbúð* og *bókasafn* innan svæðis.

Þjónustusókn íbúanna í *tryggingafélag* hefur einnig breyst þannig að nú er hún mest rafræn eða á höfuðborgarsvæðinu en var áður mest til Akraness.

Dalabyggð dreifbýli *[n_{2017} = 74; n_{2024} = 45]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Búðardals) dregst verulega saman eða um 14,0 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Borgarness í heildarþjónustusókn eykst um 18,4 prósentustig sem er þá orðið álíka mikilvægur þjónustustaður fyrir íbúana og Búðardalur. Hlutdeild Stykkishólms eykst einnig um 0,8 prósentustig. Hins vegar lækkar hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúa svæðisins um 1,4 prósentustig og hlutdeild Akraness um 2,8 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 14%, mest vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* í Borgarnesi. Á móti hefur dregið úr *dagvöruverslun* íbúanna í Búðardal. Aukin notkun er á *sund/baðstað*, *líkamsrækt, bókasafni, heilsugæslu/heimilislækni* og er sú aukning mest innan þjónustusvæðis. Íbúarnir fara oftar í *sjúkraþjálfun* miðað við fyrri könnun og gera það oftast í Borgarnesi. Ferðum þeirra til *sérfræðilæknis* á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig fjölgað. Á móti minnkar notkun á *banka/sparisjóði* og *tryggingafélagi.*

Í fyrri könnun var algengast að íbúar í dreifbýli Dalabyggðar færu í *banka/sparisjóð* innan þjónustusvæðis í Búðardal en nú er algengast að það sé gert í Borgarnesi. Auk þess er sjaldgæfara en áður að farið sé í *hársnyrtingu* og *bifreiðaskoðun* í Búðardal. Hins vegar er orðið algengast að íbúar svæðisins fari á *veitingahús* í Búðardal en áður var það oftast gert á höfuðborgarsvæðinu. Aðrir þjónustuþættir sem eru frekar notaðir innan þjónustusvæðis Búðardals en áður eru *sund/baðstaðir*, *bókasafn* og *heilsugæsla/heimilislæknir.*

Í fyrri könnun var jafnframt misjafnt hvort íbúar notuðu *byggingavöruverslun* á höfuðborgarsvæðinu eða í Borgarnesi en nú er talsvert algengara að þeir geri það í Borgarnesi.

10.11.3 Breytingar Vestfirðir

Að teknu tilliti til íbúafjölda hvers búsetusvæðis hefur hlutfall þjónustu sem íbúar Vestfjarða sækja innan síns þjónustusvæðis lækkað um 3,9 prósentustig en hlutfall þjónustu sem þeir sækja innan landshlutans aukist um 0,5 prósentustig.

Á Vestfjörðum eykst þjónustusókn innan þjónustusvæðis verulega á Drangsnesi og Bíldudal. Þjónustusókn innan svæðis eykst einnig á Þingeyri en hún stendur í stað eða dregst saman á öðrum svæðum. Mest dregst þjónustusókn innan svæðis saman í Reykhólahreppi, á Súðavík og Flateyri.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 8% milli kannana hjá íbúum landshlutans, mest vegna *lágvöruverðsverslunar* og *líkamsræktar*. Þar að auki eykst notkun á *lyfjaverslun/apóteki, veitingahúsi, bókasafni, sjúkraþjálfun, tannlækni* og *sérfræðilækni.* Tíðni þjónustusóknar í *bakarí, banka/sparisjóð,* og *tryggingafélag* hefur minnkað verulega og *hársnyrting* er einnig notuð sjaldnar.

Vestfirðingar nota *sjúkraþjálfun* hlutfallslega síður innan þjónustusvæðis en í fyrri könnun og nota síður *tryggingafélag* innan landshlutans. Á móti eru *veitingahús* frekar notuð innan þjónustusvæðis svarenda en í fyrri könnun.

Ísafjörður *[n_{2017} = 244; n_{2024} = 224]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 1,3 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Bolungarvíkur í heildarþjónustusókn íbúa Ísafjarðar eykst um 1,6 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðisins um 0,9 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 4% en stærsta breytingin er samt sú að íbúarnir fara sjaldnar í *bakarí* innanbæjar en áður. Íbúarnir fara oftar til *tannlæknis* miðað við fyrri könnun en aukningin er aðallega vegna tannlæknatíma í Bolungarvík og er sú þjónusta hlutfallslega síður sótt á Ísafirði en áður. Ísfirðingar fara jafnframt oftar til *sérfræðilæknis* og í enn meiri mæli til höfuðborgarsvæðisins en áður.

Hnífsdalur *[n_{2017} = 18; n_{2024} = 9]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Ísafjarðar) dregst saman um 1,2 prósentustig milli kannana.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 7%, mest vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* á Ísafirði. Íbúarnir fara sjaldnar en áður í *sund/baðstaði, líkamsrækt, banka/sparisjóð* og *tryggingafélag* en oftar í *apótek/lyfjaverslun,* á *veitingahús,* til *tannlæknis* í Bolungarvík og til *sérfræðilæknis* á höfuðborgarsvæðinu.

Vegna þess að fái svarendur eru á svæðinu er óskýrt hvaða þjónusta er hlutfallslega frekar eða síður sótt innan svæðis en áður.

Bolungarvík *[n_{2017} = 79; n_{2024} = 62]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 2,9 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Ísafjarðar í heildarþjónustusókn íbúa Bolungarvíkur eykst um 8,7 prósentustig en hlutdeild höfuðborgarsvæðisins lækkar um 0,9 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 7%, mest vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* á Ísafirði og í *líkamsrækt* í Bolungarvík. *Bókasafn* og *bílaverkstæði* eru oftar notuð innanbæjar en áður og mun oftar er farið í *sjúkraþjálfun* þó sú aukning sé fyrst og fremst vegna ferða til Ísafjarðar. Á móti hefur ferðum í *bakarí* og *tryggingafélag* á Ísafirði fækkað.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Bolungarvíkur notuðu *banka/sparisjóð, hársnyrtingu* og *sjúkraþjálfun* innanbæjar en nú fara þeir oftar til Ísafjarðar vegna þessara þjónustuþátta. Aftur á móti er stærstur hluti *tannlæknaþjónustu* nú innanbæjar en áður var oftast farið til tannlæknis á Ísafirði. Aðrir þjónustuþættir sem eru í auknum mæli sóttir í Bolungarvík eru *veitingahús* og *bílaverkstæði*.

Súðavík *[n_{2017} = 9; n_{2024} = 14]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst verulega saman eða um 15,2 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Ísafjarðar í heildarþjónustusókn íbúa Súðavíkur eykst um 2,8 prósentustig, hlutdeild Bolungarvíkur eykst um 5,5 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðisins um 1,5 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 40%, aðallega vegna fleiri ferða í *sund/baðstað* í Bolungarvík og *lágvöruverðsverslun* á Ísafirði. Einnig fara íbúarnir oftar í *lyfjaverslun/apótek* og *bókabúð* á Ísafirði og oftar til *sérfræðilæknis* en ekki er ljóst hvort aukningin sé meiri til höfuðborgarsvæðisins eða Ísafjarðar. Þá hefur þjónustusókn í *tryggingafélag* á Ísafirði minnkað mikið.

Í fyrri könnun var algengast að Súðvíkingar stunduðu *líkamsrækt* innanbæjar en nú er algengast að það sé gert á Ísafirði. Áður fóru íbúarnir líka oftast á *veitingahús* á Ísafirði en nú er álíka algengt að það sé gert á höfuðborgarsvæðinu og Ísafirði.

Aftur á móti er nú oftast farið í *hársnyrtingu* á Súðavík, en í fyrri könnun var þjónustan oftar sótt á Ísafirði. Aðrir þjónustuþættir sem eru hlutfallslega

frekar notaðir innanbæjar en áður eru *heilsugæsla/heimilislæknir* og *bílaverkstæði.*

Líkt og víða annars staðar á norðanverðum Vestfjörðum hefur stór hluti *tannlæknaþjónustu* sem Súðvíkingar sækja færst frá Ísafirði til Bolungarvíkur.

Flateyri *[n_{2017} = 12; n_{2024} = 17]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst verulega saman eða um 16,7 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Ísafjarðar í heildarþjónustusókn íbúa Flateyrar eykst um 10,6 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 7%, aðallega vegna meiri notkun á *dagvöruverslun* á Flateyri. Á móti fækkar ferðum í *sund/baðstað* mikið frá fyrri könnun. Mikil aukning er í notkun íbúanna á *bókasafni*, *sjúkraþjálfun* og *bílaverkstæðis* á Ísafirði.

Þjónustuþættir sem eru hlutfallslega síður sóttir innanbæjar en áður eru *sund/baðstaðir* og *heilsugæsla/heimilislæknir.*

Þingeyri *[n_{2017} = 38; n_{2024} = 24]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 5,6 prósentustig milli kannana. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúa Þingeyrar eykst um 0,4 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 12%, aðallega vegna þess að íbúarnir stunda oftar *líkamsrækt* á Þingeyri en áður. Aukin þjónustusókn er í *byggingavöruverslun*, *veitingastaði* og *sjúkraþjálfun* á Ísafirði. Hins vegar hefur ferðum íbúanna til *tannlæknis* í Bolungarvík fjölgað mikið og mun sjaldgæfara er að það sé gert á Ísafirði.

Auk þess er *hársnyrting* frekar notuð innanbæjar en í fyrri könnun, en á móti er hlutfallslega síður farið í *lyfjaverslun/apótek* og *banki/sparisjóður* á Þingeyri en áður.

Bíldudalur *[n_{2017} = 36; n_{2024} = 14]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst verulega eða um 11,8 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Patreksfjarðar í heildarþjónustusókn íbúa Bíldudals minnkar um 6,6 prósentustig en hlutdeild höfuðborgarsvæðisins eykst um 4,5 prósentustig. Þá dregst hlutdeild Tálknafjarðar saman um 3,1 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 29%, fyrst og fremst vegna mun fleiri ferða í *dagvöruverslun* á Bíldudal. Íbúarnir fara einnig mun oftar á *veitingahús*, *bókasafn* og í *bakarí* en áður. Ferðum til *tannlæknis* og *sérfræðilæknis* á höfuðborgarsvæðinu hefur jafnframt fjölgað. Á móti hefur dregið úr notkun á *banka/sparisjóði, bifreiðaskoðun* og *tryggingafélagi.*

Í fyrri könnun var algengast að Bílddælingar færu á veitingahús á höfuðborgarsvæðinu en nú er stærstur hluti þeirrar þjónustusóknar innanbæjar. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega frekar sótt á Bíldudal er *heilsugæsla/heimilislæknir* þó enn sé algengast að það sé gert á Patreksfirði. Aftur á móti var stærstur hluti þjónustusóknar vegna *hársnyrtingar* innanbæjar í fyrri könnun en nú mælist hún ekki innan svæðisins heldur er stærstur hluti á Patreksfirði og nokkur hluti á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt fyrri könnun fóru íbúarnir oftast í *byggingavöruverslun* á höfuðborgarsvæðinu en nú er algengast að farið sé til Ísafjarðar. Jafnframt var algengast í fyrri könnun að Bílddælingar notuðu *bifreiðaskoðun* á Tálknafirði en nú er algengast að það sé gert á Patreksfirði.

Tálknafjörður *[n_{2017} = 43; n_{2024} = 22]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 3,8 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Patreksfjarðar í heildarþjónustusókn íbúa Tálknafjarðar minnkar um 1,4 prósentustig en hlutdeild höfuðborgarsvæðisins eykst um 1,2 prósentustig. Þá eykst hlutdeild Ísafjarðar um 0,7 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 11% og er það fyrst og fremst vegna fleiri ferða í *dagvöruverslun* innanbæjar. Á móti hefur notkun á *sundlaug/baðstað* minnkað töluvert milli kannana þó hún sé enn að mestu innan svæðisins. Notkun á *lyfjaverslun/apóteki, sjúkraþjálfun* og *bílaverkstæði* á Patreksfirði hefur aukist. Auk þess fara íbúarnir oftar á *bókasafn* á Tálknafirði og til *sérfræðilæknis* á höfuðborgarsvæðinu en áður.

Í fyrri könnun var algengast að Tálknfirðingar notuðu *bifreiðaskoðun* innanbæjar en nú er það oftast gert á Patreksfirði. Miðað við fyrri könnun fóru íbúar á Tálknafirði oftast í *bakarí* á Patreksfirði en gera það nú oftast á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustusókn í *hársnyrtingu* hefur einnig breyst, en íbúarnir fóru oftast til Patreksfjarðar í klippingu samkvæmt fyrri könnun en gera það nú frekar á höfuðborgarsvæðinu en á Patreksfirði.

Patreksfjörður *[n_{2017} = 78; n_{2024} = 65]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 0,5 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Ísafjarðar í heildarþjónustusókn íbúa Patreksfjarðar eykst um 1,3 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 6%, helst vegna þess að oftar er farið í *dagvöruverslun* og *líkamsrækt* en áður. *Bókasafn* er einnig notað oftar en áður. Jafnframt nota Patreksfirðingar *byggingavöruverslun* meira en áður, bæði á höfuðborgarsvæðinu og Ísafirði. Aftur á móti dregst þjónustusókn í *bakarí* verulega saman og nú er stærstur hluti bakarísferða ekki innanbæjar heldur á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess dregst notkun á *banka/sparisjóði* verulega saman.

Miðað við fyrri könnun var algengast að íbúarnir notuðu *bifreiðaskoðun* á Tálknafirði en það er nú almennt gert á Patreksfirði. Önnur þjónusta sem frekar en notuð innanbæjar en áður er *vínbúð* og *hársnyrting.* Hins vegar greinist ekki lengur þjónustusókn til *tannlæknis* á innanbæjar þó hlutdeildin hafi ekki verið há fyrir.

Barðaströnd *[n_{2017} = 19; n_{2024} = 10]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Patreksfjarðar) eykst um 10,6 prósentustig en tíðni þjónustusóknar minnkar um 4% milli kannana. Raunveruleg aukning þjónustusóknar innan svæðis gæti þó verið töluvert minni eða jafnvel engin, því í fyrri könnun voru 12,5% þjónustusóknar til „annarra staða“ og líklegt er að í einhverjum tilfellum hafi þar verið um þjónustustaði innan sveitar að ræða. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúa á Barðaströnd eykst um 6,8 prósentustig og hlutdeild Ísafjarðar um 8,3 prósentustig. Hlutdeild Borgarness minnkar hins vegar um 2,2 prósentustig.

Vegna þess að fáir svarendur eru á svæðinu og að talsverður hluti þjónustusóknar var til „annarra staða“ í fyrri könnun er óskýrt hvort sum þjónusta er frekar eða síður sótt innan svæðis en áður. Þó sést að *bifreiðaskoðun* er frekar notuð innan svæðis, á Patreksfirði, en í síðustu könnun. Aftur á móti eru *bakarí, banki/sparisjóður* og *hársnyrting* síður sótt innan þjónustusvæðis en áður.

Reykhólahreppur *[n_{2017} = 48; n_{2024} = 28]*

Þjónustusókn innan þjónustusvæðis Reykhóla dregst saman um 11,3 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Borgarness í heildarþjónustusókn íbúa Reykhólahrepps eykst um 16,6 prósentustig og er það orðið mikilvægasti þjónustustaður íbúanna. Hlutdeild Búðardals í heildarþjónustusókn eykst um 4,7 prósentustig en hlutdeild Hólmavíkur dregst saman um 4,3

prósentustig. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins eykst um 1,4 prósentustig en hlutdeild Akraness lækkar um 0,6 prósentustig.

Þess ber að geta að engin verslun var á Reykhólum þegar síðari könnunin var gerð og ný verslun sem hefur verið opnuð dregur eflaust úr mikilvægi Borgarness sem þjónustustaðar fyrir íbúa svæðisins. Vegna þess að dagvöruverslun er mest notaði þjónustuþátturinn í könnuninni eru allar líkur á því að þjónustusókn innan þjónustusvæðis Reykhóla sé meiri nú en þegar könnunin var gerð.

Tíðni þjónustusóknar stendur í stað þó breytingar séu innan margra þjónustuþátta. Mest eykst notkun á *sundi/baðstöðum* innanbæjar og *lágvöruverðsverslun* í Borgarnesi. Einnig er oftar farið í *lyfjaverslun/apótek*, bæði í Búðardal og Borgarnesi, og oftar á *veitingahús.* Jafnframt fara íbúar Reykhólahrepps oftar farið til *tannlæknis* en í fyrri könnun, bæði á höfuðborgarsvæðinu og í Borgarnesi. Á móti minnkar notkun á *dagvöruverslun, líkamsrækt, banka/sparisjóði* og *sjúkraþjálfun.*

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Reykhólahrepps notuðu *dagvöruverslun* á Reykhólum en samkvæmt nýrri könnun er algengast að verslað sé í lágvöruverðsverslun í Borgarnesi. Hlutdeild Hólmavíkur í dagvöruverslun íbúanna breyttist lítið en nokkuð meira er verslað í matinn í Búðardal en áður.

Aðrir þjónustuþættir sem eru hlutfallslega síður notaðir innan þjónustusvæðis Reykhóla en áður eru *heilsugæsla/heimilislæknir* og *bílaverkstæði.* Önnur þjónusta sem er hlutfallslega frekar sótt innan svæðis en áður er *bókasafn.*

Hólmavík og nágrenni *[n_{2017} = 102; n_{2024} = 67]*

Þjónustusókn innan þjónustusvæðis Hólmavíkur dregst saman um 3,8 prósentustig milli kannana. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúa Hólmavíkur og nágrennis minnkar um 2,5 prósentustig en hlutdeild Borgarness eykst um 4,1 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 5%, mest vegna þess að oftar er farið í *líkamsrækt* á Hólmavík og í *lágvöruverðsverslun* í Borgarnesi. Tíðni þjónustusóknar í *lyfjaverslun/apótek* á Hólmavík hefur aukist og oftar er farið í *sjúkraþjálfun* og bókabúð en áður. Á móti minnkar notkun á *sundlaug/baðstað* og *annarri dagvöruverslun* á Hólmavík.

Í fyrri könnun var stærstur hluti verslunar Hólmvíkinga og nærsveitunga í *byggingavöruverslun* innanbæjar en nú er álíka algengt að farið sé í slíka verslun á höfuðborgarsvæðinu. Viðskipti við *tryggingafélag* sem áður var algengast að væru á Hólmavík eru nú frekar á höfuðborgarsvæðinu. Önnur þjónusta sem síður er notuð innan þjónustusvæðis er *bílaverkstæði* og *bifreiðaskoðun*. Á móti eru *vínbúð, veitingahús* og *tannlæknir* sótt á Hólmavík. Ekki lengur algengast að íbúar á Hólmavík og nágrenni fari í *sjúkraþjálfun* í Borgarnesi heldur er það mun frekar gert á höfuðborgarsvæðinu og stundum á Akranesi.

Drangsnes *[n_{2017} = 25; n_{2024} = 17]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst verulega eða um 17,8 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Hólmavíkur í heildarþjónustusókn Drangsnesinga dregst verulega saman eða um 18,7 prósentustig. Þá eykst hlutdeild höfuðborgarsvæðisins um 1,4 prósentustig en hlutdeild Borgarness minnkar um 0,8 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 15%, mest vegna aukinnar iðkunar á *sundi/baðstað* og *líkamsrækt* innanbæjar. Íbúarnir fara oftar á *veitingahús,* í *sjúkraþjálfun* og *bókabúð* en áður og oftar til *sérfræðilæknis* á höfuðborgarsvæðinu. Á móti er sjaldnar verslað í *dagvöruverslun* á Drangsnesi en áður, þó hlutdeild hennar í matarinnkaupum íbúanna hafi aukist. Auk þess fara Drangsnesingar sjaldnar í *bakarí* og á *bókasafn* en í fyrri könnun.

Vegna þess að fáir svarendur eru á svæðinu er óskýrt hvort sum þjónusta sé hlutfallslega frekar eða síður sótt innan svæðis en áður. Þó sést að hlutdeild Hólmavíkur í þjónustusókn í *byggingavöruverslun* hefur dregist saman.

Árneshreppur [$n_{2017} = 8$; $n_{2024} = 8$]

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 43,0 prósentustig og tíðni þjónustusóknar eykst um 53% milli kannana. Raunveruleg aukning þjónustusóknar innan svæðis er þó líklegast mun minni, því í fyrri könnun voru 35,0% þjónustusóknar til „annarra staða“ og líklegt að í mörgum tilfellum hafi þar verið um þjónustustaði innan Árneshrepps að ræða. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúanna hækkar um 15,0 prósentustig og hlutdeild Hólmavíkur dregst saman um 4,1 prósentustig.

Vegna þess að fáir svarendur eru á svæðinu og að stór hluti þjónustusóknar var til „annarra staða“ í fyrri könnun er óskýrt hvaða þjónusta er frekar eða síður notuð en áður. Þó sést að íbúarnir sækja síður í *byggingavöruverslun* á Hólmavík en áður og sú þjónusta frekar sótt til höfuðborgarsvæðisins. Eins er hlutdeild Hólmavíkur í þjónustusókn vegna *heilsugæslu/heimilislæknis* lægri en í fyrri könnun. Á móti hefur þjónustusókn til Hólmavíkur vegna *hársnyrtingar* aukist.

10.11.4 Breytingar Norðurland vestra

Að teknu tilliti til íbúafjölda hvers búsetusvæðis hefur hlutfall þjónustu sem íbúar Norðurlands vestra sækja innan síns þjónustusvæðis lækkað um 2,5 prósentustig og hlutfall þjónustu sem þeir sækja innan landshlutans lækkað um 0,2 prósentustig.

Á Norðurlandi vestra eykst þjónustusókn innan þjónustusvæðis frá Hrútafirði/Bitrufirði, úr dreifbýli við Hvammstanga og Blönduós og á Sauðárkróki. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis lækkar hins vegar lítillega á Skagaströnd, Hvammstanga og úr dreifbýli við Sauðárkrók, lækkar talsvert á Blönduósi og lækkar verulega á þjónustusvæði Hofsóss og Varmahlíðar.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 10% milli kannana hjá íbúum landshlutans, mest vegna *annarrar dagvöruverslunar* og *lyfjaverslunar/apóteks*. Þar að auki eykst notkun á *lágvöruverðsverslun, sundi/baðstöðum, veitingahúsi* og *bókasafni.* Hins vegar hefur tíðni þjónustusóknar í *banka/sparisjóð* minnkað verulega og notkun á *sjúkraþjálfun* og *tryggingafélagi* hefur einnig dregist saman.

Íbúar á Norðurlandi vestra nota *líkamsrækt* frekar innan þjónustusvæðis en í fyrri könnun þó tíðni notkunar hafi minnkað. Auk þess er hlutfallslega meiri notkun á *veitingahúsi* og *bókasafni* bæði innan þjónustusvæðis og innan landshlutans en áður. Aftur á móti nota íbúar Norðurlands vestra *tryggingafélag* mun síður innan þjónustusvæðis og innan landshluta en í fyrri könnun.

Hrútafjörður og Bitrufjörður [$n_{2017} = 66$; $n_{2024} = 16$]

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Hvammstanga) eykst um 13,5 prósentustig milli kannana. Raunveruleg aukning þjónustusóknar innan svæðis gæti þó verið eitthvað minni, því í fyrri könnun voru 9,1% þjónustusóknar til „annarra staða“ og líklegt að í einhverjum tilfellum hafi þar verið um þjónustustaði innan sveitar að ræða. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúanna lækkar um 2,0 prósentustig og hlutdeild Borgarness lækkar um 3,5 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 37%, mest vegna fleiri ferða í *dagvöruverslun* á Hvammstanga en notkun á *lágvöruverðsverslun* eykst einnig. Íbúarnir fara einnig oftar í *lyfjaverslun/apótek* og *vínbúð* á Hvammstanga en áður. Auk þess er almennt oftar farið á *veitingahús, bílaverkstæði* og til *sérfræðilæknis.* Á móti stunda íbúarnir sjaldnar *líkamsrækt* en í fyrri könnun og fara sjaldnar í *banka/sparisjóð.*

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Hrútafjarðar og Bitrufjarðar færu til *tannlæknis* á Hvammstanga en nú er mun algengara að það sé gert á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess var meirihluti þjónustusóknar í *tryggingafélag* til Hvammstanga í fyrri könnun en nær engin slík þjónustusókn mælist nú.

Aftur á móti hefur þjónustusókn innan svæðis í *byggingavöruverslun, bókasafn, hársnyrtingu* og *bifreiðaskoðun* aukist frá fyrri könnun.

Hvammstangi *[n_{2017} = 167; n_{2024} = 61]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 3,1 prósentustig milli kannana. Hlutdeild höfuðborgarsvæðis í heildarþjónustusókn íbúa Hvammstanga eykst um 0,5 prósentustig, hlutdeild Borgarness eykst um 2,3 prósentustig og Sauðárkróks um 1,2 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 11%, mest vegna *líkamsræktar* og *lyfjaverslunar/apóteks* innanbæjar auk *lágvöruverðsverslunar* í Borgarnesi og á höfuðborgarsvæðinu. Einnig eykst notkun á *veitingahúsi* og *bókasafni* innanbæjar milli kannana.

Í fyrri könnun sögðust flestir svarendur á Hvammstanga helst nota *bakarí* innanbæjar en nú er algengast að það sé gert á höfuðborgarsvæðinu og stundum í Borgarnesi. Stærstur hluti þjónustusóknar í *tryggingafélag* var einnig innanbæjar í fyrri könnun en nú er algengast að nota slíka þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess er sjaldgæfara en áður að íbúar noti *banka/sparisjóð* á Hvammstanga. Hins vegar er algengara nú en í fyrri könnun að fara til *tannlæknis* innanbæjar.

Í fyrri könnun fóru íbúar á Hvammstanga frekar í *lágvöruverðsverslun* á höfuðborgarsvæðinu en í Borgarnesi en þetta hefur snúist við og nú er meirihluti þeirrar þjónustusóknar til Borgarness.

Hvammstangi dreifbýli *[n_{2017} = 118; n_{2024} = 20]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Hvammstanga) eykst um 2,6 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Borgarness í heildarþjónustusókn íbúanna eykst verulega eða um 5,9 prósentustig en hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 6,8 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar minnkar um 3%, þrátt fyrir aukna notkun *dagvöruverslunar* innan þjónustusvæðis. Íbúarnir fara m.a. almennt sjaldnar í *líkamsrækt* og *sjúkraþjálfun.*

Í fyrri könnun sögðust flestir svarendur helst nota *bakarí* á Hvammstanga en nú greinist sú þjónustusókn ekki. Stærstur hluti þjónustusóknar í *tryggingafélag* var einnig til Hvammstanga í fyrri könnun en nú er algengast að nota slíka þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Hins vegar eru þjónustuþættir sem eru hlutfallslega frekar sóttir á Hvammstanga en í fyrri könnun *sund/baðstaðir, líkamsrækt, banki/sparisjóður, veitingahús, bókasafn, sjúkraþjálfun* og *tannlæknir*.

Blönduós *[n_{2017} = 219; n_{2024} = 72]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst töluvert saman eða um 9,7 prósentustig milli kannana. Á móti eykst hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn íbúa Blönduóss um 2,9 prósentustig, hlutdeild höfuðborgarsvæðis eykst um 1,1 prósentustig, hlutdeild Borgarness um 2,5 prósentustig og Sauðárkróks um 1,9 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 7%, mest vegna *lágvöruverðsverslunar* á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu en einnig fjölgar ferðum í *sundi/baðstað* og *lyfjaverslun/apótek* innanbæjar.

Í fyrri könnun var algengast að svarendur á Blönduósi færu í *bakarí* innanbæjar en nú er það helst gert á Sauðárkróki og stundum í Borgarnesi. Jafnframt var áður algengast að nota *tryggingafélag* á Blönduósi en nú er

það oftast gert á Sauðárkróki. Önnur þjónusta sem síður en notuð innanbæjar en áður er *banki/sparisjóður, bílaverkstæði* og *bifreiðaskoðun.*

Aftur á móti var í fyrri könnun algengast að Blönduósingar færu á *veitingahús* á höfuðborgarsvæðinu en nú er það oftast gert innanbæjar.

Auk þess hefur sú breyting orðið á þjónustusókn í *lágvöruverðsverslun* að oftar er verslað á Akureyri en á höfuðborgarsvæðinu en í fyrri könnun var því öfugt farið.

Blönduós dreifbýli *[n_{2017} = 142; n_{2024} = 40]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Blönduóss) eykst um 1,5 prósentustig milli kannana. Hlutdeild höfuðborgarsvæðis í heildarþjónustusókn íbúanna dregst saman um 4,9 prósentustig. Hins vegar hækkar hlutdeild Sauðárkróks um 0,8 prósentustig, hlutdeild Borgarness um 2,3 prósentustig og hlutdeild Skagastrandar um 1,3 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 14%, mest vegna tíðari *dagvöruverslunar*. Íbúarnir mun oftar á *veitingahús* á Blönduósi en áður og talsvert oftar í *lyfjaverslun/apótek,* á *bókasafn* og í *sjúkraþjálfun* á Blönduósi.

Í fyrri könnun var algengast að svarendur í dreifbýli við Blönduós notuðu *banka/sparisjóð* á Blönduósi en nú er algengast að það sé gert á Sauðárkróki. Eins var nokkuð um það í fyrri könnun að svarendur notuðu *tryggingafélag* á Blönduósi en sú þjónustusókn greinist ekki lengur. Önnur þjónusta sem síður er notuð á Blönduósi en áður er *bakarí, hársnyrting* og *bifreiðaskoðun.* Hins vegar eru þjónustuþættirnir *sund/baðstaðir, líkamsrækt* og *bílaverkstæði* frekar notaðir á Blönduósi en áður.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar notuðu *lágvöruverðsverslun* á höfuðborgarsvæðinu en nú er mun oftar verslað á Akureyri. Jafnframt var þá oftar farið í *bakarí* á höfuðborgarsvæðinu en á Sauðárkróki en nú er það oftar gert á Sauðárkróki eða í Borgarnesi.

Skagaströnd *[n_{2017} = 155; n_{2024} = 59]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 1,1 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Blönduóss í heildarþjónustusókn Skagstrendinga eykst um 2,0 prósentustig og hlutdeild Sauðárkróks um 0,6 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 2% og er það helst vegna þess að *lyfjaverslun/apótek, sund/baðstaðir* og *lágvöruverðsverslun* eru notuð meira. Auk þess er oftar farið á *veitingahús* en í fyrri könnun. Þó minnkar notkun á *dagvöruverslun* á Skagaströnd nokkuð.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar á Skagaströnd færu í *sjúkraþjálfun* innanbæjar en nú er það oftast gert á Blönduósi. Auk þess var áður algengast að fara í *tryggingafélag* á Blönduósi eða Skagaströnd en nú er sú þjónusta oftast nýtt á höfuðborgarsvæðinu. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð á Skagaströnd er *lyfjaverslun/apótek* og *heilsugæsla/heimilislæknir.*

Aftur á móti er algengara en áður að *sund/baðstaðir, líkamsrækt, banki/sparisjóður* og *veitingahús* séu notuð innanbæjar en í fyrri könnun.

Sauðárkrókur *[n_{2017} = 322; n_{2024} = 220]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 1,0 prósentustig milli kannana. Hlutdeild höfuðborgarsvæðis í heildarþjónustusókn Sauðkrækinga dregst saman um 0,7 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 8% og er það að mestu leyti vegna aukinnar notkunar á *dagvöruverslun* og *lyfjaverslun/apóteki* innanbæjar. Auk þess eykst fjöldi skipta sem íbúarnir nota *bókasafn* á Sauðárkróki. Á móti dregst notkun á *banka/sparisjóði* og *sjúkraþjálfun* saman á milli kannana.

Annars hefur almennt hefur lítil breyting orðið á þjónustusókn í stökum þjónustuþáttum, fyrir utan þjónustusókn íbúanna til *sérfræðilæknis.* Í fyrri könnun var þjónustan jöfnum höndum sótt til Akureyrar og höfuðborgar-

svæðisins en nú er orðið talsvert algengara að farið sé á höfuðborgarsvæðið heldur en Akureyri.

Sauðárkrókur dreifbýli *[n_{2017} = 95; n_{2024} = 43]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Sauðárkróks) dregst saman um 2,9 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Hofsóss í heildarþjónustusókn frá svæðinu eykst um 4,4 prósentustig, hlutdeild Borgarness eykst um 1,2 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 0,5 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 23%, mest vegna fleiri ferða í *dagvöruverslun* og í *sund/baðstað* á Sauðárkróki. Tíðni þjónustusóknar í *lágvöruverðsverslun* og á *bókasafn* eykst einnig. Á móti dregur úr notkun íbúanna á *líkamsrækt.*

Í fyrri könnun var algengast að íbúar í dreifbýli við Sauðárkrók færu til *sérfræðilæknis* á Akureyri eða á Sauðárkróki en nú er meirihluti sérfræðilæknatíma þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Önnur þjónusta sem síður er sótt innan þjónustusvæðis Sauðárkróks er *hársnyrting, tannlæknir* og *bifreiðaskoðun.*

Varmahlíð *[n_{2017} = 125; n_{2024} = 66]*

Þjónustusókn innan þjónustusvæðis Varmahlíðar dregst verulega saman eða um 19,8 prósentustig. Hlutdeild Sauðárkróks í heildarþjónustusókn íbúanna eykst verulega eða um 17,6 prósentustig og er nú meirihluti þjónustu sóttur þangað. Þá eykst hlutdeild Akureyrar um 1,8 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar er sú sama og í fyrri könnun en hefur þó breyst í stökum þáttum. Talsvert oftar er nú verslað í *lágvöruverðsverslun* á Akureyri og *lyfjaverslun/apótek* er meira notað.

Mestu munar hins vegar um breytingar sem hafa orðið á *dagvöruverslun* íbúanna. Í fyrri könnun var stærstur hluti matarinnkaupa gerður í Varmahlíð en nú versla íbúarnir oftast í matinn á Sauðárkróki. Í fyrri könnun var einnig algengast að fara í *banka/sparisjóð* og *hársnyrtingu* á þjónustusvæði Varmahlíðar en nú er það oftast gert á Sauðárkróki, þó enn séu margir sem fara í klippingu innan svæðisins. Auk þess er *bókasafn* síður notað innan svæðisins en áður. Hins vegar eru *líkamsrækt* og *bílaverkstæði* frekar notuð innan þjónustusvæðisins en áður.

Sú breyting hefur orðið á þjónustusókn íbúanna til *sérfræðilæknis* að nú fara þeir oftar til Akureyrar en sjaldnar til Sauðárkróks.

Hofsós *[n_{2017} = 45; n_{2024} = 18]*

Þjónustusókn innan þjónustusvæðis Hofsóss dregst verulega saman eða um 17,7 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Sauðárkróks í heildarþjónustusókn íbúanna eykst verulega eða um 15,8 prósentustig og er nú álíka stór hluti þjónustu sóttur þangað og á Hofsósi. Þá eykst hlutdeild Akureyrar um 2,6 prósentustig og höfuðborgarsvæðisins um 2,7 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar lækkar um 19%, mest vegna minni notkunar á *dagvöruverslun, sunds/baðstað* og *líkamsrækt.* Auk þess nota íbúarnir sjaldnar *banka/sparisjóð* og fara sjaldnar í *hársnyrtingu.* Á móti er nú oftar verslað í *lágvöruverðsverslun* á Akureyri en áður og oftar farið í *lyfjaverslun/apótek* og á *bókasafn* á Sauðárkróki. Þá hefur tíðni notkunar á *sjúkraþjálfun* aukist.

Mestu munar þó um breytingar sem hafa orðið á *dagvöruverslun* íbúanna. Í fyrri könnun var lang algengast að íbúarnir keyptu í matinn á Hofsósi og búðarferðirnar margar. Þó enn sé helst verslað á Hofsósi hefur hlutdeild þess í þjónustusókninni dregist saman og tíðni búðarferða lækkað talsvert. Auk þess var í fyrri könnun algengast að íbúarnir færu á *bókasafn* og í *hársnyrtingu* innan svæðis en nú er hvort tveggja að mestu gert á Sauðárkróki. Jafnframt er *heilsugæsla/heimilislæknir* síður notuð á Hofsósi

en áður. Á móti hefur þjónustusókn á *veitingahús* innan svæðisins aukist frá fyrri könnun.

Fljót [$n_{2017} = 12$; $n_{2024} = 6$]

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 24,0 prósentustig milli kannana. Raunveruleg aukning þjónustusóknar innan svæðis er þó líklegast mun minni og því neikvæð. Ástæðan er sú að í fyrri könnun voru 35,3% þjónustusóknar til „annarra staða“ og líklegt að í mörgum tilfellum hafi þar verið um þjónustustaði í Fljótum að ræða. Hlutdeild Siglufjarðar í heildarþjónustusókn íbúanna hækkar um 18,5 prósentustig, hlutdeild Akureyrar um 4,5 prósentustig og höfuðborgarsvæðisins um 7,5 prósentustig. Hlutdeild Sauðárkróks dregst hins vegar saman um 10,1 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 4% og má helst sjá aukningu í *lágvöruverðsverslun.* Á móti dregur verulega úr notkun íbúanna á *banka/sparisjóði* og *bókasafni.*

Vegna þess að fáir svarendur eru á svæðinu og að stór hluti þjónustusóknar var til „annarra staða“ í fyrri könnun er óskýrt hvaða þjónusta er frekar eða síður sótt innan svæðis en áður.

10.11.5 Breytingar Norðurland eystra

Að teknu tilliti til íbúafjölda hvers búsetusvæðis hefur hlutfall þjónustu sem íbúar Norðurlands eystra sækja innan síns þjónustusvæðis hækkað um 1,3 prósentustig og hlutfall þjónustu sem þeir sækja innan landshlutans hækkað um 1,4 prósentustig.

Á Norðurlandi eystra eykst þjónustusókn innan þjónustusvæðis mikið úr dreifbýli við Kópasker og á Raufarhöfn og eykst töluvert á Grenivík. Þjónustusókn innan svæðis eykst einnig nokkuð í innanverðum Eyjafirði, á Akureyri og í Hrísey en stendur nokkurn veginn í stað á Dalvík og Kópaskeri.

Þjónustusókn innan svæðis lækkar lítillega í Mývatnssveit, í Grímsey, á Húsavík og Þórshöfn, lækkar nokkuð á Siglufirði, Ólafsfirði og úr dreifbýli bæði við Dalvík og Húsavík. Þá lækkar þjónustusókn innan svæðis verulega á Laugum og Fosshóli.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 18% milli kannana hjá íbúum landshlutans, mest vegna *lágvöruverðsverslunar, líkamsræktar og sunds/baðstaða*. Þar að auki eykst notkun á *lyfjaverslun/apóteki, bókasafni* og *sjúkraþjálfun.* Hins vegar hefur tíðni þjónustusóknar í *banka/sparisjóð* og *tryggingafélag* minnkað verulega.

Íbúar á Norðurlandi eystra nota *sérfræðilækni* og *tryggingafélag* síður innan þjónustusvæðis og innan landshluta en í fyrri könnun. Auk þess er notkun á *banka/sparisjóði* síður innan landshlutans en áður.

Siglufjörður [$n_{2017} = 157$; $n_{2024} = 93$]

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 5,4 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn Siglfirðinga eykst um 6,1 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðis eykst um 1,5 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 21%, mest vegna meiri notkunar á *sundi/baðstað* og *líkamsrækt* á Siglufirði en einnig vegna mikillar aukningar í *lágvöruverðsverslun* á Akureyri. Auk þess fara íbúarnir oftar í *sjúkraþjálfun* en áður. Á móti dregur úr þjónustusókn í *banka/sparisjóð* og *tryggingafélag.*

Í fyrri könnun var algengara að íbúar Siglufjarðar færu á *veitingahús* innanbæjar en á Akureyri, en nú hefur það snúist við. Þá var einnig algengasta að íbúarnir notuðu *bifreiðaskoðun* og *tryggingafélag* á Siglufirði en nú er algengast að fara með bíla í skoðun á Akureyri og fara í tryggingafélag á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur þjónustusókn til *tannlæknis* innan svæðis dregist saman.

Ólafsfjörður *[n_{2017} = 112; n_{2024} = 46]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 9,1 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn Ólafsfirðinga eykst um 7,1 prósentustig, hlutdeild Siglufjarðar um 3,4 prósentustig og Dalvíkur um 1,4 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 7% og er það að mestu leyti vegna aukinnar *líkamsræktariðkunar* innanbæjar. Auk þess eykst notkun á *lyfjaverslun/apóteki* á Siglufirði, *veitingahúsi* á Akureyri og *bókasafni* og *sjúkraþjálfun* innanbæjar. Á móti dregst notkun á *annarri dagvöruverslun* á Ólafsfirði saman og *tryggingafélag* er minna notað.

Í fyrri könnun var lang algengast að Ólafsfirðingar færu í *banka/sparisjóð* innanbæjar. Nú fara íbúarnir mun sjaldnar í banka og þjónustan er oftast notuð á Siglufirði en oft á Akureyri. Þá var einnig algengast að íbúarnir færu til *tannlæknis* á Akureyri eða Ólafsfirði en nú er það oftast gert á Siglufirði og stundum á Sauðárkróki eða Akureyri. Auk þess notuðu íbúar á Ólafsfirði oftast *tryggingafélag* innanbæjar en nú er það helst gert á Akureyri. Önnur þjónusta sem íbúarnir nota sjaldnar innan svæðis en áður er *bókasafn, hársnyrting, sjúkraþjálfun* og *bifreiðaskoðun.*

Dalvík *[n_{2017} = 204; n_{2024} = 64]*

Þjónustusókn innan svæðis lækkar um 0,7 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn Dalvíkinga eykst um 3,8 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 6% og er það að mestu leyti vegna aukinnar ásóknar í *sund/baðstað* og *líkamsrækt* en einnig vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* á Akureyri. Á móti fækkar skiptum sem íbúarnir versla í *annarri dagvöruverslun* á Dalvík, auk þess sem notkun á *banka/sparisjóði* og *tryggingafélagi* dregst saman.

Í fyrri könnun var mun algengara að íbúar á Dalvík færu í *sjúkraþjálfun* innanbæjar heldur en á Akureyri, en nú er álíka algengt að þeir geri það á Akureyri og á Dalvík. Í fyrri könnun voru einnig margir svarendur sem sögðust fara í *bakarí* á Dalvík en nú greinist sú þjónustusókn ekki.

Dalvík dreifbýli *[n_{2017} = 84; n_{2024} = 25]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Dalvíkur) dregst saman um 6,6 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn Dalvíkinga eykst um 10,7 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 8% og er það að stórum hluta vegna fleiri ferða í *lyfjaverslun/apótek* á Dalvík, en einnig vegna aukinnar *lágvöruverðsverslunar* á Akureyri.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar í dreifbýli við Dalvík færu í *banka/sparisjóð* á Dalvík, en nú er álíka algengt að það sé gert á Akureyri og á Dalvík. Þá var einnig talsvert algengara að íbúarnir færu í *hársnyrtingu* á Dalvík en á Akureyri, en nú er heldur algengara að þeir fari í klippingu á Akureyri. Auk þess er sjaldgæfara en áður að íbúarnir fari á *veitingahús,* og *heilsugæslu* á Dalvík.

Á móti er algengara en áður að íbúarnir fari í *byggingavöruverslun* á Dalvík.

Hrísey *[n_{2017} = 16; n_{2024} = 17]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 2,7 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn Hríseyinga minnkar um 1,3 prósentustig en hlutdeild Dalvíkur eykst um 11,7 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 4% og er það helst vegna fleiri skipta sem verslað er í *lágvöruverðsverslun* á Akureyri og *annarri dagvöruverslun* í Hrísey. Auk þess fara íbúarnir oftar í *lyfjaverslun/apótek* en í fyrri könnun. Hins vegar nota íbúarnir sjaldnar *líkamsrækt* en áður.

Vegna þess að fáir svarendur eru í Hrísey er óskýrt hvaða þjónusta sé hlutfallslega frekar eða síður sótt innan svæðis en áður. Þó sést að íbúarnir fara frekar á *veitingahús* í Hrísey en á Akureyri, en í fyrri könnun var mun algengara að þeir færu á veitingahús á Akureyri.

Grímsey *[n_{2017} = 7; n_{2024} = 6]*

Þjónustusókn innan svæðis minnkar um 1,3 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn Grímseyinga eykst um 5,4 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðis um 3,4 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 27% og er það helst vegna fleiri skipta sem verslað er í *lágvöruverðsverslun* á Akureyri. Auk þess fara íbúarnir oftar en áður í *sund/baðstað* í Grímsey og oftar í *lyfjaverslun/apótek* á Akureyri. Á hinn bóginn minnkar þjónustusókn í *banka/sparisjóð* og *hársnyrtingu* á Akureyri.

Vegna þess að fáir svarendur eru í Grímsey er óskýrt hvaða þjónusta sé hlutfallslega frekar eða síður sótt innan svæðis en áður. Þó sést að íbúarnir fara frekar á *veitingahús* í Grímsey en í fyrri könnun.

Akureyri *[n_{2017} = 477; n_{2024} = 368]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 2,2 prósentustig. Hlutdeild höfuðborgarsvæðis í heildarþjónustusókn Akureyringa minnkar um 0,5 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 16% milli kannana, mest vegna meiri notkunar á *lágvöruverðsverslun, líkamsrækt* og *sundi/baðstað.* Auk þess fara íbúarnir oftar á *bókasafn*.

Eina þjónustan sem er síður notuð innan svæðisins en áður eru *sérfræðilæknar,* því nú er mun algengara en í fyrri könnun að Akureyringar fari til sérfræðilæknis á höfuðborgarsvæðinu.

Innanverður Eyjafjörður *[n_{2017} = 274; n_{2024} = 308]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Akureyrar) eykst um 4,2 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 46% milli kannana, mest vegna meiri notkunar á *lágvöruverðsverslun, líkamsrækt* og *sundi/baðstað.* Auk þess fara íbúarnir oftar á *bókasafn* og í *sjúkraþjálfun*. Á móti dregur úr notkun íbúanna á *banka/sparisjóði.*

Grenivík *[n_{2017} = 29; n_{2024} = 29]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst verulega eða um 11,2 prósentustig milli kannana og hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn Grenvíkinga dregst saman um 3,2 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 18%, mest vegna meiri notkunar á *sundi/baðstað* og *líkamsrækt* á Grenivík. Auk þess eykst notkun á *byggingavöruverslun* á Akureyri og íbúarnir fara oftar til *sérfræðilæknis*, bæði á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar á Grenivík færu á *veitingahús* á Akureyri en nú er algengast að þjónustan sé notuð innanbæjar. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega oftar notuð innan þjónustusvæðis en áður er *banki/sparisjóður.* Aftur á móti eru *bókasafn, hársnyrting, sjúkraþjálfun* og *heilsugæsla/heimilislækni* allt þjónustuþættir sem var algengast að íbúarnir notuðu á Grenivík í fyrri könnun, en nú eru þeir oftar nýttir á Akureyri. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega sjaldnar notuð innanbæjar en áður er *bílaverkstæði.*

Húsavík *[n_{2017} = 299; n_{2024} = 187]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 2,2 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn Húsvíkinga eykst um 4,3 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 21% og er það að mestu leyti vegna aukinnar notkunar á *sundi/baðstað, lyfjaverslun/apóteki* innanbæjar og *lágvöruverðsverslun* á Akureyri. Auk þess eykst fjöldi skipta sem íbúarnir nota *bókasafn* á Húsavík.

Nokkur breyting hefur orðið á þjónustusókn íbúanna til *sérfræðilæknis.* Í fyrri könnun var þjónustan jöfnum höndum sótt til Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins en nú er orðið talsvert algengara að farið sé á Akureyri heldur en höfuðborgarsvæðið. Auk þess eru *veitingahús* hlutfallslega frekar sótt innanbæjar en áður.

Á móti fara Húsvíkingar síður til *tannlæknis* innanbæjar en í fyrri könnun og hlutdeild Akureyrar í þeirri þjónustusókn hefur aukist.

Húsavík dreifbýli *[n_{2017} = 114; n_{2024} = 54]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Húsavíkur) dregst saman um 6,1 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn eykst um 15,3 prósentustig en hlutdeild Lauga minnkar um 4,6 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 30% og er það að stórum hluta vegna aukinnar *lágvöruverðsverslunar* á Akureyri. Auk þess eykst fjöldi skipta sem íbúarnir nota *líkamsrækt* og *heilsugæslu/heimilislækni* á Húsavík og *bókasafn* bæði á Húsavík og Akureyri.

Í fyrri könnun var töluvert algengara að íbúar í dreifbýli við Húsavík færu í *byggingavöruverslun* á Húsavík heldur en á Akureyri. Nú er hins vegar orðið ívið algengara að þjónustan sé notuð á Akureyri en á Húsavík. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð innan þjónustusvæðis er *hársnyrting, tannlæknir* og *tryggingafélag.*

Aftur á móti var algengara í fyrri könnun að íbúarnir notuðu *bifreiðaskoðun* á Akureyri heldur en á Húsavík, en nú er talsvert algengara að nota þjónustuna á Húsavík en á Akureyri. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega frekar nýtt innan þjónustusvæðis en áður er *sund/baðstaðir* og *bílaverkstæði.*

Laugar og Fosshóll *[n_{2017} = 27; n_{2024} = 23]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Lauga) dregst verulega saman, eða um 18,4 prósentustig, milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn eykst um 23,9 prósentustig en hlutdeild Húsavíkur minnkar um 7,1 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar minnkar um 8%, mest vegna færri ferða í *dagvöruverslun* og *sund/baðstað* á Laugum. Á móti eykst aðsókn í *lágvöruverðsverslun* á Akureyri mikið. Önnur þjónusta sem íbúarnir nota oftar en áður er *lyfjaverslun/apótek* á Akureyri og *bókasafn* á Laugum.

Í fyrri könnun var algengast að íbúarnir færu í *lyfjaverslun/apótek, bakarí* og *bifreiðaskoðun* á Húsavík en nú er lang algengast að þeir nýti þessa þjónustuþætti á Akureyri. Einnig var áður algengast að nota *bílaverkstæði* á Húsavík en nú er það helst gert á Akureyri. Í fyrri könnun var jafnframt nokkuð algengara að fara til *sérfræðilæknis* á Húsavík en á Akureyri, en nú nota íbúarnir þjónustuna oftast á Akureyri og auk þess frekar á höfuðborgarsvæðinu en á Húsavík.

Mývatn *[n_{2017} = 101; n_{2024} = 29]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 1,9 prósentustig, milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn eykst um 5,6 prósentustig, hlutdeild Húsavíkur minnkar um 2,5 prósentustig og hlutdeild Lauga eykst um 1,8 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 2%, mest vegna meiri notkunar á *líkamsrækt* og *lyfjaverslun/apóteki* í Reykjahlíð. Auk þess fara íbúarnir oftar í *sund/baðstað* og *sjúkraþjálfun* í Reykjahlíð og oftar í *bakarí* á Akureyri. Á móti versla íbúarnir mun sjaldnar *dagvöruverslun* í Reykjahlíð en áður.

Í fyrri könnun var lang algengast að íbúarnir færu í *vínbúð* á Akureyri en nú nota þeir þjónustuna oftast í Reykjahlíð. Áður fóru íbúarnir einnig ýmist á *veitingahús* á Akureyri eða við Mývatn en nú er lang algengast að þeir noti þjónustuna við Mývatn. Auk þess fóru íbúar við Mývatn oftast á *bíla-verkstæði* á Húsavík eða Akureyri í fyrri könnun en nú er oftar farið á verkstæði við Mývatn en á Húsavík eða Akureyri.

Aftur á móti var í fyrri könnun algengast að Mývetningar notuðu *banka/sparisjóð* innan svæðisins en það er nú frekar gert á Húsavík eða Laugum. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð innan svæðis en áður er *heilsugæsla/heimilislæknir*, en hlutdeild Húsavíkur í þeirri þjónustusókn hefur aukist nokkuð milli kannana.

Kópasker *[n_{2017} = 19; n_{2024} = 11]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 0,2 prósentustig, milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn eykst um 5,8 prósentustig en hlutdeild Húsavíkur minnkar um 0,2 prósentustig og hlutdeild Þórshafnar minnkar um 2,9 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar stendur í stað þó breytingar séu innan margra þjónustuþátta. Notkun á *líkamsrækt* innanbæjar eykst mest, en nokkur aukning er einnig í notkun á *lyfjaverslun/apóteki* á Kópaskeri. Þar að auki fjölgar skiptum sem íbúarnir fara í *lágvöruverðsverslun* á Akureyri. Á móti fara íbúar Kópaskers sjaldnar í *dagvöruverslun, banka/sparisjóð* og *sjúkraþjálfun* innanbæjar miðað við fyrri könnun.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar á Kópaskeri færu til *sérfræðilæknis* annað hvort á Akureyri eða á höfuðborgarsvæðinu en nú nota þeir þjónustuna álíka oft á Akureyri og á Húsavík, en mun síður á höfuðborgar-svæðinu.

Kópasker dreifbýli *[n_{2017} = 42; n_{2024} = 39]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Kópaskers) eykst verulega, eða um 20,1 prósentustig, milli kannana. Hlutdeild Húsavíkur í heildar-þjónustusókn minnkar um 24,2 prósentustig en hlutdeild Akureyrar eykst um 6,8 prósentustig. Raunveruleg aukning þjónustusóknar innan svæðis gæti þó verið eitthvað minni, vegna þess að í fyrri könnun voru 2,8% þjónustusóknar til „annarra staða“ og líklegt að í mörgum tilfellum hafi þar verið um þjónustustaði innan Öxarfjarðarhéraðs að ræða.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 41%, mest vegna mikillar aukningar í *líkamsrækt* en einnig vegna fleiri skipta sem verslað er í *dagvöruverslun* innan svæðis, aðallega á Kópaskeri en líka í Ásbyrgi. Einnig eykst notkun á *sjúkraþjálfun* og *heilsugæslu/heimilislækni* á Kópaskeri. Á móti dregst notkun á *tryggingafélagi* á Húsavík saman milli kannana.

Í fyrri könnun var algengast að íbúarnir notuðu *bílaverkstæði* á Húsavík en nú er algengara að það sé gert á Kópaskeri. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega frekar sótt innan svæðis en áður er *lyfjaverslun/apótek* og *bifreiðaskoðun.* Á móti er *vínbúð* hlutfallslega sjaldnar notuð innan þjónustu-svæðis en í fyrri könnun.

Auk þess var áður algengast að íbúar í dreifbýli Öxarfjarðarhéraðs færu á *veitingahús* á Húsavík en nú er sú þjónusta oftast nýtt á Akureyri.

Raufarhöfn *[n_{2017} = 29; n_{2024} = 51]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst verulega, eða um 17,4 prósentustig, milli kannana. Hlutdeild Húsavíkur í heildarþjónustusókn dregst saman um 9,6 prósentustig, hlutdeild Akureyrar minnkar um 1,7 prósentustig, hlutdeild Kópaskers minnkar um 1,3 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðis minnkar um 3,2 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 85% og er það að stórum hluta vegna mikillar fjölgunar skipta sem verslað er í *dagvöruverslun* á Raufarhöfn en einnig vegna fleiri ferða í *sund/baðstað, líkamsrækt* og *lyfjaverslun/apótek* innanbæjar. Einnig eykst notkun á *veitingahúsi* á Raufarhöfn og *byggingavöruverslun* á Akureyri. Á móti eru *banki/sparisjóður, bókasafn* og *sjúkraþjálfun* notuð sjaldnar innanbæjar en áður.

Heilsugæsla/heimilislæknir er hlutfallslega frekar notuð innan svæðis en í fyrri könnun.

Áður var algengara að íbúar á Raufarhöfn færu í *lágvöruverðsverslun* á Húsavík heldur en á Akureyri, en nú er þjónustan mun meira notuð á Akureyri.

Þórshöfn [$n_{2017} = 77$; $n_{2024} = 42$]

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 2,2 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn eykst um 1,1 prósentustig og hlutdeild Egilsstaða eykst um 1,9 prósentustig en hlutdeild Húsavíkur minnkar um 1,1 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 53%, mest vegna aukinnar notkunar á *líkamsrækt* og *dagvöruverslun* innanbæjar en einnig vegna fleiri ferða í *sund/baðstað* á Þórshöfn og *lágvöruverðsverslun* á Akureyri. Einnig eykst notkun á *bakaríi* á Húsavík, *byggingavöruverslun* á Akureyri og *heilsugæslu/heimilislækni* innanbæjar. Á móti minnkar notkun á *banka/sparisjóði* á Þórshöfn.

Í fyrri könnun var algengast að Þórshafnarbúar færu í *hársnyrtingu* og í *bifreiðaskoðun* innanbæjar en nú er ívið algengara að þessir þjónustuþættir séu nýttir á Akureyri. Jafnframt var áður lang algengast að íbúarnir færu til *sérfræðilæknis* á Akureyri en nú er orðið álíka algengt að það sé gert á höfuðborgarsvæðinu.

Bakkafjörður [$n_{2017} = 8$; $n_{2024} = 11$]

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Þórshafnar) eykst um 7,4 prósentustig og tíðni þjónustusóknar eykst um 30% milli kannana. Hlutdeild Vopnafjarðar í heildarþjónustusókn eykst um 2,5 prósentustig, hlutdeild höfuðborgarsvæðis eykst um 1,4 prósentustig. Á móti minnkar hlutdeild Akureyrar um 2,5 prósentustig og hlutdeild Egilsstaða minnkar um 3,4 prósentustig.

Vegna þess að fáir svarendur eru á svæðinu er óskýrt hvaða þjónusta er frekar eða síður notuð en áður. Þó sést að íbúarnir nota frekar *heilsugæslu/heimilislækni* á Vopnafirði en á Þórshöfn, en í fyrri könnun var mun algengara að þeir notuðu þjónustuna á Þórshöfn.

10.11.6 Breytingar Austurland

Að teknu tilliti til íbúafjölda hvers búsetusvæðis hefur hlutfall þjónustu sem íbúar Austurlands sækja innan síns þjónustusvæðis lækkað um 1,4 prósentustig og hlutfall þjónustu sem þeir sækja innan landshlutans lækkað um 1,6 prósentustig.

Á Austurlandi eykst þjónustusókn innan þjónustusvæðis verulega á Borgarfirði eystri, eykst nokkuð á Reyðarfirði og eykst lítillega á Egilsstöðum og Vopnafirði. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis lækkar hins vegar lítillega á Fáskrúðsfirði, á Djúpavogi og úr dreifbýli Héraðs, lækkar nokkuð á Seyðisfirði og lækkar talsvert á öllum búsetusvæðum Fjarðabyggðar nema Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Aftur á móti eykst þjónustusókn innan landshluta í allri Fjarðabyggð milli kannana og má að stórum hluta rekja það til aukinnar þjónustusóknar úr flestum byggðakjörnum sveitarfélagsins inn á Reyðarfjörð.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 15% milli kannana hjá íbúum landshlutans, mest vegna *lágvöruverðsverslunar* en einnig vegna *líkamsræktar* og *lyfjaverslunar/apóteks*. Þar að auki eykst notkun á *bakarí, bókasafni, heilsugæslu/heimilislækni* og *sérfræðilækni.* Hins vegar hefur tíðni þjónustusóknar í *banka/sparisjóð* minnkað verulega og notkun á *tryggingafélagi* dregist saman.

Íbúar á Austurlandi nota *veitingahús* frekar innan þjónustusvæðis og landshluta en í fyrri könnun en *bílaverkstæði* eru síður notuð innan þjónustusvæðis en áður.

Vopnafjörður *[n_{2017} = 134; n_{2024} = 62]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 1,2 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn eykst um 2,4 prósentustig en hlutdeild Egilsstaða minnkar um 0,2 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðis minnkar um 2,0 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 10%, mest vegna mikillar fjölgunar skipta sem verslað er í *dagvöruverslun* innanbæjar en einnig vegna fleiri ferða í *sund/baðstað* innan svæðis. Á móti dregur úr notkun á *sjúkraþjálfun* og *tryggingafélagi* á Vopnafirði.

Í fyrri könnun var algengast að Vopnfirðingar færu í *lágvöruverðsverslun* á Egilsstöðum en nú er mun algengara að þjónustan sé nýtt á Akureyri. Áður var jafnframt algengara að íbúarnir færu á *veitingahús* á höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri heldur en á Vopnafirði, en nú er talsvert algengara að það sé gert á Vopnafirði.

Egilsstaðir *[n_{2017} = 282; n_{2024} = 237]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 1,4 prósentustig milli kannana. Hlutdeild höfuðborgarsvæðis í heildarþjónustusókn minnkar um 0,2 prósentustig, hlutdeild Egilsstaða eykst um 0,1 prósentustig, hlutdeild Reyðarfjarðar eykst um 0,6 prósentustig og hlutdeild Akureyrar minnkar um 0,1 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 19%, mest vegna fleiri skipta sem verslað er í *lágvöruverðsverslun* innanbæjar en einnig vegna aukinnar notkunar á *lyfjaverslun/apóteki* og *annarri dagvöruverslun* á Egilsstöðum. Auk þess eykst notkun á *sjúkraþjálfun, heilsugæslu/heimilislækni* og *bókabúð.* Á móti dregur úr notkun á *banka/sparisjóði*.

Í fyrri könnun var algengast að Egilsstaðabúar færu í *bakarí* innanbæjar en nú hefur sú þjónustunotkun minnkað og þjónustan oftast sótt á Reyðarfirði. Einnig eru *hársnyrting* og *tryggingafélag* síður notuð innanbæjar en áður.

Hérað dreifbýli *[n_{2017} = 78; n_{2024} = 63]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Egilsstaða) dregst saman um 1,2 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Reyðarfjarðar í heildarþjónustusókn eykst um 1,3 prósentustig en hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 2,1 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 1%. Meðal þess sem er oftar notað en í fyrri könnun er *önnur dagvöruverslun* og *lyfjaverslun/apótek* á Egilsstöðum. Þjónustuþættir sem eru sjaldnar notaðir en áður eru *bókasafn* og *sjúkraþjálfun.*

Í fyrri könnun var lang algengast að íbúar í dreifbýli Héraðs færu í *bakarí* á Egilsstöðum en nú greinist sú þjónustusókn ekki og íbúarnir fara þess í stað stundum í bakarí á Reyðarfirði. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð innan þjónustusvæðis en áður er *banki/sparisjóður, hársnyrting, bókabúð* og *tryggingafélag.* Á móti eru *veitingahús, tannlæknir* og *sérfræðilæknir* þjónustuþættir sem hlutfallslega frekar sóttir á Egilsstöðum.

Borgarfjörður eystri *[n_{2017} = 7; n_{2024} = 18]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst verulega eða um 18,1 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Egilsstaða í heildarþjónustusókn dregst saman um 2,8 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 5,6 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 26%, en vegna þess að fáir svarendur voru á svæðinu í fyrri könnun er þó óskýrt hvaða þjónusta er frekar eða síður notuð en áður. Þó virðist tíðni notkunar hafa aukist í *lyfjaverslun/apótek* og *lágvöruverðsverslun* á Egilsstöðum og eins í *annarri dagvöruverslun* og *veitingahúsi* á Borgarfirði.

Seyðisfjörður *[n_{2017} = 140; n_{2024} = 70]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 4,3 prósentustig milli kannana en hlutdeild Egilsstaða í heildarþjónustusókn eykst um 6,2 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar minnkar um 5%, mest vegna minni notkunar á *dagvöruverslun* á Seyðisfirði. Auk þess minnkar notkun á *banka/sparisjóði* á Seyðisfirði og *tryggingafélagi* á Egilsstöðum.

Í fyrri könnun var algengast að Seyðfirðingar færu í *sjúkraþjálfun* innanbæjar en nú greinist sú þjónustusókn ekki, heldur er þjónustan oftast notuð á Egilsstöðum. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð innan svæðis er *bókasafn, hársnyrting* og *bílaverkstæði.*

Hins vegar hefur sú breyting orðið á þjónustusókn til *tannlæknis* að nú er þjónustan oftast sótt á Seyðisfirði, en áður var algengast að fara til tannlæknis á Egilsstöðum. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega frekar sótt innanbæjar en áður eru *líkamsrækt* og *veitingahús*.

Neskaupstaður *[n_{2017} = 124; n_{2024} = 107]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 8,0 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Reyðarfjarðar í heildarþjónustusókn eykst um 8,0 prósentustig og hlutdeild Egilsstaða eykst um 4,6 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 15%, mest vegna meiri notkunar á *líkamsrækt* innanbæjar og *lágvöruverðsverslunar* á Reyðarfirði. Þar að auki fara íbúarnir oftar á *bókasafn* innanbæjar og til *sérfræðilæknis* á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar minnkar notkun á *banka/sparisjóði* í Neskaupstað.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar Neskaupstaðar færu í *bakarí* á Reyðarfirði, þó notkunin væri ekki mikil. Nú er ívið algengara að íbúarnir fari í bakarí innanbæjar, en þjónustusókn í bakarí hefur aukist mikið á báðum stöðum. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega frekar notuð í Neskaupstað en áður er *vínbúð* og *veitingahús.*

Áður var jafnframt algengast að svarendur notuðu *bókabúð* í Neskaupstað en nú er sú þjónusta oftast notuð á höfuðborgarsvæðinu og stundum rafrænt. Í fyrri könnun voru *bílaverkstæði* helst notuð innanbæjar en nú er það ívið oftar gert á Egilsstöðum. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð í Neskaupstað en áður er *tryggingafélag.*

Eskifjörður *[n_{2017} = 59; n_{2024} = 59]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst saman um 9,5 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Reyðarfjarðar í heildarþjónustusókn eykst um 7,8 prósentustig, hlutdeild Egilsstaða eykst um 4,9 prósentustig og hlutdeild Neskaupstaðar eykst um 1,0. Hlutdeild Akureyrar í heildarþjónustusókn minnkar hins vegar um 2,5 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 0,4 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 5%, mest vegna meiri notkunar á *lágvöruverðsverslun* á Reyðarfirði og *líkamsrækt* á Eskifirði. Auk þess eykst notkun á *sundi/baðstað* og *bókasafni* innanbæjar og *bakaríi* á Reyðarfirði. Á móti dregur verulega úr notkun á *annarri dagvöruverslun* á Eskifirði og almennt fara íbúarnir sjaldnar í *sjúkraþjálfun* og *tryggingafélag.*

Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð á Eskifirði en í fyrri könnun er *lyfjaverslun/apótek, bókasafn, hársnyrting* og *heilsugæsla/heimilislæknir.*

Í fyrri könnun var algengast að Eskfirðingar færu í *byggingavöruverslun* á Reyðarfirði en nú er þjónustan oftast notuð á Egilsstöðum og stundum í Neskaupstað. Aftur á móti var áður lang algengast að íbúarnir notuðu *bílaverkstæði* á Reyðarfirði en nú er þjónustan helst notuð á Eskifirði þó stundum sé farið til Egilsstaða eða Reyðarfjarðar. Auk þess er þjónusta *tannlæknis* hlutfallslega frekar notuð innanbæjar en áður.

Reyðarfjörður [n_{2017} = 86; n_{2024} = 60]

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 3,8 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Eskifjarðar í heildarþjónustusókn minnkar um 4,9 prósentustig en hlutdeild Akureyrar eykst um 2,6 prósentustig. Hlutdeild Egilsstaða og höfuðborgarsvæðis stendur í stað milli kannana.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 29%, mest vegna fleiri skipta sem verslað er í *lágvöruverðsverslun* innanbæjar en einnig vegna aukinnar notkunar á *bakaríi, líkamsrækt* og *lyfjaverslun* á Reyðarfirði. Auk þess eykst notkun á *bókasafni, sjúkraþjálfun* og *tannlækni* innanbæjar. Á móti dregur úr notkun á *banka/sparisjóði*.

Í fyrri könnun var algengast að Reyðfirðingar færu í *byggingavöruverslun* innanbæjar en nú er þjónustan oftast notuð á Egilsstöðum. *Bílaverkstæði* er einnig hlutfallslega síður notað á Reyðarfirði en áður.

Fáskrúðsfjörður [n_{2017} = 44; n_{2024} = 48]

Þjónustusókn innan svæðis lækkar um 0,6 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Reyðarfjarðar í heildarþjónustusókn eykst um 3,0 prósentustig, hlutdeild Egilsstaða eykst um 0,8 prósentustig og hlutdeild Neskaupstaðar eykst um 1,7 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 26%, mest vegna fleiri skipta sem verslað er í *dagvöruverslun* innanbæjar og *lágvöruverðsverslun* á Reyðarfirði. Auk þess eykst notkun á *lyfjaverslun/apóteki* á Reyðarfirði ásamt *bókasafni og tannlækni* innanbæjar. Á móti minnkar notkun á *banka/sparisjóði.*

Í fyrri könnun var algengast að íbúarnir notuðu *heilsugæslu/heimilislækni* innanbæjar en nú er algengara að farið sé á heilsugæslu á Reyðarfirði. Eins var algengara í fyrri könnun að Fáskrúðsfirðingar notuðu *bílaverkstæði* innanbæjar frekar en á Breiðdalsvík en nú er algengara að þjónustan sé notuð á Breiðdalsvík. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð á Fáskrúðsfirði en áður er *sund/baðstaðir, sjúkraþjálfun* og *bifreiðaskoðun.*

Á hinn bóginn var í fyrri könnun algengast að Fáskrúðsfirðingar færu í *hársnyrtingu* á Reyðarfirði en nú er þjónustan oftast notuð innanbæjar.

Áður var jafnframt lang algengast að Fáskrúðsfirðingar færu í *byggingavöruverslun* á Reyðarfirði en nú er þjónustan oftast notuð á Egilsstöðum.

Stöðvarfjörður [n_{2017} = 15; n_{2024} = 41]

Þjónustusókn innan svæðis lækkar um 7,8 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Reyðarfjarðar í heildarþjónustusókn eykst um 0,3 prósentustig, hlutdeild Egilsstaða eykst um 6,9 prósentustig, hlutdeild Breiðdalsvíkur eykst um 5,4 prósentustig, hlutdeild Fáskrúðsfjarðar eykst um 0,7 prósentustig og hlutdeild Akureyrar eykst um 1,1 prósentustig. Hins vegar dregst hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúanna saman um 5,6 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 41%, mest vegna fleiri skipta sem íbúarnir stunda *líkamsrækt* á Stöðvarfirði og *sund/baðstað* á Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Auk þess eykst notkun á *lágvöruverðsverslun,* aðallega á Reyðarfirði en líka á Egilsstöðum, og notkun á *lyfjaverslun/apóteki* eykst bæði á Reyðarfirði og Stöðvarfirði. Önnur þjónusta sem er oftar notuð en í fyrri könnun er *bakarí* og *vínbúð* á Reyðarfirði, *bókasafn* á Stöðvarfirði og *sérfræðilæknir* á höfuðborgarsvæðinu. Á móti eru *banki/sparisjóður* og *tryggingafélag* sjaldnar notuð.

Í fyrri könnun var lang algengast að Stöðfirðingar versluðu í matinn í *dagvöruverslun* innanbæjar en sú þjónustusókn mælist ekki lengur. Þess í stað er meira verslað í *lágvöruverðsverslun* á Reyðarfirði og *annarri dagvöruverslun* á Breiðdalsvík og Fáskrúðsfirði. Auk þess er *heilsugæsla/heimilislæknir* hlutfallslega síður notuð á Stöðvarfirði en áður. Aftur á móti var áður algengast að nota *bílaverkstæði* á Breiðdalsvík en nú er nokkuð algengara að það sé gert á Stöðvarfirði.

Áður var jafnframt lang algengast að íbúar á Stöðvarfirði færu í *byggingavöruverslun* á Reyðarfirði en nú er þjónustan oftast notuð á Egilsstöðum.

Breiðdalsvík *[n_{2017} = 20; n_{2024} = 15]*

Þjónustusókn innan svæðis lækkar um 8,7 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Reyðarfjarðar í heildarþjónustusókn eykst um 22,4 prósentustig, hlutdeild Egilsstaða eykst um 2,4 prósentustig en hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 9,9 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 13%, mest vegna fleiri skipta sem verslað er í *lágvöruverðsverslun* á Reyðarfirði. Auk þess eykst notkun á *veitingahúsi* innan svæðis.

Í fyrri könnun var algengast að íbúarnir færu til *tannlæknis* á Breiðdalsvík, en nú eru flestir tannlæknatímar íbúanna á Reyðarfirði og sumir á Fáskrúðsfirði. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð innanbæjar er *heilsugæsla/heimilislæknir* og *bifreiðaskoðun.*

Áður var algengast að Breiðdælingar færu í *lyfjaverslun/apótek* og *vínbúð* á Egilsstöðum en nú er algengara að hvort tveggja sé notað á Reyðarfirði. Jafnframt var í fyrri könnun algengast að íbúarnir færu til *sérfræðilæknis* á Akureyri en nú er algengast að þjónustan sé notuð á höfuðborgarsvæðinu.

Djúpivogur *[n_{2017} = 62; n_{2024} = 47]*

Þjónustusókn innan svæðis lækkar um 1,2 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Egilsstaða í heildarþjónustusókn eykst um 4,7 prósentustig, hlutdeild Hafnar í Hornafirði eykst um 0,7 prósentustig, hlutdeild höfuðborgarsvæðisins eykst um 0,4 prósentustig en hlutdeild Reyðarfjarðar minnkar um 1,8 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 8%, mest vegna aukinnar notkunar á *sundi/baðstað* og *lyfjaverslun/apóteki* á Djúpavogi og *lágvöruverðsverslun* á Egilsstöðum. Aftur á móti minnkar notkun á *banka/sparisjóði* og *tryggingafélagi.*

Í fyrri könnun var lang algengast að íbúar Djúpavogs færu í *hársnyrtingu* innanbæjar eða á Höfn en nú fara íbúarnir helst í klippingu á höfuðborgarsvæðinu en stundum á Reyðarfirði eða Egilsstöðum. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð á Djúpavogi eru *bílaverkstæði* og *bifreiðaskoðun.*

Miðað við fyrri könnun var jafnframt algengast að Djúpavogsbúar færu á *veitingahús* á Akureyri eða erlendis en nú er þjónustan oftast notuð innanbæjar eða á Egilsstöðum. Auk þess var áður algengast að nota *byggingavöruverslun* á Reyðarfirði en nú er það oftast gert á Egilsstöðum.

10.11.7 Breytingar Suðurland

Að teknu tilliti til íbúafjölda hvers búsetusvæðis hefur hlutfall þjónustu sem Sunnlendingar sækja innan síns þjónustusvæðis lækkað um 0,9 prósentustig og hlutfall þjónustu sem þeir sækja innan landshlutans hækkað um 1,0 prósentustig.

Á Suðurlandi eykst þjónustusókn innan þjónustusvæðis verulega á Hvolsvelli, úr dreifbýli við Hvolsvöll, á Stokkseyri, Eyrarbakka og í Vík. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis eykst nokkuð á Höfn í Hornafirði og lítillega á Selfossi, í Vestmannaeyjum og í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi. Þjónustusókn innan þjónustusvæðis lækkar hins vegar lítillega í Hveragerði og úr dreifbýli nálægt Höfn í Hornafirði, lækkar nokkuð úr dreifbýli við Hellu og í Ölfusi og lækkar verulega í Öræfum, í Hrunamannahreppi, í Skaftárhreppi og á Hellu.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 18% milli kannana hjá íbúum landshlutans, mest vegna *lágvöruverðsverslunar* en einnig vegna *lyfjaverslunar/apóteks* og *líkamsræktar*. Þar að auki eykst notkun á *bókasafni, sjúkraþjálfun, heilsugæslu/heimilislækni, bókabúð* og *sérfræðilækni.* Hins vegar hefur tíðni þjónustusóknar í *aðra dagvöruverslun* og *banka/sparisjóð* minnkað verulega og notkun á *tryggingafélagi* dregist saman.

Íbúar á Suðurlandi nota jafnframt *veitingahús* og *bókabúð* frekar innan þjónustusvæðis og landshluta en í fyrri könnun.

Selfoss *[n_{2017} = 330; n_{2024} = 400]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 1,2 prósentustig. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúa Selfoss minnkar um 0,1 prósentustig og hlutdeild Hveragerðis minnkar um 0,9 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 12% milli kannana, mest vegna aukinnar notkunar á *lágvöruverðsverslun*, *líkamsrækt og lyfjaverslun/apótek* innanbæjar. Einnig fara íbúarnir oftar á *bókasafn* og í *bókabúð.* Önnur þjónusta sem er hlutfallslega frekar nýtt innan svæðis en áður er *veitingahús.* Á móti minnkar notkun á *annarri dagvöruverslun* og *banka/sparisjóði* á Selfossi.

Hveragerði *[n_{2017} = 275; n_{2024} = 122]*

Þjónustusókn innan svæðis minnkar um 0,4 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Selfoss í heildarþjónustusókn íbúanna eykst um 1,6 prósentustig en hlutdeild höfuðborgarsvæðisins dregst saman um 0,2 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 4%, mest vegna aukinnar notkunar á *lágvöruverðsverslun* og *lyfjaverslun/apóteki* í Hveragerði. Þar að auki fara íbúarnir oftar í *sjúkraþjálfun* innanbæjar og í *bókabúð* bæði á höfuðborgarsvæðinu og Selfossi. Á móti dregur úr notkun á *banka/sparisjóði* og *tryggingafélagi.*

Í fyrri könnun var algengast að íbúarnir færu til *tannlæknis* á höfuðborgarsvæðinu en nú er þjónustan ívið oftar notuð í Hveragerði. Aftur á móti nota Hvergerðingar *líkamsrækt* og *bílaverkstæði* hlutfallslega síður innanbæjar en áður.

Ölfus dreifbýli *[n_{2017} = 53; n_{2024} = 14]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Hveragerðis) dregst saman um 5,7 prósentustig milli kannana og tíðni þjónustusóknar minnkar um 7%. Hlutdeild Selfoss í heildarþjónustusókn íbúanna hækkar um 8,8 prósentustig og nær þar með hærri hlutdeild í heildarþjónustusókn frá svæðinu heldur en Hveragerði. Hlutdeild höfuðborgarsvæðis eykst jafnframt um 6,2 prósentustig.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar í dreifbýli Ölfuss notuðu *lyfjaverslun/apótek, bakarí* og *bílaverkstæði* í Hveragerði, en nú er talsvert algengara að þessir þjónustuþættir séu notaðir á Selfossi. Áður var jafnframt

algengast að íbúarnir færu í *bókabúð* á höfuðborgarsvæðinu en nú er algengara að það sé gert á Selfossi.

Þjónustuþættir sem eru hlutfallslega frekar notaðir innan þjónustusvæðis en í fyrri könnun eru *veitingahús*, *hársnyrting* og *heilsugæsla/heimilislæknir.*

Þorlákshöfn *[n_{2017} = 211; n_{2024} = 158]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 8,3 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Selfoss í heildarþjónustusókn íbúanna minnkar um 3,6 prósentustig, hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 1,5 prósentustig og hlutdeild Hveragerðis minnkar um 1,9 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 43%, fyrst og fremst vegna aukinnar notkunar á *lágvöruverðsverslun* innanbæjar. Íbúarnir fara einnig oftar *líkamsrækt, lyfjaverslun/apótek* og á *bókasafn* í Þorlákshöfn. Á móti dregur úr notkun á *annarri dagvöruverslun, bakaríi* og *banka/sparisjóði* innanbæjar.

Í fyrri könnun var algengast að Þorlákshafnarbúar færu í *lágvöruverðsverslun* á Selfossi, en annars í Hveragerði eða jafnvel á höfuðborgarsvæðinu. Nú er mikill meirihluti þeirrar þjónustusóknar innanbæjar. Eins og við var að búast breytist þjónustusókn *í aðra dagvöruverslun* í hina áttina, bæði dregur verulega úr notkuninni og þjónustan oftar notuð á Selfossi heldur en í Þorlákshöfn.

Eyrarbakki *[n_{2017} = 24; n_{2024} = 27]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Eyrarbakka og Stokkseyrar) eykst um 10,9 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Selfoss í heildarþjónustusókn íbúanna minnkar um 3,1 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðis minnkar um 5,6 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 55%, meðal annars vegna fleiri ferða í *lágvöruverslun, sund/baðstað* og *lyfjaverslun/apótek* á Selfossi. Notkun á *annarri dagvöruverslun* á Eyrarbakka hefur aukist og *líkamsrækt* er oftar stunduð, bæði á Selfossi og innan svæðis (aðallega á Stokkseyri). Íbúarnir fara einnig oftar á *bókasafn,* bæði á Selfossi og innanbæjar. Önnur þjónusta sem er oftar notuð en í fyrri könnun er *sjúkraþjálfun, heilsugæsla/heimilislæknir* og *bókabúð* á Selfossi auk *sérfræðilæknis* á höfuðborgarsvæðinu.

Stokkseyri *[n_{2017} = 20; n_{2024} = 22]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Eyrarbakka og Stokkseyrar) eykst um 10,6 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Selfoss í heildarþjónustusókn íbúanna eykst þó um 7,4 prósentustig. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn minnkar um 2,9 prósentustig og hlutdeild Hveragerðis minnkar um 4,0 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 23%, meðal annars vegna fleiri ferða í *lágvöruverslun* og *lyfjaverslun/apótek* til Selfoss ásamt meiri notkun á *líkamsrækt,* bæði á Selfossi og Stokkseyri, og *sundi/baðstað* innanbæjar. Auk þess nota íbúar Stokkseyrar oftar *byggingavöruverslun, bókabúð* og *bílaverkstæði* á Selfossi og *bókasafn* á Stokkseyri.

Á móti minnkar notkun á *annarri dagvöruverslun* almennt, þrátt fyrir að notkun innanbæjar sé meiri en í síðustu könnun. *Sjúkraþjálfun* er einnig sjaldnar notuð en áður og *veitingahús* er hlutfallslega síður notað innan svæðis en í fyrri könnun.

Í fyrri könnun var algengast að Stokkseyringar færu til *tannlæknis* á Selfossi en nú er orðið algengara að þjónustan sé sótt á höfuðborgarsvæðinu.

Uppsveitir (án Hrunam.hr.) og Flóahreppur *[n_{2017} = 254; n_{2024} = 182]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 0,4 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Selfoss í heildarþjónustusókn íbúanna hækkar um 5,7 prósentustig og hlutdeild Hveragerðis eykst um 1,3 prósentustig. Hins vegar

dregst hlutdeild höfuðborgarsvæðisins saman um 3,6 prósentustig og hlutdeild Flúða minnkar um 2,2 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 29%, mest vegna aukinnar notkunar á *lágvöruverðsverslun* á Selfossi, *sundi/baðstað* innan svæðis og *líkamsrækt* bæði á Selfossi og innan svæðis. Þar að auki fjölgar ferðum í *lyfjaverslun/apótek* mikið, fyrst og fremst á Selfossi því notkunin innan svæðis hefur dregist saman. Íbúarnir fara jafnframt oftar í *sjúkraþjálfun,* bæði á Selfossi og innan svæðis. Á móti er *banki/sparisjóður* á Selfossi sjaldnar notaður.

Í fyrri könnun var algengara að íbúarnir færu á *veitingahús* á höfuðborgarsvæðinu heldur en á Selfossi en nú hefur það snúist við. Auk þess hefur þjónustusókn á *veitingahús* innan svæðisins aukist. Áður var einnig algengara að fara í *bókabúð* á höfuðborgarsvæðinu heldur en á Selfossi en nú fara íbúarnir mun frekar í bókabúð á Selfossi.

Hrunamannahreppur *[n_{2017} = 88; n_{2024} = 55]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst talsvert saman, eða um 9,7 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Selfoss í heildarþjónustusókn íbúanna eykst hins vegar um 11,8 prósentustig og hlutdeild Hveragerðis eykst um 2,9 prósentustig. Hlutdeild annarra svæða í uppsveitum Árnessýslu minnkar um 2,0 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðis minnkar um 0,2 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 7%, mest vegna fleiri ferða í *lyfjaverslun/apótek* á Selfossi en einnig vegna *lágvöruverðsverslunar* á Selfossi og *sunds/baðstaða* innan svæðis. Auk þess fara íbúarnir oftar en áður í *sjúkraþjálfun* og *bókabúð* á Selfossi, á *veitingahús* bæði innan svæðis og annars staðar og til *sérfræðilæknis* á höfuðborgarsvæðinu.

Í fyrri könnun fóru íbúar Hrunamannahrepps oft í *bakarí* og gerðu það oftast nær innan þjónustusvæðisins. Nú greinist sú þjónustusókn ekki, heldur er þjónustan helst notuð á Selfossi. *Vínbúð* er einnig hlutfallslega síður notuð innan svæðisins en áður. Hins vegar eru *líkamsrækt* og *bílaverkstæði* hlutfallslega frekar notuð innan þjónustusvæðis en í fyrri könnun.

Hella *[n_{2017} = 78; n_{2024} = 70]*

Þjónustusókn innan svæðis dregst verulega saman, eða um 13,9 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Hvolsvallar í heildarþjónustusókn íbúanna eykst um 12,4 prósentustig og hlutdeild Selfoss eykst um 2,3 prósentustig en hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 0,2 prósentustig milli kannana.

Íbúarnir fara mun oftar í *lágvöruverðsverslun,* bæði á Hvolsvelli og Selfossi, og oftar í *lyfjaverslun/apótek* á Hellu. Auk þess fara þeir oftar á *bókasafn* á Hellu. Hins vegar dregur verulega úr notkun á *annarri dagvöruverslun* innanbæjar og þar af leiðandi eykst tíðni þjónustusóknar íbúanna aðeins um 1% milli kannana.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar á Hellu færu í *banka/sparisjóð* innanbæjar en nú er þjónustan minna notuð og oftar á Hvolsvelli en Hellu. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð innanbæjar en áður er *líkamsrækt, sjúkraþjálfun, sérfræðilæknir* og *tryggingafélag.* Hins vegar er hærra hlutfall þjónustusóknar í *hársnyrtingu* og til *tannlæknis* innanbæjar en áður.

Hella dreifbýli *[n_{2017} = 94; n_{2024} = 56]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Hellu) dregst saman um 5,6 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Hvolsvallar eykst um 10,5 prósentustig, hlutdeild Selfoss eykst um 0,1 prósentustig en hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 1,3 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 14%, meðal annars vegna fleiri ferða í *lágvöruverslun* á Selfossi og Hvolsvelli og aukinnar notkunar á

sundi/baðstað og *lyfjaverslun/apótek* á Hellu. Auk þess eykst notkun á *veitingahúsi* og *sjúkraþjálfun* almennt og íbúarnir nota *heilsugæslu/heimilislækni* á Hellu meira. Á móti dregur úr notkun á *banka/sparisjóði* og *tryggingafélagi.*

Í fyrri könnun var algengast að íbúarnir notuðu *banka/sparisjóð* á Hellu en nú er sú þjónusta aðallega notuð á Selfossi og stundum á Hvolsvelli. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð innan svæðis en áður er *bakarí, sjúkraþjálfun* og *tryggingafélag.*

Hins vegar var í fyrri könnun algengara að íbúar á Hellu færu í *hársnyrtingu* á Selfossi heldur en á Hellu en nú er talsvert algengara að þjónustan sé notuð á Hellu. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega frekar notuð innan svæðis en áður er *vínbúð* og *tannlæknir.*

Loks var samkvæmt fyrri könnun algengast að íbúar í dreifbýli við Hellu færu í *byggingavöruverslun* á Selfossi en nú er þjónustan oftar notuð á Hvolsvelli.

Hvolsvöllur *[n_{2017} = 89; n_{2024} = 74]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst verulega, eða um 16,7 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Selfoss í heildarþjónustusókn íbúanna dregst saman um 10,3 prósentustig, hlutdeild Hellu minnkar um 1,2 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 2,3 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 42%, lang mest vegna þess að íbúarnir fara mun oftar í *lágvöruverðsverslun* innanbæjar en í fyrri könnun. Notkun á *líkamsrækt* og *lyfjaverslun/apóteki* á Hvolsvelli eykst einnig mikið og sömuleiðis er oftar farið í *byggingavöruverslun* innanbæjar og til *sjúkraþjálfara* innanbæjar eða á Hellu. Á móti minnkar notkun á *annarri dagvöruverslun, banka/sparisjóði* og *tryggingafélagi.*

Í fyrri könnun fóru íbúar Hvolsvallar oftar á *veitingahús* á höfuðborgarsvæðinu eða erlendis heldur en á Hvolsvelli en nú er algengast að þjónustan sé notuð innanbæjar. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega frekar notuð á Hvolsvelli en áður er *vínbúð, bókasafn* og *heilsugæsla/heimilislæknir*. Á móti er hlutfallslega síður farið á *bílaverkstæði* og til *tannlæknis* innan svæðis en áður.

Samkvæmt fyrri könnun var algengast að íbúarnir notuðu *bókabúð* á höfuðborgarsvæðinu en nú er það álíka oft gert á Selfossi.

Hvolsvöllur dreifbýli *[n_{2017} = 79; n_{2024} = 39]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Hvolsvallar) eykst verulega, eða um 14,7 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Selfoss í heildarþjónustusókn íbúanna dregst saman um 8,2 prósentustig, hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 7,3 prósentustig og hlutdeild Hellu minnkar um 0,1 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 37% og er það að lang mestu leyti vegna fleiri ferða í *lágvöruverslun* á Hvolsvelli. Jafnframt eykst notkun á *lyfjaverslun/apóteki, vínbúð* og *veitingahúsi* á Hvolsvelli. Þar að auki fara íbúarnir oftar í *sjúkraþjálfun,* bæði á Hvolsvelli og Hellu, og oftar til *sérfræðilæknis* á höfuðborgarsvæðinu. Á móti dregur verulega úr notkun á *annarri dagvöruverslun* á Hvolsvelli.

Í fyrri könnun var algengast að íbúar í dreifbýli við Hvolsvöll færu í *lágvöruverðsverslun* á Selfossi en nú er nánast öll slík þjónustusókn til Hvolsvallar. *Veitingahús* voru jafnframt mest notuð á höfuðborgarsvæðinu miðað við fyrri könnun en nú fara íbúarnir oftast á veitingahús á Hvolsvelli. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega frekar sótt innan þjónustusvæðis er *heilsugæsla/heimilislæknir, banki/sparisjóður* og *bifreiðaskoðun.*

Aftur á móti var áður algengast að íbúar svæðisins færu til Hvolsvallar til að nota bæði *hársnyrtingu* og *bílaverkstæði*, en nú er ívið algengara að hvort tveggja sé sótt á Hellu. Auk þess er *tryggingafélag* hlutfallslega síður notað innan þjónustusvæðis en í fyrri könnun.

Vestmannaeyjar *[n_{2017} = 349; n_{2024} = 228]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 0,6 prósentustig. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í heildarþjónustusókn íbúa Vestmannaeyja minnkar um 1,0 prósentustig en hlutdeild Selfoss eykst um 0,5 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar eykst um 22% milli kannana, aðallega vegna aukinnar notkunar á *lágvöruverðsverslun* en einnig er oftar farið í *líkamsrækt* og í *lyfjaverslun/apótek* en áður. Eins eykst notkun á *bókasafni* og *heilsugæslu/heimilislækni* innanbæjar og *sérfræðilækni,* bæði á höfuðborgarsvæðinu og í Vestmannaeyjum.

Á móti dregur úr notkun á *annarri dagvöruverslun* og *banka/sparisjóði* innanbæjar. *Tannlæknir* og *tryggingafélag* eru jafnframt hlutfallslega síður sótt í Vestmannaeyjum en í fyrri könnun þó notkunartíðnin hafi breyst lítið.

Vík *[n_{2017} = 78; n_{2024} = 45]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst talsvert, eða um 9,6 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Selfoss í heildarþjónustusókn íbúa Mýrdalshrepps minnkar um 4,1 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðisins minnkar um 1,4 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 33%, fyrst og fremst vegna aukinnar notkunar á *lágvöruverðsverslun* í Vík. Notkun eykst einnig á *líkamsrækt* og *lyfjaverslun/apóteki* innan svæðisins. Á móti dregur úr notkun á *annarri dagvöruverslun, bókasafni* og *sjúkraþjálfun* milli kannana.

Í fyrri könnun fóru íbúar Mýrdalshrepp fremur sjaldan í *bakarí* en notuðu þjónustuna helst á Hvolsvelli eða höfuðborgarsvæðinu. Nú er þjónustan hins vegar mun oftar notuð og lang algengast að það sé gert í Vík. Mörg önnur þjónusta er hlutfallslega frekar notuð innan svæðis en áður, svo sem *vínbúð, banki/sparisjóður, veitingahús, bílaverkstæði, tannlæknir* og *sérfræðilæknir.*

Aftur á móti var áður algengast að íbúar færu í *hársnyrtingu* í Vík en nú er þjónustan oftast notuð á höfuðborgarsvæðinu, þó enn sé nokkuð um að farið sé í klippingu á Selfossi eða í Vík.

Í fyrri könnun dreifðist þjónustusókn íbúanna í *byggingavöruverslun* milli höfuðborgarsvæðisins, Selfoss og Hvolsvallar. Nú orðið algengast að þjónustan sé sótt á Selfossi og nokkuð um að hún sé sótt innan svæðis en minna um að farið sé til Hvolsvallar eða á höfuðborgarsvæðið.

Skaftárhreppur *[n_{2017} = 81; n_{2024} = 38]*

Þjónustusókn innan þjónustusvæðis Kirkjubæjarklausturs dregst talsvert saman, eða um 10,2 prósentustig milli kannana. Hlutdeild Selfoss í heildarþjónustusókn íbúanna eykst um 1,2 prósentustig, hlutdeild Víkur eykst um 5,1 prósentustig og hlutdeild höfuðborgarsvæðisins eykst um 0,2 prósentustig. Hlutdeild Hvolsvallar í heildarþjónustusókn minnkar um 0,8 prósentustig en hlutdeild Hellu eykst um 2,4 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 12%, fyrst og fremst vegna aukinnar notkunar á *lágvöruverðsverslun* í Vík og á Selfossi. Notkun eykst einnig á *bílaverkstæði* innan svæðis, *lyfjaverslun/apóteki* innan svæðis og á höfuðborgarsvæðinu og *sérfræðilækni* á höfuðborgarsvæðinu. Á móti dregur úr notkun á *annarri dagvöruverslun* og *banka/sparisjóði* innan svæðis.

Í fyrri könnun fóru íbúar Skaftárhrepps frekar í *hársnyrtingu* á Kirkjubæjarklaustri en á Selfossi eða höfuðborgarsvæðinu. Nú er hins vegar algengast að þjónustan sé sótt á höfuðborgarsvæðinu og líka algengara að hún sé notuð á Selfossi en á Kirkjubæjarklaustri. Áður var jafnframt algengast að fara til *tannlæknis* á Kirkjubæjarklaustri en nú er lang algengast íbúar Skaftárhrepps noti þjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

Í fyrri könnun var jafnframt algengast að íbúar Skaftárhrepps færu í *lágvöruverðsverslun* á Selfossi en nú er ívið oftar farið í slíka verslun í Vík.

Öræfi *[n_{2017} = 17; n_{2024} = 8]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Hafnar í Hornafirði) dregst talsvert saman, eða um 9,6 prósentustig milli kannana. Hlutdeild höfuðborgarsvæðis í heildarþjónustusókn íbúa Öræfa eykst um 28,4 prósentustig og er nú hærri en hlutdeild Hafnar. Hlutdeild Selfoss minnkar um 3,6 prósentustig og hlutdeild Kirkjubæjarklausturs minnkar um 6,4 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 48%, fyrst og fremst vegna fleiri ferða í *lágvöruverðsverslun* á Höfn og sennilega einnig á höfuðborgarsvæðinu. Notkun á *sundi/baðstað* og *veitingahúsi* eykst einnig.

Vegna þess að fáir svarendur eru á svæðinu bjóða gögnin ekki upp á ítarlegri greiningu á breytingum á þjónustusókn íbúanna.

Höfn *[n_{2017} = 225; n_{2024} = 151]*

Þjónustusókn innan svæðis eykst um 2,6 prósentustig milli kannana. Hlutdeild höfuðborgarsvæðis í heildarþjónustusókn íbúa Hafnar í Hornafirði minnkar um 0,1 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 28%, meðal annars vegna aukinnar notkunar á *lágvöruverðsverslun, sundi/baðstað, lyfjaverslun/apóteki*, *bókasafni* og *líkamsrækt* innanbæjar. Auk þess eykst notkun á *annarri dagvöruverslun* á Höfn og *bókabúð* og *sérfræðilækni* á höfuðborgarsvæðinu.

Í fyrri könnun var algengast að Hafnarbúar færu í *bakarí* innanbæjar en nú er jafnvel algengara að þjónustan sé notuð á höfuðborgarsvæðinu. Önnur þjónusta sem er hlutfallslega síður notuð innan þjónustusvæðis en áður er *tryggingafélag.* Aftur á móti er *veitingahús* hlutfallslega frekar notað innan svæðis en í fyrri könnun.

Höfn dreifbýli *[n_{2017} = 54; n_{2024} = 37]*

Þjónustusókn innan svæðis (þjónustusvæði Hafnar í Hornafirði) minnkar um 2,3 prósentustig milli kannana. Hlutdeild höfuðborgarsvæðis í heildarþjónustusókn íbúanna minnkar um 0,7 prósentustig.

Tíðni þjónustusóknar íbúanna eykst um 17%, mest vegna aukinnar notkunar á *lágvöruverðsverslun* á Höfn. Auk þess eykst notkun á *vínbúð* og *sjúkraþjálfun* á Höfn. Hins vegar minnkar notkun á *annarri dagvöruverslun, líkamsrækt, bakarí* og *sérfræðilækni.*

Viðauki: Spurningalisti

Leiðbeiningar:

- Vinsamlega svarið öllum spurningum eins nákvæmlega og kostur er.
- Þar sem beðið er um fjölda skipta skal skrifa tölu.
- Skrifið 0 ef þjónustan hefur ekki verið nýtt.
- Skrifið 999 ef það vitið ekki eða viljið ekki svara.

I. Bakgrunnsupplýsingar

1. Hvert er kyn þitt?

☐ Karl ☐ Kona ☐ Kvár/kynsegin ☐ Annað ☐ Vil ekki svara

2. Hvert er fæðingarár þitt? _____

3. Í hvaða landshluta býrð þú? _____

4. Í hvaða póstnúmeri átt þú lögheimili? _____

II. Algeng þjónusta

5. Hversu oft síðustu 30 daga notaðir þú eftirfarandi þjónustu?

Þjónusta:	**Fjöldi skipta:**	**Hvar síðast sótt?**
Lágvöruverðsverslun		
Önnur dagvöruverslun		
Hleðslustöð fyrir rafbíla (önnur en heimahleðslustöð)		
Lyfjaverslun / apótek		
Bakarí		
Vínbúð		
Bókasafn		
Líkamsrækt		
Sund / baðstaðir		
Menning / afþreying (s.s. bíó, leikhús, tónleikar eða listsýning)		

III. Þjónusta sem sótt er sjaldnar

6. Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú eftirfarandi þjónustu?

Þjónusta:	**Fjöldi skipta:**	**Hvar síðast sótt?**
Heilsugæsla / heimilislæknir		
Sérfræðilæknir		
Tannlæknir		
Sjúkraþjálfun		
Sérfræðiráðgjöf s.s. sálfræðingur, félagsráðgjafi eða talmeinafræðingur		
Guðsþjónusta eða önnur þjónusta prests eða djákna		
Bókabúð		
Fataverslun / skóbúð		
Byggingavöruverslun		
Raftækjabúð / símaverslun		
Gjafavöruverslun / blómabúð		
Veitingahús (þar sem þjónað er til borðs)		
Hársnyrting		
Póstþjónusta þ.e. pósthús, pakkaport eða póstbíll		
Póstbox		
Dropp		
Eimskip, Samskip eða aðrir vöruflutningar		
Banki / sparisjóður		
Tryggingafélag		
Bifreiðaskoðun		
Bílaverkstæði		

Önnur mikilvæg þjónusta (ef við á):

_____

_____

IV. Ánægja og viðhorf

7. Á heildina litið, hvaða einkunn myndir þú gefa þjónustunni á þínu nærsvæði, á skalanum 1-10?

1 ☐ 2 ☐ 3 ☐ 4 ☐ 5 ☐ 6 ☐ 7 ☐ 8 ☐ 9 ☐ 10 ☐

8. Hversu líklegt er að þú flytjir á næstu 2–3 árum? Í annað póstnúmer / sveitarfélag

☐ Mjög líklegt ☐ Frekar líklegt ☐ Hvorki né ☐ Frekar ólíklegt
☐ Mjög ólíklegt

9. Hvernig telur þú að eftirfarandi þjónusta muni breytast næstu 2-3 ár á þínu nærsvæði?

Þjónusta	Versni mikið	Versni nokkuð	Verði óbreytt	Batni nokkuð	Batni mikið	Veit ekki / Vil ekki svara
Heilsugæsla / heimilislæknir	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Hjúkrunar- og sjúkrarými	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Aðgengi að sérfræðilæknum	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Sjúkraþjálfun	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Fræðslumál barna (leik-, grunn- og tónlistarskólar)	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Menntun ungmenna og fullorðinna (framhalds- og háskólar)	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Þjónusta við aldraða	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Þjónusta við fatlað fólk	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Sérfræðiráðgjöf (t.d. sálfræðingur / félagsráðgjafi / fjölskylduráðgjafi / talmeinafræðingur)	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Öryggis- og löggæslumál (löggæsla, brunavarnir, neyðarþjónusta)	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Íþrótta- og æskulýðsmál (frístundaheimili, íþrótta- og tómstundastarf)	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Samgöngur (vegasamband / ferjuleið og almenningssamgöngur)	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Dagvöruverslun	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Sérvöruverslun	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Banki / sparisjóður	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Póstþjónusta	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Lyfjaverslun / apótek	☐	☐	☐	☐	☐	☐

10. Hvaða þjónustu þarf helst að bæta við eða efla á þínu nærsvæði?

_____

11. Hvaða þjónustu óttast þú mest að missa á þínu nærsvæði?

_____

12. Skerðing á hvaða þjónustu hefði helst áhrif á núverandi búsetu þína?

_____

13. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú neitað þér um að sækja heilbrigðisþjónustu vegna fjarlægðar frá heimili?

☐ Já ☐ Nei

V. Atvinnusókn

14. Sækir þú vinnu út fyrir þéttbýlið eða sveitabæinn þar sem þú býrð?

☐ Já ☐ Nei ☐ Veit ekki/Vil ekki svara

15. Hvert er póstnúmer vinnustaðar þíns? _____

16. Hversu oft ferðast þú til og frá vinnu að jafnaði á viku?

☐ Daglega ☐ 6 sinnum í viku ☐ 5 sinnum í viku
☐ 4 sinnum í viku ☐ 3 sinnum í viku ☐ 2 sinnum í viku
☐ 1 sinni í viku ☐ Sjaldnar ☐ Veit ekki/Vil ekki svara

VI. Bakgrunnur 2

17. Hvaða menntun hefur þú lokið?

☐ Ekki lokið grunnskólaprófi eða sambærilegu prófi
☐ Lokið grunnskólaprófi eða sambærilegu prófi
☐ Lokið grunnskóla og hef viðbótarmenntun en hef ekki lokið framhaldssk.
☐ Lokið stúdentsprófi eða öðru bóknámi á framhaldsskólastigi
☐ Lokið iðnnámi eða starfsmenntun á framhaldsskólastigi
☐ Lokið viðbótarmenntun, iðnprófi eða annarri menntun til starfsréttinda
☐ Lokið stuttu háskólanámi án háskólagráðu
☐ Lokið bakkalárgráðu eða sambærilegri gráðu í háskóla
☐ Lokið meistaragráðu, kandidatsgráðu eða sambærilegri gráðu í háskóla
☐ Lokið doktorsgráðu eða sambærilegri gráðu í háskóla
☐ Veit ekki/Vil ekki svara
☐ Annarri menntun, hverri? _____

18. Hversu miklar voru heildartekjur heimilis þíns í síðasta mánuði fyrir skatt?

☐ Undir 400 þús. ☐ 400–549 þús. ☐ 550–799 þús.
☐ 800–999 þús. ☐ 1.000–1.1199 þús. ☐ 1.200–1.1399 þús.
☐ 1.400 þús. eða meira ☐ Veit ekki/Vil ekki svara

19. Hvert er starf þitt?

☐ Stjórnandi, atvinnurekandi eða embættisstarf
☐ Sérfræðistarf sem krefst háskólamenntunar
☐ Sérmenntað starf án háskólamenntunar
☐ Skrifstofu- eða gjaldkerastarf
☐ Þjónustu-, umönnunar- eða afgreiðslustarf
☐ Bóndi, sjómaður eða veiðimaður
☐ Iðnaðarstarf eða sérhæft iðnverkastarf
☐ Véla- og vélgæslustarf ☐ Ósérhæft starf ☐ Listastarf
☐ Er í námi ☐ Er atvinnulaus ☐ Er heimavinnandi ☐ Er öryrki
☐ Er á eftirlaunum eða ellilífeyri ☐ Veit ekki/Vil ekki svara

20. Hversu margir að þér meðtöldum/meðtaldri búa á heimilinu?

_____

21. Eru börn á þínu heimili?

☐ Já, undir 18 ára aldri ☐ Já, 18 ára eða eldri ☐ Já, bæði yngri og eldri en 18 ára ☐ Nei ☐ Vil ekki svara

22. Hversu margir yngri en 18 ára búa á heimilinu?

_____

VII. Lokaorð

23. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?

_____
_____
_____